

REGLUGERÐ

um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni („REACH“).

1. gr.

Hlutverk Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun gegnir hlutverki sem lögbært yfirvald skv. 121. grein reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (REACH), sbr. fylgiskjal 1.

Umhverfisstofnun getur krafist þess að upplýsingar sem sendar eru til Efnastofnunar Evrópu, í samræmi við ákvæði EB reglugerðar nr. 1907/2006 verði einnig sendar til Umhverfisstofnunar.

2. gr.

Skráningarskylda.

Framleiðandi eða innflytjandi efnis, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem framleiðir eða flytur inn efni til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu í meira magni en einu tonni á ári, skal skrá efnið hjá Efnastofnun Evrópu, nema EB reglugerð nr. 1907/2006 kveði á um annað.

Greiða skal skráningargjald til Efnastofnunarinnar samkvæmt gjaldskrá hennar.

3. gr.

Markaðsleyfi.

Framleiðandi eða innflytjandi efnis sem háð er markaðsleyfi skal sækja um slíkt leyfi til Efnastofnunar Evrópu í samræmi við VII. bálk EB reglugerðar nr. 1907/2006. Sama gildir um eftirnotanda ef notkun hans á efninu er ekki innan heimils notkunarviðs samkvæmt markaðsleyfi sem gefið hefur verið út til handa innflytjanda eða framleiðanda efnisins. Greiða skal gjald til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt gjaldskrá hennar.

Framkvæmdastjórn EB tekur ákvörðun um veitingu markaðsleyfis. Umhverfisstofnun staðfestir slíka ákvörðun innan 30 daga eftir að hún hefur verið birt með því að birta stutta samantekt um hana í Lögbirtingablaðinu. Umhverfisstofnun skal halda lista yfir útgefin markaðsleyfi á heimasíðu sinni.

4. gr.

Öryggisblöð.

Afhenda skal öryggisblöð með efnum og efnablöndum í samræmi við 7. gr. laga nr. 45/2008 um efni og efnablöndur og í samræmi við ákvæði 31. greinar EB reglugerðar nr. 1907/2006.

Öryggisblöð skulu vera á íslensku. Heimilt er að afhenda öryggisblöð með efni eða efnablöndu á ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku til viðtakenda efna sem stunda rannsóknir og þróun enda sé um að ræða afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji annað erlent mál vegna menntunar eða annarrar sérhæfingar. Heimild þessi gildir þó einungis ef magn efnis eða efnablöndu sem er afhent er minna en 1 kg á ári á hvern viðtakanda.

5. gr.

Eftirlit.

Um eftirlit með reglugerð þessari fer samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 45/2008 um efni og efnablöndur.

6. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 45/2008 um efni og efnablöndur.

7. gr.

Sérstök ákvæði.

Við 10. tölulið 3. greinar í EB reglugerð nr. 1907/2006 bætist eftirfarandi: „eða inn á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna“.

8. gr.

Gildistaka tiltekinna gerða Evrópubandalagsins.

Eftirfarandi reglugerð sem vísað er til í XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

- a. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (REACH), stofnun Efnastofnunar Evrópu (European Chemicals Agency), breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB, sem vísað er til í tölulið 12r, XV. kafla, II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2008, frá 14. mars 2008. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 1 við reglugerð þessa.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 2. mgr. 4. gr., 2. mgr. 5. gr., 3. mgr. 6. gr. og 6. mgr. 7. gr. laga nr. 45/2008 um efni og efnablöndur.

Reglugerðin öðlast þegar gildi utan eftirfarandi ákvæða:

- a. Ákvæði 135. gr. EB reglugerðar nr. 1907/2006 tekur gildi 1. ágúst 2008.
- b. Ákvæði í VIII. bálki og í XVII. viðauka við EB reglugerð nr. 1907/2006 taka gildi 1. júní 2009.

10. gr.

Brottfall reglugerða.

Við gildistöku reglugerðar þessarar falla eftirfarandi reglugerðir úr gildi:

- a. Reglugerð nr. 1027/2005 um öryggisblöð.
- b. Reglugerð nr. 161/1998 um gildistöku tiltekinna gerða Evrópubandalagsins um mat og eftirlit með áhættu af skráðum efnum, ásamt síðari breytingum.

- c. Reglugerð nr. 815/1998 um tilkynningaskyldu varðandi ný efni, ásamt síðari breytingum.

Þann 1. júní 2009 falla eftirfarandi reglugerðir úr gildi:

- a. Reglugerð nr. 447/1996 um notkun og bann við notkun kadmíums og efnasambanda þess.
- b. Reglugerð nr. 323/1998 um innflutning, notkun og förgun PCB, PCT og umhverfisskaðlegra staðgengilsefna.
- c. Reglugerð nr. 615/1999 um takmörkun á markaðssetningu lampaolíu, skrautmuna, leikfanga og spaug- og gabbvarnings með tilteknum eignum.
- d. Reglugerð nr. 857/1999 um bann við notkun tiltekinna eitrefna og hættulegra efna, ásamt síðari breytingum.
- e. Reglugerð nr. 619/2000 um bann við notkun gróðurhindrandi efna sem í eru kvikasílfursambönd, arsensambönd og lífræn tinsambönd, ásamt síðari breytingum.
- f. Reglugerð nr. 870/2000 um takmarkanir á innflutningi, notkun og meðhöndlun asbests.
- g. Reglugerð nr. 464/2001 um takmörkun á nikkeli í tilteknum vörum, ásamt síðari breytingum.
- h. Reglugerð nr. 903/2002 um notkun og bann við notkun tiltekinna efna í málningu og viðarvörn, ásamt síðari breytingum.
- i. Reglugerð nr. 635/2003 um takmörkun á notkun stuttkeðju klórparaffína.
- j. Reglugerð nr. 744/2003 um notkun og bann við notkun tiltekinna efna við meðhöndlun á textíl- og leðurvörum, ásamt síðari breytingum.
- k. Reglugerð nr. 872/2003 um takmörkun á notkun og markaðssetningu nónýlfenóls og nónýlfenóletoxýlata.
- l. Reglugerð nr. 806/2004 um takmörkun á krómi í sementi.
- m. Reglugerð nr. 424/2007 um þalöt í leikföngum og öðrum vörum fyrir börn.
- n. Reglugerð nr. 1248/2007 um takmörkun á notkun fjölhringa arómatískra vetniskolefna í mýkingarolíu og hjólbörðum.

Umhverfisráðuneytinu, 18. júní 2008.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal I.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (REACH), stofnun Efnastofnunar Evrópu (European Chemicals Agency), breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB.

LEIÐRÉTTINGAR

Leiðrétting á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB

(Stjórnartíðindi Evrópusambandsins L 396 frá 30. desember 2006)

Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 verði svohljóðandi:

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1907/2006

frá 18. desember 2006

um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Markmiðið með þessari reglugerð er að tryggja trausta heilsu- og umhverfisvernd svo og frjálsa dreifingu efna, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndu eða í hlut, og stuðla jafnframt að samkeppni og nýsköpun. Þessari reglugerð er enn fremur ætlað að stuðla að þróun staðgönguáðferða (alternative methods) við mat á hættu af völdum efna.
- 2) Starfsemi innri markaðarins fyrir efni verður því aðeins skilvirk að kröfur, sem gilda um efni, séu ekki verulega ólíkar hjá hinum ýmsu aðildarríkjum.

3) Tryggja ber trausta heilsu- og umhverfisvernd með því að samræma löggjöf um efni þar sem markmiðið er að ná sjálfbærni. Í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Bandalagsins ber að beita þeirri löggjöf án mismununar, hvort sem viðskipti með efnin fara fram á innri markaðinum eða alþjóðamarkaði.

4) Samkvæmt framkvæmdaráætluninni, sem samþykkt var á leiðtogafundi um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg 4. september 2002, stefnir Evrópusambandið að því að ná því markmiði, eigi síðar en 2020, að íðefni (chemicals) séu framleidd og notuð á þann hátt að umtalsverð, skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfi verði í lágmarki.

5) Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um löggjöf Bandalagsins um vinnustaði og umhverfi.

6) Þessi reglugerð ætti að stuðla að því að þau markmið náist sem sett eru í alþjóðaaætlun um meðferð íðefna (Strategic Approach to International Chemical Management (SAICM)) sem samþykkt var í Dubai 6. febrúar 2006.

7) Til að varðveita heilleika innri markaðarins og til að tryggja trausta heilsuvernd, einkum heilsuvernd starfsmanna, og umhverfisvernd er nauðsynlegt að sjá til þess að framleiðsla efna í Bandalaginu sé í samræmi við lög Bandalagsins, einnig þegar um er að ræða efni til útflutnings.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 112, 30.4.2004, bls. 92 og Stjtið. ESB C 294, 25.11.2005, bls. 38.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 164, 5.7.2005, bls. 78.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 17. nóvember 2005 (Stjtið. ESB C 280 E, 18.11.2006, bls. 303), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. júní 2006 (Stjtið. ESB C 276 E, 14.11.2006, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 13. desember 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum). Ákvörðun ráðsins frá 18. desember 2006.

- 8) Sérstakt tillit skal tekið til hugsanlegra áhrifa þessarar reglugerðar á lítil og meðalstór fyrirtæki og nauðsynjar þess að þeim sé ekki mismunað.
- 9) Við mat á beitingu fjögurra helstu lagagerna um iðefni í Bandalaginu, þ.e. tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáskilum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ⁽¹⁾, tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáskilum um aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ⁽²⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáskilum um aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna ⁽³⁾ og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna ⁽⁴⁾, komu í ljós fjölmörg vandamál við beitingu löggjafar Bandalagsins um efni, sem hafa leitt til misræmis í laga- og stjórnáskilum um aðildarríkjum en það hefur haft bein áhrif á starfsemi innri markaðarins á þessu sviði, og einnig kom í ljós að þörf er á frekari aðgerðum til að vernda lýðheilsu og umhverfið í samræmi við varúðarregluna.
- 10) Efni undir tollfirliti, sem eru í tímabundinni geymslu, á frísvæðum eða í tollfrjálsum vörugæmslum og sem ætlunin er að flytja út aftur eða eru í umflutningi, eru ekki notuð í skilningi þessarar reglugerðar og skulu því undanþegin gildissviði hennar. Flutningur hættulegra efna og efnablandna með járnbrautum, á vegum, eftir skipgengum vatnaleiðum, á sjó eða í lofti skal einnig undanþegin gildissviði hennar enda gildir sérstök löggjöf nú þegar um slíkan flutning.
- 11) Til að tryggja að endurvinnsla og endurnýting sé raunhæf og til að viðhalda hvötum til þeirrar starfsemi skal úrgangur ekki teljast efni, efnablanda eða hlutur í skilningi þessarar reglugerðar.
- 12) Mikilvægt markmið með nýja kerfinu, sem komið skal á með þessari reglugerð, er að hvetja til þess, og í sumum tilvikum sjá til þess, að varasöm efni víki smám saman fyrir hættuminni efnum eða tækni ef aðrir fjárhagslega og tæknilega raunhæfir kostir standa til boða. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á beitingu tilskipana um vernd starfsmanna og umhverfið, einkum ekki að því er varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/37/EB frá 29. apríl 2004 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum eða stökkbreytivöldum á vinnustað (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) ⁽⁵⁾ og tilskipun ráðsins 98/24/EB frá 7. apríl 1998 um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifa valda á vinnustað (fjórtaða sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) ⁽⁶⁾ en samkvæmt þeim er vinnuveitendum skylt að losa sig við hættuleg efni, ef það er tæknilega kleift, eða skipta út hættulegum efnum fyrir hættuminni efni.
- 13) Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um bann og takmarkanir sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ⁽⁷⁾ að því er varðar efni sem eru notuð og sett á markað sem efnisþættir í snyrtivörum og falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Að því er varðar notkun þessara efna í snyrtivörum skulu prófanir á hryggdýrum í því skyni að vernda heilbrigði manna, eins og tilgreint er í tilskipun 76/768/EBE, lagðar af í áföngum.
- 14) Í þessari reglugerð verða teknar saman upplýsingar um efni og notkun þeirra. Viðkomandi hagsmunaaðilar skulu stöðjast við fyrirleggjandi upplýsingar, þ.m.t. þær sem teknar eru saman í þessari reglugerð, við beitingu og framkvæmd viðeigandi löggjafar Bandalagsins, t.d. þeirrar er nær yfir framleiðsluvörur, og valfrjálsa gerninga Bandalagsins, s.s. um umhverfismerkingarkerfið. Framkvæmdastjórnin skal við endurskoðun og þróun viðkomandi löggjafar Bandalagsins og valfrjálsra gerninga íhuga hvernig nota skuli upplýsingarnar, sem eru teknar saman í þessari reglugerð, og kanna þann kost að taka upp evrópskt gæðamerki.
- 15) Nauðsynlegt er að tryggja skilvirka stjórn á tæknilegum, vísindalegum og stjórnsýslulegum þáttum þessarar reglugerðar á vettvangi Bandalagsins. Því skal koma á fót miðlægri stofnun til að gegna þessu hlutverki. Hagkvæmniathugun á þeim tilföngum, sem þessi miðlæga stofnun þarf, leiddi í ljós að óháð, miðlæg stofnun hafði til langs tíma litið fjölmarga kosti umfram aðra kosti. Því skal koma á fót Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Efnastofnunin“).

⁽¹⁾ (Stjtið. EB 196, 16.8.1967, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/73/EB (Stjtið. ESB L 152, 30.4.2004, bls. 1). Leiðrétt í Stjtið. ESB L 216, 16.6.2004, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið EB L 262, 27.9.1976, bls. 201. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/139/EB (Stjtið. ESB L 384, 29.12.2006, bls. 94).

⁽³⁾ Stjtið EB L 200, 30.7.1999, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/8/EB (Stjtið. ESB L 19, 24.1.2006, bls. 12).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. EB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 50. Leiðrétt í Stjtið. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 23.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/1/EB (Stjtið. ESB L 25, 1.2.2007, bls. 9).

- 16) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um sérstakar skyldur og kvaðir sem eru lagðar á herðar framleiðendum, innflytjendum og eftirnotendum (downstream users) efna, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða hlutum. Þessi reglugerð byggist á þeirri meginreglu að allir, sem koma að iðnaðinum og framleiða, flytja inn eða nota efni eða setja þau á markað, skuli gera það af þeirri ábyrgð og gát sem er nauðsynleg til þess að tryggja, við fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, að heilbrigði manna og umhverfið verði ekki fyrir skaða.
- 17) Allar fyrirliggjandi upplýsingar, sem skipta máli, um efni, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða hlutum, skulu teknar saman, í því skyni að auðvelda greiningu hættulegra eiginleika, og ráðleggingar um ráðstafanir við áhættustjórnun skulu berast á kerfisbundinn hátt eftir aðfangakeðjum, eftir því sem telja má nauðsynlegt, svo að koma megi í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið. Enn fremur skal hvetja til þess að tæknilegri ráðgjöf sé miðlað í aðfangakeðjunni, eftir því sem við á, til að stuðla að áhættustjórnun.
- 18) Ábyrgðin á að stjórnar áhættu vegna efna ætti að hvíla á þeim einstaklingum eða lögaðilum sem framleiða, flytja inn, setja á markað eða nota þessi efni. Auðvelt aðgengi skal vera að upplýsingum um framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.
- 19) Ákvæði um skráningu skulu því skylda framleiðendur og innflytjendur til að taka saman gögn um efnin, sem þeir framleiða eða flytja inn, að nota þessi gögn til að meta áhættuna sem tengist þessum efnum og að móta og mæla með viðeigandi ráðstöfunum við áhættustjórnun. Til að tryggja að þeir ræki þessar skyldur í reynd og einnig í þágu gagnsæis skulu ákvæði um skráningu skylda þá til að leggja málsskjöl með öllum þessum upplýsingum fyrir Efnastofnunina. Leyfa skal dreifingu skráðra efna á innri markaðnum.
- 20) Ákvæði um mat skulu kveða á um eftirfylgni eftir skráningu með því að heimila eftirlit með því hvort skráning er í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar og, ef nauðsyn krefur, að farið verði fram á frekari upplýsingar um eiginleika efnanna. Telji Efnastofnunin, í samvinnu við aðildarríkin, að ástæða sé til að ætla að efni skapi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið skal Efnastofnunin, þegar hún hefur tekið efnið inn í samfellda aðgerðaáætlun Bandalagsins um mat á efnum, sjá til þess, með tilstilli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna, að þetta efni verði metið.
- 21) Þótt upplýsingar, sem fást um efni þegar þau eru metin, skuli fyrst og fremst ætlaðar til notkunar fyrir framleiðendur og innflytjendur til að hafa stjórn á áhættunni sem tengist efnum þeirra má einnig nota þær til að hefja málsmeðferð sem tengist leyfisveitingu eða takmörkunum samkvæmt þessari reglugerð eða málsmeðferð í tengslum við áhættustjórnun samkvæmt annarri löggjöf Bandalagsins. Sakir þessa skal séð til þess að þessar upplýsingar séu aðgengilegar lögbærum yfirvöldum og að þau geti notað þær við málsmeðferð af þessu tagi.
- 22) Ákvæði um leyfisveitingu skulu tryggja hnökralausa starfsemi innri markaðarins og jafnframt að áhættu af völdum sérlega varasamra efna sé haldið örugglega í skefjum. Framkvæmdastjórnin skal einungis veita leyfi til að setja efni á markað og nota þau ef áhættunni, sem fylgir notkun þeirra, er haldið nægilega í skefjum, eftir því sem kostur er, eða ef réttlæta má notkunina með félagslegum og hagrænum rökum og ekki standa til boða neinir aðrir heppilegir kostir sem eru fjárhagslega og tæknilega raunhæfir.
- 23) Ákvæði um takmarkanir skulu gera kleift að setja bann, algert eða að hluta, á framleiðslu, setningu á markað og notkun efna, sem búa yfir áhættu sem kallar á aðgerðir, eða setja aðrar takmarkanir sem grundvallast á mati á þessari áhættu.
- 24) Við undirbúning þessarar reglugerðar beitti framkvæmdastjórnin sér fyrir verkefnum til framkvæmdar efnareglunum (Reach Implementation Projects (RIP)) og að þeim koma m.a. viðkomandi sérfræðingar hagsmunahópa. Sum þessara verkefna hafa það að markmiði að útbúa drög að leiðbeiningum og hjálpar-tæki sem eiga að auðvelda framkvæmdastjórninni, Efnastofnuninni, aðildarríkjunum, framleiðendum, innflytjendum og eftirnotendum efna að rækja skyldur sínar á raunhæfan hátt samkvæmt þessari reglugerð. Þetta starf ætti að gera framkvæmdastjórninni og Efnastofnuninni kleift að semja viðeigandi, tæknilegar leiðbeiningar sem liggja þá fyrir áður en lokafrestir, sem settir eru með þessari reglugerð, renna út.
- 25) Ábyrgðin á að meta áhættu og hættu af völdum efna skal fyrst og fremst lögð á herðar einstaklingum eða lögaðilum sem framleiða eða flytja inn efni en eingöngu þegar um er að ræða magn sem er yfir tilteknu magni þannig að þeir fái staðið undir tilheyrandi umstangi. Einstaklingar eða lögaðilar, sem meðhöndla íðefni, skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana við áhættustjórnun í samræmi við mat á áhættu vegna efna og láta viðeigandi ráðleggingar berast eftir aðfangakeðjunni. Þetta skal fela í sér lýsingu á áhættunni, sem stafar af framleiðslu, notkun og förgun hvers efnis, og tilheyrandi skjalfestingu og tilkynningu á viðeigandi og gagnsæjan hátt.
- 26) Svo að vinna megi efnaöryggismat á árangursríkan hátt skulu framleiðendur og innflytjendur efna afla sér upplýsinga, ef nauðsyn krefur með því að gera nýjar tilraunir, um þessi efni.

- 27) Til að greiða fyrir framfylgd og mati og tryggja gagnsæi skulu upplýsingar um þessi efni svo og tengdar upplýsingar, þ.m.t. um ráðstafanir við áhættustjórnun, að öllu jöfnu lagðar fyrir yfirvöld.
- 28) Vísindalegar rannsóknir og þróunarstarf krefjast venjulega magns sem er minna en eitt tonn á ári. Ekki er nauðsynlegt að veita undanþágu vegna starfsemi af þessu tagi enda hvort sem er ekki nauðsynlegt að skrá efni í þessu magni. Til að stuðla að nýsköpun skulu þó vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir og þróun undanþegnar skráningarskyldu í tiltekinn tíma ef ekki er ætlunin að setja efnið strax á markað fyrir ótakmarkaðan fjölda notenda vegna þess að notkun þess í efnablöndur eða hluti útheimtir enn frekari rannsóknir og þróun sem hugsanlegur skráningaraðili framkvæmir sjálfur eða í samstarfi við takmarkaðan fjölda þekkra viðskiptavina. Auk þess þykir rétt að kveða á um svipaða undanþágu fyrir eftirtotendur sem nota efnið í tengslum við vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir og þróun, svo fremi áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið sé haldið nægilega í skefjum í samræmi við kröfur í löggjöf um vernd starfsmanna og umhverfis.
- 29) Þar eð framleiðendur og innflytjendur hluta skulu vera ábyrgir fyrir hlutum sínum er rétt að setja fram kröfu um skráningu efna sem ætlunin er að losni úr hlutum og hafa ekki verið skráð til þeirrar notkunar. Efnastofnuninni skal tilkynnt um sérlega varasöm efni sem eru í hlutum í magni sem er yfir leyfilegum mörkum í tonnatölu og styrk og þar sem ekki er unnt að komast hjá váhrifum af völdum efnanna og enginn aðili hefur skráð efnið til þessarar notkunar. Efnastofnunin skal einnig hafa umboð til að krefjast skráningarskjala hafi hún ástæðu til að ætla að losun efnis úr hlutum geti skapað áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið og efnið er í þessum hlutum í magni sem er samtals yfir einu tonni á ári á framleiðanda eða innflytjanda. Efnastofnunin skal vega og meta nauðsyn þess að leggja fram tillögu um takmörkun ef hún telur að slík efni í hlutum skapi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið sem er ekki haldið nægjanlega í skefjum.
- 30) Kröfurnar, sem gerðar eru til framleiðenda og innflytjenda um að vinna efnaöryggismat, skulu skilgreindar nákvæmlega í tæknilegum viðauka svo að þeim sé gert kleift að rækja skyldur sínar. Til að deila umstanginu á sanngjarnan hátt með viðskiptavinum sínum skulu framleiðendur og innflytjendur í efnaöryggismati sínu ekki aðeins fjalla um eigin notkun og þá notkun sem tilgreind er við setningu efna þeirra á markað heldur einnig um alla notkun sem viðskiptavinir þeirra fara fram á að þeir fjalli um.
- 31) Framkvæmdastjórnin skal, í nánú samstarfi við iðnaðinn, aðildarríkin og aðra viðkomandi hagsmunaaðila, semja leiðbeiningar um hvernig uppfylla skuli kröfurnar samkvæmt þessari reglugerð sem tengjast efnablöndum (einkum að því er varðar öryggisblöð þar sem settar eru fram sviðsmyndir af váhrifum), þ.m.t. mat á efnum sem eru hluti sérstakra efnablandna, s.s. málmar í málmblöndum. Við þetta skal framkvæmdastjórnin taka fullt tillit til þess starfs, sem hefur farið fram innan ramma verkefna til framkvæmdar efnareglunum, og setja nauðsynlegar leiðbeiningar um þetta mál inn í heildarleiðbeiningarnar um REACH. Þessar leiðbeiningar skulu liggja fyrir áður en þessari reglugerð verður hrint í framkvæmd.
- 32) Efnaöryggismat þarf ekki að fara fram þegar um er að ræða efni í efnablöndum sem eru í tilteknum, mjög litlum styrk sem ekki er talinn varasamur. Efni í efnablöndum í svo litlum styrk skulu einnig undanþegin leyfisskyldu. Þessi ákvæði gilda á sama hátt um efnablöndur, sem eru blöndur fastefna, þar til þeim er gefið tiltekið form svo að þær breytast í hlut.
- 33) Kveðið skal á um samnýtingu upplýsinga um efni og að þær megi leggja sameiginlega fram svo að unnt sé að auka skilvirki skráningarkerfisins og draga úr kostnaði og prófunum á hryggdýrum. Einn úr hópi margra skráningaraðila skal leggja fram upplýsingar fyrir hönd hinna í samræmi við reglur sem tryggja að allar tilskildar upplýsingar verði lagðar fram þannig að deila megi kostnaðinum. Skráningaraðili skal geta lagt upplýsingar beint fyrir Efnastofnunina í tilteknum sértilvikum.
- 34) Kröfur um að taka saman upplýsingar um efni skulu stígherðast í samræmi við magn framleiðslu eða innflutnings tiltekins efnis, þar eð magnið gefur vísbendingu um hugsanleg váhrif fyrir menn og umhverfið af völdum efnisins, og því skal kröfunum lýst í smáatriðum. Svo að draga megi úr umstangi kringum efni í litlu magni skal aðeins krefjast nýrra, eiturefnafræðilegra og visteiturefnafræðilegra upplýsinga um forgangsefni í magni á bilinu 1 til 10 tonn. Nota skal hvata til að stuðla að því að framleiðendur og innflytjendur veiti þessar upplýsingar að því er varðar önnur efni í magni á þessu bili.
- 35) Aðildarríkin, Efnastofnunin og allir hagsmunaaðilar skulu taka fullt tillit til niðurstaðna úr verkefnum til framkvæmdar efnareglunum, einkum að því er varðar skráningu efna sem finnast í náttúrunni.
- 36) Nauðsynlegt er að vega og meta beitingu ákvæða a- og b-liðar 7. mgr. 2. gr. og XI. viðauka, að því er varðar efni sem fengin eru við jarðefnavinnslu, og taka skal fullt tillit til þessa við endurskoðun IV. og V. viðauka.

- 37) Ef prófanir eru gerðar skulu þær vera í samræmi við viðeigandi kröfur um vernd tilraunadýra, sem settar eru fram í tilskipun ráðsins 86/609/EBE frá 24. nóvember 1986 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um verndun dýra sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni ⁽¹⁾, og, ef um er að ræða visteitrefnafræðilegar og eiturefnafræðilegar prófanir, í samræmi við góðar starfsvenjur við rannsóknir sem settar eru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/10/EB frá 11. febrúar 2004 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um beitingu meginreglna varðandi góðar starfsvenjur við rannsóknir og sannpröfun á beitingu þeirra vegna prófana á íðefnum ⁽²⁾.
- 38) Þá skal einnig leyft að upplýsinga sé aflað með öðrum aðferðum sem jafnast á við upplýsingar sem fást með tilskildum prófunum og prófunaraðferðum, t.d. ef þessar upplýsingar eru fengnar með fullgildum líkönum af eigindlegum eða megindegum tengslum byggingar og virkni eða leiddar af efnun með skylda byggingu. Efnastofnunin skal því í samstarfi við aðildarríkin og hagsmunaaðila semja viðeigandi leiðbeiningar að þessu lútandi. Þá skal einnig gefinn kostur á að sleppa því að leggja fram tilteknar upplýsingar ef unnt er að færa fyrir því viðeigandi rök. Út frá þeirri reynslu, sem fæst í verkefnum til framkvæmdar efnareglunum, skulu viðmiðanir fastsettar til að skilgreina hvað slík rök þurfi að fela í sér.
- 39) Til að auðvelda fyrirtækjum, einkum litlum og meðalstórum, að uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð skulu aðildarríkin setja á laggirnar sérstök þjónustuborð sem komi til viðbótar tæknilegum leiðbeiningarskjölum frá Efnastofnuninni.
- 40) Framkvæmdastjórnin, aðildarríkin, iðnaðurinn og aðrir hagsmunaaðilar skulu áfram stuðla að aukinni notkun staðgönguáferða við prófanir á innlendum og alþjóðlegum vettvangi, þ.m.t. tölvustuddar áferðir, áferðir sem byggjast á tilraunum í glasi, eftir því sem við á, áferðir sem byggjast á eiturhrifaerfðafræði (toxicogenomics) og aðrar viðeigandi áferðir. Áætlun Bandalagsins, sem stuðla skal að því að fram komi staðgönguáferðir við prófanir, er forgangsverkefni og framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að þetta verði áfram í forgangi í framtíðarrammaáætlunum hennar á sviði rannsókna og í framtaksverkefnum á borð við aðgerðaáætlun Bandalagsins um vernd og velferð dýra 2006 til 2010. Leita skal eftir þátttöku og frumkvæði allra hagsmunaaðila.
- 41) Af ástæðum, er varða nýtanleika og sérstakt edli milliefna, skal mæla fyrir um sértækar kröfur varðandi skráningu þeirra efna. Fjölliður skulu undanþegnar skráningu og mati þar til unnt er á skynsamlegan og hagkvæman hátt að velja þær fjölliður úr, sem nauðsynlegt er að skrá vegna áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið, út frá traustum, tæknilegum og fullgildum, vísindalegum viðmiðunum.
- 42) Þessi skráning skal dreifast á tilhlýðilega langan tíma, án þess að um óþarfa töf verði að ræða, svo að yfirvöld og einstaklingar eða lögaðilar verði ekki fyrir óhóflegu vinnuálagi vegna skráningar efna sem eru í skráningarbið (phase-in substances) og eru þegar á innri markaðinum. Því skal tiltaka frest til að skrá þessi efni.
- 43) Gögn, er varða efni sem hafa þegar verið tilkynnt í samræmi við tilskipun 67/548/EBE, skulu færð inn í kerfið og uppfærð þegar næsta magnþröskuldi er náð.
- 44) Öll skráningarskjöl skulu lögð fyrir Efnastofnunina í því skyni að koma á samræmdu og einföldu kerfi. Til að tryggja samræmda framkvæmd og skilvirka nýtingu tilfanga skal stofnunin athuga við hverja skráningu hvort skráningarskjölin sé fullnægjandi og taka ábyrgð á öllum tilvikum þar sem skráningu er endanlega hafnað.
- 45) Í Evrópuskránni fyrir íðefni á markaði (EINECS) eru tiltekin flókin efni skráð undir einni færslu. Skrá má óvissuefni (UVCB-efni) (efni, sem eru með óþekktri eða breytilegri samsetningu, flókin myndefni efnahvarfa eða líffræðileg efni) sem eitt efni samkvæmt þessari reglugerð þrátt fyrir breytilega samsetningu þeirra, að því tilskildu að ekki sé mikill munur á hætulegum eiginleikum þeirra og tryggt sé að flokkun þeirra allra sé hin sama.
- 46) Skráningaraðilum skal gert skylt að upplýsa Efnastofnunina um tilteknar breytingar á upplýsingunum til að tryggja að þær upplýsingar, sem aflað er í tengslum við skráninguna, séu jafnan uppfærðar.
- 47) Í samræmi við tilskipun 86/609/EBE er nauðsynlegt að finna áferðir sem komið geta í stað prófana á hryggdýrum, dregið úr þeim eða bætt þær. Framkvæmd þessarar reglugerðar skal grundvallast á notkun staðgönguáferða við prófanir sem henta til þess að meta hættu af völdum íðefna fyrir heilbrigði og umhverfið eftir því sem kostur er. Forðast skal að nota tilraunadýr með því að nota í staðinn staðgönguáferðir sem framkvæmdastjórnin eða alþjóðlegar stofnanir hafa fullgilt eða sem framkvæmdastjórnin eða Efnastofnunin, eftir því sem við á, hafa viðurkennt að uppfylli upplýsingakröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við viðkomandi hagsmunaaðila, setja fram tillögu um breytingu á væntanlegri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um prófunaraðferðir eða þessari reglugerð, eftir því sem við á, til þess að finna áferðir sem komið geta í stað dýratilrauna, dregið úr þeim eða bætt þær. Framkvæmdastjórnin og Efnastofnunin skulu sjá til þess að fækkun dýratilrauna verði lyklatríði við samningu og viðhald leiðbeininga til hagsmunaaðila og í starfsreglum Efnastofnunarinnar.

⁽¹⁾ Stjót. EB L 358, 18.12.1986, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/65/EB (Stjót. EB L 230, 16.9.2003, bls. 32.).

⁽²⁾ Stjót. EB L 50, 20.2.2004, bls. 44.

- 48) Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á fullnaðarbeitingu samkeppnisreglna Bandalagsins.
- 49) Svo að komast megi hjá tvíverknaði, og þó einkum til að draga úr prófunum á hryggdýrum, skulu ákvæði, sem varða undirbúning og framlagningu skráningarskjala og uppfærslur þeirra, kveða á um samnýtingu upplýsinga fari einhver skráningaraðila fram á það. Lúti upplýsingarnar að hryggdýrum skal skráningaraðilanum skylt að fara fram á að fá þær.
- 50) Það er í þágu almennings að sjá til þess að niðurstöður prófana, varðandi hættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið af völdum tiltekinnna efna, berist sem allra fyrst til þeirra einstaklinga eða lögaðila sem þurfa á þeim að halda þannig að halda megi hvers kyns áhættu, sem tengist notkun efnanna, í lágmarki. Samnýta skal upplýsingar fari einhver skráningaraðila fram á það, einkum þegar um er að ræða upplýsingar um prófanir á hryggdýrum, að uppfylltum skilyrðum sem tryggja fyrirtækinu, sem gerði prófanirnar, sanngjarna þóknun.
- 51) Rétt þykir að gera ráðstafanir til þess að skráningaraðilar samnýti upplýsingar, enda komi sanngjörn þóknun fyrir, til þess að styrkja samkeppnishæfni iðnaðarins í Bandalaginu og til þess að þessari reglugerð verði beitt á eins skilvirkan hátt og unnt er.
- 52) Til að virða lögmatan hugverkarétt þeirra sem afla gagna með prófunum skal eigandi slíkra gagna geta, um tólf ára skeið, krafð þá skráningaraðila um þóknun sem nýta sér þessi gögn.
- 53) Svo að hugsanlegur skráningaraðili efnis í skráningarbið eigi þess kost að halda áfram með skráningarferlið, jafnvel þótt hann nái ekki samkomulagi við fyrri skráningaraðila, skal Efnastofnunin leyfa, ef eftir því er leitað, notkun hvers kyns stuttra samantekta eða ítarlegra rannsóknars-amantekta (robust study summary) á prófunum sem hafa þegar verið lagðar fram. Skráningaraðilanum, sem tekur við þessum gögnum, er skylt að greiða eiganda gagnanna hluta af kostnaði hans. Ef um er að ræða efni sem eru ekki í skráningarbið getur Efnastofnunin beðið um staðfestingu á því að hugsanlegur skráningaraðili hafi gengið frá greiðslu til þess aðila, er stóð fyrir viðkomandi rannsókn, áður en Efnastofnunin veitir þessum hugsanlega skráningaraðila leyfi til þess að nota upplýsingarnar við skráningarferli sitt.
- 54) Skráningaraðilar efna í skráningarbið skulu forskrá þau, svo fljótt sem við verður komið, í gagnagrunn, sem Efnastofnunin stýrir, til þess að forðast tvíverknað og þó einkum til þess að komast hjá endurtekingu prófana. Koma skal á fót kerfi sem verði gagnaskiptatorg fyrir efni (Substance Information Exchange Forums, SIEF) til þess að auðvelda skipti á upplýsingum um efni sem hafa verið skráð. Þátttakendur á þessum vettvangi fyrir skipti á gögnum um efni skulu vera allir aðilar sem senda Efnastofnuninni upplýsingar um sama efnið sem er í skráningarbið. Í þessum hópi skulu vera hugsanlegir skráningaraðilar, sem verða að leggja fram upplýsingar og fá upplýsingar sem skipta máli við skráningu efna þeirra, og einnig aðrir þátttakendur sem kunna að fá þóknun fyrir rannsóknir sínar en eiga ekki rétt á að fara fram á upplýsingar. Þeir skulu rækja tilteknar skyldur í því skyni að tryggja snuðulausa starfsemi þessa kerfis. Ef aðili að gagnaskiptatorgi fyrir efni rækir ekki skyldur sínar skal hann beittur viðurlögum í samræmi við brotið en öðrum aðilum skal gert kleift að halda áfram undirbúningi sínum við eigið skráningarferli. Í tilvikum, þar sem efni hafa ekki verið forskráð, skal gera ráðstafanir til þess að auðvelda eftirnotendum að verða sér úti um aðrar birgðalindir.
- 55) Framleiðendur og innflytjendur efnis, sem er notað eitt sér eða í efnablöndu, skulu hvattir til þess að láta eftirnotendur efnisins vita hvort þeir hyggist skrá efnið. Ef framleiðandinn eða innflytjandinn hyggst ekki skrá efnið skulu eftirnotendur fá upplýsingar um það í tæka tíð fyrir eindaga skráningar svo að þeir fái ráðrúm til að svipast um eftir öðrum birgðalindum.
- 56) Hluti af ábyrgð framleiðenda og innflytjenda í tengslum við áhættustjórnun vegna efna er fölginn í að miðla upplýsingum um þessi efni til annars fagfólks, s.s. eftirnotenda og dreifenda. Auk þess skulu framleiðendur og innflytjendur hluta veita eftirnotendum og öðrum notendum upplýsingar um örugga notkun hlutanna. Þessi mikilvæga ábyrgð skal einnig gilda um alla aðfangakeðjuna þannig að allir, er koma að málum, geti risið undir ábyrgð sinni að því er varðar stjórnun á þeirri áhættu sem stafar af notkun efnanna.
- 57) Þar eð gildandi öryggisblað er nú þegar notað sem samskiptateki í aðfangakeðju efna og efnablandna er rétt að þróa það frekar og gera það að óaðskiljanlegum hluta þess kerfis sem til verður með þessari reglugerð.
- 58) Til að um ábyrgðarkeðju verði að ræða skulu eftirnotendur bera ábyrgð á því að meta áhættuna sem hlýst af efnunum sem þeir nota ef notkunin er ekki samkvæmt öryggisblaði, sem þeir hafa fengið frá birgjum sínum, nema viðkomandi eftirnotandi geri frekari verndarráðstafanir en þær sem birgir hans leggur til eða þess sé ekki krafist að birgir hans meti slíka áhættu eða leggi honum til upplýsingar um þessa áhættu. Af sömu ástæðu skulu eftirnotendur bregðast við áhættunni sem stafar af efnunum sem þeir nota. Að auki þykir rétt að allir framleiðendur og innflytjendur hluta, sem innihalda sérlega varasöm efni, leggi fram upplýsingar sem nægja til þess að nota megi hlutinn á öruggan hátt.

- 59) Kröfurnar, sem gerðar eru til eftirnotenda um að vinna efnáöryggismat, skulu einnig skilgreindar nákvæmlega svo að þeim sé gert kleift að rækja skyldur sínar. Þessar kröfur gilda eingöngu ef heildarmagn efnis eða efnablöndu er meira en eitt tonn. Hvað sem öðru líður skulu eftirnotendur veða og meta notkunina og ákveða til hvaða ráðstafana skuli gripið í tengslum við áhættustjórnun og hrinda þeim í framkvæmd. Eftirnotendur skulu gera Efnastofnuninni grein fyrir tilteknum grundvallarupplýsingum um notkunina.
- 60) Til að greiða fyrir framfylgd og mati skal eftirnotendum skylt að veita Efnastofnuninni tilteknar grundvallarupplýsingar, ef notkun þeirra á tilteknu efni fellur ekki undir skilyrðin í þeirri váhrifasviðsmynd sem lýst er á öryggisblaðinu sem upprunalegi framleiðandinn eða innflytjandinn lét í té, og þeim er einnig skylt að uppfæra slíkar upplýsingar stöðugt.
- 61) Af ástæðum, er varða framkvæmanleika og meðalhóf, er rétt að undanþiggja eftirnotendur, sem nota lítið magn efnis, slíkri skýrslugjöf.
- 62) Auðvelda skal miðlun upplýsinga upp og niður eftir aðfangakeðjunni. Framkvæmdastjórnin skal setja upp kerfi til að flokka stuttar, almennar lýsingar á hvers kyns notkun og taka þar tillit til niðurstaðna úr verkefnum til framkvæmdar efnareglunum.
- 63) Þá er einnig nauðsynlegt að sjá til þess að öflun upplýsinga sé löguð að raunverulegri þörf fyrir upplýsingar. Efnastofnunin skal því við matið taka ákvörðun um þær prófunaráætlanir sem framleiðendur og innflytjendur leggja til. Efnastofnunin skal, í samstarfi við aðildarríkin, setja tiltekin efni í forgang, t.d. þau sem talið er að geti verið sérlega varasöm.
- 64) Hagsmunaaðilar skulu, í því skyni að koma í veg fyrir óþarfar tilraunir á dýrum, fá 45 daga frest sem þeir skulu nýta til þess að leggja fram vísindalega fullgildar upplýsingar og niðurstöður rannsókna á viðkomandi efni og hættulegum eiginleikum þeirra (hazard endpoint), sem fjallað er um í viðkomandi prófunartillögu. Taka skal tillit til þessara vísindalega fullgildu upplýsinga og rannsóknaniðurstaðna, sem Efnastofnuninni berast, þegar ákvarðanir eru teknar um tillögur um prófanir.
- 65) Auk þess er nauðsynlegt að skapa traust á almennum gæðum skráningarferlisins og sjá til þess að þorri almennings, svo og hagsmunaaðilar í efnaiðnaði, treysti því að einstaklingar og lögaðilar ræki þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar. Þessu til samræmis þykir rétt að kveða á um að skrá skuli hvaða upplýsingar hafi verið yfirfarnar af matsmanni, sem býr yfir viðeigandi reynslu, og að Efnastofnunin skuli sannreyna tiltekinn hundradshluta skráningarskjalanna til að kanna hvort þau uppfylli tilskildar kröfur.
- 66) Efnastofnunin skal einnig hafa umboð til þess að krefjast frekari upplýsinga frá framleiðendum, innflytjendum eða eftirnotendum um efni sem talið er, á grundvelli mats sem unnið hefur verið, að geti valdið áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið, m.a. af þeirri ástæðu að efnin eru á innri markaðnum í miklu magni. Á grundvelli viðmiðana við forgangsröðun efnna, sem Efnastofnunin mótir í samstarfi við aðildarríkin, skal semja samfellda aðgerðaáætlun Bandalagsins um mat á efnunum þar sem lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna er falið að meta þau efni sem falla undir hana. Ef rök eru færð fyrir því skal lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna einnig heimilt að krefjast frekari upplýsinga ef notkun einangraðra milliefna á framleiðslustað veldur áhættu sem jafnast á við þann vanda sem fylgir notkun efnna sem eru háð leyfi.
- 67) Almenn samkomulag innan aðildarríkjanevndar Efnastofnunarinnar um drög að ákvörðunum hennar ætti að verða grundvöllur að skilvirku kerfi þar sem dreifræðisreglan er virt jafnframt því sem innri markaðnum er viðhaldið. Setji eitt eða fleiri aðildarríki eða Efnastofnunin sig á móti tilteknum drögum að ákvörðun skulu þau samþykkt með miðlægri málsmeðferð. Ná nefnd aðildarríkjanna ekki samhljóða samkomulagi skal framkvæmdastjórnin samþykkja ákvörðun í samræmi við nefndarmeðferð.
- 68) Mat getur leitt til þeirrar niðurstöðu að grípa þurfi til aðgerða samkvæmt málsmeðferð um takmarkanir eða leyfisveitingu eða að ráðstafanir við áhættustjórnun skuli flogaðar á grundvelli annarrar viðeigandi löggjafar. Upplýsingar um framvindu matsins skulu því birtar.
- 69) Til þess að tryggja trausta heilsuvernd, þ.m.t. með tilliti til viðkomandi þjóðfélagsþróunar og hugsanlega til tiltekinna, viðkvæmra undirhópa, skal, í samræmi við varúðarregluna, fylgjast grannt með sérlega varasömum efnunum. Veita skal leyfi ef einstaklingur eða lögaðili, sem sækir um leyfi, sýnir yfirvaldinu, sem veitir leyfi, fram á að áhættunni, sem heilbrigði manna og umhverfi stafar af notkun efnisins, er haldið nægilega í skefjum. Leyfa má þó notkun efnis ef unnt er að sýna fram á að félagslegur og hagrænn ávinningur af notkun þess vegi þyngra en áhættan, sem tengist notkun þess, og að ekki standi til bóða nein önnur heppileg efni eða önnur tækni sem er fjárhagslega og tæknilega raunhæf. Með hnökralausa starfsemi innri markaðarins að leiðarljósi þykir rétt að framkvæmdastjórnin sé það yfirvald sem veitir leyfið.

- 70) Koma skal í veg fyrir að sérlega varasöm efni hafi skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið með því að beita viðeigandi ráðstöfunum við áhættustjórnun til þess að tryggja að hvers kyns áhættu, sem stafar af notkun efnis, sé haldið nægilega í skefjum og að það sé haft í huga að þessi efni víki smám saman fyrir öruggari efnunum. Beita skal ráðstöfunum við áhættustjórnun til að tryggja, þegar efni eru framleidd, sett á markað og notuð, að váhrif af völdum þessara efna, þ.m.t. við sleppingu, losun og tap, sé allan vistferil þeirra undir þeim viðmiðunarmörkum sem skaðleg áhrif geta komið fram við. Ávallt skal gera ráðstafanir, að því er varðar öll efni sem leyfi hefur verið veitt fyrir og að því er varðar öll önnur efni sem ókleift hefur reynst að ákvarða örugg váhrifamörk fyrir, til þess að halda, eins og framast er tæknilega kleift og við verður komið, váhrifum og losun í lágmarki með það í huga að skaðleg áhrif verði svo lítil sem framast er kostur. Í öllum efnaöryggisskýrslum skal benda á ráðstafanir til þess að tryggja viðeigandi stjórn á málum. Þessum ráðstöfunum skal beitt og öðrum aðilum í aðfangakeðjunni skal, eftir því sem við á, ráðlagt að nota þær.
- 71) Þróa má aðferðir við að ákvarða viðmiðunarmörk fyrir krabbameinsvaldandi og stökkbreytandi efni út frá niðurstöðum úr verkefnum til framkvæmdar efnareglunum. Breyta má viðkomandi viðauka á grundvelli þessara aðferða svo að styðjast megi við viðmiðunarmörk þar sem við á en tryggja jafnframt trausta heilsu- og umhverfisvernd.
- 72) Til þess að styðja það markmið að skipta sérlega varasömum efnunum smám saman út fyrir önnur heppilegri efni eða aðra tækni skulu allir umsækjendur um leyfi leggja fram greiningu á öðrum kostum og vega og meta áhættuna við þá og hvort útskiptingin er tæknilega og fjárhagslega framkvæmanleg, þ.m.t. upplýsingar um allar rannsóknir og þróun sem umsækjandinn vinnur að eða hyggst vinna að. Leyfi skulu enn fremur endurmetin innan tiltekins tíma, sem ákveðinn skal í hverju tilviki um sig, og þau skulu að jafnaði bundin skilyrðum, þ.m.t. um vöktun.
- 73) Ef framleiðsla, notkun eða setning efnis á markað, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndu eða í hlut, hefur í för með sér óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið skal þess krafist að því efni verði skipt út, með hliðsjón af því hvort vól er á heppilegri og öruggari efnunum eða tækni í staðinn og með hliðsjón af félagslegum og hagrænum ávinningi af notkun efnisins sem hefur í för með sér óviðunandi áhættu.
- 74) Allir sem sækja um leyfi til að nota sérlega varasöm efni, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða í hlutum, skulu vega og meta hvort unnt sé að skipta þeim út fyrir önnur heppilegri og öruggari efni eða tækni með því að framkvæma greiningu á öðrum kostum, á áhættunni sem fylgir notkun annarra kosta og á því hvort útskiptingin er tæknilega og fjárhagslega framkvæmanleg.
- 75) Sá kostur að setja takmarkanir á framleiðslu, setningu á markað eða notkun hættulegra efna, efnablandna og hluta gildir um öll efni sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, með fáeinum undantekningum. Haldið skal áfram að setja takmarkanir á setningu á markað og notkun efna sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða skaðleg fyrir æxlun og í 1. eða 2. flokki enda varði takmarkanirnar notkun neytenda á þessum efnunum, annaðhvort einum sér eða í efnablöndum.
- 76) Alþjóðleg reynsla leiðir í ljós að efni, sem búa yfir eiginleikum sem valda því að þau verða þrávirk, líkleg til þess að safnast upp í lífverum og eitruð eða mjög þrávirk og mjög líkleg til þess að safnast upp í lífverum, eru sérlega varasöm og hafa viðmiðanir verið settar sem gera kleift að greina slík efni. Tiltekin önnur efni þykja nægilega varasöm til þess að fjallað verði um þau á sama hátt í hverju tilviki fyrir sig. Viðmiðanirnar í XIII. viðauka skulu endurskoðaðar með hliðsjón af fyrirliggjandi og hvers kyns nýrri kunnáttu við greiningu á þessum efnunum og, ef við á, þeim breytt með það í huga að tryggja trausta heilsu- og umhverfisvernd.
- 77) Af ástæðum er varða framkvæmanleika og hagkvæmni og snúa bæði að einstaklingum og lögaðilum, sem þurfa að útbúa umsóknarskjöl og grípa til viðeigandi ráðstafana við áhættustjórnun, og að yfirvöldum, sem verða að fjalla um leyfisumsóknir, skal aðeins takmarkaður fjöldi efna vera samtímis í leyfisveitingarferli og raunhæfur frestur skal veittur fyrir umsóknir og jafnframt má undanþiggja tiltekna notkun. Efni, sem teljast uppfylla viðmiðanirnar vegna leyfisveitingar, skulu sett á skrá yfir umsóknarefni með það í huga að þau fari síðar inn í leyfisveitingarferlið. Í þessari skrá skulu efni, sem eru til umfjöllunar í vinnuáætlun Efnastofnunarinnar, skýrt auðkennd.
- 78) Efnastofnunin skal gefa ráð um forgangsöröðun efna, sem taka á til umfjöllunar í leyfisveitingarferlinu, þannig að ákvarðanir endurspegli þarfr þjóðfélagsins sem og þekkingu og framfarir á sviði vísinda.
- 79) Ef efni er algerlega bannað merkir það að ekki má leyfa það til neinnar notkunar. Það væri því tilgangslaust að heimila að umsókn um leyfi verði lögð fram fyrir slíkt efni. Í slíkum tilvikum skulu efni tekin af skrá um efni, sem sækja má um leyfi fyrir, og þau sett á skrá yfir efni sem eru háð takmörkunum.

- 80) Tryggja skal rétta samverkan milli ákvæðanna um leyfisveitingu og takmarkanir í því skyni að varðveita skilvirka starfsemi innri markaðarins og tryggja öryggi og vernda heilbrigði manna og umhverfið. Takmarkanir, sem eru í gildi þegar tilteknu efni er bætt í skrána yfir efni sem sótt er um leyfi fyrir, skulu gilda áfram fyrir viðkomandi efni. Efnastofnunin skal vega og meta hvort áhættunni, sem stafar af efnunum í hlutum, er haldið nægilega vel í skefjum og, ef svo er ekki, undirbúa málsskjöl í tengslum við innleiðingu frekari takmarkana varðandi efni sem ekki má nota án leyfis.
- 81) Til að koma á samræmdri aðferð við veitingu leyfa fyrir notkun tiltekinna efna skal Efnastofnunin gefa út álit um áhættuna, sem þessi notkun hefur í för með sér, þ.m.t. hvort eftirlit með viðkomandi efnunum sé nægilegt, og um allar félagshagfræðilega greiningar sem þriðju aðilar kunna að leggja fyrir stofnunina. Framkvæmdastjórnin skal hafa þessi álit til hliðsjónar þegar hún vegur og metur hvort leyfi skuli veitt eða ekki.
- 82) Svo að koma megri við skilvirkri vöktun og framfylgja leyfisskyldunni skulu eftirnotendur, sem njóta góðs af leyfi sem birgi þeirra hefur verið veitt, upplýsa Efnastofnunina um notkun sína á efninu.
- 83) Við þessar kringumstæður þykir rétt að framkvæmdastjórnin taki lokaákvæðanir um veitingu leyfis eða synjun samkvæmt reglufestri málsmeðferð þannig að koma megri við könnun á viðtækum áhrifum þeirra innan aðildarríkjanna og gera aðildarríkin virkari í tengslum við ákvarðanir.
- 84) Til að núverandi kerfi verði hraðvirkara skal endurskipuleggja málsmeðferðina við takmarkanir og ný tilskipun skal koma í stað tilskipunar 76/769/EBE sem hefur verið breytt nokkrum sinnum í veigamiklum atriðum. Til glöggvunar og sem fyrsta skref í þessu nýja, hraðvirka takmörkunarkerfi skulu allar takmarkanir, sem hafa verið settar samkvæmt þeirri tilskipun, felldar inn í þessa reglugerð. Framkvæmdastjórnin skal auðvelda beitingu XVII. viðauka við þessa reglugerð, eftir því sem við á, með því að taka saman leiðbeiningar þar að lútandi.
- 85) Í tengslum við XVII. viðauka skal aðildarríkjunum heimilað að viðhalda strangari takmörkunum til bráðabirgða, að því tilskildu að þær takmarkanir hafi verið tilkynntar í samræmi við ákvæði sáttmálans. Þetta varðar efni ein sér, efni í efnablöndum og efni í hlutum sem lúta takmörkunum að því er varðar framleiðslu þeirra, setningu á markað og notkun. Framkvæmdastjórnin skal taka saman og birta skrá yfir þessar takmarkanir. Með þessu gefst framkvæmdastjórninni tækifæri til þess að endurmeta viðkomandi ráðstafanir með hugsanlega samræmingu í huga.
- 86) Það skal vera á ábyrgð framleiðanda, innflytjanda eða eftirnotanda að benda á viðeigandi ráðstafanir við áhættustjórnun sem nauðsynlegar eru til að tryggja trausta heilsu- og umhverfisvernd við framleiðslu, setningu á markað og notkun efnis, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndu eða í hlut. Ef þetta er ekki talið fullnægjandi og ef stoð finnst í löggjöf Bandalagsins fyrir því skal mæla fyrir um viðeigandi takmarkanir.
- 87) Takmarkanir, sem settar eru á framleiðslu, setningu á markað eða notkun efnis, sem er annaðhvort eitt sér, í efnablöndu eða í hlut, í því skyni að vernda heilbrigði manna og umhverfi, geta fallist í skilyrðum, sem sett eru fyrir framleiðslu, setningu á markað eða notkun, eða banni við þessu. Því er nauðsynlegt að skrá slíkar takmarkanir og breytingar þar að lútandi.
- 88) Við undirbúning tillögu um takmarkanir skal vera gott samstarf og góð samræming og miðlun upplýsinga milli aðildarríkjanna, Efnastofnunarinnar, annarra stofnana Bandalagsins, framkvæmdastjórnarinnar og hagsmunaaðila þannig að löggjöfin verði skilvirk.
- 89) Til þess að aðildarríkin hafi tækifæri til að leggja fram tillögur varðandi sérstaka áhættu sem steðjar að heilbrigði manna og umhverfinu skulu þau taka saman málsskjöl í samræmi við ítarlega útfærðar kröfur. Í þessum málsskjölum skal vera rökstuðningur fyrir aðgerðum á vettvangi Bandalagsins.
- 90) Til að koma á samræmdri aðferð við að setja takmarkanir skal Efnastofnunin taka að sér að samræma þessa málsmeðferð, t.d. með því að tilnefna viðeigandi skýrslugjafa og ganga úr skugga um að kröfur í viðkomandi viðaukum séu uppfylltar. Efni skulu vera á sérstakri skrá hjá Efnastofnuninni þegar unnið er að málsskjölum varðandi takmarkanir tengdar þeim.
- 91) Framkvæmdastjórnin skal geta falið Efnastofnuninni að taka saman málsskjöl varðandi takmarkanir svo að framkvæmdastjórnin fái ráðrúm til þess að bregðast við sérstakri áhættu sem steðjar að heilbrigði manna og umhverfinu og bregðast þarf við á vettvangi Bandalagsins.
- 92) Með skírskotun til gagnsæis skal Efnastofnunin birta viðkomandi málsskjöl, þ.m.t. tillögur um takmarkanir, og óska jafnframt eftir athugasemdum.

- 93) Efnastofnunin skal leggja fram álit, á grundvelli álitsdraga, sem skýrslugjafi hefur sett saman, um þær aðgerðir, sem tillögur hafa verið settar fram um, og um áhrif þeirra svo að ljúka megi málsmeðferðinni í tæka tíð.
- 94) Svo að hraða megi málsmeðferðinni í tengslum við takmarkanir skal framkvæmdastjórnin útbúa drög sín að breytingum innan tiltekins frest frá því að hún fær álit Efnastofnunarinnar í hendur.
- 95) Efnastofnunin skal gegna lykilhlutverki við að tryggja að hagsmunaaðilar og almenningur beri traust til löggjafarinnar um íðefni og ferla við ákvarðanatöku, svo og vísindalegs grunns þeirra. Efnastofnunin skal einnig gegna afgerandi hlutverki við samræmingu upplýsinga sem er miðlað í tengslum við þessa reglugerð og framkvæmd hennar. Það er því mikilvægt að stofnanir Bandalagsins, aðildarríkin, almenningur og hagsmunaaðilar beri traust til Efnastofnunarinnar. Af þeirri ástæðu er bráðnaðsynlegt að tryggja sjálfstæði hennar og að staða hennar sé sterk á vísinda- og tæknisviði og á sviði reglusetningar, svo og að gagnsæi og skilvirkni séu tryggð.
- 96) Skipulag Efnastofnunarinnar skal vera sniðið að þeim verkefnum sem henni er ætlað að sinna. Reynsla áþekkra stofnana Bandalagsins veitir nokkra leiðsögn í þessu tilliti en skipulagið skal sniðið að þeim sérstöku þörfum sem tengjast þessari reglugerð.
- 97) Skilvirk miðlun upplýsinga um áhættu af völdum efna og um leiðir til að halda henni í skefjum er nauðsynlegur hluti þess kerfis sem komið er á laggirnar með þessari reglugerð. Við samantekt leiðbeininga Efnastofnunarinnar fyrir alla hagsmunaaðila skal hafa hliðsjón af bestu starfsvenjum í efnageiranum og í öðrum geirum.
- 98) Í þágu skilvirkni skal starfsfólk á skrifstofu Efnastofnunarinnar leysa af hendi verkefni sem eru aðallega tækni- og stjórnsýslulegs eðlis og vísindalegs eðlis án þess að leita eftir vísinda- eða tæknilegum úrræðum hjá aðildarríkjunum. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að verkefni Efnastofnunarinnar verði leyst af hendi á skilvirkan og óháðan hátt. Til þess að tryggja að Efnastofnunin gegni hlutverki sínu skal stjórn hennar þannig samsett að þar sitji fulltrúar hvers aðildarríkis, framkvæmdastjórnarinnar, annarra hagsmunaaðila, sem framkvæmdastjórnin tilnefnir í því skyni að tryggja aðkomu hagsmunaaðila, og Evrópuþingsins, og jafnframt þannig að tryggð sé hámarkshæfni og viðtæk sérfræðipækning á viðeigandi sviðum er varða öryggi íðefna og reglusetningu um íðefni og enn fremur skal séð til þess að fyrir hendi sé viðeigandi sérfræðipækning á almennu fjármála- og lagasviði.
- 99) Til að Efnastofnunin geti gegnt hlutverki sínu skal hún hafa yfir að ráða nauðsynlegum úrræðum til að sinna öllum þeim verkefnum sem henni eru falin.
- 100) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar skal tilgreina samsetningu og fjárhæð gjalda, þ.m.t. skal tilgreina þær aðstæður þar sem færa skal hluta gjaldanna til lögbærs yfirvalds viðkomandi aðildarríkis.
- 101) Stjórn Efnastofnunarinnar skal hafa nauðsynlegar heimildir til að gera fjárhagsáætlun, fylgjast með framkvæmd hennar, setja innri reglur, samþykkja fjárhagsreglugerðir og skipa framkvæmdastjóra.
- 102) Áhættumatsnefnd og nefnd um félagshagfræðilega greiningu skal fyrir hönd Efnastofnunarinnar taka við því hlutverki vísindanefnda framkvæmdastjórnarinnar að gefa út vísindalegar álitsgerðir á verksviði Efnastofnunarinnar.
- 103) Efnastofnunin skal setja á laggirnar nefnd, sem er skipuð fulltrúum aðildarríkjanna, í því skyni að ná samkomulagi yfirvalda aðildarríkjanna um sérstök málefni sem krefjast þess að þau séu tekin samræmdum tókum.
- 104) Nauðsynlegt er að tryggja náð samstarf milli Efnastofnunarinnar og lögbærra yfirvalda sem starfa innan aðildarríkjanna þannig að vísindalegar álitsgerðir áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félags- hagfræðilega greiningu séu grundvalaðar á viðtekustu vísinda- og sérfræðipækningu sem völ er á í Bandalaginu. Nefndirnar skulu geta orðið sér úti um frekari vitneskju frá sérfræðingum á tilteknum sviðum.
- 105) Sakir aukinnar ábyrgðar einstaklinga og lögaðila við að tryggja örugga notkun íðefna er þörf á því að efla framfylgd efnalöggjafarinnar. Efnastofnunin skal því koma á laggirnar vettvangi fyrir aðildarríkin þar sem þau geta skipst á gögnum um framfylgd efnalöggjafarinnar og samræmt aðgerðir sínar þar að lútandi. Það óformlega samstarf, sem nú er milli aðildarríkjanna á þessu sviði, yrði betra ef um það yrði settur formlegri rammi.
- 106) Setja skal á laggirnar kæruneftnd innan Efnastofnunarinnar til að tryggja að kærur frá einstaklingum eða lögaðilum, sem ákvarðanir Efnastofnunarinnar hafa áhrif á, verði afgreiddar.

- 107) Efnastofnunin skal fjármögnuð að hluta með gjöldum, sem einstaklingar og lögaðilar greiða, og að hluta með framlagi á fjárlögum Evrópubandalaganna. Fjárlagagerð Bandalagsins gildir áfram fyrir hugsanleg fjárframlög af almennum fjárlögum Evrópubandalaganna. Enn fremur skal endurskoðunarrétturinn endurskoða reikninga í samræmi við 91. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2343/2002 frá 23. desember 2002 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 185. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ⁽¹⁾.
- 108) Telji framkvæmdastjórnin og Efnastofnunin það réttmætt skulu fulltrúar þriðju landa eiga þess kost að taka þátt í starfi stofnunarinnar.
- 109) Efnastofnunin skal með samstarfi við stofnanir, sem hafa hag af samræmingu alþjóðlegra reglna, leggja sitt af mörkum í aðgerðum Bandalagsins og aðildarríkjanna sem beinast að slíkri samræmingu. Efnastofnunin skal, í því skyni að stuðla að viðtækri, alþjóðlegri samstöðu, taka tillit til alþjóðlegra staðla, bæði þeirra sem eru í gildi og þeirra sem eru í þróun, s.s. hnattsamræmda kerfisins (GHS) til flokkunar og merkingar íðefna.
- 110) Efnastofnunin skal leggja til það grunnvirki sem einstaklingar eða lögaðilar þurfa til þess að þeir geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt ákvæðum um samnýtingu gagna.
- 111) Brynt er að forðast að rugla saman verkefnum Efnastofnunarinnar og verkefnum Lyfjastofnunar Evrópu (EMEA), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum og eftirlit með þeim og um stofnun Lyfjamálastofnunar Evrópu ⁽²⁾, Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽³⁾, og ráðgjafanefndarinnar um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd í starfi sem sett var á fót með ákvörðun ráðsins frá 22. júlí 2003 ⁽⁴⁾. Efnastofnunin skal því setja reglur um málsmeðferð í þeim tilvikum þegar nauðsynlegt er að eiga samstarf við Matvælaöryggisstofnun Evrópu og ráðgjafanefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum. Þessi reglugerð skal að öðru leyti ekki hafa áhrif á þær heimildir sem Lyfjastofnun Evrópu, Matvælaöryggisstofnun Evrópu og ráðgjafanefndinni um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum er falið með löggjöf Bandalagsins.
- 112) Svo að starfsemi innri markaðarins fyrir efni, hvort sem þau eru ein sér eða í efnablöndum, gangi snurðulaust og að jafnframt sé tryggð traust heilsu- og umhverfisvernd skal setja reglur um skrá yfir flokkun og merkingu.
- 113) Flokkun og merking allra efna, sem skylt er að skrá eða falla undir ákvæði 1. gr. tilskipunar 67/548/EBE og eru sett á markað, skal því tilkynnt til Efnastofnunarinnar þannig að færa megi þær upplýsingar inn í skrána.
- 114) Til að tryggja samræmda vernd almennings, og þó einkum einstaklinga sem komast í snertingu við tiltekin efni, og til að tryggja eðlilega virkni annarrar löggjafar Bandalagsins, sem styðst við þessa flokkun og merkingu, skal halda utan um þá flokkun, sem mælt er fyrir um í tilskipun 67/548/EBE og tilskipun 1999/45/EB, helst í samkomulagi við framleiðendur og innflytjendur sama efnis, í sérstakri skrá ásamt ákvörðunum sem teknar eru á vettvangi Bandalagsins í því skyni að samræma flokkun og merkingu tiltekinna efna. Við þetta skal taka fullt tillit til fenginnar reynslu og þess starfs sem unnið hefur verið í tengslum við starfsemi sem rekin hefur verið samkvæmt tilskipun 67/548/EBE, þ.m.t. flokkun og merking tiltekinna efna eða flokka efna sem eru tilgreind í I. viðauka við þá tilskipun.
- 115) Kröftunum skal fyrst og fremst beint að varasömum efnunum. Því skal bæta efni við í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE ef það uppfyllir viðmiðanir um flokkun sem krabbameinsvaldur, stökkbreytivaldur eða æxlunarskaðvaldur í 1., 2. eða 3. flokki, sem ofnæmisvaldur fyrir öndunarveg eða ef það veldur einhverjum öðrum áhrifum sem meta skal í hverju tilviki um sig. Lögbærum yfirvöldum skal gert kleift að leggja tillögur fyrir Efnastofnunina. Efnastofnunin skal gefa álit sitt á tillögum og hagsmunaaðilar skulu jafnframt fá tækifæri til þess að setja fram athugasemdir. Framkvæmdastjórnin skal að svo búnu taka ákvörðun.
- 116) Reglulegar skýrslur aðildarríkjanna og Efnastofnunarinnar um beitingu þessarar reglugerðar verða ómetanlegt hjálpartæki við vöktun á framkvæmd reglugerðarinnar og til að greina leitni á þessu sviði. Ályktanir, sem dregnar verða af niðurstöðum skýrslanna, verða gagnleg og hagnýt verkfæri við endurskoðun þessarar reglugerðar og, ef nauðsyn krefur, við samningu breytingartillagna.

⁽¹⁾ Stjórn. EB L 357, 31.12.2002, bls. 72.

⁽²⁾ Stjórn. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr 1901/2006 (Stjórn. ESB L 378, 27.12.2006, bls. 1).

⁽³⁾ Stjórn. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 575/2006 (Stjórn. ESB L 100, 8.4.2006, bls. 3).

⁽⁴⁾ Stjórn. EB C 218, 13.9.2003, bls. 1.

- 117) Borgarar Evrópusambandsins skulu hafa aðgang að upplýsingum um íðefni, sem þeir geta komist í snertingu við, svo að þeir geti tekið vel ígrundaða ákvörðun um notkun sína á íðefnum. Gagnsæ aðferð til þess að svo megi verða er að veita þeim frjálsan og greiðan aðgang að grunnupplýsingum í gagnagrunni Efnastofnunarinnar, m.a. stuttar samantektir um hættulega eiginleika, kröfur um merkingar og viðkomandi löggjöf Bandalagsins, þ.m.t. um leyfða notkun og ráðstafanir við áhættustjórnun. Efnastofnunin og aðildarríkin skulu veita aðgang að upplýsingum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um aðgang almennings að upplýsingum um umhverfismál⁽¹⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar⁽²⁾ og í samræmi við alþjóðasamning efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE) um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, en Evrópubandalagið er aðili að þeim samningi.
- 118) Birting upplýsinga samkvæmt þessari reglugerð lýtur sérstökum kröfum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1049/2001. Í þeirri reglugerð er kveðið á um bindandi eindaga fyrir birtingu upplýsinga, svo og um málsmeðferðarrétt, þ.m.t. réttur til áfrýjunar. Stjórnin skal samþykka fyrirkomulagið við beitingu þessarar krafna að því er Efnastofnunina varðar.
- 119) Vegna þess hve nálægt lögbær yfirvöld aðildarríkjanna eru hagsmunaaðilum í aðildarríkjunum skulu þau, auk þess að taka þátt í framkvæmd löggjafar Bandalagsins, gegna hlutverki í upplýsingaskiptum um áhættu vegna efna og um skyldur einstaklinga og lögaðila samkvæmt löggjöf um íðefni. Jafnframt er náið samstarf milli Efnastofnunarinnar, framkvæmdastjórnarinnar og lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna nauðsynlegt til að tryggja samfellu og skilvirkni í öllu samskiptaferlinu.
- 120) Svo að kerfið, sem komið er á fót með þessari reglugerð, starfi á skilvirkan hátt skal vera gott samstarf, samræming og skipti á upplýsingum milli aðildarríkjanna, Efnastofnunarinnar og framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar framfylgd.
- 121) Til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin beita sér fyrir ráðstöfunum um skilvirka vöktun og eftirlit. Gera skal
- áætlun um nauðsynlegar skoðanir, hrinda þeim í framkvæmd og gefa skýrslu um niðurstöður úr þeim.
- 122) Til að tryggja gagnsæi, hlutleysi og samkvæmni að því er varðar aðgerðir um framfylgd af hálfu aðildarríkjanna er nauðsynlegt að þau setji viðeigandi ramma um viðurlög við brotum svo að viðurlögin verði skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi þar eð brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar geta haft skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið.
- 123) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð og tiltekna breytingar á henni skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽³⁾.
- 124) Einkum skal framkvæmdastjórninni falið vald til þess að breyta viðaukunum í tilteknum tilvikum, setja reglur um prófunaraðferðir, breyta hundradshluta málsskjala, sem velja skal til að kanna hvort ákvæði séu virt, og breyta viðmiðunum, sem settar eru um val skjalanna, og til að setja viðmiðanir til að skilgreina það sem telst nægilegur rökstuðningur fyrir því að prófunum verði ekki við komið af tæknilegum ástæðum. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er aðeins ætlað að breyta veigalitlem þáttum þessarar reglugerðar eða auka við hana veigalitlem þáttum henni til fyllingar skulu þær samþykktar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 125) Mikilvægt er að reglur séu settar um íðefni á skilvirkan hátt og tímanlega á aðlögunartímanum, sem gefinn er til að beita ákvæðum þessarar reglugerðar til fulls, og þó einkum á upphafskeiði Efnastofnunarinnar. Ráðstafanir skulu því gerðar til þess að framkvæmdastjórnin kveði á um þann stuðning sem er nauðsynlegur til að koma Efnastofnuninni á fót, þ.m.t. gerð samninga og skipun framkvæmdastjóra til bráðabirgða þar til stjórn Efnastofnunarinnar getur sjálf skipað framkvæmdastjóra.
- 126) Svo að nýta megi til fulls það starf, sem unnið var samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 793/93 og tilskipun 76/769/EBE, og til að komast hjá því að slíkt starf sé unnið fyrir gýg skal framkvæmdastjórninni falið umboð til þess að setja á upphafskeiðinu takmarkanir sem byggjast á þessu starfi án þess að fylgt sé til fulls þeirri málsmeðferð um takmarkanir sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Um leið og þessi reglugerð öðlast gildi skulu allir þessir þættir nýttir til að styðja ráðstafanir til að draga úr áhættu.

(1) Stjórn. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.

(2) Stjórn. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

(3) Stjórn. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun ráðsins 2006/512/EB (Stjórn. ESB L 200, 22.7.6, bls. 11.)

- 127) Rétt þykir að ákvæði þessarar reglugerðar öðlist gildi í áföngum svo að umskiptin yfir í nýja kerfið gangi vel fyrir sig. Ef ákvæðin öðlast smám saman gildi gerir það auk þess öllum aðilum, sem hlut eiga að máli, yfirvöldum, einstaklingum og lögaðilum, svo og hagsmunaaðilum, kleift að beina kröftunum að því að búa sig undir að uppfylla nýjar skyldur þegar þar að kemur.
- 128) Þessi reglugerð kemur í stað tilskipunar 76/769/EBE, tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE ⁽¹⁾, tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 93/67/EEC ⁽²⁾, tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 93/105/EB ⁽³⁾, tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/21/EB ⁽⁴⁾, reglugerðar (EBE) nr. 793/93 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94 ⁽⁵⁾. Því ber að fella þessar tilskipanir og reglugerðir úr gildi.
- 129) Í þágu samkvæmni skal breyta tilskipun 1999/45/EB en þar hefur þegar verið fjallað um málefni sem falla undir þessa reglugerð.
- 130) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð til fulls markmiðunum, sem sett eru með þessari reglugerð, þ.e. að mæla fyrir um reglur fyrir efni og koma á fót Efnastofnun Evrópu, og þau nást þar af leiðandi frekar á vettvangi Bandalagsins getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.
- 131) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi og meginreglur virt, einkum þau sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi ⁽⁶⁾. Einkum er leitast við að tryggja að fylgt sé til fulls meginreglum um umhverfisvernd og sjálfbæra þróun sem fjallað er um í 37. gr. þess sáttmála.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

⁽¹⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE frá 5. mars 1991 þar sem mælt er fyrir um sérstök upplýsingakerfi er varða hættulegar efnablöndur við framkvæmd 10. gr. tilskipunar 88/379/EBE (Stjtuð. EB L 76, 22.3.1991, bls. 35). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/58/EB (Stjtuð. EB L 212, 7.8.2001, bls. 24).

⁽²⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/67/EBE frá 20. júlí 1993 um meginreglur við mat á áhættu sem mönnum og umhverfi stafar af efnum sem tilkynnt eru í samræmi við tilskipun ráðsins 67/548/EBE (Stjtuð. EB L 227, 8.9.1993, bls. 9).

⁽³⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/105/EB frá 25. nóvember 1993 um ákvörðun tækniupplýsinga í VII. viðauka D sem um getur í 12. gr. í sjöundu breytingu á tilskipun ráðsins 67/548/EBE (Stjtuð. EB L 294, 30.11.1993, bls. 21).

⁽⁴⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/21/EB frá 25. apríl 2000 um skrá yfir löggjöf Bandalagsins sem um getur í fimmta undirlíð 1. mgr. 13. gr. í tilskipun ráðsins 67/548/EBE (Stjtuð. EB L 103, 28.4.2000, bls. 70).

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94 frá 28. júní 1994 um meginreglur um mat á áhættu sem mönnum og umhverfi stafar af skráðum efnum í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 (Stjtuð. EB L 161, 29.6.1994, bls. 3).

⁽⁶⁾ Stjtuð. EB C 364, 18.12.2000, bls. 1.

EFNISYFIRLIT

I. BÁLKUR	ALMENN ATRIÐI
1. kafli	Markmið, gildissvið og beitin
2. kafli	Skilgreiningar og almenn ákvæði
II. BÁLKUR	SKRÁNING EFNA
1. kafli	Almenn skráningarskylda og upplýsingacröfur
2. kafli	Efni sem teljast vera skráð
3. kafli	Skráningarskylda og upplýsingacröfur varðandi tilteknar tegundir einangraðra milliefna
4. kafli	Almenn ákvæði sem gilda ávallt við skráningu
5. kafli	Bráðabirgðaákvæði sem gilda um efni í skráningarbið og tilkynnt efni
III. BÁLKUR	SAMNÝTING GAGNA OG MIKILVÆGI ÞESS AÐ KOMAST HJÁ ÓNAUÐSYN- LEGUM TILRAUNUM
1. kafli	Markmið og almennar reglur
2. kafli	Reglur um efni, sem eru ekki í skráningarbið, og fyrir skráningaraðila efna í skráningarbið sem hafa ekki verið forskráð
3. kafli	Reglur um efni í skráningarbið
IV. BÁLKUR	UPPLÝSINGAR Í AÐFANGAKEÐJUNNI
V. BÁLKUR	EFTIRNOTENDUR
VI. BÁLKUR	MAT
1. kafli	Mat á málsskjölum
2. kafli	Mat á efnum
3. kafli	Mat á milliefnum
4. kafli	Sameiginleg ákvæði
VII. BÁLKUR	LEYFI
1. kafli	Leyfisskylda
2. kafli	Veiting leyfa
3. kafli	Leyfi í aðfangakeðjunni
VIII. BÁLKUR	TAKMARKANIR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR FRAMLEIÐSLU, SETNINGU Á MARKAÐ OG NOTKUN TILTEKINNA HÆTTULEGRA EFNA, EFNABLANDNA OG HLUTA
1. kafli	Almenn atriði
2. kafli	Málsmeðferð varðandi takmarkanir
IX. BÁLKUR	ÞÓKNANIR OG GJÖLD
X. BÁLKUR	EFNASTOFNUNIN
XI. BÁLKUR	FLOKKUNAR- OG MERKINGARSKRÁIN
XII. BÁLKUR	UPPLÝSINGAR
XIII. BÁLKUR	LÖGBÆR YFIRVÖLD
XIV. BÁLKUR	FRAMFYLGD
XV. BÁLKUR	BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI
<i>I. VIÐAUKI</i>	ALMENN ÁKVÆÐI UM MAT Á EFNUM OG GERÐ EFNAÖRYGGISKÝRSLNA
<i>II. VIÐAUKI</i>	LEIÐBEININGAR UM SAMANTEKT ÖRYGGISBLADA
<i>III. VIÐAUKI</i>	VIÐMIÐANIR FYRIR EJNI SEM ERU SKRÁÐ Í MAGNI SEM ER Á BILINU 1 TIL 10 TONN
<i>IV. VIÐAUKI</i>	UNDANÞÁGUR FRÁ SKRÁNINGARSKYLDU Í SAMRÆMI VIÐ A-LIÐ 7. MGR. 2. GR.
<i>V. VIÐAUKI</i>	UNDANÞÁGUR FRÁ SKRÁNINGARSKYLDU Í SAMRÆMI VIÐ B-LIÐ 7. MGS. 2. GR.

<i>VI. VIÐAUKI</i>	UPPLÝSINGAKRÖFUR SEM UM GETUR Í 10. GR.
<i>VII. VIÐAUKI</i>	STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR EINU TONNI EÐA MEIRA
<i>VIII. VIÐAUKI</i>	STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR 10 TONNUM EÐA MEIRA
<i>IX. VIÐAUKI</i>	STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR 100 TONNUM EÐA MEIRA
<i>X. VIÐAUKI</i>	STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR 1000 TONNUM EÐA MEIRA
<i>XI. VIÐAUKI</i>	ALMENNAR REGLUR UM AÐLÖGUN STÖÐLUÐU PRÓFUNAR-ÁÆTLUNARINNAR SEM SETT ER FRAM Í VII. til X. VIÐAUKA
<i>XII. VIÐAUKI</i>	ALMENN ÁKVÆÐI UM MAT EFTIRNOTENDA Á EFNUM OG GERÐ EFNAÖRYGGISSKÝRSLNA
<i>XIII. VIÐAUKI</i>	VIÐMIÐANIR FYRIR TILGREININGU EFNA, SEM ERU ÞRÁVIRK, SAFNAST UPP Í LÍFVERUM OG ERU EITRUÐ, OG TILGREININGU EFNA SEM ERU MJÖG ÞRÁVIRK OG SAFNAST UPP Í LÍFVERUM Í MIKLUM MÆLI
<i>XIV. VIÐAUKI</i>	SKRÁ YFIR EFNI SEM ERU LEYFISSKYLD
<i>XV. VIÐAUKI</i>	MÁLSSKJÖL
<i>XVI. VIÐAUKI</i>	FÉLAGSHAGFRÆÐILEG GREINING
<i>XVII. VIÐAUKI</i>	TAKMARKANIR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR FRAMLEIÐSLU, SETNINGU Á MARKAÐ OG NOTKUN TILTEKINNA HÆTTULEGRA EFNA, EFNABLANDNA OG HLUTA

I. BÁLKUR**ALMENN ATRÍÐI****1. kafli****Markmið, gildissvið og beiting***1. gr.***Markmið og gildissvið**

1. Markmiðið með þessari reglugerð er að tryggja trausta heilsu- og umhverfisvernd, m.a. að stuðla að því að fram komi staðgönguaðferðir (alternative methods) til þess að meta hættu af völdum efna, svo og að tryggja frjálsa dreifingu efna á innri markaðinum og stuðla jafnframt að samkeppnishæfni og nýsköpun.

2. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ákvæði um efni og efnablöndur samkvæmt skilgreiningunni í 3. gr. Þessi ákvæði gilda um framleiðslu, setningu á markað og notkun slíkra efna, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða í hlutum, og um setningu efnablöndna á markað.

3. Þessi reglugerð byggist á þeirri meginreglu að það sé á ábyrgð framleiðenda, innflytjenda og eftirtenda að sjá til þess að efni, sem þeir framleiða, setja á markað eða nota, hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða umhverfið. Ákvæði þessarar reglugerðar byggjast á varúðarreglunni.

*2. gr.***Beiting**

1. Þessi reglugerð gildir ekki um:

- a) geislavirk efni sem falla undir gildissvið tilskipunar ráðsins 96/29/KBE frá 13. maí 1996 um grundvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar ⁽¹⁾,
- b) efni, sem eru ein sér, í efnablöndu eða í hlut og eru undir tolfefirliti, svo fremi þau sæti hvorki meðhöndlun né vinnslu, og sem eru í tímabundinni geymslu, á frísvæði eða í tollfrjálsum vörugeymslum og sem ætlunin er að flytja út aftur eða eru í umflutningi,
- c) milliefni, sem eru ekki einangruð,
- d) flutninga á hættulegum efnum eða hættulegum efnum í hættulegum efnablöndum á járnbrautum, á vegum, skipingum vatnaleiðum eða sjó eða í lofti.

2. Úrgangur, eins og hann er skilgreindur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB ⁽²⁾, telst ekki efni, efnablöndu eða hlutur í skilningi 3. gr. þessarar reglugerðar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB 159, 29.6.1996, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

3. Aðildarríkin geta veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar í tilteknum tilvikum og fyrir tiltekin efni, sem eru ein sér, í efnablöndu eða í hlut, ef það er nauðsynlegt vegna hagsmuna í varnarmálum.

4. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um:

a) löggjöf Bandalagsins um vinnustaði og umhverfi, þ.m.t. tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽³⁾, tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþætta mengunarvarnir og eftirlit með mengun ⁽⁴⁾, tilskipun 98/24/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum ⁽⁵⁾ og tilskipun 2004/37/EB,

b) ákvæði tilskipunar 76/768/EBE að því er varðar prófanir á hryggdýrum sem falla undir gildissvið þeirrar tilskipunar.

5. Ákvæði II., V., VI. og VII. bóls gilda ekki svo fremi efni sé notað á eftirfarandi hátt:

a) í manna- eða dýralyf sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 726/2004, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf ⁽⁶⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ⁽⁷⁾,

b) í matvæli eða fóður í samræmi við reglugerð (EB) nr. 178/2002, þ.m.t. notkun:

i) sem aukefni í matvælum samkvæmt tilskipun ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum ⁽⁸⁾,

⁽³⁾ Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 (Stjtið. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2455/2001/EB (Stjtið. EB L 331, 15.12.2001, bls. 1).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/28/EB (Stjtið. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 58).

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1901/2006.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

- ii) sem bragðefni í matvælum samkvæmt tilskipun ráðsins 88/388/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um bragðefni til notkunar í matvælum og grunnefni til framleiðslu þeirra ⁽¹⁾ og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB frá 23. febrúar 1999 um samþykkt skráar yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum, sem tekin var saman vegna beiðingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 ⁽²⁾,
- iii) sem aukefni í fódri samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fódri ⁽³⁾,
- iv) í fódri sem fellur undir gildissvið tilskipunar ráðsins 82/471/EBE frá 30. júní 1982 um ákveðnar afurðir í dýrafæðu ⁽⁴⁾.
6. Ákvæði IV. bálks gilda ekki um eftirfarandi efnablöndur í endanlegri mynd, ætlaðar notanda:
- a) manna- og dýralyf sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 726/2004 og tilskipunar 2001/82/EB og eru samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2001/83/EB,
- b) snyrtivörur eins og þær eru skilgreindar í tilskipun 76/768/EBE,
- c) lækningatæki sem eru inngrípstæki eða notuð í beinni snertingu við mannslíkamann, svo fremi sett hafi verið ákvæði í lögjögf Bandalagsins um flokkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna sem tryggja sama umfang upplýsinga og verndar og kveðið er á um í tilskipun 1999/45/EB,
- d) matvæli eða fóður í samræmi við reglugerð (EB) nr. 178/2002, þ.m.t. notkun:
- i) sem aukefni í fódri samkvæmt tilskipun 89/107/EBE,
- ii) sem bragðefni í matvælum samkvæmt tilskipun 88/388/EBE og ákvörðun 1999/217/EB,
- iii) sem aukefni í fódri sem fellur undir reglugerð (EB) nr. 1831/2003,
- iv) í fódri sem fellur undir gildissvið tilskipunar 82/471/EBE.
7. Eftirfarandi er undanþegið ákvæðum II., V. og VI. bálks:
- a) efni, sem eru tilgreind í IV. viðauka, þar eð þær upplýsingar sem liggja fyrir um þessi efni eru þess eðlis að áhætta af völdum eiginleika efnanna telst minni háttar,
- b) efni, sem falla undir V. viðauka, þar eð litið er svo á að
- skráning þessara efna sé ekki við hæfi eða ónauðsynleg og að undanþága þeirra frá ákvæðum þessara bálka hafi ekki áhrif á markmið þessarar reglugerðar,
- c) efni sem eru ein sér eða í efnablöndum og skráð í samræmi við ákvæði II. bálks, flutt út frá Bandalaginu á vegum aðila í aðfangakeðjunni og flutt aftur inn í Bandalagjð á vegum sama eða annars aðila í sömu aðfangakeðjunni sem sýnir fram á:
- i) að efnið, sem er flutt inn aftur, sé sama efnið og flutt var út,
- ii) að hann hafi fengið upplýsingar um útflutta efnið í samræmi við 31. eða 32. gr.,
- d) efni, ein sér, í efnablöndum eða í hlutum, sem hafa verið skráð í samræmi við ákvæði II. bálks og sem eru endurunnin í Bandalaginu, ef:
- i) efnið, sem fæst við endurvinnsluna, er sama efnið og hefur verið skráð í samræmi við ákvæði II. bálks og
- ii) upplýsingarnar, sem krafist er skv. 31. eða 32. gr., um efnið, sem hefur verið skráð í samræmi við ákvæði II. bálks, liggja fyrir hjá starfsstöðinni sem annast endurvinnsluna.
8. Einangruð milliefni, sem eru notuð á staðnum, og einangruð milliefni, sem eru flutt, skulu undanþegin:
- a) ákvæðum 1. kafla í II. bálki, að undanskildum ákvæðum 8. og 9. gr., og
- b) ákvæðum VII. bálks.
9. Ákvæði II. og VI. bálks gilda ekki um fjölliður.

2. kafli

Skilgreiningar og almenn ákvæði

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) efni: frumefni og efnasambönd þeirra, náttúruleg eða unnin með framleiðsluferlum, þ.m.t. öll aukefni sem eru nauðsynleg til að viðhalda stöðugleika þess og öll óhreinindi sem verða til í vinnslunni, en þó ekki leysiefni sem skilja má frá án þess að það hafi áhrif á stöðuleika efnisins eða breyti samsetningu þess,

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 184, 15.7.1988, bls. 61. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

⁽²⁾ Stjóð. EB L 84, 27.3.1999, bls. 1. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2006/253/EB (Stjóð. ESB L 91, 29.3.2006, bls. 48).

⁽³⁾ Stjóð. EB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjóð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

⁽⁴⁾ Stjóð. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/116/EB (Stjóð. ESB L 379, 24.12.2004, bls. 81).

- 2) efnablanda: blanda eða lausn tveggja eða fleiri efna,
- 3) hlutur: gripur sem fær í framleiðsluferlinu sérstaka lögun, áferð eða útlit sem ræður meiru um hlutverk hans en efnafraðileg samsetning hans,
- 4) framleiðandi hlutur: einstaklingur eða lögaðili sem býr til eða setur saman hlut innan Bandalagsins,
- 5) fjölliða: efni, gert úr sameindum sem einkennast af endurteknum einingum einnar eða fleiri tegunda einliða. Mólmassi slíkra sameinda dreifist á tiltekið bil vegna þess að fjöldi einliðueininga í sameindunum er mismunandi. Fjölliða samanstendur af eftirfarandi:
- a) að meirihluta, miðað við þyngd, af sameindum sem eru gerðar úr a.m.k. þremur einliðueiningum sem eru tengdar með samgildum tengjum við a.m.k. eina aðra einliðueiningu eða annað hvarfefni,
- b) að minnihluta, miðað við þyngd, af sameindum sem hafa sama mólmassa.
- Í þessari skilgreiningu merkir „einliðueining“ hvarfað form einliðu eins og það er í fjölliðu.
- 6) einliða: efni sem getur bundist samgildum tengjum við röð annarra líkra eða ólíkra sameinda við þau skilyrði sem ríkja í viðkomandi, fjölliðumyndandi efnahvörfum sem notuð eru í tiltekna ferlinu,
- 7) skráningaraðili: framleiðandi eða innflytjandi efnis eða framleiðandi eða innflytjandi hlutur sem leggur fram skráningarskjöl fyrir efni,
- 8) framleiðsla: það að framleiða eða draga út efni í náttúrulegu ástandi sínu,
- 9) framleiðandi: einstaklingur eða lögaðili sem er með staðfestu í Bandalaginu og framleiðir efni þar,
- 10) innflutningur: það að færa eitthvað efnislegt inn á tollsvæði Bandalagsins,
- 11) innflytjandi: einstaklingur eða lögaðili sem er með staðfestu í Bandalaginu og ber ábyrgð á innflutningi,
- 12) setning á markað: það að sjá þriðja aðila fyrir vöru eða bjóða hana fram, hvort sem er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur telst vera setning á markað.
- 13) eftirnotandi: einstaklingur eða lögaðili sem hefur staðfestu í Bandalaginu, annar en framleiðandinn eða innflytjandinn, og notar efni, annaðhvort eitt sér eða í efnablöndu, við iðnaðarstarfsemi sína eða faglega starfsemi; dreifandi eða neytandi er ekki eftirnotandi; sá sem flytur inn aftur og nýtur undanþágu samkvæmt c-lið 7. mgr. 2. gr. telst vera eftirnotandi,
- 14) dreifandi: einstaklingur eða lögaðili, sem hefur staðfestu í Bandalaginu, þ.m.t. smásali, sem einungis geymir og setur efni á markað, eitt sér eða í efnablöndu, á vegum þriðja aðila,
- 15) milliefni: efni sem er framleitt til efnafraðilegrar vinnslu og notað eða nýtt í tengslum við hana í því skyni að því verði breytt í annað efni (hér á eftir nefnt „efnasmiði“):
- a) óeinangrað milliefni: milliefni sem við efnasmiði er ekki tekið (nema til töku sýnis) af ásetningi úr búnaðinum þar sem efnasmiðin fer fram; til slíks búnaðar telst hvarfaflátið, fylgibúnaður þess og hvers kyns búnaður sem efnið eða efnin flæða gegnum í stöðugu flæði eða lotubundnu ferli, svo og allar lagdir til flutnings úr einu íláti í annað vegna næsta skrefs í efnahvörfunum en ekki tankar eða önnur ílát þar sem efnið eða efnin eru geymd að framleiðslu lokinni,
- b) einangrað milliefni sem er notað á staðnum: milliefni sem uppfyllir ekki viðmiðanir fyrir óeinangrað milliefni, enda fari framleiðsla milliefnisins og efnasmiði annars eða annarra efna úr því milliefni fram á sama stað, sem er rekinn af einum eða fleiri lögaðilum,
- c) einangrað milliefni sem er flutt: milliefni sem uppfyllir ekki viðmiðanir fyrir óeinangrað milliefni og er flutt til annarra staða eða látið af hendi til þeirra,
- 16) staður: tiltekið svæði þar sem, ef um er að ræða tvo eða fleiri framleiðendur efnis eða efna, tiltekið grunnvirki og aðstaða eru samnýtt,
- 17) aðilar í aðfangakeðjunni: allir framleiðendur og/eða innflytjendur efna og/eða eftirtotendur í aðfangakeðju,
- 18) Efnastofnunin: Efnastofnun Evrópu sem komið er á fót með þessari reglugerð,
- 19) lögbært yfirvald: yfirvald eða yfirvöld eða stofnanir sem aðildarríkin hafa sett á laggirnar í því skyni að gegna þeim skyldum sem skapast með þessari reglugerð,
- 20) efni í skráningarbið: efni sem uppfyllir a.m.k. eina af eftirfarandi viðmiðunum:
- a) efnið er á Evrópuskrá yfir íðefni á markaði (EINECS),
- b) efnið var framleitt a.m.k. einu sinni á síðustu 15 árum fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, annaðhvort í Bandalaginu eða í löndum sem urðu aðilar að Evrópusambandinu 1. janúar 1995 eða 1. maí 2004, en framleiðandi eða innflytjandi setti það ekki á markað, enda geti framleiðandinn eða innflytjandinn lagt fram skjöl þessu til sönnunar,

- c) framleiðandi eða innflytjandi setti efnið á markað fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, annaðhvort í Bandalaginu eða í löndum sem urðu aðilar að Evrópusambandinu 1. janúar 1995 eða 1. maí 2004, og það taldist hafa verið tilkynnt í samræmi við fyrsta lið 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 67/548/EBE en svarar ekki til skilgreiningarinnar á fjölliðu eins og hún er sett fram í þessari reglugerð, enda geti framleiðandinn eða innflytjandinn lagt fram skjöl þessu til sönnunar,
- 21) tilkynnt efni: efni sem tilkynning hefur verið lögð fram fyrir og sem setja mætti á markað í samræmi við tilskipun 67/548/EBE,
- 22) vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir og þróun: vísindalegt þróunarstarf í tengslum við vöruþróun eða frekari þróun efnis, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndum eða hlutum, þar sem notast er við tilraunaverksmiðju eða framleiðslutilraunir til þess að þróa framleiðsluferlið og/eða prófa notkunarvið efnisins,
- 23) vísindalegar rannsóknir og þróun: hvers kyns vísindalegar tilraunir, efnagreiningar eða efnarannsóknir sem eru gerðar við stýrð skilyrði þar sem magn efnisins, sem notað er til rannsókna, er undir einu tonni á ári,
- 24) notkun: hvers kyns vinnsla, samsetning, nýting, geymsla, birgðahald, meðhöndlun, setning í flát, flutningur úr einu fláti í annað, blöndun, framleiðsla hlutar eða hvers konar önnur nýting,
- 25) eigin notkun skráningaraðila: notkun skráningaraðila við iðnaðarstarfsemi eða faglega starfsemi,
- 26) tilgreind notkun: notkun efnis, sem er eitt sér eða í efnablöndu, eða notkun efnablöndu sem er fyrirhuguð af hálfu aðila í aðfangakeðjunni, þ.m.t. eigin notkun hans, eða sem honum er gert kunnugt um skriflega af hálfu næsta eftirnotanda,
- 27) fullnaðarrannsóknarskýrsla: fullnaðar- og heildarlýsing á þeirri starfsemi sem fer fram til þess að afla upplýsinga; þetta tekur til fullfrágenginnar vísindagreinar, sem er birt og er lýsing á þeirri rannsókn sem gerð var, eða fullnaðarskýrslunnar sem rannsóknarstofan, sem gerði rannsóknina, tók saman,
- 28) ítarleg rannsóknarsamantekt (robust study summary): ítarleg samantekt um markmið, aðferðir, niðurstöður og ályktanir úr fullnaðarrannsóknarskýrslu sem veitir nægilegar upplýsingar til að unnt sé að vinna óháð mat á rannsókninni og dregur úr þörfinni á að lesa fullnaðarrannsóknarskýrsluna,
- 29) rannsóknarsamantekt: samantekt um markmið, aðferðir, niðurstöður og ályktanir úr fullnaðarrannsóknarskýrslu sem veitir nægilegar upplýsingar til að unnt sé að meta mikilvægi rannsóknarinnar,
- 30) á ári: á almanaksári, nema annað sé tekið fram. Fyrir efni í skráningarbið, sem hafa verið flutt inn eða framleidd í a.m.k. þrjú ár í röð, skal reikna magn á ári út frá meðalmagni framleiðslu eða innflutnings næstliðin þrjú almanaksár,
- 31) takmörkun: hvers kyns skilyrði, sem eru sett fyrir framleiðslu, notkun eða setningu á markað, eða bann við framleiðslu, notkun eða setningu á markað,
- 32) birgir efnis eða efnablöndu: framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifandi sem setur á markað efni, eitt sér eða í efnablöndu, eða setur efnablöndu á markað,
- 33) birgir hlutar: framleiðandi eða innflytjandi hlutar, dreifandi eða annar aðili í aðfangakeðjunni sem setur hlut á markað,
- 34) viðtakandi efnis eða efnablöndu: eftirnotandi eða dreifandi sem tekur við efni eða efnablöndu,
- 35) viðtakandi hlutar: notandi eða dreifandi í iðnaðarstarfsemi eða faglegri starfsemi sem tekur við hlut; skilgreiningin tekur ekki til neytenda,
- 36) lítil og meðalstór fyrirtæki: lítil og meðalstór fyrirtæki eins og þau eru skilgreind í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum ⁽¹⁾,
- 37) váhrifsviðsmynd: safn aðstæðna, þ.m.t. rekstrarskilyrði og ráðstafanir við áhættustjórnun, sem gefur mynd af því hvernig efnið er framleitt eða notað á vistferlinum og hvernig framleiðandinn eða innflytjandinn hefur stjórn á, eða ráðleggur eftirnotendum að hafa stjórn á, váhrifum á menn og umhverfi; þessar váhrifsviðsmyndir geta tekið til eins sértæks ferlis eða sértækra notkunar eða margs konar ferla eða notkunar, allt eftir því sem við á,
- 38) notkunar- og váhrifaflokkur: váhrifsviðsmynd sem tekur til margvíslegra ferla eða margs konar notkunar og þar sem upplýsingar um ferlin eða notkunina eru að lágmarki gefnar sem stutt, almenn lýsing á notkuninni,
- 39) efni sem finnast í náttúrunni: efni eins og það kemur fyrir í náttúrunni, óunnið eða eingöngu unnið með handafli, á vélrænan hátt eða með þyngdarkrafti, með því að leysa það upp í vatni, með fleytingu, útdrætti með vatni, gufueimingu eða með hitun til þess eins að losna við vatn, eða efni sem er unnið úr andrúmslofti með hvaða aðferð sem er,
- 40) efni sem hefur ekki verið breytt með efnafraðilegum aðferðum: efni sem er óbreytt að efnafraðilegri byggingu þótt það hafi verið meðhöndlað í efnafraðilegu ferli eða efnafraðilegri meðferð eða verið ummyndað með eðlisrænni og steindafræðilegri aðferð, t.d. í því skyni að fjarlægja óhreinindi,
- 41) málmblanda: efni úr málm, einsleitt að sjá, gert úr tveimur eða fleiri frumefnum sem eru þannig sett saman að þau verða ekki auðveldlega skilin að með vélrænum aðferðum.

(¹) Stjórn. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

4. gr.

Almenn ákvæði

Framleiðendur, innflytjendur eða, ef við á, eftirnotendur geta, án þess að það firri þá fullri ábyrgð á því að rækja skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð, tilnefnt þriðja aðila sem fulltrúa sinn að því er varðar alla málsmeðferð í tengslum við ákvæði 11. og 19. gr. og ákvæði III. bóls og 53. gr. sem fela í sér viðráður við aðra framleiðendur, innflytjendur eða, ef við á, eftirnotendur. Í þessum tilvikum skal Efnastofnunin að jafnaði ekki láta uppi gagnvart öðrum framleiðendum, innflytjendum eða, ef við á, eftirnotendum hver framleiðandinn eða innflytjandinn eða eftirnotandinn er sem hefur tilnefnt fulltrúa sinn.

II. BÁLKUR**SKRÁNING EFNA****1. KAFLI****Almenn skráningarskylda og upplýsingakröfur**

5. gr.

Engin gögn, enginn markaður

Með fyrirvara um 6., 7., 21. og 23. gr. skulu efni, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða í hlutum, ekki framleidd í Bandalaginu eða sett á markað nema þau hafi áður verið skráð í samræmi við viðeigandi ákvæði þessa bóls, sé þess krafist.

6. gr.

Almenn skráningarskylda fyrir efni sem eru ein sér eða í efnablöndum

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð skulu framleiðendur eða innflytjendur efnis, sem er annaðhvort eitt sér eða í einni eða fleiri efnablöndum, senda skráningarskjöl til Efnastofnunarinnar ef magnið er eitt tonn á ári eða meira.

2. Ákvæði 17. og 18. gr. gilda ekki um einliður sem eru notaðar sem einangruð milliefni, sem eru notuð á staðnum, eða einangruð milliefni sem eru flutt.

3. Framleiðendur eða innflytjendur fjölliðu skulu senda skráningarskjöl til Efnastofnunarinnar fyrir einliðuefnið eða -efnin eða annars konar efni, sem hafa ekki þegar verið skráð af hálfu aðila ofar í aðfangakeðjunni, hafi báðum eftirfarandi skilyrðum verið fullnægt:

a) fjölliðan er 2% eða meira miðað við massahlutfall úr slíku einliðuefni eða -efnum eða öðrum efnum í formi einliðueininga og efna sem eru bundin þeim með efnatengjum,

b) heildarmagn slíks einliðuefnis eða -efna eða annars efnis eða efna er eitt tonn á ári eða meira.

4. Þegar skráningarskjöl eru lögð fram skal reiða af hendi þá þóknun sem krafist er í samræmi við ákvæði IX. bóls.

7. gr.

Skráning og tilkynning efna í hlutum

1. Hver framleiðandi eða innflytjandi hluta skal senda Efnastofnuninni skráningarskjöl fyrir sérhvert efni sem er í þessum hlutum, að uppfylltum báðum eftirfarandi skilyrðum:

a) magn efnisins í þessum hlutum er samtals yfir einu tonni á framleiðanda eða innflytjanda á ári,

b) gert er ráð fyrir því að efnið losni úr hlutunum við eðlileg eða sæmlega fyrirsjáanleg notkunarskilyrði.

Þegar skráningarskjöl eru lögð fram skal reiða af hendi þá þóknun sem krafist er í samræmi við ákvæði IX. bóls.

2. Hver framleiðandi eða innflytjandi hluta skal í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar senda Efnastofnuninni tilkynningu ef efni uppfyllir viðmiðanir í 57. gr. og hefur verið tilgreint í samræmi við 1. mgr. 59. gr., að uppfylltum báðum eftirfarandi skilyrðum:

a) magn efnisins í þessum hlutum er samtals yfir einu tonni á framleiðanda eða innflytjanda á ári,

b) styrkur efnisins í þessum hlutum miðað við massahlutfall er meiri en 0,1%.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki ef framleiðandinn eða innflytjandinn getur komið í veg fyrir að menn eða umhverfi verði fyrir váhrifum við eðlileg eða sæmlega fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. við förgun. Í slíkum tilvikum skal framleiðandinn eða innflytjandinn veita viðtakanda hlutarins viðeigandi leiðbeiningar.

4. Þær upplýsingarnar, sem senda skal tilkynningu um, skulu fela í sér eftirfarandi:

a) upplýsingar um framleiðanda eða innflytjanda og tengiliði þeirra, eins og tilgreint er í 1. lið VI. viðauka, en þó ekki um staði þar sem eigin notkun þeirra á sér stað,

b) skráningarnúmer, sem um getur í 1. mgr. 20. gr., liggi það eða þau fyrir,

- c) auðkenni efnisins eins og tilgreint er í liðum 2.1 til 2.3.4 í VI. viðauka,
- d) flokkun efnisins eða efnanna eins og tilgreint er í liðum 4.1 og 4.2 í VI. viðauka,
- e) stutta lýsingu á notkun efnisins eða efnanna í viðkomandi hlut, eins og tilgreint er í lið 3.5 í VI. viðauka, og á notkun hlutarins eða hlutanna,
- f) magn efnisins eða efnanna í tonnum, t.d. 1 til 10 tonn, 10 til 100 tonn o.s.frv.

5. Efnastofnunin getur tekið ákvarðanir um að framleiðendur eða innflytjendur hluta skuli leggja fram skráningarskjöl í samræmi við ákvæði þessa bálks fyrir sérhvert efni í þessum hlutum, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) magn efnisins í þessum hlutum er samtals yfir einu tonni á framleiðanda eða innflytjanda á ári,
- b) Efnastofnunin hefur rökstuddan grun um:
 - i) að efnið losni úr hlutum og
 - ii) að efnið, sem losnar úr hlutum, skapi áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið,
- c) að efnið falli ekki undir ákvæði 1. mgr.

Þegar skráningarskjöl eru lögð fram skal reiða af hendi þá þóknun sem krafist er í samræmi við ákvæði IX. bálks.

6. Ákvæði 1. til 5. mgr. gilda ekki um efni sem hafa þegar verið skráð til viðkomandi notkunar.

7. Frá og með 1. júní 2011 gilda ákvæði 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar sex mánuðum eftir að efni hefur verið tilgreint í samræmi við 1. mgr. 59. gr.

8. Allar ráðstafanir, sem varða framkvæmd 1. til 7. mgr., skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 133. gr.

8. gr.

Eini fulltrúi fyrir framleiðanda sem er utan Bandalagsins

1. Einstaklingur eða lögaðili, sem hefur staðfestu utan Bandalagsins og framleiðir efni, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndum eða hlutum, setur saman efnablöndu eða framleiðir hlut, sem er fluttur inn í Bandalagið, getur með gagnkvæmu samkomulagi tilnefnt einstakling eða lögaðila, sem hefur staðfestu í Bandalaginu, til þess að rækja, sem eini fulltrúi hans, þær skyldur sem eru lagðar á herðar innflytjendum samkvæmt þessum bálki.

2. Fulltrúinn skal enn fremur rækja allar aðrar skyldur innflytjenda samkvæmt þessari reglugerð. Fulltrúinn skal því hafa nægilega reynslu af meðhöndlun efna og þeirra upplýsinga, sem tengjast þeim, og skal, með fyrirvara um ákvæði 36. gr., hafa fyrirgjigjandi, uppfærðar upplýsingar um magn innflutnings og þá viðskiptavini, sem selt er til, svo og

upplýsingar um afhendingu síðustu uppfærslu öryggisblaðsins sem um getur í 31. gr.

3. Framleiðandi, sem er utan Bandalagsins og tilnefnir fulltrúa sinn í samræmi við 1. og 2. mgr., skal láta innflytjandann eða innflytjendurna í sömu aðfangakeðju vita af tilnefningunni. Þessir innflytjendur teljast eftirnotendur í skilningi þessarar reglugerðar.

9. gr.

Undanþága frá almennri skráningarskyldu að því er varðar vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir og þróun

1. Ákvæði 5., 6., 7., 17., 18. og 21. gr. gilda ekki um fimm ára skeið fyrir efni sem er framleitt í Bandalaginu eða sem framleiðandi efna eða innflytjandi eða framleiðandi hluta flytur inn vegna vöru- og ferlamiðaðra rannsókna og þróunar, á eigin vegum eða í samstarfi við viðskiptavini, sem eru tilgreindir í skrá, og í magni sem er takmarkað við tilganginn með vöru- og ferlamiððu rannsóknunum og þróuninni.

2. Framleiðandi efna eða innflytjandi eða framleiðandi hluta skal, að því er varðar 1. mgr., senda Efnastofnuninni tilkynningu með eftirfarandi upplýsingum:

- a) upplýsingar um framleiðanda efnis eða innflytjanda eða framleiðanda hluta eins og tilgreint er í 1. lið VI. viðauka,
- b) auðkenni efnisins eins og tilgreint er í 2. lið VI. viðauka,
- c) flokkun efnisins, eins og tilgreint er í 4. lið VI. viðauka, ef um hana er að ræða,
- d) áætlað magn eins og tilgreint er í lið 3.1 í VI. viðauka,
- e) skrá yfir viðskiptavini, sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. heiti þeirra og heimilisföng.

Tilkynningunni skal fylgja sú þóknun sem krafist er í samræmi við ákvæði IX. bálks.

Tímabilið, sem tilgreint er í 1. mgr., skal hefjast þegar tekið er við tilkynningu Efnastofnunarinnar.

3. Efnastofnunin skal ganga úr skugga um að upplýsingarnar, sem tilkynnandi leggur fram, séu fullnægjandi og að 2. mgr. 20. gr. gildi að breyttu breytanda. Efnastofnunin skal gefa tilkynningunni númer og tilkynningardagsetningu, sem sýnir daginn þegar Efnastofnunin tók á móti tilkynningunni, og skal þegar tilkynna viðkomandi framleiðanda efna eða innflytjanda eða framleiðanda hluta um númerið og daginn. Efnastofnunin skal enn fremur senda þessar upplýsingar til lögbærs yfirvalds viðkomandi aðildarríkis eða -ríkja.

4. Efnastofnunin getur sett skilyrði í því skyni að tryggja að efnið eða efnablöndurnar eða hlutirnir, sem innihalda efnið, verði eingöngu meðhöndlaðir af starfsfólki skráðra viðskiptavina, sem um getur í e-lið 2. mgr., við nægilega stýrð skilyrði, í samræmi við kröfurnar í löggjöf um vernd starfsmanna og umhverfis, og að efnið standi almenningi aldrei nokkru sinni til boða, hvorki eitt sér, í efnablöndu eða hlut, og að því magni, sem af gengur, verði safnað aftur saman til förgunar að loknu undanþágutímabilinu.

Í slíkum tilvikum getur Efnastofnunin beðið tilkynnandann um að leggja fram frekari upplýsingar sem nauðsynlegar þykja.

5. Ef annað er ekki tekið fram getur framleiðandi eða innflytjandi efnis eða hlutar ekki framleitt eða flutt inn efnið eða hlutinn fyrr en að liðnum tveimur vikum frá tilkynningunni.

6. Framleiðandi efna eða innflytjandi eða framleiðandi hluta skal fullnægja öllum skilyrðum sem Efnastofnunin setur í samræmi við 4. mgr.

7. Efnastofnunin getur framlengt fimm ára undanþágutímabilið að hámarki um fimm ár eða, ef um er að ræða efni, sem eru eingöngu notuð við þróun manna- eða dýralyfja, eða efni, sem eru ekki sett á markað, að hámarki um tíu ár að fram kominni beiðni þar um og ef framleiðandi efna eða innflytjandi eða framleiðandi hluta getur sýnt fram á að slík framlenging sé réttlætunleg vegna rannsóknar- og þróunaráætlunarinnar.

8. Efnastofnunin skal senda drög að öllum ákvörðunum strax til lögbærra yfirvalda hvers aðildarríkis þar sem framleiðsla, innflutningur eða framleiðsla eða vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir fara fram.

Við töku ákvarðana, eins og kveðið er á um í 4. og 7. mgr., skal Efnastofnunin taka tillit til allra athugasemda frá lögbæru yfirvöldunum.

9. Efnastofnunin og lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkja skulu ávallt gæta trúnaðar við meðferð upplýsinganna sem lagðar eru fram í samræmi við ákvæði 1. til 8. mgr.

10. Kæra má, í samræmi við 91., 92. og 93. gr., þær ákvarðanir sem Efnastofnunin tekur skv. 4. og 7. mgr. þessarar greinar.

10. gr.

Upplýsingar sem leggja skal fram við almenna skráningu

Við skráningu, sem krafist er skv. 6. gr. eða 1. eða 5. mgr. 7. gr., skulu öll eftirfarandi gögn lögð fram:

- a) tæknileg málsskjöl, þ.m.t.:
 - i) upplýsingar um framleiðanda/framleiðendur eða innflytjanda/innflytjendur eins og tilgreint er í 1. lið VI. viðauka,
 - ii) auðkenni efnisins eins og tilgreint er í 2. lið VI. viðauka,
 - iii) upplýsingar um framleiðslu og notkun efnisins eins og tilgreint er í 3. lið VI. viðauka; þessar upplýsingar skulu taka til allrar tilgreindrar notkunar skráningaraðilans. Þessar upplýsingar geta tekið til, ef skráningaraðilinn telur það eiga við, víðeigandi notkunar- og váhrifaflökka,
 - iv) flokkun og merking efnisins eins og tilgreint er í 4. lið VI. viðauka,
 - v) leiðbeiningar um örugga notkun efnisins eins og tilgreint er í 5. lið VI. viðauka,
 - vi) rannsóknarsamantektir sem tengjast upplýsingum sem fengist hafa við beitingu VII. til XI. viðauka,
 - vii) ítarlegar rannsóknarsamantektir sem tengjast upplýsingum sem fengist hafa við beitingu VII. til XI. viðauka, ef þess er krafist skv. I. viðauka,
 - viii) upplýsingar um það hverjar af þeim upplýsingum, sem lagðar eru fram skv. iii., iv., vi. eða vii. lið eða b-lið, hafi verið endurmetnar af hálfu matsmanns með nægilega reynslu sem valinn var til þess af hálfu framleiðanda eða innflytjanda,
 - ix) tillögur að prófunum ef þær eru tundaðar í IX. og X. viðauka,
 - x) upplýsingar um váhrif efna, sem eru að magni 1 til 10 tonn, eins og tilgreint er í 6. lið VI. viðauka,
 - xi) beiðni þar sem fram kemur hverjar af upplýsingunum í 2. mgr. 119. gr. framleiðandinn eða innflytjandinn telur að skuli ekki gerðar aðgengilegar á Netinu, í samræmi við e-lið 2. mgr. 77. gr., þ.m.t. rökstuðningur fyrir því að birting gæti skaðað viðskiptahagsmunum hans eða annarra aðila sem hlut eiga að máli.

Skráningaraðilinn skal, nema í tilvikum sem falla undir 3. mgr. 25. gr., 6. mgr. 27. gr. eða 3. mgr. 30. gr., vera lögmætur handhafi fullnaðarrannsóknarskýrslunnar, sem liggur til grundvallar samantektunum skv. vi. og vii. lið, eða hafa leyfi til þess að vísa til hennar vegna skráningar,

- b) efnaöryggisskýrsla, ef hennar er krafist skv. 14. gr., á því sniði sem er tilgreint í I. viðauka. Viðeigandi hlutar þessarar skýrslu geta tekið til, ef skráningaraðilinn telur það eiga við, viðeigandi notkunar- og váhrifaflökka.

11. gr.

Sameiginleg framlagning gagna margra skráningaraðila

1. Ef einn eða fleiri framleiðendur hyggjast framleiða efni í Bandalaginu eða einn eða fleiri innflytjendur hyggjast flytja efni inn í Bandalagið og/eða efnið fellur undir skráningarskyldu skv. 7. gr. gildir eftirfarandi:

Með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. skal fyrst einn skráningaraðili (hér á eftir nefndur „leiðandi skráningaraðili“), sem kemur fram með samþykki hins eða hinna skráningaraðilanna, leggja fram upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í iv., vi., vii. og ix. lið a-liðar 10. gr., og viðeigandi upplýsingar skv. viii. lið a-liðar 10. gr.

Hver skráningaraðili skal síðan leggja sérstaklega fram þær upplýsingar, sem eru tilgreindar í i., ii., iii. og x. lið a-liðar 10. gr., og viðeigandi upplýsingar skv. viii. lið a-liðar 10. gr.

Skráningaraðilarnir ráða því sjálfir hvort þeir leggja upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í v. lið a-liðar og í b-lið 10. gr. og viðeigandi upplýsingar skv. viii. lið a-liðar 10. gr., fram hver og einn eða hvort einn skráningaraðili leggi þessar upplýsingar fram fyrir hönd hinna.

2. Hver skráningaraðili þarf einungis að fullnægja ákvæði 1. mgr. að því er varðar atriði, sem eru tilgreind í iv., vi., vii. og ix. lið a-liðar 10. gr. og krafist er vegna skráningar innan þeirra marka fyrir tonnaþjöldu sem er í samræmi við ákvæði 12. gr.

3. Skráningaraðili getur lagt upplýsingarnar, sem um getur í iv., vi., vii. eða ix. lið a-liðar 10. gr., sérstaklega fram ef:

- a) það yrði honum óhóflega kostnaðarsamt að leggja þessar upplýsingar fram með öðrum eða
- b) framlagning upplýsinganna með öðrum yrði til þess að upplýsingar birtust, sem hann telur að séu viðkvæmar vegna viðskiptaforsendna, og að birting þeirra muni að líkindum valda honum viðskiptalegum skaða eða
- c) hann og leiðandi skráningaraðilinn greinir á um val á þessum upplýsingum.

Gildi ákvæði a-, b- eða c-liðar skal skráningaraðilinn leggja fram, ásamt málsskjölnum, útskýringu á því hvers vegna

kostnaðurinn yrði óhóflegur, hvers vegna líklegt sé að birting upplýsinganna valdi honum umtalsverðum, viðskiptalegum skaða og skýringu á eðli ágreiningsins, allt eftir því sem við á.

4. Þegar skráningarskjöl eru lögð fram skal reida af hendi þá þóknun sem krafist er í samræmi við ákvæði IX. bálks.

12. gr.

Upplýsingar sem leggja skal fram um magn

1. Tæknilegu málsskjölin, sem um getur í a-lið 10. gr., skulu, að því er varðar vi. og vii. lið, innihalda allar eðlisefnafræðilegar, eiturefnafræðilegar og vesturefnafræðilegar upplýsingar sem skipta máli og skráningaraðilinn hefur aðgang að og að lágmarki eftirfarandi upplýsingar:

- a) upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í VII. viðauka, fyrir efni, sem eru ekki í skráningarbið og eru framleidd eða flutt inn í magni sem er eitt tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda, og fyrir efni í skráningarbið sem uppfylla aðra eða báðar viðmiðanirnar, sem eru tilgreindar í III. viðauka, og eru framleidd eða flutt inn í magni sem er eitt tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda,
- b) upplýsingar um eðlisefnafræðilega eiginleika, sem eru tilgreindir í 7. lið VII. viðauka, fyrir efni í skráningarbið sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem er eitt tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda og sem uppfyllir hvoruga viðmiðunina sem er tilgreind í III. viðauka,
- c) upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í VII. og VIII. viðauka, fyrir efni sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem er 10 tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda,
- d) upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í VII. og VIII. viðauka, og tillögur að prófunum til þess að afla þeirra upplýsinga, sem eru tilgreindar í IX. viðauka, fyrir efni sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem er 100 tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda,
- e) upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í VII. og VIII. viðauka, og tillögur að prófunum til þess að afla þeirra upplýsinga, sem eru tilgreindar í IX. og X. viðauka, fyrir efni sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem er 1000 tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda,

2. Þegar magn á framleiðanda eða innflytjanda af efni, sem hefur þegar verið skráð, nær næstu mörkum fyrir magn skal framleiðandinn eða innflytjandinn þegar í stað greina Efnastofnuninni frá þeim viðbótarupplýsingum sem hann þarf nauðsynlega á að halda skv. 1. mgr. Ákvæði 3. og 4. mgr. 26. gr. gilda að breyttu breytanda.

3. Þessi grein gildir, að breyttu breytanda, um framleiðendur hluta.

13. gr.

Almennar kröfur um öflun upplýsinga um eðliseiginleika efna

1. Upplýsingar um eðliseiginleika efna má fá fram á annan hátt en með prófunum, að því tilskildu að skilyrðunum, sem sett eru fram í XI. viðauka, sé fullnægt. Ef því verður við komið skal fá fram upplýsingar, einkum að því er varðar eiturhrif á menn, með öðrum aðferðum en prófunum á hryggdýrum með því að nota staðgönguáferðir, t.d. áferðir sem byggjast á prófunum í glasi, eða líkón fyrir eigindleg eða meginindleg vensl efnabyggingar og virkni eða með upplýsingum um efni svipaðrar byggingar (þar sem ályktað er út frá efnaflokkum eða byggingarlega hliðstæðum efnum). Heimilt er að sleppa prófunum í samræmi við lið 8.6 og 8.7 í VIII. viðauka og IX. og X. viðauka ef upplýsingar um váhrif og ráðstafanir, sem gripið hefur verið til við áhættustjórnun og tilgreindar eru í 3. lið XI. viðauka, réttlæta slíkt.

2. Þessar áferðir skulu endurmetnar reglulega og bætta í því skyni að draga úr prófunum á hryggdýrum og fækka þeim dýrum sem nota þarf til þeirra. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við viðeigandi hagsmunaaðila og svo fljótt sem unnt er, leggja fram tillögu, ef við á, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um prófunaráferðir sem hafa verið samþykktar í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 4. mgr. 133. gr., og viðaukunum við þessa reglugerð, ef við á, í því skyni að taka upp aðrar áferðir en prófanir á dýrum eða draga úr prófunum á dýrum eða bæta þær. Breytingar á þeirri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem er tilgreind í 3. mgr. og breytingar við viðauka þessarar reglugerðar skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 131. gr.

3. Ef prófanir á efnum eru nauðsynlegar til þess að afla upplýsinga um eðliseiginleika efnanna skulu þær gerðar í samræmi við þær áferðir sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar eða í samræmi við aðrar alþjóðlegar prófunaráferðir sem framkvæmdastjórnin eða Efnastofnunin hefur viðurkennt að séu heppilegar. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja þessa reglugerð, sem er ætlað að breyta veigalitlem þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr.

Upplýsingar um eðliseiginleika efna má fá fram í samræmi við aðrar prófunaráferðir, að því tilskildu að skilyrðunum, sem sett eru fram í XI. viðauka, sé fullnægt.

4. Visteitrefnafræðilegar og eiturefnafræðilegar prófanir skulu gerðar í samræmi við meginreglurnar um góðar starfsvenjur við rannsóknir, sem kveðið er á um í tilskipun 2004/10/EB, eða alþjóðlega staðla sem framkvæmdastjórnin eða Efnastofnunin hefur viðurkennt að séu jafngildir, eða í samræmi við ákvæði tilskipunar 86/609/EBE, ef við á.

5. Hafi efni þegar verið skráð er nýjum skráningaraðila heimilt að vísa til rannsóknarsamantekta eða ítarlegra rannsóknarsamantekta, sem hafa áður verið lagðar fram fyrir sama efni, að því tilskildu að hann geti sýnt fram á að efnið, sem hann hyggist skrá nú, sé það sama og fyrr var skráð, þ.m.t. hreinleiki og eðli óhreininda, og að fyrri skráningaraðili eða -aðilar hafi veitt leyfi sitt til þess að vísa til fullnaðarrannsóknarskýrslunnar vegna skráningarinnar.

Nýr skráningaraðili skal ekki vísa til slíkra rannsókna vegna þeirra upplýsinga sem krafist er skv. 2. lið VI. viðauka.

14. gr.

Efnaöryggisskýrsla og skylda til að beita ráðstöfunum til að draga úr áhættu og setja fram tilmæli um slíkar ráðstafanir

1. Með fyrirvara um 4. gr. tilskipunar 98/24/EB skal vinna efnaöryggismat og ljúka við efnaöryggisskýrslu fyrir öll efni sem eru skráningarskyld í samræmi við ákvæði þessa kafla og eru að magni 10 tonn eða meira á ári á skráningaraðila.

Í efnaöryggisskýrslunni skal vera efnaöryggismatið sem unnið skal í samræmi við 2. til 7. mgr. og I. viðauka, annaðhvort fyrir hvert efni eitt sér, í efnablöndu eða í hlut, eða fyrir flokk efna.

2. Ekki þarf að vinna efnaöryggismat skv. 1. mgr. fyrir efni sem er í efnablöndu ef styrkur efnisins í efnablöndunni er minni en minnst er tilgreint í eftirfarandi:

- a) styrkleikar sem eru tilgreindir í töflunni í 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/45/EB,
- b) styrkleikamörk sem eru tilgreind í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE,
- c) styrkleikamörk sem eru tilgreind í B-hluta II. viðauka við tilskipun 1999/45/EB,
- d) styrkleikamörk sem eru tilgreind í B-hluta III. viðauka við tilskipun 1999/45/EB,

- e) styrkleikamörk sem eru tilgreind í samþykktri færslu í flokkunar- og merkingarskránni sem sett er fram í XI. bálki í þessari reglugerð,
- f) 0,1% miðað við massahlutfall, fullnægi efnið viðmiðuninum í XIII. viðauka við þessa reglugerð.

3. Efnaöryggismat fyrir efni skal fela í sér eftirfarandi þrep:

- a) mat á hættu fyrir heilbrigði manna,
- b) eðlisefnafræðilegt hættumat,
- c) mat á hættu fyrir umhverfið,
- d) mat á þrávirkni, uppsöfnun í lífverum og eiturhrifum (PBT) efna og mat á mikilli þrávirkni og mikilli uppsöfnun efna (vPvB) í lífverum.

4. Ef skráningaraðilinn kemst að þeirri niðurstöðu, eftir þrep a til d í 3. mgr., að efnið uppfylli viðmiðanirnar þannig að það flokkist sem hættulegt í samræmi við tilskipun 67/548/EBE, eða það er metið sem PBT-efni eða vPvB-efni, skal efnaöryggismat fela í sér eftirfarandi viðbótarþrep:

- a) mat á váhrifum, þ.m.t. gerð váhrifasviðsmyndar eða -mynda (eða tilgreining viðeigandi flokka fyrir notkun og váhrif, ef við á), og reiknuð váhrif,
- b) áhættulýsing.

Váhrifasviðsmyndirnar (notkunar- og váhrifaflokkar, eftir því sem við á), mat á váhrifum og áhættulýsing skulu taka til allrar tilgreindrar notkunar skráningaraðilans.

5. Í efnaöryggisskýrslunni þarf ekki að veða og meta áhættu fyrir heilbrigði manna vegna eftirfarandi notkunar:

- a) í efnem sem komast í snertingu við matvæli og falla undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (¹),
- b) í snyrtivörum sem falla undir gildissvið tilskipunar 76/768/EBE.

(¹) Stjtuð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4.

6. Allir skráningaraðilar skulu ákveða og gera viðeigandi ráðstafanir til að halda nægilega vel í skefjum áhættu sem tilgreind er í efnaöryggismatinu, og ef við á, mæla með þeim í öryggisblöðunum sem þeir leggja fram í samræmi við 31. gr.

7. Sérhver skráningaraðili, sem skylt er að vinna efnaöryggismat, skal halda efnaöryggisskýrslu sinni aðgengilegri og uppfærðri.

2. KAFLI

Efni sem teljast vera skráð

15. gr.

Efni í plöntuvarnarefnum og sæfiefnum

1. Líta skal svo á að virk efni og hjálparefni, sem eru framleidd eða flutt inn til notkunar í plöntuvarnarefni eingöngu og eru tilgreind annaðhvort í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EEC (²) eða í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 (³), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 703/2001 (⁴), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1490/2002 (⁵) eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/565/EB (⁶), svo og öll efni, þar sem framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun um að málsskjölin séu fullnægjandi skv. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE, séu skráð og líta skal svo á að skráningunni sé lokið að því er varðar framleiðslu eða innflutning til notkunar sem plöntuvarnarefni og að kröfunum í 1. og 5. kafla þessa bóls hafi verið fullnægt.

(²) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtuð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/136/EB (Stjtuð. ESB L 349, 12.12.2006, bls. 42).

(³) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtuð. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2266/2000 (Stjtuð. EB L 259, 13.10.2000, bls. 27).

(⁴) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 703/2001 frá 6. apríl 2001 um virk efni í plöntuvarnarefnum, sem meta skal í öðrum áfanga vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE, og um endurskoðun skrárinnar yfir tilnefnd skýrslugjafaraðildarríki fyrir þessi efni (Stjtuð. EB L 98, 7.4.2004, 2001, bls. 6).

(⁵) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1490/2002 frá 14. ágúst 2002 um nánari reglur varðandi framkvæmd þriðja áfanga vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE (Stjtuð. EB L 224, 21.8.2002, bls. 25). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1744/2004 (Stjtuð. ESB L 311, 08.10.2004, bls. 23).

(⁶) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/565/EB frá 25. júlí 2003 um framlengingu tímabilsins sem kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE (Stjtuð. ESB L 192, 31.7.2003, bls. 40).

2. Líta skal svo á að virk efni, sem eru framleidd eða innflutt fram að degi ákvörðunarinnar, sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB, til notkunar í sæfiefnum eingöngu og eru tilgreind annaðhvort í I. viðauka, viðauka I A eða I B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ⁽¹⁾ eða í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2032/2003 frá 4. nóvember 2003 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB ⁽²⁾, séu skráð og líta skal svo á að skráningunni sé lokið að því er varðar framleiðslu eða innflutning til notkunar sem sæfiefni og að kröfunum í 1. og 5. kafla þessa bálks hafi verið fullnægt.

16. gr.

Skyldur framkvæmdastjórnarinnar, Efnastofnunarinnar og skráningaraðila efna sem teljast vera skráð

1. Framkvæmdastjórnin eða viðeigandi stofnun Bandalagsins skal leggja fyrir Efnastofnunina upplýsingar, sem eru jafngildar þeim sem krafist er skv. 10. gr., fyrir efni sem teljast vera skráð skv. 15. gr. Efnastofnunin skal setja þessar upplýsingar, eða tilvísun til þeirra, í gagnagrunna sína og tilkynna lögbærum yfirvöldum um þetta eigi síðar en 1. desember 2008.

2. Ákvæði 21., 22. og 25. til 28. gr. gilda ekki um notkun efna sem teljast vera skráð skv. 15. gr.

3. KAFLI

Skráningarskylda og upplýsingakröfur varðandi tilteknar tegundir einangraðra milliefna

17. gr.

Skráning einangraðra milliefna sem eru notuð á staðnum

1. Allir sem framleiða einangrað milliefni, sem er notað á staðnum, í magninu eitt tonn eða meira á ári skulu senda Efnastofnuninni skráningarskjöl fyrir einangraða milliefnið.

2. Við skráningu einangraðs milliefnis, sem er notað á staðnum, skulu allar eftirfarandi upplýsingar koma fram, svo fremi framleiðandinn geti lagt þær fram án nokkurra frekari prófana:

- a) upplýsingar um framleiðanda eins og tilgreint er í 1. lið VI. viðauka,
- b) auðkenni milliefnisins eins og tilgreint er í liðum 2.1 til 2.3.4 í VI. viðauka,
- c) flokkun milliefnisins eins og tilgreint er í 4. lið VI. viðauka,

d) allar fyrirbyggjandi upplýsingar um eðlisefnafræðilega eiginleika milliefnisins og þá eiginleika þess sem geta haft áhrif á heilbrigði manna og umhverfið; liggi fullnaðarrannsóknarskýrsla fyrir skal leggja fram rannsóknarsamantekt,

e) stutt, almenn lýsing á notkuninni, eins og tilgreint er í lið 3.5 í VI. viðauka,

f) upplýsingar um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til við áhættustjórnun.

Skráningaraðilinn skal, nema í tilvikum sem falla undir 3. mgr. 25. gr., 6. mgr. 27. gr. eða 3. mgr. 30. gr., vera lögmætur handhafi fullnaðarrannsóknarskýrslunnar, sem liggur til grundvallar samantektunum samkvæmt d-lið, eða hafa leyfi til þess að vísa til hennar vegna skráningar.

Við skráninguna skal reiða af hendi þá þóknun sem krafist er í samræmi við ákvæði IX. bálks.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda eingöngu um einangruð milliefni, sem eru notuð á staðnum, ef framleiðandinn staðfestir að efnið sé eingöngu framleitt og notað við nákvæmlega stýrð skilyrði þannig að því sé með tæknilegum aðferðum haldið í fullkomlega lokuðu kerfi allan vistferil þess. Grípa skal til varnarráðstafana og nota þannig verklag að losun og tilheyrandi váhrifum sé haldið í lágmarki.

Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt skulu þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í 10. gr., koma fram í skráningar-skjölunum.

18. gr.

Skráning einangraðra milliefna sem eru flutt

1. Allir sem framleiða eða flytja inn einangrað milliefni, sem er flutt, í magninu eitt tonn eða meira á ári skulu leggja skráningarskjöl um þetta einangraða milliefni fyrir Efnastofnunina.

2. Í skráningarskjölum fyrir einangruð milliefni, sem eru flutt, skulu koma fram allar eftirfarandi upplýsingar:

- a) upplýsingar um framleiðanda eða innflytjanda eins og tilgreint er í 1. lið VI. viðauka,
- b) auðkenni milliefnisins eins og tilgreint er í liðum 2.1 til 2.3.4 í VI. viðauka,
- c) flokkun milliefnisins eins og tilgreint er í 4. lið VI. viðauka,
- d) allar fyrirbyggjandi upplýsingar um eðlisefnafræðilega eiginleika milliefnisins og eiginleika þess sem geta haft áhrif á heilbrigði manna og umhverfið. Liggi fullnaðarrannsóknarskýrsla fyrir skal leggja fram rannsóknarsamantekt,

e) stutt, almenn lýsing á notkuninni, eins og tilgreint er í lið 3.5 í VI. viðauka,

⁽¹⁾ Stjótd. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/140/EB (Stjótd. ESB L 414, 30.12.2006, bls. 78).

⁽²⁾ Stjótd. EB L 307, 24.11.2003, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1849/2006 (Stjótd. ESB L 355, 15.12.2006, bls. 63).

- f) upplýsingar um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til við áhættustjórnun og mælt er með við notandann í samræmi við 4. mgr.

Skráningaraðilinn skal, nema í tilvikum sem falla undir 3. mgr. 25. gr., 6. mgr. 27. gr. eða 3. mgr. 30. gr., vera lögmætur handhafi fullnaðarrannsóknarskýrslunnar, sem liggur til grundvallar samantektunum samkvæmt d-lið, eða hafa leyfi til þess að vísa til hennar vegna skráningar.

Við skráninguna skal reiða af hendi þá þóknun sem krafist er í samræmi við ákvæði IX. bálks.

3. Í skráningarskjölum fyrir einangrað milliefni, sem er flutt og er að magni yfir 1000 tonnum á ári á framleiðanda eða innflytjanda, skulu koma fram þær upplýsingar sem eru tilgreindar í VII. viðauka, auk þeirra upplýsinga sem krafist er skv. 2. mgr.

Ákvæði 13. gr. gilda um öflun þessara upplýsinga.

4. Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda eingöngu um einangruð milliefni sem eru flutt ef framleiðandinn eða innflytjandinn staðfestir sjálfur eða lýsir því yfir að hann hafi fengið staðfestingu notandans fyrir því að efnasmíði annars efnis eða annarra efna úr þessu milliefni fari fram á öðrum stöðum og við eftirfarandi skilyrði sem er stýrt nákvæmlega:

- efninu er með tæknilegum aðferðum haldið í fullkomlega lokuðu kerfi allan vistferil þess, þ.m.t. framleiðsla, hreinsun, þrif og viðhald búnaðar, taka sýna, greining, fylling eða tæming búnaðar eða fláta, förgun eða hreinsun úrgangs og geymsla hans,
- grípa skal til varnarráðstafana og nota þannig verklag að losun og tilheyrandi váhrifum sé haldið í lágmarki,
- þeir starfsmenn einir, sem hafa hlotið nægilega þjálfun og leyfi, skulu meðhöndla efnið,
- þegar um er að ræða hreingerning- og viðhaldsvinnu skal nota sérstakt verklag, s.s. að spúla og þvo, áður en kerfið er opnað og farið er inn í það,
- ef óhapp verður og úrgangur myndast skal grípa til varnarráðstafana og/eða sérstaks verklags til þess að losun verði í lágmarki, sem og tilheyrandi váhrif, meðan hreingerning eða þrif og viðhald fara fram,
- verklagsreglur við meðhöndlun efna skulu vera skýrar og skriflegar og vera undir ströngu eftirliti stjórnandans á staðnum.

Ef þessum skilyrðum, sem fram koma í fyrstu undirgrein, er ekki fullnægt skulu þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í 10. gr., koma fram í skráningarskjölunum.

19. gr.

Sameiginleg framlagning gagna margra skráningaraðila sem varða einangruð milliefni

1. Hyggist einn eða fleiri framleiðendur framleiða í Bandalaginu einangrað milliefni, sem er notað á staðnum, eða einangrað milliefni, sem er flutt, og/eða hyggist einn eða fleiri

innflytjendur flytja inn fyrrgreind efni gildir eftirfarandi:

Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. þessarar greinar skal einn framleiðandi eða innflytjandi (hér á eftir nefndur „leiðandi skráningaraðili“), sem kemur fram með samþykki hins eða hinna framleiðendanna eða innflytjendanna, fyrst leggja fram upplýsingarnar sem eru tilgreindar í c- og d-lið 2. mgr. 17. gr. og c- og d-lið 2. mgr. 18. gr.

Hver skráningaraðili skal síðan leggja sérstaklega fram þær upplýsingar sem eru tilgreindar í 2. mgr. 17. gr. (a-, b-, e- og f-lið) og 2. mgr. 18. gr. (a-, b-, e- og f-lið).

2. Framleiðandi eða innflytjandi getur lagt upplýsingarnar, sem um getur í c- eða d-lið 2. mgr. 17. gr. og c- eða d-lið 2. mgr. 18. gr., fram sérstaklega ef:

- það yrði honum óhóflega kostnaðarsamt að leggja þær fram með öðrum eða
- framlagning upplýsinganna með öðrum yrði til þess að upplýsingar birtust, sem hann telur að séu viðkvæmar vegna viðskiptaforsendna, og að birting þeirra muni að líkindum valda honum viðskiptalegum skaða eða
- hann og leiðandi skráningaraðila greinir á um val á þessum upplýsingum.

Gildi ákvæði a-, b- eða c-liðar skal framleiðandinn eða innflytjandinn leggja fram, ásamt málsskjölunum, útskýringu á því hvers vegna kostnaðurinn yrði óhóflegur, hvers vegna líklegt sé að birting upplýsinganna valdi honum umtalsverðum, viðskiptalegum skaða og skýringu á eðli ágreiningsins, allt eftir því sem við á.

3. Þegar skráningarskjöl eru lögð fram skal reiða af hendi þá þóknun sem krafist er í samræmi við ákvæði IX. bálks.

4. kafli

Almenn ákvæði sem gilda ávallt við skráningu

20. gr.

Skyldur Efnastofnunarinnar

1. Við hverja skráningu skal Efnastofnunin úthluta framlagningarnúmeri, sem nota skal við öll bréfaskipti varðandi skráninguna þar til hún telst vera fullafgreidd, og einnig framlagningardagsetningu sem sýnir daginn þegar Efnastofnunin tekur við skráningarskjölunum.

2. Við hverja skráningu skal Efnastofnunin athuga hvort skráningarskjölin séu fullnægjandi og að allar upplýsingar, sem krafist er skv. 10. og 12. gr. eða skv. 17. eða 18. gr., hafi verið lagðar fram, svo og að skráningarþóknunin, sem um getur í 4. mgr. 6. gr., 1. og 5. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 17. gr. eða 2. mgr. 18. gr., hafi verið reidd af hendi. Við þessa athugun á því hvort skráningarskjöl séu fullnægjandi skal ekki lagt mat á gæði framlagðra upplýsinga, eða hvort þær eru fullnægjandi, eða rökstuðninginn með þeim.

Efnastofnunin skal ganga úr skugga um að skráningarskjöl séu fullnægjandi innan þriggja vikna frá framlagningardegi þeirra eða innan þriggja mánaða frá viðkomandi eindaga, sem er tilgreindur í 23. gr., þegar um er að ræða skráningarskjöl fyrir efni í skráningarbið sem eru lögð fram næstu tvo mánuðina á undan þeim eindaga.

Teljist skráningarskjöl ófullnægjandi skal Efnastofnunin gera skráningaraðilanum grein fyrir því áður en þriggja vikna eða þriggja mánaða tímabilið, sem um getur í annarri undirgrein, er liðið svo og hvaða upplýsinga er krafist til viðbótar svo að skráningarskjölin verði fullnægjandi og veita jafnframt hæfilegan frest til þess. Skráningaraðilinn skal bæta úr ágöllum skráningarskjálanna þannig að þau teljist fullnægjandi og leggja þau fyrir Efnastofnunina fyrir settan eindaga. Efnastofnunin skal staðfesta framlagningardag þessara viðbótarupplýsinga við skráningaraðilann. Efnastofnunin skal aftur ganga úr skugga um að skráningarskjöl séu fullnægjandi og veða þá og meta þær viðbótarupplýsingar sem voru lagðar fram.

Efnastofnunin skal hafna skráningu ef skráningaraðilanum tekst ekki að bæta úr ágöllum skráningarskjálanna fyrir settan eindaga. Skráningarþóknunin skal ekki endurgreidd í þessum tilvikum.

3. Að lokinni skráningu skal Efnastofnunin úthluta viðkomandi efni skráningarnúmeri og skráningardagsetningu sem skal vera sú sama og framlagningardagsetningin. Efnastofnunin skal án tafar tilkynna viðkomandi skráningaraðila um skráningarnúmerið og skráningardaginn. Skráningarnúmerið skal notað við öll frekari bréfaskipti varðandi skráninguna.

4. Efnastofnunin skal innan 30 daga frá framlagningardegi tilkynna lögbæru yfirvaldi viðkomandi aðildarríkis að eftirfarandi upplýsingar séu aðgengilegar í gagnagrunni stofnunarinnar:

- a) skráningarskjölin ásamt framlagningar- eða skráningarnúmeri,
- b) framlagningar- eða skráningardagur,
- c) niðurstöður úr athugun á því hvort skráningarskjölin séu fullnægjandi og
- d) allar beiðnir, ef um þær er að ræða, um frekari upplýsingar og tilheyrandi eindaga í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr.

Viðkomandi aðildarríki er aðildarríkið þar sem framleiðslan fer fram eða þar sem innflytjandinn hefur staðfestu.

Ef framleiðslustaðir framleiðandans eru í tveimur eða fleiri aðildarríkjum er viðkomandi aðildarríki ríkið þar sem aðalskrifstofa framleiðandans er. Aðildarríkin, þar sem hinir framleiðslustaðirnir eru, skulu einnig fá tilkynninguna.

Efnastofnunin skal þegar í stað tilkynna lögbæru yfirvaldi viðkomandi aðildarríkis eða aðildarríkja ef frekari upplýsingar, sem skráningaraðilinn hefur lagt fram, verða aðgengilegar í gagnagrunni stofnunarinnar.

5. Kæra má, í samræmi við ákvæði 91., 92. og 93. gr., þær ákvarðanir sem Efnastofnunin tekur skv. 2. mgr. þessarar greinar.

6. Ef nýr skráningaraðili leggur frekari upplýsingar um tiltekið efni fyrir Efnastofnunina skal stofnunin tilkynna þeim skráningaraðilum, sem fyrir eru, að þessar upplýsingar séu aðgengilegar í gagnagrunninum, sbr. 22. gr.

21. gr.

Framleiðsla og innflutningur efna

1. Skráningaraðila er heimilt að hefja eða halda áfram framleiðslu eða innflutningi efnis eða framleiðslu eða innflutningi hlutar hafi Efnastofnunin ekki lýst sig andvíga því í samræmi við 2. mgr. 20. gr. innan þriggja vikna frá framlagningardegi, sbr. þó 8. mgr. 27. gr.

Þegar um er að ræða skráningu efna í skráningarbið er slíkm skráningaraðila heimilt að halda áfram framleiðslu eða innflutningi efnisins eða framleiðslu eða innflutningi hlutar hafi Efnastofnunin ekki lýst sig andvíga því í samræmi við 2. mgr. 20. gr. innan þriggja vikna frá framlagningardegi eða, ef framlagning á sér stað innan tveggja mánaða tímabilsins á undan viðkomandi eindaga sem fram kemur í 23. gr., og hafi Efnastofnunin ekki lýst sig andvíga því í samræmi við 2. mgr. 20. gr., innan þriggja mánaða frá þeim eindaga, sbr. þó 8. mgr. 27. gr.

Ef um er að ræða uppfærslu á skráningarskjöllum skv. 22. gr. er skráningaraðila heimilt að halda áfram framleiðslu eða innflutningi efnis eða framleiðslu eða innflutningi hlutar hafi Efnastofnunin ekki lýst sig andvíga því í samræmi við 2. mgr. 20. gr. innan þriggja vikna frá uppfærsludeginum, sbr. þó 8. mgr. 27. gr.

2. Hafi Efnastofnunin greint skráningaraðilanum frá því að hann verði að leggja fram frekari upplýsingar í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 20. gr. er skráningaraðilanum heimilt að hefja framleiðslu eða innflutning efnis eða framleiðslu eða innflutning hlutar hafi Efnastofnunin ekki lýst sig andvíga því innan þriggja vikna frá því að stofnunin tók við þeim viðbótarupplýsingum sem voru nauðsynlegar til þess að skráningarskjöl hans teldust fullnægjandi, sbr. þó 8. mgr. 27. gr.

3. Leggi leiðandi skráningaraðili fram hluta af skráningarskjölunum fyrir hönd eins eða fleiri annarra skráningaraðila, eins og kveðið er á um í 11. eða 19. gr., er hverjum og einum hinna skráningaraðilanna því aðeins heimilt að framleiða eða flytja inn efnið eða framleiða eða flytja inn hlutina að fresturinn, sem mælt er fyrir um í 1. eða 2. mgr. þessarar greinar, sé útrunninn og að því tilskildu að Efnastofnunin hafi hvorki lýst sig andvíga skráningu leiðandi skráningaraðilans fyrir hönd hinna né hans eigin skráningu.

22. gr.

Aðrar skyldur skráningaraðila

1. Að lokinni skráningu skal skráningaraðili sjálfur hafa frumkvæði að því að uppfæra skráningarskjöl sín án óþarfrar tafar með því að leggja nýjar upplýsingar, sem máli skipta, fyrir Efnastofnunina í eftirfarandi tilvikum:

- a) við breytingu á stöðu hans, t.d. sem framleiðanda eða innflytjanda efnis eða framleiðanda hluta, eða varðandi auðkenni hans, s.s. heiti hans eða heimilisfang,
- b) við breytingu á samsetningu efnisins í samræmi við 2. lið VI. viðauka,
- c) við breytingar á árlegu magni eða heildarmagni efna, sem hann framleiðir eða flytur inn, eða á magni efna, sem eru fyrir hendi í hlutum sem hann framleiðir eða flytur inn, ef breytingarnar leiða til breytingar á mörkum fyrir tonnafjölda, þ.m.t. ef framleiðslu eða innflutningi er hætt,
- d) við nýja, tilgreinda notkun og nýja notkun, sem ráðið er frá í lið 3.7 í VI. viðauka, sem efnið er framleitt eða innflutt fyrir,
- e) við nýja vitneskja um áhættu af völdum efnisins fyrir heilbrigði manna og/eða umhverfið sem af sanngirmi má ætla að hann hafi orðið áskynja um og leiðir til breytinga á öryggisblaðinu eða efnaöryggisskýrslunni,
- f) við breytingar á flokkun og merkingu efnisins,
- g) við hvers kyns uppfærslur eða breytingar á efnaöryggisskýrslunni eða 5. lið VI. viðauka,
- h) ef skráningaraðilinn kemst að þeirri niðurstöðu að þörf sé á prófun sem er tilgreind í IX. eða X. viðauka, og skal þá í þeim tilvikum setja fram tillögu að prófun,
- i) við hvers kyns breytingu á aðgangi sem veittur er að upplýsingum í skráningarskjölunum.

Efnastofnunin skal senda þessar upplýsingar til lögbærs yfirvalds viðkomandi aðildarríkis.

2. Skráningaraðili skal leggja fyrir Efnastofnunina uppfærð skráningarskjöl þar sem fram koma þær upplýsingar sem krafist er með ákvörðuninni, sem var tekin í samræmi við 40., 41. eða 46. gr., eða taka tillit til ákvörðunar, sem var tekin í samræmi við 60. og 73. gr., fyrir þann eindaga sem er tilgreindur í þeirri ákvörðun. Efnastofnunin skal tilkynna lögbæru yfirvaldi viðkomandi aðildarríkis að upplýsingarnar séu aðgengilegar í gagnagrunni hennar.

3. Efnastofnunin skal athuga hvort uppfærsla skráningarskjala sé fullnægjandi í samræmi við fyrstu og aðra undirgrein 2. mgr. 20. gr. Ef uppfærslan er í samræmi við 2. mgr. 12. gr. og við c-lið 1. mgr. þessarar greinar skal Efnastofnunin athuga hvort upplýsingarnar, sem skráningaraðilinn leggur fram, séu fullnægjandi og gildir 2. mgr. 20. gr. að breyttu breytanda.

4. Í tilvikum, sem falla undir 11. eða 19. gr. skal hver skráningaraðili um sig leggja fram þær upplýsingar sem eru tilgreindar í c-lið 1. mgr. þessarar greinar.

5. Uppfærðum skjölum skal fylgja greiðsla sem er viðeigandi hluti þeirrar þóknunar sem krafist er í samræmi við IX. bálk.

5. kafla

Bráðabirgðaákvæði sem gilda um efni í skráningarbið og tilkynnt efni

23. gr.

Sérákvæði um efni í skráningarbið

1. Ákvæði 5. gr., 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 17. gr., 18. gr. og 21. gr. gilda ekki fyrr en 1. desember 2010 að því er varðar eftirfarandi efni:

- a) efni í skráningarbið sem eru flokkuð sem krabbameins-, stökkbreyti- eða æxlunarskaðvaldur í 1. eða 2. flokki í samræmi við tilskipun 67/548/EBE og framleidd í Bandalaginu eða flutt þangað inn a.m.k. einu sinni eftir 1. júní 2007 í magni sem er eitt tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda,
- b) efni í skráningarbið sem eru flokkuð sem mjög eitruð vatnalífverum og sem geta haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni (H50/53), í samræmi við tilskipun 67/548/EBE, og framleidd í Bandalaginu eða flutt þangað inn a.m.k. einu sinni eftir 1. júní 2007 í magni sem er 100 tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda,
- c) efni í skráningarbið sem eru framleidd í Bandalaginu eða flutt þangað inn a.m.k. einu sinni eftir 1. júní 2007 í magni sem er 1000 tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda.

2. Ákvæði 5. gr., 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 17. gr., 18. gr. og 21. gr. gilda ekki fyrr en 1. júní 2013 að því er varðar efni í skráningarbið sem eru framleidd í Bandalaginu eða flutt þangað inn a.m.k. einu sinni eftir 1. júní 2007 í magni sem er 100 tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda.

3. Ákvæði 5. gr., 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 17. gr., 18. gr. og 21. gr. gilda ekki fyrr en 1. júní 2018 að því er varðar efni í skráningarbið sem eru framleidd í Bandalaginu eða flutt þangað inn a.m.k. einu sinni eftir 1. júní 2007 í magni sem er eitt tonn eða meira á ári á framleiðanda eða innflytjanda.

4. Með fyrirvara um 1.–3. mgr. má leggja fram skráningarskjöl hvenær sem er fyrir viðkomandi eindaga.

5. Þessi grein gildir einnig, að breyttu breytanda, um efni sem eru skráð skv. 7. gr.

24. gr.

Tilkynnt efni

1. Tilkynning í samræmi við tilskipun 67/548/EBE telst vera tilkynning um skráningu í skilningi þessa bálks og Efnastofnunin skal úthluta tilkynningunni skráningarnúmeri eigi síðar en 1. desember 2008.

2. Ef magn tilkynnts efnis, sem er framleitt eða flutt inn, nær næstu mörkum fyrir magn á framleiðanda eða innflytjanda skv. 12. gr. skal leggja fram þær viðbótarupplýsingar sem krafist er og svara til þessara magnmarka og allra magnmarka þar fyrir neðan, í samræmi við 10. og 12. gr., nema þær hafi þegar verið lagðar fram í samræmi við ákvæði þessara greina.

III. BÁLKUR

SAMNÝTING GAGNA OG MIKILVÆGI ÞESS AÐ KOMAST HJÁ ÓNAUÐSYNLEGUM TILRAUNUM

1. kafli

Markmið og almennar reglur

25. gr.

Markmið og almennar reglur

1. Forðast skal tilraunir á hryggdýrum í þeim tilgangi sem tilgreindur er í þessari reglugerð og þær skulu því aðeins gerðar að aðrir kostir standi ekki til boða. Einnig er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að halda endurtekningu annarra tilrauna í lágmarki.

2. Samnýting og sameiginleg framlagning upplýsinga í samræmi við þessa reglugerð skal varða tæknileg gögn og einkum upplýsingar sem tengjast eðliseiginleikum efna. Skráningaraðilar skulu láta vera að skiptast á upplýsingum er varða markaðshegðun þeirra, einkum að því er varðar framleiðslugetu þeirra og magntölur yfir framleiðslu, sölu eða innflutning eða markaðshlutdeild.

3. Heimilt er að nota allar rannsóknarsamantektir og ítarlegar rannsóknarsamantektir, sem hafa verið lagðar fram við skráningu samkvæmt þessari reglugerð a.m.k. næstu 12 árin á undan, í þágu skráningar af hálfu annars framleiðanda eða innflytjanda.

2. kafli

Reglur um efni, sem eru ekki í skráningarbið, og fyrir skráningaraðila efna í skráningarbið sem hafa ekki verið forskráð

26. gr.

Fyrirspurnarskylda áður en kemur til skráningar

1. Allir hugsanlegir skráningaraðilar fyrir efni, sem er ekki í skráningarbið, og hugsanlegir skráningaraðilar fyrir efni í

skráningarbið, sem hetur ekki verið forskráð í samræmi við 28. gr., skulu spyrjast fyrir um það hjá Efnastofnuninni hvort skráningarskjöl fyrir viðkomandi efni hafi þegar verið lögð fram. Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja fyrirspurninni til Efnastofnunarinnar:

- upplýsingar um hugsanlega skráningaraðilann í samræmi við 1. lið VI. viðauka, að undanskildum upplýsingum um notkunarstaðina,
- auðkenni efnisins eins og tilgreint er í 2. lið VI. viðauka,
- tilgreining á upplýsingakröfum sem útheimtu að hann gerði nýjar rannsóknir á hryggdýrum,
- tilgreining á upplýsingakröfum sem útheimtu að hann gerði aðrar, nýjar rannsóknir.

2. Hafi tiltekið efni ekki verið skráð áður skal Efnastofnunin gera hugsanlegum skráningaraðila grein fyrir því.

3. Hafi tiltekið efni verið skráð áður, en innan við 12 ár eru liðin frá fyrri skráningu, skal Efnastofnunin greina hugsanlegum skráningaraðila án tafar frá heiti og heimilisfangi fyrri skráningaraðila og frá viðeigandi samantektum eða ítarlegum rannsóknarsamantektum, eftir því sem við á, sem þeir hafa þegar lagt fram. Ekki skal endurtaka rannsóknir sem hafa verið gerðar á hryggdýrum. Efnastofnunin skal jafnframt greina fyrri skráningaraðilum frá heiti og heimilisfangi hugsanlegs skráningaraðila. Hugsanlegi skráningaraðilinn skal fá afnot af niðurstöðum fyrirbyggjandi rannsókna í samræmi við 27. gr.

4. Hafi nokkrir hugsanlegir skráningaraðilar spurst fyrir um sama efnið skal Efnastofnunin upplýsa hvern og einn þeirra um heiti og heimilisfang allra hinna hugsanlegu skráningaraðilanna.

27. gr.

Samnýting fyrirbyggjandi gagna ef um er að ræða skráð efni

1. Hafi tiltekið efni verið skráð áður, en innan við 12 ár eru liðin frá fyrri skráningu eins og um getur í 3. mgr. 26. gr.:

- skal hugsanlegur skráningaraðili, ef um er að ræða upplýsingar sem varða prófanir á hryggdýrum og
- má sá hinn sami, ef um er að ræða upplýsingar sem varða ekki prófanir á hryggdýrum,

óska eftir þeim upplýsingum, sem hann þarf nauðsynlega á að halda með tilliti til vi. og vii. liðar a-liðar 10. gr. við skráningu, frá fyrri skráningaraðila eða -aðilum.

2. Þegar óskað hefur verið eftir upplýsingum skv. 1. mgr. skulu hugsanlegur og fyrri skráningaraðili eða -aðilar, sem um getur í 1. mgr., leita allra ráða til að ná samkomulagi um samnýtingu þeirra upplýsinga sem hugsanlegur skráningaraðili eða -aðilar hafa óskað eftir með tilliti til vi. og vii. liðar a-liðar 10. gr. Í stað slíks samkomulags geta aðilar lagt málið í gerð og skulu þeir þá hlíta úrskurði gerðarmanna.

3. Fyrri skráningaraðili og hugsanlegur skráningaraðili eða -aðilar skulu kappkosta að tryggja að kostnaður við samnýtingu upplýsinganna verði ákveðinn á sanngjarnan og gagnsæjan hátt og án mismununar. Greiða má fyrir þessu með því að fara eftir leiðbeiningum um kostnaðarskiptingu sem grundvallast á framangreindum meginreglum og sem Efnastofnunin hefur samþykkt í samræmi við g-lið 2. mgr. 77. gr. Skráningaraðilar þurfa aðeins að taka þátt í kostnaði sem fellur til vegna upplýsinga sem krafist er að þeir leggi fram til að uppfylla kröfur vegna skráningar.

4. Þegar samkomulag er gert um samnýtingu upplýsinga skal fyrri skráningaraðili veita nýja skráningaraðilanum aðgang að umsómdum upplýsingum og veita hinum síðarnefnda leyfi til þess að vísa í fullnaðarrannsóknarskýrslu þess fyrrnefnda.

5. Ef ekki tekst að ná slíku samkomulagi skal hugsanlegur skráningaraðili eða -aðilar greina Efnastofnuninni og fyrri skráningaraðila eða -aðilum frá því en þó eigi fyrir en mánuður er liðinn frá því að Efnastofnunin tekur við heiti og heimilisfangi fyrri skráningaraðila.

6. Innan mánaðar frá viðtöku upplýsinganna, sem um getur í 5. mgr., skal Efnastofnunin veita hugsanlegum skráningaraðila leyfi til þess að vísa í skráningarskjölum sínum til þeirra upplýsinga sem hann hefur óskað eftir, að því tilskildu að hugsanlegi skráningaraðilinn leggi, að beiðni Efnastofnunarinnar, fram gögn um að hann hafi greitt fyrri skráningaraðila eða -aðilum hluta þess kostnaðar sem stofnað hefur verið til vegna þeirra upplýsinga. Fyrri skráningaraðili eða -aðilar skulu geta farið fram á að hugsanlegur skráningaraðili greiði eðlilegan hluta þess kostnaðar sem til hefur verið stofnað vegna hans. Auðveldla má útreikninga á eðlilegum hluta kostnaðar með því að styðjast við leiðbeiningarnar sem Efnastofnunin samþykkti í samræmi við g-lið 2. mgr. 77. gr. Veiti fyrri skráningaraðili eða -aðilar hugsanlegum skráningaraðila aðgang að fullnaðarrannsóknarskýrslunni skal sá eða þeir fyrrnefndu eiga kröfu á hendur þeim síðarnefnda um að hann taki jafnan þátt í þeim kostnaði, sem til hefur verið stofnað vegna hans, og skal sú krafa vera aðfararhæf fyrir dómstólum viðkomandi ríkis.

7. Kæra má, í samræmi við 91., 92. og 93. gr., þær ákvarðanir sem Efnastofnunin tekur skv. 6. mgr. þessarar greinar.

8. Skráningarbiðtími í samræmi við 1. mgr. 21. gr. fyrir nýja skráningaraðilann skal lengdur um fjóra mánuði fari fyrir skráningaraðilinn fram á það.

3. KAFLI

Reglur um efni í skráningarbið

28. gr.

Skylda að forskrá efni í skráningarbið

1. Svo að hugsanlegir skráningaraðilar efnis í skráningarbið í magninu eitt tonn á ári eða meira, þ.m.t. milliefni án takmörkunar, njóti góðs af bráðabirgðafyrirkomulaginu sem kveðið er á um í 23. gr. skal hver og einn þeirra leggja allar eftirfarandi upplýsingar fyrir Efnastofnunina:

a) heiti efnisins, eins og það er tilgreint í 2. lið VI. viðauka, þ.m.t. EINECS- og CAS-númer þess eða aðra auðkenniskóða, liggja númerin ekki fyrir,

b) eigið heiti og heimilisfang og nafn tengiliðar og, ef við á, heiti og heimilisfang þess sem kemur fram sem fulltrúi hans í samræmi við 4. gr., eins og tilgreint er í 1. lið VI. viðauka,

c) fyrirhugaðan eindaga skráningarinnar og mörk fyrir tonnafjölda,

d) heiti efnis eða efna, eins og þau eru tilgreind í 2. lið VI. viðauka, þ.m.t. EINECS- og CAS-númer eða aðrir auðkenniskóðar þeirra liggja númerin ekki fyrir, ef fyrirbyggjandi upplýsingar um efnið eða efnin skipta máli fyrir beitingu liða 1.3 og 1.5 í XI. viðauka.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu lagðar fram á tímabili sem hefst 1. júní 2008 og lýkur 1. desember 2008.

3. Skráningaraðilar, sem leggja ekki fram upplýsingarnar, sem krafist er skv. 1. mgr., geta ekki borið fyrir sig ákvæði 23. gr.

4. Efnastofnunin skal, eigi síðar en 1. janúar 2009, birta á vefsetri sínu skrá yfir efni sem um getur í a- og d-lið 1. mgr. Skráin skal eingöngu ná yfir heiti efnanna, þ.m.t. EINECS- og CAS-númer, liggja þau fyrir, og aðra auðkenniskóða, og fyrsta fyrirhugaða eindaga fyrir skráningu.

5. Þegar skráin hefur verið birt getur eftirnotandi efnis, sem er ekki í skránni, tilkynnt Efnastofnuninni um áhuga sinn á efninu og um tengiliði sína og núverandi birgi. Efnastofnunin skal birta á vefsetri sínu heiti efnisins og veita hugsanlegum skráningaraðila upplýsingar, ef þeirra er óskað, um tengiliði eftirnotandans.

6. Hugsanlegir skráningaraðilar, sem eftir 1. desember 2008 framleiða eða flytja í fyrsta sinn inn efni í skráningarbið í magni sem er eitt tonn á ári eða meira eða nota í fyrsta sinn efni í skráningarbið í tengslum við framleiðslu hluta eða flytja í fyrsta sinn inn hlut sem inniheldur efni í skráningarbið sem krafist er skráningar fyrir, eiga rétt á að bera fyrir sig ákvæði 23. gr., svo fremi þeir leggi upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, fyrir Efnastofnunina innan sex mánaða frá framleiðslu, innflutningi eða notkun efnisins í fyrsta sinn í magni, sem er eitt tonn eða meira á ári, og eigi síðar en 12 mánuðum fyrir viðkomandi eindaga skv. 23. gr.

7. Framleiðendur eða innflytjendur efna í skráningarbið í magni, sem er undir einu tonni á ári, sem eru tilgreind í skránni sem Efnastofnunin birtir í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar, svo og eftirnotendur þessara efna og þriðju aðilar, sem búa yfir upplýsingum um þessi efni, geta afhent Efnastofnuninni upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eða aðrar upplýsingar, sem máli skipta og varða þessi efni, með það í huga að verða þátttakendur á gagnaskiptargöngu fyrir efni eins og um getur í 29. gr.

29. gr.

Gagnaskiptargöngu fyrir efni

1. Allir hugsanlegir skráningaraðilar, eftirnotendur og þriðju aðilar, sem hafa afhent Efnastofnuninni upplýsingar í samræmi við 15. gr. eða sem Efnastofnunin geymir upplýsingar fyrir í samræmi við 15. gr. og upplýsingarnar varða sama efni í skráningarbið, eða skráningaraðilar sem hafa lagt fram skráningarskjöl fyrir viðkomandi efni í skráningarbið fyrir eindagann, sem settur er fram í 3. mgr. 23. gr., skulu taka þátt á gagnaskiptargöngu fyrir efni (SIEF).

2. Markmiðið með hverju gagnaskiptargöngu fyrir efni er:

- að greiða, í þágu skráningar, fyrir skiptum milli skráningaraðila á þeim upplýsingum, sem eru tilgreindar í vi. og vii. lið a-liðar 10. gr., og komast þannig hjá því að rannsóknir verði endurteknar og
- að ná samkomulagi um flokkun og merkingu efnisins ef munur er á þessu tvennu hjá hugsanlegum skráningaraðilum.

3. Þátttakendur á gagnaskiptargöngu fyrir efni skulu veita öðrum þátttakendum upplýsingar um fyrirliggjandi rannsóknir, svara beiðnum annarra þátttakenda um upplýsingar og í sameiningu skulu þeir benda á þörf á frekari rannsóknum að því er varðar a-lið 2. mgr. og sjá til þess að þær rannsóknir verði gerðar. Hvert gagnaskiptargöngu fyrir efni skal starfa til 1. júní 2018.

30. gr.

Samnýting gagna sem varða tilraunir

1. Áður en þátttakandi á gagnaskiptargöngu fyrir efni gerir tilraunir í því skyni að uppfylla upplýsingakröfur í þágu skráningar skal hann spyrjast fyrir um það á gagnaskiptargöngu

sínu hvort upplýsingar liggi fyrir þar um viðkomandi rannsókn. Ef upplýsingar um viðeigandi rannsókn, sem felur í sér tilraunir á hryggdýrum, liggja fyrir á gagnaskiptargöngu skal þátttakandi á torginu óska eftir upplýsingum um þá rannsókn. Ef upplýsingar um viðeigandi rannsókn, sem felur ekki í sér tilraunir á hryggdýrum, liggja fyrir á gagnaskiptargöngu getur þátttakandi á torginu óskað eftir þeim upplýsingum.

Innan mánaðar frá því að beiðnin var lögð fram skal eigandi rannsóknarinnar leggja gögn um kostnað sinn vegna rannsóknarinnar fyrir þátttakandann eða þátttakendurna sem óskuðu eftir upplýsingunum. Þátttakandinn eða þátttakendurnir og eigandinn skulu kappkosta að tryggja að kostnaður við samnýtingu upplýsinganna verði ákveðinn á sanngjarnan og gagnsæjan hátt og án mismununar. Greiða má fyrir þessu með því að fara eftir leiðbeiningum um kostnaðarskiptingu sem grundvallast á þeim meginreglum sem Efnastofnunin hefur samþykkt í samræmi við g-lið 2. mgr. 77. gr. Náist samkomulag ekki skal kostnaðinum skipt jafnt. Eigandinn skal heimila að vísað sé til fullnaðarrannsóknarskýrslunnar í þágu skráningar innan tveggja vikna frá viðtöku greiðslu. Skráningaraðilar þurfa aðeins að taka þátt í kostnaði sem fellur til vegna upplýsinga sem krafist er að þeir leggi fram til að uppfylla kröfur vegna skráningar.

2. Liggi upplýsingar um tiltekna rannsókn, sem felur í sér tilraunir, ekki fyrir á gagnaskiptargöngu skal aðeins gera eina rannsókn fyrir hverja upplýsingakröfu innan hvers torgs og skal aðeins einn þátttakandi á torginu annast hana fyrir hönd hinna. Þeir skulu gera allar raunhæfar ráðstafanir til þess að ná samkomulagi, fyrir eindagann sem Efnastofnunin setur, um það hver skuli gera rannsóknina fyrir hönd hinna þátttakendanna og leggja samantekt eða ítarlega rannsóknarsamantekt fyrir Efnastofnunina. Náist ekki samkomulag skal Efnastofnunin tilnefna þann skráningaraðila eða eftirnotanda sem skal annast rannsóknina. Allir þátttakendur þess gagnaskiptargöngu, sem þurfa á rannsókn að halda, skulu taka þátt í kostnaði við framkvæmd rannsóknarinnar og greiða í hlutfalli við fjölda hugsanlegra skráningaraðila sem eru þátttakendur. Þeir þátttakendur, sem koma ekki sjálfir að gerð rannsóknarinnar, eiga rétt á að fá í hendur fullnaðarrannsóknarskýrsluna innan tveggja vikna frá því að þátttakandinn, sem gerði rannsóknina, tekur við greiðslu.

3. Ef eigandi rannsóknar, sem um getur í 1. mgr., þar sem rannsóknin felur í sér tilraunir á hryggdýrum, neitar að leggja annaðhvort gögn um kostnað vegna þeirrar rannsóknar eða upplýsingar um rannsóknina sjálfa fyrir annan þátttakanda eða þátttakendur er honum ekki heimilt að halda áfram með skráninguna fyrr en hann afhendir hinum þátttakandanum eða þátttakendum upplýsingarnar. Hinn eða hinir þátttakendurnir skulu halda áfram með skráninguna án þess að uppfylla viðkomandi upplýsingakröfu og greina frá ástæðu þessa í skráningarskjölunum. Rannsóknin skal ekki endurtekin nema því aðeins að eigandi þessara upplýsinga hafi ekki afhent þær hinum þátttakendum innan 12 mánaða frá skráningardegi þessara þátttakenda og Efnastofnunin ákveði að þeir skuli endurtaka rannsóknina. Hafi annar skráningaraðili á hinn bóginn þegar lagt fram skráningarskjöl sem innihalda þessar upplýsingar skal Efnastofnunin veita hinum þátttakandanum eða þátttakendum leyfi til þess að vísa til upplýsinganna í skráningarskjölum sínum. Hinn skráningaraðilinn skal eiga kröfu á hendur hinum þátttakandanum eða þátttakendum um að hann eða þeir taki jafnan þátt í kostnaðinum, svo fremi hann veiti hinum þátttakandanum eða þátttakendum aðgang að fullnaðarrannsóknarskýrslunni, og skal sú krafa vera aðfararhæf fyrir dómstólum viðkomandi ríkis eða ríkja.

4. Ef eigandi rannsóknar, sem um getur í 1. mgr., þar sem rannsóknin felur ekki í sér tilraunir á hryggdýrum, neitar að leggja annaðhvort gögn um kostnað vegna þeirrar rannsóknar eða upplýsingar um rannsóknina sjálfa fyrir annan þátttakanda eða þátttakendur skulu hinir þátttakendurnir á gagnaskiptatorginu halda áfram með skráninguna eins og engar upplýsingar um viðeigandi rannsókn liggja fyrir á gagnaskiptatorginu.

5. Kæra má, í samræmi við 91., 92. og 93. gr., þær ákvarðanir sem Efnastofnunin tekur skv. 2. eða 3. mgr. þessarar greinar.

6. Eigandi rannsóknar, sem hefur neitað að leggja fram annaðhvort gögn um kostnað eða upplýsingar um sjálfa rannsóknina sem um getur í 3. eða 4. mgr. þessarar greinar, skal beittur viðurlögum í samræmi við 126. gr.

IV. BÁLKUR

UPPLÝSINGAR Í AÐFANGAKEÐJUNNI

31. gr.

Kröfur er varða öryggisblöð

1. Birgir efnis eða efnablöndu skal sjá viðtakanda efnisins eða efnablöndunnar fyrir öryggisblaði sem tekið hefur verið saman í samræmi við II. viðauka:

- ef efnis eða efnablanda uppfyllir viðmiðanir þannig að það flokkist sem hættulegt í samræmi við tilskipanir 67/548/EBE eða 1999/45/EB eða
- ef efnis er þrávirkt, safnast upp í lífverum og er eitrad eða er mjög þrávirkt og safnast í miklum mæli upp í lífverum í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í XIII. viðauka eða
- ef efnis er tilgreint í skránni, sem tekin er saman í samræmi við 1. mgr. 59. gr., af öðrum ástæðum en þeim sem um getur í a- og b-lið.

2. Allir aðilar í aðfangakeðjunni, sem skylt er skv. 14. eða 37. gr. að vinna efnaöryggismat fyrir efnis, skulu sjá til þess að upplýsingarnar á öryggisblaðinu séu í samræmi við upplýsingarnar í þessu öryggismati. Ef öryggisblaðið er tekið saman fyrir efnablöndu og aðilinn í aðfangakeðjunni hefur unnið efnaöryggismat fyrir þá efnablöndu er ekki nauðsynlegt að upplýsingarnar á öryggisblaðinu séu í samræmi við efnaöryggisskýrsluna fyrir hvert efnis, sem efnablandan inniheldur, heldur nægir að upplýsingarnar séu í samræmi við efnaöryggisskýrsluna fyrir efnablönduna.

3. Birgirinn skal að beiðni viðtakandans sjá honum fyrir öryggisblaði, sem er tekið saman í samræmi við ákvæði II. viðauka, ef efnablanda uppfyllir ekki viðmiðanir til að flokkast sem hættuleg í samræmi við 5., 6. og 7. gr. tilskipunar 1999/45/EB en inniheldur:

- a.m.k. eitt efnis sem skapar hættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið og er eitt sér í styrk sem nemur $\geq 1\%$ miðað við þyngd fyrir efnablöndu, sem er ekki loftkennd, og $\geq 0,2\%$ miðað við rúmmál fyrir loftkennda efnablöndu eða
- a.m.k. eitt efnis sem er þrávirkt, safnast upp í lífverum og er eitrad eða er mjög þrávirkt og safnast í miklum mæli

upp í lífverum í samræmi við viðmiðanirnar, sem eru settar fram í XIII. viðauka, og er eitt sér í styrk sem nemur $\geq 0,1\%$ miðað við þyngd í efnablöndu, sem er ekki loftkennd, eða hefur af öðrum ástæðum en þeim sem um getur í a-lið verið fært í skrána sem tekin var saman í samræmi við 1. mgr. 59. gr. eða

- efni sem fellur undir viðmiðunarmörk Bandalagsins fyrir váhrif á vinnustöðum.

4. Ef eftirnotandi eða dreifandi fer ekki fram á það er ekki nauðsynlegt að láta öryggisblað fylgja hættulegum efnum eða efnablöndum, sem eru boðnar eða seldar almenningi, ef þeim fylgja nægilegar upplýsingar til að notendur geti gert nauðsynlegar ráðstafanir að því er varðar heilsuvernd, öryggi og umhverfisvernd.

5. Öryggisblaðið skal lagt fyrir á opinberu tungumáli þess aðildarríkis eða þeirra aðildarríkja þar sem efnis eða efnablandan er sett á markað nema viðkomandi aðildarríki kveði á um annað.

6. Öryggisblaðið skal vera dagsett og þar skulu vera eftirfarandi fyrisagnir:

- auðkenning efnisins eða efnablöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins,
- hættugreining,
- samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni,
- ráðstafanir í skyndihjálpi,
- ráðstafanir vegna slökkviaðgerða,
- ráðstafanir ef efnis fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi,
- meðhöndlun og geymsla,
- takmörkun váhrifa/persónuhlífar,
- eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar,
- stöðugleiki og hvarfgirni,
- eiturefnafræðilegar upplýsingar,
- vistfræðilegar upplýsingar,
- atriði varðandi förgun,
- upplýsingar varðandi flutning,
- upplýsingar varðandi regluverk,
- aðrar upplýsingar.

7. Allir aðilar í aðfangakeðjunni, sem er skylt að taka saman efnaöryggisskýrslu skv. 14. eða 37. gr. skulu láta viðeigandi váhrifasviðsmyndir (þ.m.t. notkunar- og váhrifaflakkar, eftir því sem við á) fylgja í viðauka við öryggisblaðið, sem tekur til tilgreindrar notkunar, og enn fremur sérstök skilyrði sem stafa af beitingu 3. liðar í XI. viðauka.

Allir eftirnotendur skulu láta fylgja viðeigandi váhrifa-sviðsmyndir og nota aðrar viðeigandi upplýsingar af öryggisblaðinu, sem þeir hafa fengið í hendur, þegar þeir taka saman sitt eigið öryggisblað yfir tilgreinda notkun.

Allir dreifendur skulu láta viðeigandi váhrifaviðsmyndir berast áfram og nota aðrar viðeigandi upplýsingar af öryggisblaðinu, sem þeir hafa fengið í hendur, þegar þeir taka saman eigið öryggisblað að því er varðar notkun sem þeir hafa framsent upplýsingar um í samræmi við 2. mgr. 37. gr.

8. Öryggisblað skal afhent án þess að gjald komi fyrir, á pappír eða rafrænt.

9. Birgjar skulu uppfæra öryggisblaðið tafarlaust í eftirfarandi tilvikum:

- a) um leið og fyrir liggja nýjar upplýsingar, sem geta haft áhrif á ráðstafanir við áhættustjórnun, eða nýjar upplýsingar um hættu,
- b) þegar leyfi hefur verið veitt eða synjað hefur verið um leyfi,
- c) þegar takmarkanir hafa verið settar.

Þessi nýja, dagsetta útgáfa upplýsinganna, tilgreind sem „Endurskoðun: (dags.)“, skal afhent án þess að gjald komi fyrir, á pappír eða rafrænt, öllum fyrri viðtakendum sem þeir hafa afhent efnið eða efnablönduna næstu 12 mánuði á undan. Skráningarnúmerið skal vera á öllum uppfærslum eftir skráningu.

32. gr.

Skylda til að miðla upplýsingum eftir aðfangakeðjunni um efni sem eru ein sér eða í efnablöndum og sem öryggisblaðs er ekki krafist fyrir

1. Allir birgjar efnis, sem er eitt sér eða í efnablöndu, sem þurfa ekki að afhenda öryggisblað í samræmi við 31. gr. skulu veita viðtakandanum upplýsingar um eftirfarandi:

- a) skráningarnúmer sem um getur í 3. mgr. 20. gr., liggja það eða þau fyrir, fyrir öll efni sem veittar eru upplýsingar um samkvæmt b-, c- eða d-lið þessarar málsgreinar,
- b) hvort efnið sé leyfissskylt og upplýsingar um þau leyfi, sem hafa verið veitt eða sem synjað hefur verið um skv. VII. bálki í þessari aðfangakeðju,
- c) upplýsingar um hvers kyns takmarkanir sem eru settar skv. VIII. bálki,
- d) allar aðrar upplýsingar sem liggja fyrir og skipta máli um efnið og eru nauðsynlegar til þess að ákveða megi og hrinda í framkvæmd viðeigandi ráðstöfunum við áhættustjórnun, þ.m.t. um sérstök skilyrði sem stafa af beitingu 3. liðar XI. viðauka.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu afhentar án þess að gjald komi fyrir, á pappír eða rafrænt, eigi síðar en

þegar efni, annaðhvort eitt sér eða í efnablöndu, er afhent í fyrsta sinn eftir 1. júní 2007.

3. Birgjar skulu uppfæra þessar upplýsingar tafarlaust í eftirfarandi tilvikum:

- a) um leið og fyrir liggja nýjar upplýsingar, sem geta haft áhrif á ráðstafanir við áhættustjórnun, eða nýjar upplýsingar um hættu,
- b) þegar leyfi hefur verið veitt eða synjað hefur verið um leyfi,
- c) þegar takmarkanir hafa verið settar.

Auk þess skulu uppfærðu upplýsingarnar afhentar án þess að gjald komi fyrir, á pappír eða rafrænt, öllum fyrri viðtakendum sem þeir hafa afhent efnið eða efnablönduna næstu 12 mánuði á undan. Skráningarnúmerið skal vera á öllum uppfærslum eftir skráningu.

33. gr.

Skylda til að miðla upplýsingum um efni í hlutum

1. Hver birgir hlutar, sem inniheldur efni sem uppfyllir viðmiðanirnar í 57. gr. og er tilgreint í samræmi við 1. mgr. 59. gr. í styrk yfir 0,1%, reiknað sem þyngdarhlutfall, skal veita viðtakanda hlutarins upplýsingar sem birgirinn hefur yfir að ráða og eru að lágmarki heiti efnisins og nægja til að nota megi hlutinn á öruggan hátt.

2. Fari neytandi fram á það skal hver birgir hlutar, sem inniheldur efni sem uppfyllir viðmiðanirnar í 57. gr. og er tilgreint í samræmi við 1. mgr. 59. gr. í styrk yfir 0,1%, reiknað sem þyngdarhlutfall, veita neytandanum upplýsingar sem birgirinn hefur yfir að ráða og eru að lágmarki heiti efnisins og nægja til að nota megi hlutinn á öruggan hátt. Viðkomandi upplýsingar skulu afhentar án þess að gjald komi fyrir innan 45 daga frá því að tekið var við beiðninni um upplýsingar.

34. gr.

Skylda til að miðla upplýsingum um efni og efnablöndur upp eftir aðfangakeðjunni

Hver aðili í aðfangakeðju efnis eða efnablöndu skal miðla eftirfarandi upplýsingum til næsta aðila eða dreifanda sem er ofar í aðfangakeðjunni:

- a) nýjum upplýsingum um hættulega eiginleika, án tillits til þess um hvers konar notkun er að ræða,

- b) öllum öðrum upplýsingum, sem gætu vakið efasemdir um réttmæti ráðstafana við áhættustjórnun sem tilgreindar eru á öryggisblaðinu sem hann fær afhent, en þessum upplýsingum skal eingöngu miðlað að því er varðar tilgreinda notkun.

Dreifendur skulu láta þessar upplýsingar berast til næsta aðila eða dreifanda sem er fyrir ofan þá í aðfangakeðjunni.

35. gr.

Aðgangur starfsmanna að upplýsingum

Vinnuveitandi skal veita starfsmönnum og fulltrúum þeirra aðgang að upplýsingunum, sem eru veittar í samræmi við 31. og 32. gr., í tengslum við efni eða efnablöndur sem þeir nota eða geta orðið fyrir váhrifum frá í starfi sínu.

36. gr.

Skylda til að varðveita upplýsingar

1. Allir framleiðendur, innflytjendur, eftirnotendur og dreifendur skulu taka saman allar upplýsingar, sem þeir þurfa á að halda til þess að rækja skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð, og geyma þær í a.m.k. 10 ár eftir að þeir framleiddu, fluttu inn, afhentu eða notuðu síðast efnið eða efnablönduna. Þessir framleiðendur, innflytjendur, eftirnotendur eða dreifendur skulu að fenginni beiðni tafarlaust afhenda þessar upplýsingar, eða gera þær aðgengilegar, lögþæru yfirvaldi þess aðildarríkis, þar sem þeir hafa staðfestu, eða Efnastofnuninni, sbr. þó ákvæði II. og VI. bálks.

2. Ef um er að ræða skráningaraðila, eftirnotanda eða dreifanda, sem hættir starfsemi eða framselur hluta rekstrarins eða hann allan til þriðja aðila, skal sá aðili, sem er ábyrgur fyrir félagsslitum fyrirtækis skráningaraðilans, eftirnotandans eða dreifandans eða sem tekur á sig ábyrgð á setningu viðkomandi efnis eða efnablöndu á markað, vera bundinn af skyldunni í 1. mgr. í stað skráningaraðilans, eftirnotandans eða dreifandans.

V. BÁLKUR

EFTIRNOTENDUR

37. gr.

Efnaöryggismat eftirnotenda og skylda þeirra til að ákveða, hrinda í framkvæmd og mæla með ráðstöfunum til að draga úr áhættu

1. Eftirnotandi eða dreifandi getur veitt upplýsingar til að auðvelda samantekt skráningarskjala.

2. Allir eftirnotendur skulu eiga rétt á að upplýsa framleiðanda, innflytjanda, eftirnotanda eða dreifanda, sem

afhendir þeim efni, sem er annaðhvort eitt sér eða í efnablöndu, skriflega (á pappír eða rafrænt) um notkun, með því að gefa að lágmarki stutta og almenna lýsingu á notkuninni með það í huga að gera þessa notkun að tilgreindri notkun. Þegar eftirnotandinn upplýsir um notkunina skal hann veita upplýsingar sem nægja til að framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn, sem afhenti efnið, geti sett fram váhrifasviðsmynd, eða notkunar- og váhrifaflökk ef við á, fyrir notkunina í efnaöryggismati sínu.

Dreifendur skulu láta þessar upplýsingar berast til næsta aðila eða dreifanda sem er fyrir ofan þá í aðfangakeðjunni. Eftirnotendur, sem taka við slíkum upplýsingum, geta sett fram váhrifasviðsmynd fyrir tilgreindu notkunina eða látið upplýsingarnar berast áfram til næsta aðila fyrir ofan í aðfangakeðjunni.

3. Ef um skráð efni er að ræða skal framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn uppfylla skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 14. gr. annaðhvort áður en hann afhendir efnið næst, eitt sér eða í efnablöndu, þeim eftirnotanda, sem sett hefur fram beiðnina sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, svo fremi beiðnin hafi komið fram a.m.k. einum mánuði fyrir afhendinguna, eða innan mánaðar eftir að beiðnin kom fram, eftir því hvort gerðist síðar.

Ef um efni í skráningarbeið er að ræða skal framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn verða við beiðninni og rækja skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 14. gr., fyrir viðkomandi eindaga í 23. gr., svo fremi eftirnotandinn setji fram beiðni sína a.m.k. 12 mánuðum fyrir viðkomandi eindaga.

Geti framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn ekki, eftir að hafa metið notkunina í samræmi við 14. gr., talið hana með sem tilgreinda notkun, af ástæðum sem varða heilsu- eða umhverfisvernd, skal hann tafarlaust gera Efnastofnuninni og eftirnotandanum skriflega grein fyrir ástæðunni eða ástæðunum fyrir þeirri ákvörðun og hann má ekki afhenda eftirnotanda eða eftirnotendum efnið án þess að láta þessa ástæðu eða ástæður koma fram í upplýsingunum sem um getur í 31. eða 32. gr. Framleiðandinn eða innflytjandinn skal bæta þessari notkun við í lið 3.7 í VI. viðauka í uppfærslu skráningarskjálanna í samræmi við d-lið 1. mgr. 22. gr.

4. Eftirnotandi efnis, hvort sem það er eitt sér eða í efnablöndu, skal taka saman efnaöryggisskýrslu í samræmi við XII. viðauka fyrir hvers kyns notkun, sem uppfyllir ekki þau skilyrði sem lýst er í váhrifasviðsmynd, eða, ef við á, fyrir notkunar- og váhrifaflökk, sem hann hefur fengið upplýsingar um á öryggisblaði, eða fyrir hvers kyns notkun sem birgir hans ræður frá.

Eftirnotandi þarf ekki að taka saman slíka efnaöryggisskýrslu í neinum af eftirfarandi tilvikum:

a) ef ekki er gerð krafa um að öryggisblað sé afhent með efninu eða efnablöndunni í samræmi við 31. gr.,

b) ef ekki er gerð krafa um að birgir hans taki saman efnaöryggisskýrslu í samræmi við 14. gr.,

- c) ef eftirnotandinn notar efnið eða efnablönduna í heildarmagni sem er undir einu tonni á ári,
- d) ef eftirnotandinn setur upp eða mælir með váhrifasviðsmynd sem tekur að lágmarki til skilyrðanna sem er lýst í váhrifasviðsmyndinni á öryggisblaðinu sem hann fékk,
- e) ef efnið er í efnablöndu í styrk sem er lægri en nokkur styrkleiki sem er settur fram í 2. mgr. 14. gr.,
- f) ef eftirnotandi notar efnið í tengslum við vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir og þróun, svo fremi áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið sé haldið nægilega í skefjum í samræmi við kröfurnar í löggjöf um vernd starfsmanna og umhverfis.
5. Hver eftirnotandi skal ákveða, beita og, eftir því sem við á, mæla með viðeigandi ráðstöfunum til þess að halda nægilega vel í skefjum áhættu sem er tilgreind í einhverju eftirfarandi skjala:
- a) á öryggisblaðinu sem hann fær afhent,
- b) í hans eigin efnaöryggismati,
- c) í hvers kyns upplýsingum um ráðstafanir við áhættustjórnun sem hann fær afhentar í samræmi við 32. gr.
6. Ef eftirnotandi tekur ekki saman efnaöryggisskýrslu, í samræmi við c-lið 4. mgr., skal hann veða og meta notkun efnisins og ákveða og grípa til allra viðeigandi ráðstafana við áhættustjórnun sem eru nauðsynlegar til að tryggja að áhættu, sem stöðjar að heilbrigði manna og umhverfinu, sé haldið nægilega í skefjum. Ef nauðsyn krefur skulu þessar upplýsingar koma fram í öllum öryggisblöðum sem hann tekur saman.
7. Efnaöryggisskýrsla eftirnotenda skal ávallt vera uppfærð og aðgengileg.
8. Í efnaöryggisskýrslu, sem tekin er saman í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar, þarf ekki að taka tillit til áhættu sem stöðjar að heilbrigði manna vegna þeirrar notkunar sem sett er fram í 5. mgr. 14. gr.

38. gr.

Skylda eftirnotenda til að veita upplýsingar

1. Áður en tiltekin notkun efnis, sem hefur verið skráð af hálfu aðila sem er ofar í aðfangakeðjunni í samræmi við 6. eða 18. gr., hefst eða áður en henni er haldið áfram skal eftirnotandinn veita Efnastofnuninni upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í 2. mgr. þessarar greinar, í eftirfarandi tilvikum:

- a) eftirnotandinn skal taka saman efnaöryggisskýrslu í samræmi við 4. mgr. 37. gr. eða
- b) eftirnotandinn ber fyrir sig undanþágurnar í c- eða f-lið 4. mgr. 37. gr.
2. Í upplýsingunum, sem eftirnotandinn veitir, skal eftirfarandi koma fram:
- a) heiti hans og upplýsingar um tengiliði eins og tilgreint er í lið 1.1 í VI. viðauka,
- b) skráningarnúmer, sem um getur í 3. mgr. 20. gr., liggi það eða þau fyrir,
- c) auðkenni efnisins eða efnanna eins og tilgreint er í liðum 2.1 til 2.3.4 í VI. viðauka,
- d) upplýsingar um framleiðanda/framleiðendur eða innflytjanda/innflytjendur eða annan birgi eins og tilgreint er í lið 1.1 í VI. viðauka,
- e) stutt og almenn lýsing á notkuninni, eins og tilgreint er í lið 3.5 í VI. viðauka, og á notkunarskilyrðunum,
- f) tillaga að viðbótartilraunum á hryggdýrum, nema eftirnotandinn beri fyrir sig undanþáguna í c-lið 4. mgr. 37. gr., ef eftirnotandinn telur þær nauðsynlegar til þess að hann geti lokið efnaöryggismati sínu.
3. Eftirnotandinn skal uppfæra þessar upplýsingar án tafar ef þær breytast eftir að þær hafa verið veittar í samræmi við 1. mgr.
4. Eftirnotandi skal skýra Efnastofnuninni frá því ef hann flokkar efni öðruvísi en birgir hans.
5. Ef eftirnotandi ber ekki fyrir sig undanþáguna í c-lið 4. mgr. 37. gr. er skýrslugjafar, í samræmi við 1.–4. mgr. þessarar greinar, ekki krafist að því er varðar efni, hvort sem það er eitt sér eða í efnablöndu, sem eftirnotandi notar í tilteknum tilgangi í magni sem er minna en eitt tonn á ári.

39. gr.

Beiting ákvæða um skyldur eftirnotenda

1. Eftirnotendum er skylt að uppfylla kröfurnar í 37. gr. eigi síðar en 12 mánuðum eftir að þeir fá skráningarnúmer á öryggisblaði frá birgjum sínum.
2. Eftirnotendum er skylt að uppfylla kröfurnar í 38. gr. eigi síðar en 12 mánuðum eftir að þeir fá skráningarnúmer á öryggisblaði frá birgjum sínum.

VI. BÁLKUR**MAT****1. KAFLI****Mat á málskjölum**

40. gr.

Athugun á tillögum um framkvæmd tilrauna

1. Efnastofnunin skal athuga allar tillögur að tilraunum sem settar eru fram í skráningarskjölum eða í skýrslu eftirnotanda og hafa að markmiði að afla upplýsinganna sem eru tilgreindar í IX. og X. viðauka og varða tiltekið efni. Setja skal í forgang skráningu efna sem geta haft eiginleika PBT-efna eða vPvB-efna, næmandi eiginleika og/eða krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða æxlunarskaðandi eiginleika („CMR“-eiginleika) eða efni sem eru flokkuð sem hættuleg í samræmi við tilskipun 67/548/EBE í magni sem er yfir 100 tonn á ári og eru notuð þannig að þau dreifast mjög víða og váhrifsvæðið er ekki skýrt afmarkað.

2. Upplýsingar, sem tengjast tillögum að tilraunum á hryggdýrum, skulu birtar á vefsetri Efnastofnunarinnar. Efnastofnunin skal birta á vefsetri sínu heiti efnisins, tilgreina hættulega eiginleikann (hættuendapunkturinn) sem tillögð tilraun á hryggdýrum snýst um, og frestinn til að senda inn upplýsingar frá þriðju aðila. Hún skal hvetja þriðju aðila til þess að leggja fram, innan 45 daga frá birtingardegi og á því sniði sem Efnastofnunin leggur til, vísindalega traustar upplýsingar og rannsóknargögn sem fjalla um viðkomandi efni og hættulega eiginleikann (hættuendapunkturinn) sem fjallað er um í tilraunartillögunni. Efnastofnunin skal taka tillit til allra slíkra upplýsinga og rannsóknargagna, sem hún tekur við og eru vísindalega traust, þegar hún tekur ákvörðun sína í samræmi við 3. mgr.

3. Á grundvelli athugunarinnar skv. 1. mgr. skal Efnastofnunin semja drög að einni af eftirfarandi ákvörðunum og sú ákvörðun skal tekin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 50. og 51. gr.:

- a) ákvörðun þar sem þess er krafist, að skráningaraðili eða -aðilar eða eftirnotandi eða -notendur, sem hlut eiga að máli, framkvæmi tillagða tilraun, og þar sem settur er frestur til að leggja fram rannsóknarsamantektina eða ítarlegu rannsóknarsamantektina ef þess er krafist skv. I. viðauka,
- b) ákvörðun í samræmi við a-lið en með breytingum á skilyrðunum sem gera á tilraunina við,
- c) ákvörðun í samræmi við a-, b- eða d-lið en þar sem þess er krafist að skráningaraðilinn eða -aðilarnir eða eftirnotandinn eða -notendurnir framkvæmi eina eða fleiri tilraunir til viðbótar ef viðkomandi tilraunatilaga samræmist ekki IX., X. og XI. viðauka,
- d) ákvörðun þar sem tillögu að tilraun er hafnað,

e) ákvörðun í samræmi við a-, b- eða c-lið, ef nokkrir skráningaraðilar eða eftirnotendur sama efnisins hafa lagt fram tillögur að sömu tilraun, þannig að þeim gefist kostur á því að ná samkomulagi um hver skuli framkvæma tilraunina fyrir hönd þeirra allra og greina Efnastofnuninni frá því innan 90 daga. Fái Efnastofnunin ekki upplýsingar um slíkt samkomulag innan þessara 90 daga skal hún tilnefna einn skráningaraðilanna eða eftirnotendanna, eftir því sem við á, til þess að annast tilraunina fyrir hönd þeirra allra.

4. Skráningaraðilinn eða eftirnotandinn skal leggja þær upplýsingar, sem krafist er, fyrir Efnastofnunina fyrir settan eindaga.

41. gr.

Athugun á því hvort skráningarskjöl uppfylli kröfur

1. Efnastofnunin getur kannað hvaða skráningarumsókn sem er í því skyni að ganga úr skugga um eftirfarandi:

- a) að upplýsingarnar í tæknilegu málskjölnum, sem eru lögð fram skv. 10. gr., uppfylli kröfurnar í 10., 12. og 13. gr. og í III. viðauka og VI. til X. viðauka,
- b) að þær breytingar á stöðluðu upplýsingakröfunum og ástæðurnar fyrir breytingunum, sem eru tilgreindar í tæknilegu málskjölnum, samræmist þeim reglum sem gilda um slíkar breytingar, sem eru settar fram í VII. til X. viðauka, og þeim almennu reglum sem eru settar fram í XI. viðauka,
- c) að efnaöryggismat og efnaöryggisskýrslur, sem krafist er, uppfylli ávallt kröfur í I. viðauka og að þær ráðstafanir, sem lagt er til að gerðar verði við áhættustjórnun, séu fullnægjandi,
- d) að allar útskýringar, sem lagðar eru fram í samræmi við 3. mgr. 11. gr. eða 2. mgr. 19. gr., hvíli á hlutlægum grunni.

2. Skrá yfir málskjöl, sem Efnastofnunin er að kanna hvort séu í samræmi við tilskildar kröfur, skal gerð aðgengileg lögberum yfirvöldum aðildarríkjanna.

3. Á grundvelli þeirrar könnunar, sem gerð er skv. 1. mgr., getur Efnastofnunin, innan 12 mánaða frá því að könnun á samræmi við tilskildar kröfur hefst, samið drög að ákvörðun þar sem þess er krafist að skráningaraðili eða -aðilar leggi fram allar upplýsingar, sem þörf er á til þess að skráningarskjöl uppfylli viðkomandi upplýsingakröfur, og settur er hæfilegur frestur til að leggja fram frekari upplýsingar. Taka skal slíka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 50. og 51. gr.

4. Skráningaraðilinn skal leggja þær upplýsingar, sem krafist er, fyrir Efnastofnunina fyrir settan eindaga.

5. Svo að tryggt sé að skráningarskjölin séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar skal Efnastofnunin velja tiltekinn hundradshluta þessara málsskjala, ekki minni en 5% heildarskjálanna sem stofnunin tekur við fyrir hvert tonnafjöldabil, til þess að ganga úr skugga um hvort tilskildar kröfur séu uppfylltar. Efnastofnunin skal veita forgang, þó ekki fortakslausan, þeim málsskjölum sem uppfylla a.m.k. eina af eftirfarandi viðmiðunum:

- a) málsskjölin innihalda upplýsingar skv. iv., vi. og/eða vii. lið a-liðar 10. gr. sem eru lagðar sérstaklega fram í samræmi við 3. mgr. 11. gr. eða
- b) málsskjölin varða efni sem er framleitt eða flutt inn í magni sem er eitt tonn eða meira á ári og uppfyllir ekki þær kröfur í VII. viðauka sem gilda, eftir því sem við á, samkvæmt annaðhvort a- eða b-lið 1. mgr. 12. gr. eða
- c) málsskjölin varða efni sem er tilgreint í samfelldu aðgerðaáætlun Bandalagsins sem um getur í 2. mgr. 44. gr.

6. Þriðju aðilar geta sent rafrænar upplýsingar til Efnastofnunarinnar er varða efni sem eru tilgreind í skránni sem um getur í 4. mgr. 28. gr. Efnastofnunin skal veita og meta þessar upplýsingar, ásamt þeim upplýsingum sem eru lagðar fram skv. 124. gr., þegar hún fer yfir málsskjölin og velur úr þeim.

7. Framkvæmdastjórnin getur, að höfðu samráði við Efnastofnunina, tekið ákvörðun þess efnis að breyta þeim hundradshluta málsskjala, sem er valinn, og breyta viðmiðunum í 5. mgr. eða bæta við þær í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr.

42. gr.

Könnun á framlögðum upplýsingum og eftirfylgni við mat á málsskjölum

1. Efnastofnunin skal kanna allar upplýsingar, sem eru lagðar fram vegna ákvörðunar sem er tekin skv. 40. eða 41. gr., og semja drög að viðeigandi ákvörðunum í samræmi við þessar greinar ef nauðsyn krefur.

2. Að loknu mati á málsskjölunum skal Efnastofnunin greina framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna frá þeim upplýsingum, sem aflað hefur verið, og öllum ályktunum sem af þeim eru dregnar. Lögbær yfirvöld skulu nota upplýsingarnar, sem fást með þessu mati, í þeim tilgangi sem er tilgreindur í 5. mgr. 45. gr., 3. mgr. 59. gr. og 4. mgr. 69. gr. Efnastofnunin skal nota upplýsingarnar, sem fást með þessu mati, í þeim tilgangi sem er tilgreindur í 44. gr.

43. gr.

Verklag við yfirferð á tillögum að tilraunum og tímamörk þar að lútandi

1. Ef um er að ræða efni sem eru ekki í skráningarbið skal Efnastofnunin semja drög að ákvörðun, í samræmi við 3. mgr. 40. gr., innan 180 daga frá því að hún tekur við skráningarskjölum eða við skýrslu frá eftirnotanda þar sem í er tillaga að tilraun.
2. Ef um er að ræða efni í skráningarbið skal Efnastofnunin semja drög að ákvörðunum í samræmi við 3. mgr. 40. gr.:

 - a) eigi síðar en 1. desember 2012, að því er varðar öll skráningarskjöl sem tekið er við eigi síðar en 1. desember 2010 og innihalda tillögur að tilraunum með það að markmiði að uppfylla upplýsingakröfurnar í IX. og X. viðauka,
 - b) eigi síðar en 1. júní 2016, að því er varðar öll skráningarskjöl sem tekið er við eigi síðar en 1. júní 2013 og innihalda tillögur að tilraunum í því skyni að uppfylla upplýsingakröfurnar í IX. viðauka eingöngu,
 - c) eigi síðar en 1. júní 2022, að því er varðar öll skráningarskjöl sem innihalda tillögur að tilraunum og tekið er við eigi síðar en 1. júní 2018.

3. Skráin yfir skráningarskjölin, sem eru metin skv. 40. gr., skal gerð aðgengileg aðildarríkjunum.

2. kafli

Mat á efnum

44. gr.

Viðmiðanir fyrir mat á efnum

1. Í því skyni að tryggja samræmda aðferð skal Efnastofnunin ákveða í samráði við aðildarríkin viðmiðanir fyrir forgangsröðun efna með tilliti til frekara mats. Við forgangsröðun skal áhætta lögð til grundvallar. Í viðmiðununum skal eftirfarandi haft í huga:

- a) upplýsingar um hættu, t.d. að byggingu efnisins svipar til byggingar þekktra efna, sem vitað er að eru varasöm, eða efna, sem eru þrávirk og geta safnast upp í lífverum, sem bendir til þess að efnið eða eitt eða fleiri ummyndunarefni þess búi yfir varasömum eiginleikum eða sé þrávirkt og líklegt til þess að safnast upp í lífverum,
- b) upplýsingar um váhrif,
- c) magn, þ.m.t. heildarmagnið í skráningarskjölum sem nokkrir skráningaraðilar leggja fram.

2. Efnastofnunin skal styðjast við viðmiðanirnar í 1. mgr. við samantekt á drögum að samfelldri aðgerðaáætlun Bandalagsins sem á að taka til þriggja ára og þar skal tilgreina þau efni sem meta skal hvert ár um sig. Efni skulu tekin með ef ástæða er til þess að ætla (annaðhvort á grundvelli mats Efnastofnunarinnar á málsskjölum eða á grundvelli einhverra annarra viðeigandi heimilda, þ.m.t. upplýsingar í skráningarskjölunum) að tiltekið efni skapi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið.

Efnastofnunin skal, eigi síðar en 1. desember 2011, leggja fyrstu drög að samfelldu aðgerðaáætluninni fyrir aðildarríkin. Efnastofnunin skal árlega og eigi síðar en 28. febrúar ár hvert leggja drög að árlegri uppfærslu á samfelldu aðgerðaáætluninni fyrir aðildarríkin. Efnastofnunin skal samþykkja endanlega útgáfu samfelldu aðgerðaáætlunar Bandalagsins á grundvelli álits nefndar aðildarríkjanna, sem sett er á fót samkvæmt e-lið 1. mgr. 76. gr. (hér á eftir nefnd „aðildarríkjanefndin“), og skal birta áætlunina á vefsetri sínu og tilgreina þar þau aðildarríki sem munu annast mat á efnunum sem eru á skrá þar eins og ákveðið er skv. 45. gr.

45. gr.

Lögbært yfirvald

1. Efnastofnunin skal bera ábyrgð á samræmingu matsferlisins fyrir efni og sjá til þess að efni, sem koma fyrir í samfelldu aðgerðaáætlun Bandalagsins, séu metin. Efnastofnunin skal þá snúa sér til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Við mat á efni geta lögbær yfirvöld tilnefnt annan aðila sem koma skal fram í þeirra stað.

2. Aðildarríki getur valið eitt eða fleiri efni úr drögnum að samfelldu aðgerðaáætlun Bandalagsins með það að markmiði að koma fram sem lögbært yfirvald í þeim tilgangi sem tilgreindur er í 46., 47. og 48. gr. Ef svo vill til að ekkert aðildarríki velur tiltekið efni sem kemur fyrir í drögnum að samfelldu aðgerðaáætlun Bandalagsins skal Efnastofnunin sjá til þess að efnið verði metið.

3. Ef tvö eða fleiri aðildarríki hafa lýst áhuga á að meta sama efnið og þau geta ekki komið sér saman um hvert þeirra skuli koma fram sem lögbært yfirvald skal lögbæra yfirvaldið, sem kemur fram í skilningi 46., 47. og 48. gr., tilnefnt í samræmi við eftirfarandi málsmæðferð:

Efnastofnunin skal vísa erindinu til aðildarríkjanefndarinnar, sem ákveður hvaða yfirvald skuli vera lögbært yfirvald, og taka þar tillit til þess í hvaða aðildarríki framleiðandi eða framleiðendur eða innflytjandi eða innflytjendur hafa aðsetur, til hlutdeildar aðildarríkjanna í vergri heildarframleiðslu innan Bandalagsins, fjölda efna sem aðildarríki hefur þegar metið og þeirrar sérfræðiþekkingar sem fyrir er.

Nái aðildarríkjanefndin samhljóða samkomulagi innan 60 daga frá málsskotinu skulu viðkomandi aðildarríki velja efni til mats í samræmi við það.

Takist aðildarríkjanefndinni ekki að ná samhljóða samkomulagi skal Efnastofnunin leggja ósamhljóða álitin fyrir framkvæmdastjórnina, sem skal skera úr um það hvaða yfirvald skuli koma fram sem lögbært yfirvald, í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 3. mgr. 133. gr., og viðkomandi aðildarríki skulu velja efni til mats í samræmi við það.

4. Lögbæra yfirvaldið, sem er útnefnt í samræmi við 2. og 3. mgr., skal meta efnin, sem úthlutað er, í samræmi við þennan kafla.

5. Aðildarríki getur hvenær sem er tilkynnt Efnastofnuninni um efni, sem finnst ekki í samfelldu aðgerðaáætlun Bandalagsins, búi ríkið yfir upplýsingum sem benda til þess að matið á efninu skuli sett í forgang. Efnastofnunin skal ákveða hvort bæta skuli þessu efni við í samfelldu aðgerðaáætlun Bandalagsins á grundvelli álits aðildarríkjanefndarinnar. Ef efni er bætt við í samfelldu aðgerðaáætlun Bandalagsins skal aðildarríkið, sem lagði það til, meta efnið eða annað aðildarríki sem lýsir sig fúst til að meta það.

46. gr.

Beiðni um frekari upplýsingar og könnun á framlögðum upplýsingum

1. Telji lögbært yfirvald að þörf sé á frekari upplýsingum, þ.m.t., ef við á, upplýsingar sem ekki er krafist skv. VII. til X. viðauka, skal það semja drög að ákvörðun þar sem ástæður eru tilgreindar og krafa gerð um að skráningaraðili eða aðilar leggi fram frekari upplýsingar og setja eindaga fyrir framlagningu þeirra. Drög að ákvörðun skulu samin innan 12 mánaða frá því að samfellda aðgerðaáætlun Bandalagsins er birt á vefsetri Efnastofnunarinnar fyrir efni sem meta skal á því ári. Ákvörðunin skal tekin í samræmi við málsmæðferðina í 50. og 52. gr.

2. Skráningaraðilinn skal leggja þær upplýsingar, sem krafist er, fyrir Efnastofnunina fyrir settan eindaga.

3. Lögbært yfirvald skal fara yfir framlagðar upplýsingar og, ef nauðsyn krefur, semja drög að viðeigandi ákvörðunum í samræmi við þessa grein innan 12 mánaða frá framlagningu upplýsinganna.

4. Lögbært yfirvald skal ljúka matsstörfum sínum innan 12 mánaða frá því að mat á efninu hófst eða innan 12 mánaða frá framlagningu upplýsinga skv. 2. mgr. og tilkynna Efnastofnuninni um það. Ef farið er fram yfir þennan eindaga skal líta svo á að matinu hafi verið lokið.

47. gr.

Samræmi við aðra starfsemi

1. Mat á efni skal grundvallast á öllum framlögðum upplýsingum, sem skipta máli fyrir viðkomandi efni, og á öllu mati sem hefur þegar farið fram samkvæmt þessum bálki. Hafi upplýsinga um eðliseiginleika efnis verið aflað með tilvísun til efnis eða efna, sem eru skyld að byggingu, getur matið einnig tekið til þessara skyldu efna. Í tilvikum, þar sem ákvörðun um mat hefur verið tekin áður í samræmi við 51. eða 52. gr., er því aðeins unnt að réttlæta drög að ákvörðun, þar sem krafist er frekari upplýsinga skv. 46. gr., að breytingar hafi orðið á kringumstæðum eða ný þekking hafi komið til.

2. Svo að tryggt sé að samræmd aðferð sé viðhöfð þegar farið er fram á frekari upplýsingar skal Efnastofnunin fara gegnum drög að ákvörðunum skv. 46. gr. og ákveða viðmiðanir og forgangsörðun. Ef við á skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 133. gr.

48. gr.

Eftirfylgni við mat á efnum

Þegar mati á efni er lokið skal lögbært yfirvald veða og meta hvernig nota skuli þær upplýsingar sem fengust við matið, í þeim tilgangi sem tilgreindur er í 3. mgr. 59. gr., 4. mgr. 69. gr. og 1. mgr. 115. gr. Lögbært yfirvald skal greina Efnastofnuninni frá niðurstöðu sinni um það hvort og þá hvernig nota skuli þessar nýfengnu upplýsingar. Efnastofnunin skal síðan upplýsa framkvæmdastjórnina, skráningaraðilann og lögbær yfirvöld hinna aðildarríkjanna um það.

3. kafli**Mat á milliefnum**

49. gr.

Frekari upplýsingar um einangruð milliefni sem eru notuð á staðnum

Ákvæði um mat á málsskjölum eða mat á efnum gilda ekki um einangruð milliefni sem eru notuð á staðnum við nákvæmlega stýrð skilyrði. Telji lögbært yfirvald þess aðildarríkis, þar sem staðurinn er, hins vegar að notkun einangraðs milliefnis, sem er notað á staðnum, skapi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið, sem jafngildir þeirri áhættu sem stafar af notkun efna sem uppfylla viðmiðanirnar í 57. gr., og að þeirri áhættu sé ekki haldið í skefjum á fullnægjandi hátt getur það:

- a) krafist þess að skráningaraðilinn leggi fram frekari upplýsingar sem tengjast beint þeirri áhættu sem greindist. Skriflegur rökstuðningur skal fylgja þeirri kröfu,

- b) farið yfir allar framlagðar upplýsingar og, ef nauðsyn krefur, mælt með viðeigandi áhættuminnkandi ráðstöfunum til að bregðast við þeirri áhættu sem greind er í tengslum við viðkomandi stað.

Þeim lögbæru yfirvöldum einum, sem um getur í fyrstu málsgreininni, er heimilt að nota þá málsmeðferð sem kveðið er á um í þeirri málsgrein. Lögbært yfirvald skal greina Efnastofnuninni frá niðurstöðunum úr slíku mati og stofnunin skal síðan greina lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum frá niðurstöðunum og gera þær þeim aðgengilegar.

4. kafli**Sameiginleg ákvæði**

50. gr.

Réttindi skráningaraðila og eftirnotenda

1. Efnastofnunin skal tilkynna viðkomandi skráningaraðila eða -aðilum eða eftirnotanda eða -notendum um öll drög að ákvörðunum skv. 40., 41. eða 46. gr. og upplýsa þá um rétt þeirra til þess að setja fram athugasemdir innan 30 daga frá viðtöku tilkynningarinnar. Vilji viðkomandi skráningaraðili eða -aðilar eða eftirnotandi eða -notendur gera athugasemdir skulu þeir leggja þær fyrir Efnastofnunina. Efnastofnunin skal síðan án tafar greina lögbæru yfirvaldi frá því að athugasemdir hafi verði gerðar. Lögbæra yfirvaldið (að því er varðar ákvarðanir sem eru teknar skv. 46. gr.) og Efnastofnunin (að því er varðar ákvarðanir sem eru teknar skv. 40. og 41. gr.) skulu taka tillit til allra athugasemda sem þeim berast og geta breytt drögnum að ákvörðun því til samræmis.

2. Ef skráningaraðili er hættur að framleiða eða flytja inn efni eða framleiða eða flytja inn hlut eða eftirnotandinn hefur látið af notkuninni skal hann greina Efnastofnuninni frá þeirri staðreynd en við þetta skal, ef við á, skráð magn, samkvæmt skráningu hans, fært niður í núll og ekki má krefjast frekari upplýsinga, að því er varðar þetta efni, nema skráningaraðilinn tilkynni að hann hafi hafið á ný framleiðslu eða innflutning efnisins eða framleiðslu eða innflutning hlutarins eða þá að eftirnotandinn tilkynni að hann hafi tekið upp notkunina á ný. Efnastofnunin skal greina lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins, þar sem skráningaraðilinn eða eftirnotandinn hefur aðsetur, frá þessu.

3. Skráningaraðilinn getur hætt framleiðslu eða innflutningi efnisins eða framleiðslu eða innflutningi hlutarins eða eftirnotandinn látið af notkun sinni þegar hann tekur við drögnum að ákvörðun. Í slíkum tilvikum skal skráningaraðilinn eða eftirnotandinn greina Efnastofnuninni frá þessari staðreynd en við þetta skal skráning hans eða skýrsla ekki hafa gildi lengur og ekki má krefjast frekari upplýsinga, að því er varðar efnið, nema hann leggi fram ný skráningarskjöl eða skýrslu. Efnastofnunin skal greina lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins, þar sem skráningaraðilinn eða eftirnotandinn hefur aðsetur, frá þessu.

4. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. má krefjast frekari upplýsinga í samræmi við 46. gr. í öðru eða báðum eftirfarandi tilvikum:

52. gr.

- a) ef lögbært yfirvald tekur saman málsskjöl í samræmi við XV. viðauka og dregur af þeim þá ályktun að hugsanlega sé um að ræða langtímaáhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið sem styður það rökum að þörf sé á frekari upplýsingum,
- b) ef váhrif af völdum efnisins, sem skráningaraðilinn eða -aðilarnir framleiða eða flytja inn, eða af völdum efnisins í hlutum, sem skráningaraðilinn eða -aðilarnir framleiða eða flytja inn, eða af völdum efnisins, sem eftirnotandinn eða -notendurnir nota, eiga stóran þátt í þeirri áhættu.

Málsmeðferðin í 69. til 73. gr. gildir að breyttu breytanda.

51. gr.

Samþykkt ákvarðana í tengslum við mat á málsskjölum

1. Efnastofnunin skal senda lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna drög sín að ákvörðun í samræmi við 40. eða 41. gr. ásamt athugasemdum skráningaraðilanna.

2. Aðildarríkin geta, innan 30 daga frá því að drögin voru send, lagt fyrir Efnastofnunina tillögur að breytingum á drögnum að ákvörðun.

3. Berist Efnastofnuninni ekki neinar tillögur skal hún taka ákvörðunina í þeirri útgáfu sem send var skv. 1. mgr.

4. Berist Efnastofnuninni tillaga að breytingu getur hún breytt drögnum að ákvörðun. Efnastofnunin skal vísa drögum að ákvörðun, ásamt öllum tillögum að breytingum, til aðildarríkjanefndarinnar innan 15 daga frá lokum 30 daga frestsins sem um getur í 2. mgr.

5. Efnastofnunin skal þegar í stað senda allar breytingatillögur til allra viðkomandi skráningaraðila og eftirnotenda og gefa þeim færi á að koma með athugasemdir innan 30 daga. Aðildarríkjanefndin skal taka tillit til allra athugasemda sem berast.

6. Komist aðildarríkjanefndin að samhljóða samkomulagi innan 60 daga frá málsskotinu um drögin að ákvörðun skal Efnastofnunin taka ákvörðunina í samræmi við það.

7. Takist aðildarríkjanefndinni ekki að ná samhljóða samkomulagi skal framkvæmdastjórnin semja drög að ákvörðun sem skal taka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 133. gr.

8. Kæra má, í samræmi við 91., 92. og 93. gr., þær ákvarðanir sem Efnastofnunin tekur skv. 3. og 6. mgr. þessarar greinar.

Samþykkt ákvarðana í tengslum við mat á efnum

1. Lögbært yfirvald skal senda Efnastofnuninni og lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna drögin að ákvörðun sinni í samræmi við 46. gr. ásamt athugasemdum skráningaraðilans eða eftirnotandans.

2. Ákvæði 2. til 8. mgr. 51. gr. gilda að breyttu breytanda.

53. gr.

Kostnaðarskipting vegna tilrauna þar sem ekki næst samkomulag milli skráningaraðila og/eða eftirnotenda

1. Ef skráningaraðilum eða eftirnotendum er skylt að gera tilraun vegna ákvörðunar sem er tekin samkvæmt þessum bálki skulu þeir kappkosta að ná samkomulagi um það hver skuli gera þá tilraun fyrir hönd hinna skráningaraðilanna eða eftirnotendanna og greina Efnastofnuninni frá því innan 90 daga. Fái Efnastofnunin ekki upplýsingar um slíkt samkomulag innan þessara 90 daga skal hún tilnefna einn skráningaraðilanna eða eftirnotendanna til þess að annast tilraunina fyrir hönd þeirra allra.

2. Ef skráningaraðili eða eftirnotandi gerir tilraun fyrir hönd hinna skulu allir bera jafnan kostnað af tilrauninni.

3. Í tilvikinu, sem um getur í 1. mgr., skal skráningaraðilinn eða eftirnotandinn, sem gerir tilraunina, afhenda öllum hinum aðilunum, sem málið varðar, eintak af fullnaðarrannsóknarskýrslunni.

4. Sá sem gerir tilraunina og afhendir skýrsluna á, í samræmi við það, kröfu á hendur hinum. Ef einhver greiðir ekki sinn hluta kostnaðarins, setur ekki fram tryggingu fyrir fjárhæðinni eða afhendir ekki eintak af fullnaðarrannsóknarskýrslunni um rannsóknina sem gerð var getur hver og einn viðkomandi krafist þess að þeim hinum sama sé bannað að framleiða efnið, flytja það inn eða setja það á markað. Allar kröfur eru aðfararhæfar fyrir dómstólum viðkomandi ríkis. Hver og einn getur valið þá leið að leggja kröfu sína um bætur í gerð og hlíta úrskurði gerðardómsins.

54. gr.

Birting upplýsinga um mat

Efnastofnunin skal árlega og eigi síðar en 28. febrúar birta á vefsetri sínu skýrslu um hversu vel henni hefur tekist á næstliðnu almanaksári að rækja þær skyldur sem á henni hvíla að því er varðar mat. Í skýrslunni skulu einkum koma fram tilmæli til hugsanlegra skráningaraðila í því skyni að bæta gæði skráningarskjala í framtíðinni.

VII. BÁLKUR**LEYFI***1. KAFLI**Leyfisskylda**55. gr.***Markmiðið með leyfisveitingum og kostir varðandi staðgönguefni**

Markmiðið með þessum bálki er að tryggja góða starfsemi innri markaðarins en sjá jafnframt til þess að áhættu af völdum sérlega varasamra efna sé haldið nægilega vel í skefjum og að þessum efnum sé smám saman skipt út fyrir önnur heppileg efni eða tækni ef það er tæknilega og fjárhagslega framkvæmanlegt. Í þessu skyni skulu allir framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur, sem sækja um leyfi, kanna aðra kosti sem eru í boði og vega og meta áhættu vegna þeirra og hvort það er tæknilega og fjárhagslega framkvæmanlegt að nota staðgöngukosti.

*56. gr.***Almenn ákvæði**

1. Framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi má ekki setja efni á markað til notkunar eða nota það sjálfur ef viðkomandi efni er tilgreint í XIV. viðauka nema:

- a) notkun efnisins, hvort sem það er eitt sér eða í efnablöndu eða efninu er bætt í hlut, enda sé efnið sett á markað til þeirrar notkunar eða hann sjálfur noti efnið þannig, hafi verið leyfð í samræmi við 60. til 64. gr. eða
- b) notkun efnisins, hvort sem það er eitt sér eða í efnablöndu eða efninu er bætt í hlut, enda sé efnið sett á markað til þeirrar notkunar eða hann sjálfur notar efnið þannig, hafi verið undanþegin leyfisskyldunni í XIV. viðauka í samræmi við 2. mgr. 58. gr. eða
- c) dagurinn, sem um getur í i. lið c-liðar í 1. mgr. 58. gr., er ekki runninn upp eða
- d) dagurinn, sem um getur í i. lið c-liðar í 1. mgr. 58. gr., er runninn upp og hann lagði fram umsókn 18 mánuðum fyrir þann dag en ákvörðun varðandi leyfisumsóknina hefur ekki enn verið tekin eða

e) leyfi fyrir þeirri notkun hefur verið veitt næsta eftirnotanda hans og um er að ræða tilvik þegar efnið hefur verið sett á markað.

2. Eftirnotandi má nota efni, sem uppfyllir viðmiðanirnar sem eru settar fram í 1. mgr. svo fremi notkunin sé í samræmi við þau skilyrði sem sett eru fyrir leyfi til þeirrar notkunar sem veitt hefur verið aðila fyrir ofan hann í aðfangakeðjunni.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um notkun efna í tengslum við rannsóknir og þróun. Í XIV. viðauka skal tilgreina hvort ákvæði 1. og 2. mgr. gildi um vöru- og ferlamiðaðar rannsóknir og þróun og hversu mikið magn er undanþegið hið mesta.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar um er að ræða eftirfarandi notkun efna:

- a) notkun í plöntuvarnarefnum sem falla undir gildissvið tilskipunar 91/414/EBE,
- b) notkun í sæfiefnum sem falla undir gildissvið tilskipunar 98/8/EB,
- c) notkun sem eldsneyti á vélar sem fellur undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og dísileldsneytis (1),
- d) notkun afurða úr jarðolíu sem eldsneyti fyrir færanleg eða föst brennsluver og notkun sem eldsneyti í lokuðum kerfum.

5. Ef um er að ræða efni, sem eru leyfisskyld eingöngu vegna þess að þau uppfylla viðmiðanirnar í a-, b- eða c-lið 57. gr. eða vegna þess að þau hafa verið tilgreind í samræmi við f-lið 57. gr. eingöngu vegna hættu fyrir heilbrigði manna, gilda ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar ekki þegar um er að ræða eftirfarandi notkun:

- a) notkun í snyrtivörum sem falla undir gildissvið tilskipunar 76/768/EBE,
- b) notkun í efnum sem komast í snertingu við matvæli og falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1935/2004.

6. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um notkun efna sem eru í efnablöndum:

- a) að því er varðar efni sem um getur í d-, e- og f-lið 57. gr. og eru undir styrkleikamörkunum 0,1% miðað við þyngd,
- b) að því er varðar öll önnur efni sem eru undir lægstu styrkleikamörkunum sem eru tilgreind í tilskipun 1999/45/EB eða í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE sem leiðir til þess að efnablöndurnar eru flokkaðar sem hættulegar.

(¹) Stjóð. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

57. gr.

Efni sem skulu skráð í XIV. viðauka

Eftirfarandi efni má skrá í XIV. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 58. gr.

- a) efni sem uppfylla viðmiðanirnar um flokkun sem krabbameinsvaldar í 1. eða 2. flokki í samræmi við tilskipun 67/548/EBE,
- b) efni sem uppfylla viðmiðanirnar um flokkun sem stökkbreytivaldar í 1. eða 2. flokki í samræmi við tilskipun 67/548/EBE,
- c) efni sem uppfylla viðmiðanirnar um flokkun sem æxlunarskaðvaldar í 1. eða 2. flokki í samræmi við tilskipun 67/548/EBE,
- d) efni sem eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í XIII. viðauka við þessa reglugerð,
- e) efni sem eru mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í XIII. viðauka við þessa reglugerð,
- f) efni á borð við þau sem hafa truflandi áhrif á innkirtlastarfsemi eða þau sem eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð eða mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli og uppfylla ekki viðmiðanirnar í d- eða e-lið, enda liggi fyrir niðurstöður rannsókna um þessi efni sem benda til alvarlegra áhrifa á heilbrigði manna eða umhverfið sem gefur tilefni til sömu áhyggja og hljótast af öðrum efnunum sem eru tilgreind í a- til e-lið og sem eru tilgreind í hverju tilviki fyrir sig í samræmi við málsmeðferðina sem er sett fram í 59. gr.

58. gr.

Skráning efna í XIV. viðauka

1. Þegar ákvörðun er tekin þess efnis að skrá skuli í XIV. viðauka efni, sem um getur í 57. gr., skal taka slíka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr. Fyrir hvert efni skal koma fram:

- a) auðkenni efnisins eins og tilgreint er í 2. lið VI. viðauka,
- b) eðliseiginleikar efnisins sem um getur í 57. gr.,
- c) bráðabirgðaákvæði:
 - i) gildistökudagur eða gildistökudagar banns við setningu efnis á markað og notkun þess, nema leyfi sé veitt (hér á eftir nefnd „lokadagur“), og, ef við á, skal taka tillit til þess framleiðsluferlis sem er tilgreint fyrir þá notkun,

- ii) einn eða fleiri dagar, sem eru a.m.k. 18 mánuðum fyrir lokadaginn, en fyrir þann eða þá daga verða umsóknir að hafa borist, óski umsækjandinn þess að halda áfram að nota efnið eða setja það á markað til tiltekinnar notkunar eftir lokadaginn eða lokadagana; þessi áframhaldandi notkun skal leyfð eftir lokadaginn þar til ákvörðun hefur verið tekin um leyfisumsóknina,

- d) frestir til að endurskoða notkun í tilteknum tilvikum, ef við á,
- e) notkun eða notkunarflokkar sem eru undanþegin leyfisskyldu, ef um hana er að ræða, og skilyrði fyrir slíkum undanþágum, ef um þau er að ræða.

2. Undanþiggja má tiltekna notkun eða notkunarflokka leyfisskyldu svo fremi áhættu sé haldið nægilega í skefjum á grundvelli gildandi og sértækrar löggjafar sem kveður á um lágmarkskröfur varðandi heilsu- eða umhverfisvernd í tengslum við notkun efnisins. Við veitingu slíkra undanþága skal einkum taka tillit til þess að hve miklu leyti má rekja áhættuna, sem stöðjar að heilbrigði manna og umhverfinu, til eðlis efnisins, s.s. hvort áhættan breytist með eðlisástandinu.

3. Áður en ákvörðun er tekin um skráningu efna í XIV. viðauka skal Efnastofnunin, að teknu tilliti til álits aðildarríkjanefndarinnar, mæla með skráningu tiltekinnna forgangsefna og tilgreina fyrir hvert efni þau atriði sem sett eru fram í 1. mgr. Í forgang skulu að jafnaði sett efni:

- a) sem búa yfir PBT- eða vPvB-eiginleikum eða
- b) sem eru í viðtækri notkun eða
- c) sem eru notuð í miklu magni.

Fjöldi efna, sem eru skráð í XIV. viðauka, og dagsetningarnar, sem eru tilgreindar skv. 1. mgr., skulu einnig ráðast af getu Efnastofnunarinnar til að afgreiða umsóknirnar á þeim tíma sem er veittur til þess. Efnastofnunin skal setja fram fyrstu tilmæli sín um forgangsefni, sem skulu skráð í XIV. viðauka, eigi síðar en 1. júní 2009. Efnastofnunin skal setja fram ný tilmæli, a.m.k. annað hvert ár, með það að markmiði að fleiri efni verði skráð í XIV. viðauka.

4. Áður en Efnastofnunin sendir tilmæli sín til framkvæmdastjórnarinnar skal stofnunin, með hliðsjón af 118. og 119. gr. um aðgang að upplýsingum, birta þau á vefsetri sínu og þar skal birtingardagsetning koma skýrt fram. Efnastofnunin skal hvetja alla hagsmunaaðila til að setja fram athugasemdir innan þriggja mánaða frá birtingardegi, einkum varðandi notkun sem ætti að vera undanþegin leyfisskyldu.

Efnastofnunin skal uppfæra tilmæli sín með hliðsjón af þeim athugasemdum sem hafa borist.

5. Með fyrirvara um 6. mgr. skal efni, sem hefur verið skráð í XIV. viðauka, ekki sæta nýjum takmörkunum samkvæmt þeirri málsmeðferð sem er lýst í VIII. bálki þar sem fjallað er um áhættu sem stöðjar að heilbrigði manna eða umhverfi og stafar af notkun efnisins, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndu eða í hlut, og rekja má til eðliseiginleikanna sem eru tilgreindir í XIV. viðauka.

6. Efni, sem er skráð í XIV. viðauka, getur sætt nýjum takmörkunum samkvæmt málsmeðferðinni sem er lýst í VIII. bálki þar sem fjallað er um áhættu sem stöðjar að heilbrigði manna eða umhverfi og stafar af tilvist efnis í hlut eða hlutum.

7. Hafi öll notkun efna verið bönnuð skv. VIII. bálki eða samkvæmt annarri löggjöf Bandalagsins skal ekki skrá þau efni í XIV. viðauka og hafi þau verið skráð skulu þau fjarlægð þaðan.

8. Komi til nýjar upplýsingar þannig að efni uppfylli ekki lengur viðmiðanirnar í 57. gr. skulu þau fjarlægð úr XIV. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr.

59. gr.

Tilgreining á efnum sem um getur í 57. gr.

1. Málsmeðferðin, sem sett er fram í 2. til 10. mgr. þessarar greinar, gildir fyrir tilgreiningu á efnum, sem uppfylla viðmiðanirnar sem um getur í 57. gr., og við samantekt á skrá yfir efni sem til greina kemur að skrá síðar í XIV. viðauka. Efnastofnunin skal í þessari skrá tilgreina þau efni sem er að finna í vinnuáætlun hennar samkvæmt e-lið 3. mgr. 83. gr.

2. Framkvæmdastjórnin getur farið fram á það við Efnastofnunina að hún taki saman málskjöl í samræmi við viðeigandi liði XV. viðauka að því er varðar efni sem uppfylla, að mati hennar, þær viðmiðanir sem eru settar fram í 57. gr. Málskjölin geta, ef við á, takmarkast við tilvísun til færslu í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE. Efnastofnunin skal veita aðildarríkjunum aðgang að þessum málskjölum innan 30 daga frá viðtöku þeirra.

3. Hvert aðildarríki getur tekið saman málskjöl í samræmi við XV. viðauka, að því er varðar efni sem að álit þess uppfyllir viðmiðanirnar sem eru settar fram í 57. gr., og senda þau Efnastofnuninni. Málskjölin geta, ef við á, takmarkast við tilvísun til færslu í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE. Efnastofnunin skal veita hinum aðildarríkjunum aðgang að þessum málskjölum innan 30 daga frá viðtöku þeirra.

4. Efnastofnunin skal birta tilkynningu á vefsetri sínu þess efnis að málskjöl skv. XV. viðauka hafi verið tekin saman fyrir tiltekkið efni. Efnastofnunin skal hvetja alla hagsmunaaðila til þess að senda stofnuninni athugasemdir fyrir settan eindaga.

5. Innan 60 daga frá dreifingu málskjálanna geta hin aðildarríkin eða Efnastofnunin gert athugasemd, með hliðsjón af viðmiðunum í 57. gr., við tilgreiningu efnisins sem málskjölin, sem send voru Efnastofnuninni, eiga við um.

6. Berist Efnastofnuninni ekki neinar athugasemdir eða geri hún sjálf engar slíkar skal hún bæta þessu efni við í skrána sem um getur í 1. mgr. Efnastofnunin getur bætt þessu efni við í tilmælum sínum skv. 3. mgr. 58. gr.

7. Þegar Efnastofnunin tekur við athugasemdum eða gerir þær sjálf skal hún vísa málskjölnum til aðildarríkjanefndarinnar innan 15 daga frá lokum 60 daga tímabilsins sem um getur í 5. mgr.

8. Komist aðildarríkjanefndin að samhljóða samkomulagi um tilgreininguna innan 30 daga frá málskotinu skal Efnastofnunin bæta efninu við í skrána sem um getur í 1. mgr. Efnastofnunin getur bætt þessu efni við í tilmælum sínum skv. 3. mgr. 58. gr.

9. Takist aðildarríkjanefndinni ekki að ná samhljóða samkomulagi skal framkvæmdastjórnin semja drög að tillögu um tilgreiningu efnisins innan þriggja mánaða frá því að hún tók við álit aðildarríkjanefndarinnar. Taka skal lokaákvörðun um tilgreiningu efnisins í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 133. gr.

10. Efnastofnunin skal birta skrána, sem um getur í 1. mgr., uppfærða á vefsetri sínu um leið og ákvörðun hefur verið tekin um skráningu efnis.

2. kafli

Veiting leyfa

60. gr.

Veiting leyfa

1. Framkvæmdastjórninni er falin sú ábyrgð að taka ákvarðanir um leyfisumsóknir í samræmi við þennan bálk.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. skal leyfi veitt ef áhættunni, sem stöðjar að heilbrigði manna eða umhverfi vegna notkunar tiltekins efnis og rekja má til eðliseiginleikanna sem eru tilgreindir í XIV. viðauka, er haldið nægilega í skefjum í samræmi við lið 6.4 í I. viðauka og í samræmi við efnaöryggisskýrslu umsækjandans en jafnframt skal taka tillit til álits áhættumatsnefndarinnar sem um getur í a-lið 4. mgr. 64. gr. Þegar leyfi er veitt og við ákvörðun allra skilyrða, sem kunna að verða sett í leyfinu, skal framkvæmdastjórnin hafa til hliðsjónar hvers kyns losun, sleppingu og tilvik þar sem efni fer til spillis, þ.m.t. áhættu sem stafar af dreifðri eða víðtækri notkun, sem vitað er um á þeim tíma sem ákvörðunin er tekin.

Frankvæmdastjórnin skal ekki taka tillit til áhættu sem stöðjar að heilbrigði manna og stafar af notkun efnis í lækningatæki sem fellur undir tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki ⁽¹⁾, tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki ⁽²⁾ eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi ⁽³⁾.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um:

a) efni sem uppfylla viðmiðanirnar í a-, b-, c- eða f-lið 57. gr. ef ekki er unnt að ákvarða fyrir þau viðmiðunarmörk í samræmi við lið 6.4 í I. viðauka,

b) efni sem uppfylla viðmiðanirnar í d- eða e-lið 57. gr.,

c) efni sem eru tilgreind samkvæmt f-lið 57. gr. vegna þess að þau eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð eða eru mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli.

4. Ef ekki er unnt að veita leyfi skv. 2. mgr. eða fyrir efnunum sem eru tilgreind í 3. mgr. er því aðeins unnt að veita leyfi að sýnt sé fram á að félagslegur og hagrænn ávinningur vegi þyngra en áhættan, sem stafar af notkun viðkomandi efnis fyrir heilbrigði manna eða umhverfið, og að ekki standi til boða nein önnur efni eða tækni sem geti komið í staðinn. Ákvörðunin skal tekin eftir að allir eftirfarandi þættir hafa verið veginir og metnir og tekið hefur verið tillit til álits áhættumatsnefndarinnar og álits nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu sem um getur í a- og b-lið 4. mgr. 64. gr.:

a) hættan sem stafar af notkun efnisins, þ.m.t. hversu heppilegar og árangursríkar þær ráðstafanir eru sem lagt er til að gerðar verði við áhættustjórnun,

b) félagslegur og hagrænn ávinningur sem hlýst af notkun þess og félagslegar og hagrænar afleiðingar þess að leyfi er ekki veitt, sem umsækjandi eða aðrir hagsmunaaðilar sýna fram á,

c) greining á staðgöngukostunum, sem umsækjandinn leggur fram samkvæmt e-lið 4. mgr. 62. gr., eða hvers kyns staðgönguáætlunum, sem umsækjandi leggur fram samkvæmt f-lið 4. mgr. 62. gr., svo og það sem þriðju aðilar kunna að hafa fram að færa skv. 2. mgr. 64. gr.,

d) fyrirliggjandi upplýsingar um áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfi vegna staðgönguefna eða staðgöngutækni.

5. Við mat á því hvort fyrir liggja heppileg staðgönguefni eða -tækni skal framkvæmdastjórnin hafa hliðsjón af öllum þáttum sem máli skipta, þ.m.t.:

a) hvort notkun staðgöngukosta muni leiða til minni heildarhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið þegar tillit hefur verið tekið til þess hversu heppilegar og árangursríkar ráðstafanir við áhættustjórnun eru,

b) hvort staðgöngukostir séu tæknilega og fjárhagslega framkvæmanlegir fyrir umsækjandann.

6. Notkun skal ekki leyfð leiði það til tilslökunar á takmörkunum sem settar eru fram í XVII. viðauka.

7. Leyfi skal því aðeins veitt að umsóknin uppfylli kröfur í 62. gr.

8. Leyfi skulu tekin til endurskoðunar innan tiltekins frests, með fyrirvara um hvers kyns ákvarðanir um síðari endurskoðunarfresti, og skulu að jafnaði háð skilyrðum, þ.m.t. um vöktun. Lengd frestsins, sem gefinn er til að endurskoða leyfi, skal ákveðin í hverju tilviki um sig með hliðsjón af öllum upplýsingum sem skipta máli, þ.m.t. þættirnir sem tilgreindir eru í a- til d-lið 4. mgr., eftir því sem við á.

9. Í leyfinu skal tilgreina:

a) þann eða þá einstaklinga sem leyfið er veitt,

b) auðkenni efnisins eða efnanna,

c) þá notkun sem leyfið er veitt fyrir,

d) öll skilyrði sem leyfisveitingin er bundin,

e) frest til endurskoðunar,

f) fyrirkomulag á hugsanlegri vöktun.

10. Þrátt fyrir hvers kyns skilyrði, sem leyfið er bundið, skal handhafinn sjá til þess að váhrif verði svo lítil sem framast er raunhæft og tæknilega gerlegt.

61. gr.

Endurskoðun leyfa

1. Leyfi, sem veitt er í samræmi við 60. gr., telst gilt þar til framkvæmdastjórnin ákveður að breyta leyfinu eða afturkalla það í tengslum við endurskoðun, að því tilskildu að handhafi leyfisins leggi fram endurskoðunarskýrslu a.m.k. 18 mánuðum áður en frestinum til endurskoðunar lýkur. Í stað þess að leggja fram að nýju allar upplýsingarnar sem komu fram í upphaflegu umsókninni getur handhafi leyfis látið nægja að leggja fram númer núgildandi leyfis, með fyrirvara um ákvæði annarrar, þriðju og fjórðu undirgreinar.

⁽¹⁾ Stjirtö. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

⁽²⁾ Stjirtö. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

⁽³⁾ Stjirtö. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

Handhafi leyfis, sem veitt er í samræmi við 60. gr., skal leggja fram uppfærða greiningu á þeim staðgöngukostum sem um getur í e-lið 4. mgr. 62. gr., þ.m.t. upplýsingar, ef við á, um allar rannsóknir og þróunarstarf umsækjanda, sem skipta máli, og allar staðgönguáætlanir samkvæmt f-lið 4. mgr. 62. gr. Ef ný greining á staðgöngukostum leiðir í ljós að fyrir hendi sé heppilegur kostur, að teknu tilliti til þáttanna í 5. mgr. 60. gr., skal hann leggja fram staðgönguáætlun, þ.m.t. tímaáætlun fyrir tillagðar aðgerðir umsækjandans. Geti handhafinn ekki sýnt fram á að áhættunni sé haldið nægilega vel í skefjum skal hann enn fremur leggja fram uppfærslu á félagshagfræðilegu greiningunni í upphaflegu umsókninni.

Geti hann á hinn bóginn sýnt fram á að áhættunni sé haldið nægilega vel í skefjum skal hann leggja fram uppfærða efnaöryggisskýrslu.

Hafi aðrir þættir upphaflegu umsóknarinnar breyst skal hann einnig leggja fram uppfærslu fyrir þá.

Þegar nýjar upplýsingar eru lagðar fram í samræmi við þessa málsgrein skulu allar ákvarðanir um að breyta leyfinu eða afturkalla það í tengslum við endurskoðunina teknar í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 64. gr., sem gildir að breyttu breytanda.

2. Leyfi má taka til endurskoðunar hvenær sem er ef:

a) málavextir hafa breyst frá því sem þeir voru þegar upphaflega leyfið var veitt þannig að það hafi áhrif á áhættuna fyrir heilbrigði manna eða umhverfi eða félagslegar og hagrænar afleiðingar eða

b) nýjar upplýsingar um hugsanlega staðgöngukosti koma fram.

Framkvæmdastjórnin skal veita handhafa eða handhöfum leyfis hæfilegan frest til þess að leggja fram frekari upplýsingar, sem nauðsynlegar eru við endurskoðunina, og tilgreina hvenær hún muni taka ákvörðun í samræmi við 64. gr.

3. Í ákvörðun sinni um endurskoðun getur framkvæmdastjórnin, hafi aðstæður breyst og að teknu tilliti til meðalhófsreglunnar, breytt leyfinu eða afturkallað það, hefði leyfið ekki verið veitt við breyttu aðstæðurnar eða ef fram hafa komið heppilegir staðgöngukostir í samræmi við 5. mgr. 60. gr. Í síðara tilvikinu skal framkvæmdastjórnin krefjast þess af handhafa leyfisins að hann leggi fram staðgönguáætlun hafi hann ekki þegar gert það í umsókn sinni eða uppfærslu.

Ef um er að ræða alvarlega og bráða áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfi getur framkvæmdastjórnin, með hliðsjón af meðalhófsreglunni, ógilt leyfið þar til endurskoðun hefur farið fram.

4. Ef gæðastaðlinum fyrir umhverfið, sem um getur í tilskipun 96/61/EB, er ekki fullnægt má taka leyfi, sem veitt eru fyrir notkun viðkomandi efnis, til endurskoðunar.

5. Ef umhverfismarkmiðin, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB, nást ekki, má taka leyfi, sem veitt hafa verið fyrir notkun efnisins á viðkomandi vatnasviði, til endurskoðunar.

6. Ef notkun efnis er bönnuð síðar eða takmörkuð á annan hátt í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni ⁽¹⁾ skal framkvæmdastjórnin afturkalla leyfið að því er varðar þá notkun.

62. gr.

Umsóknir um leyfi

1. Umsókn um leyfi skal send Efnastofnuninni.

2. Framleiðendur, innflytjendur og/eða eftirnotendur efnis geta sent inn umsóknir um leyfi. Einn eða fleiri einstaklingar geta sent inn umsóknir um leyfi.

3. Senda má inn umsóknir fyrir eitt eða fleiri efni, sem samrýmast skilgreiningunni á hópi efna í lið 1.5 í XI. viðauka, og fyrir eina tegund notkunar eða fleiri. Senda má inn umsóknir vegna eigin notkunar umsækjandans og/eða vegna þeirrar notkunar sem hann hyggst setja efnið á markað fyrir.

4. Í umsókn um leyfi skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) auðkenni efnisins eða efnanna sem um getur í 2. lið VI. viðauka,

b) heiti þess eða þeirra einstaklinga, sem senda inn umsóknina, og upplýsingar um tengiliði þeirra,

c) ósk um leyfi þar sem tilgreint er til hvers kyns notkunar sótt er um leyfi fyrir og, ef við á, sem tekur til notkunar efnisins í efnablöndum og/eða notkun þess í hlutum,

d) efnaöryggisskýrsla í samræmi við I. viðauka, nema hún hafi þegar verið lögð fram sem hluti af skráningarskjölunum, þar sem fjallað er um áhættu fyrir heilbrigði manna og/eða umhverfið sem stafar af notkun efnisins eða efnanna og rekja má til eðliseiginleikanna sem tilgreindir eru í XIV. viðauka,

e) greining á öðrum kostum þar sem áhætta vegna þeirra er vegin og metin og hvort staðgöngukostir eru tæknilega og fjárhagslega framkvæmanlegir og, ef við á, upplýsingar um allar viðeigandi rannsóknir og þróunarstarf á vegum umsækjanda sem skipta máli,

⁽¹⁾ Stjótt. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7. Leiðrétt í Stjótt. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 5. Reglugerðinni var breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1195/2006 (Stjótt. ESB L 217, 8.8.2006, bls. 1).

- f) staðgönguáætlun, þ.m.t. tímaáætlun fyrir tillagðar aðgerðir umsækjandans, ef greiningin, sem um getur í e-lið, leiðir í ljós að heppilegir staðgöngukostir séu fyrir hendi, að teknu tilliti til þáttanna í 5. mgr. 60. gr.

64. gr.

Málsmeðferð við töku ákvarðana um leyfi

5. Í umsókninni geta komið fram eftirfarandi þættir:

- a) félagshagfræðileg greining sem gerð er í samræmi við XIV. viðauka,
- b) rökstuðningur fyrir því að vega ekki og meta þá áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfi sem stafar annaðhvort af:
- i) losun efnis frá stöð, sem leyfi var veitt fyrir í samræmi við tilskipun 96/61/EB, eða
- ii) sleppingu efnisins frá punktuþtökum sem fellur undir kröfuna um fyrirfram reglusetningu, sem um getur í g-lið 3. mgr. 11. gr. tilskipunar 2000/60/EB, og löggjöf sem samþykkt var skv. 16. gr. þeirrar tilskipunar.

6. Umsóknin skal ekki taka til áhættu fyrir heilbrigði manna sem stafar af notkun efnis í lækningatæki sem fellur undir tilskipanir 90/385/EBE, 93/42/EBE eða 98/79/EB.

7. Umsókn um leyfi skal fylgja sú þóknun sem krafist er í samræmi við IX. bálk.

63. gr.

Síðari umsóknir um leyfi

1. Hafi umsókn verið send inn fyrir notkun efnis getur síðari umsækjandi vísað til viðeigandi hluta fyrri umsóknarinnar í samræmi við d-, e- og f-lið 4. mgr. og a-lið 5. mgr. 62. gr., svo fremi síðari umsækjandinn hafi heimild fyrir umsækjandans til þess að vísa til þessara hluta umsóknarinnar.

2. Hafi leyfi verið veitt fyrir notkun efnis getur síðari umsækjandi vísað til viðeigandi hluta fyrri umsóknarinnar í samræmi við d-, e- og f-lið 4. mgr. og a-lið 5. mgr. 62. gr., svo fremi síðari umsækjandinn hafi heimild leyfishafa til þess að vísa til þessa hluta umsóknarinnar.

3. Áður en nokkrar vísanir eru gerðar til fyrri umsókna í samræmi við 1. og 2. mgr. skal síðari umsækjandi uppfæra upplýsingarnar í upphaflegu umsókninni eftir því sem nauðsyn krefur.

1. Efnastofnunin skal staðfesta viðtökudag umsóknarinnar. Áhættumatsnefnd og nefnd um félagshagfræðilega greiningu á vegum Efnastofnunarinnar skulu skila drögum að álitum innan tíu mánaða frá viðtökudegi umsóknarinnar.

2. Efnastofnunin skal, með hliðsjón af 118. og 119. gr. um aðgengi að upplýsingum, birta á vefsetri sínu almennar upplýsingar um notkun, sem sótt hefur verið um leyfi fyrir, og um endurskoðun leyfa og tilgreina tilheyrandi frest fyrir þriðju aðila, sem eiga hagsmuna að gæta, til að leggja fram upplýsingar um staðgönguefni eða staðgöngutækni.

3. Við samantekt á álitum sínu skal hvor nefndanna, sem um getur í 1. mgr., byrja á því að ganga úr skugga um að umsóknin innihaldi allar upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 62. gr. og eru nauðsynlegar til þess að nefndirnar geti leyst verkefni sín. Beri nauðsyn til skulu nefndirnar, að höfðu samráði hvor við aðra, senda umsækjanda sameiginlega beiðni um frekari upplýsingar þannig að umsóknin verði í samræmi við kröfurnar í 62. gr. Nefndin um félagshagfræðilega greiningu getur, ef hún telur nauðsynlegt, krafist þess að umsækjandinn leggi, innan tilgreinds frests, fram frekari upplýsingar um hugsanleg staðgönguefni eða -tækni, eða beiðð þriðja aðila um að gera það. Hvor nefndanna skal einnig hafa hliðsjón af öllum upplýsingum sem þriðju aðilar kunna að hafa lagt fram.

4. Í álitsdrögum skulu koma fram eftirfarandi þættir:

a) áhættumatsnefnd: mat á áhættu fyrir heilbrigði manna og/eða umhverfi sem stafar af notkun efnisins, þ.m.t. hversu heppilegar og árangursríkar ráðstafanir við áhættustjórnun, sem lýst er í umsókninni, eru og, ef við á, mat á áhættu sem hlytist af hugsanlegum staðgöngukostum,

b) nefnd um félagshagfræðilega greiningu: mat á félagslegum og hagrænum þáttum og tiltækileika, heppileika og tæknilegum gerleika þeirra staðgöngukosta, sem tengjast notkun efnisins eins og lýst er í umsókninni, ef umsókn er send inn í samræmi við 62. gr., og á upplýsingum frá þriðju aðilum sem lagðar eru fram skv. 2. mgr. þessarar greinar.

5. Efnastofnunin skal senda umsækjandanum þessi álitsdrög fyrir eindagann sem settur er fram í 1. mgr. Innan eins mánaða frá viðtöku álitsdraganna getur umsækjandinn sent skriflega tilkynningu þess efnis að hann hafi fram að færa athugasemdir við þau. Telja ber að tekið hafi verið við álitsdrögum sjö dögum eftir að Efnastofnunin sendi þau frá sér.

Óski umsækjandi þess ekki að gera athugasemdir skal Efnastofnunin senda þessi álit til framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna og umsækjandans innan 15 daga frá lokum þess frests, sem umsækjandinn hefur til þess að gera athugasemdir, eða innan 15 daga frá viðtöku tilkynningar frá umsækjandanum þess efnis að hann hyggist ekki gera athugasemdir.

Óski umsækjandi þess að gera athugasemdir skal hann senda Efnastofnuninni skriflegar röksemdir sínar innan tveggja mánaða frá því að hann tók við álitadrögum. Nefndirnar skulu veða og meta athugasemdirnar og samþykka lokaálit sín innan tveggja mánaða frá því að þær tóku við skriflegu röksemdunum og hafa hliðsjón af þessum röksemdum, eftir því sem við á. Innan 15 daga til viðbótar skal Efnastofnunin senda álitin, með skriflegu röksemdunum hjálögðum, til framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna og umsækjandans.

6. Efnastofnunin skal í samræmi við 118. og 119. gr. ákveða hvaða hlutar álitanna hennar og hvaða hlutar fylgiskjala með þeim skuli birtir á vefsetri hennar.

7. Í tilvikum, sem falla undir 1. mgr. 63. gr., skal Efnastofnunin fara yfir umsóknirnar samhlíða, svo fremi að unnt sé að virða frestinn fyrir fyrri umsóknina.

8. Framkvæmdastjórnin skal semja drög að ákvörðun um leyfi innan þriggja mánaða frá viðtöku álitanna frá Efnastofnuninni. Taka skal lokaákvörðun um veitingu leyfis eða synjun um leyfi í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 133. gr.

9. Samantektir yfir ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar, þ.m.t. leyfisnúmer og ástæðurnar fyrir ákvörðuninni, einkum um það hvort heppilegir staðgöngukostir séu í boði, skulu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og gerðar aðgengilegar almenníngi í gagnagrunni sem Efnastofnunin kemur á fót og heldur uppfærðum.

10. Í tilvikum, sem falla undir 2. mgr. 63. gr., skal fresturinn, sem settur er fram í 1. mgr. þessarar greinar, stytur niður í fimm mánuði.

3. kafli

Leyfi í aðfangakeðjunni

65. gr.

Skyldur leyfishafa

Leyfishafar, svo og eftirnotendur, sem um getur í 2. mgr. 56. gr., sem setja efnin í efnablöndu, skulu tilgreina leyfisnúmerið á merkimiðanum áður en þeir setja efnid eða efnablönduna, sem inniheldur efnid, á markað til leyfðrar notkunar, sbr. þó ákvæði tilskipunar 67/548/EBE og tilskipunar 1999/45/EB. Þetta skal gert án tafar um leið og leyfisnúmerið hefur verið birt í samræmi við 9. mgr. 64. gr.

66. gr.

Eftirnotendur

1. Eftirnotendur, sem nota efnin í samræmi við 2. mgr. 56. gr., skulu innan þriggja mánaða frá fyrstu afhendingu efnisins tilkynna Efnastofnuninni um það.

2. Efnastofnunin skal taka saman og uppfæra skrá yfir eftirnotendur sem hafa sent inn tilkynningu í samræmi við 1. mgr. Efnastofnunin skal veita lögberum yfirvöldum aðildarríkjanna aðgang að þessari skrá.

VIII. BÁLKUR

TAKMARKANIR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR FRAMLEIÐSLU, SETNINGU Á MARKAÐ OG NOTKUN TILTEKINNA HÆTTULEGRA EFNA, EFNABLANDNA OG HLUTA

1. KAFLI

Almenn atriði

67. gr.

Almenn ákvæði

1. Ef kveðið er á um takmörkun í XVII. viðauka að því er varðar efnin, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndu eða í hlut, skal það efnin ekki framleitt, sett á markað né notað nema það uppfylli skilyrðin sem sett eru í tengslum við þá takmörkun. Þetta gildir ekki um framleiðslu, setningu á markað eða notkun efnis til rannsókna og þróunar. Í XVII. viðauka skal það tilgreint ef takmörkunin á ekki að gilda um vöru- og ferlamíðaðar rannsóknir og þróun og hversu mikið magn er undanþegið hið mesta.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um notkun efna í snyrtivörum samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 76/768/EBE að því er varðar takmarkanir vegna áhættu fyrir heilbrigði manna sem sú tilskipun tekur til.

3. Aðildarríki getur, fram til 1. júní 2013, viðhaldið öllum gildandi og strangari takmörkunum í tengslum við XVII. viðauka um framleiðslu, setningu á markað eða notkun efnis, að því tilskildu að tilkynnt hafi verið um þessar takmarkanir í samræmi við sáttmálann. Framkvæmdastjórnin skal taka saman og birta skrá yfir þessar takmarkanir eigi síðar en 1. júní 2009.

2. KAFLI

Málsmeðferð varðandi takmarkanir

68. gr.

Setning nýrra takmarkana og breyting á gildandi takmörkunum

1. Ef framleiðsla efnis, notkun þess eða setning á markað hefur í för með sér óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfi og nauðsynlegt er að fjalla um hana á vettvangi Bandalagsins skal breyta XVII. viðauka í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 4. mgr. 133. gr., með því að samþykka nýjar takmarkanir eða breyta gildandi takmörkunum í XVII. viðauka, að því er varðar framleiðslu efna, notkun þeirra eða setningu á markað, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða í hlutum, samkvæmt málsmeðferðinni sem sett er fram í 69. til 73. gr. Við slíkar ákvarðanir skal taka tillit til félagslegra og hagrænna áhrifa sem takmörkunin hefur í för með sér, þ.m.t. hvort staðgöngukostir standa til boða.

Fyrsta undirgrein gildir ekki um notkun efnis sem einangraðs milliefnis sem er notað á staðnum.

2. Ef um er að ræða efni sem er eitt sér, í efnablöndu eða í hlut og uppfyllir viðmiðanirnar um flokkun sem krabbameinsvaldur, stökkbreytivaldur eða æxlunarskaðvaldur í 1. eða 2. flokki og sem neytendur gætu notað og sem framkvæmdastjórnin hefur lagt til að takmarkanir verði settar á, að því er varðar notkun neytenda, skal breyta XVII. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr. Ákvæði 69. til 73. gr. gilda ekki.

69. gr.

Samning tillögu

1. Telji framkvæmdastjórnin að framleiðsla efnis, setning þess á markað eða notkun, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndu eða í hlut, skapi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið sem sé ekki haldið nægilega vel í skefjum og þurfi að bregðast við skal hún fara fram á það við Efnastofnunina að hún taki saman málsskjöl sem samrýmast kröfum í XV. viðauka.

2. Efnastofnunin skal eftir daginn, sem um getur í i. lið c-liðar í 1. mgr. 58. gr. og að því er varðar efni sem er tilgreint í XIV. viðauka, veða og meta hvort notkun þess efnis í hlutum hafi í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið sem er ekki haldið nægilega vel í skefjum. Telji Efnastofnunin að áhættunni sé ekki haldið nægilega vel í skefjum skal hún taka saman málsskjöl sem samrýmast kröfum í XV. viðauka.

3. Innan 12 mánaða frá því að tekið er við beiðninni skv. 1. mgr. frá framkvæmdastjórninni og ef þessi málsskjöl leiða í ljós að nauðsynlegt er að grípa til aðgerða á vettvangi Bandalagsins, til viðbótar ráðstöfunum sem þegar kunna að hafa verið gerðar, skal Efnastofnunin leggja til takmarkanir í því skyni að hefja málsmeðferðina varðandi takmarkanir.

4. Telji aðildarríki að framleiðsla efnis, setning þess á markað eða notkun, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndu eða í hlut, skapi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið sem er ekki haldið nægilega vel í skefjum og þurfi að bregðast við skal það tilkynna Efnastofnuninni að það hyggist taka saman málsskjöl sem samrýmast kröfum í XV. viðauka. Ef efni er ekki á skránni sem Efnastofnunin heldur og um getur í 5. mgr. þessarar greinar skal aðildarríkið innan 12 mánaða frá því að tilkynningin er send Efnastofnuninni taka saman málsskjöl sem samrýmast kröfum í XV. viðauka. Leiði þessi málsskjöl í ljós að aðgerðir á vettvangi Bandalagsins séu nauðsynlegar, til viðbótar ráðstöfunum sem þegar kunna að hafa verið gerðar, skal aðildarríkið leggja þau fyrir Efnastofnunina á því sniði, sem lýst er í XV. viðauka, í því skyni að hefja málsmeðferðina varðandi takmarkanir.

Efnastofnunin eða aðildarríkin skulu vísa til hvers kyns málsskjala, efnæðryggisskýrslu eða áhættumats sem lögð hafa verið fyrir Efnastofnunina eða aðildarríki samkvæmt þessari reglugerð. Efnastofnunin eða aðildarríkin skulu enn fremur vísa til hvers kyns áhættumats sem máli kann að skipta og lagt er fram á grundvelli annarra reglugerða eða tilskipana Bandalagsins. Aðrir aðilar, t.d. stofnanir, sem komið er á fót samkvæmt lögum Bandalagsins og annast sviðuð verkefni, skulu því veita Efnastofnuninni eða aðildarríkjum upplýsingar ef um þær er beðið.

Áhættumatsnefndin og nefndin um félagshagfræðilega greiningu skulu kanna hvort framlögð málsskjöl samrýmast kröfunum í XV. viðauka. Innan 30 daga frá viðtöku málsskjálanna skal viðkomandi nefnd upplýsa Efnastofnunina eða aðildarríkið, sem leggur fram tillögu að takmörkunum, um það hvort málsskjölin uppfylli kröfurnar. Standist málsskjölin ekki kröfurnar skulu ástæðurnar fyrir því tilkynntar Efnastofnuninni eða aðildarríkinu skriflega innan 45 daga frá viðtöku málsskjálanna. Efnastofnunin eða aðildarríkið skal lagfæra málsskjölin, þannig að þau standist kröfur, innan 60 daga frá því að nefndirnar gerðu grein fyrir ástæðunum; að öðrum kosti skal stöðva málsmeðferðina samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Efnastofnunin skal án tafar greina frá því opinberlega að framkvæmdastjórnin eða aðildarríki hyggist beita sér fyrir málsmeðferð varðandi takmörkun, að því er varðar tiltekið efni, og skal skýra þeim frá því sem hafa lagt fram skráningarskjöl fyrir það efni.

5. Efnastofnunin skal halda skrá yfir efni ef annaðhvort stofnunin eða eitthvert aðildarríki hyggst taka saman eða er byrjað að taka saman málsskjöl um þau, sem uppfylla kröfurnar í XV. viðauka, með það í huga að leggja til takmörkun. Ef tiltekið efni er í skránni skal ekki taka saman nein önnur málsskjöl af þessu tagi. Leggi annaðhvort aðildarríki eða Efnastofnunin til að gildandi takmörkun, sem er tilgreind í XVII. viðauka, skuli tekin til endurumfjöllunar skal ákvörðun um hvort það skuli gert tekin í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 133. gr., á grundvelli gagna sem annaðhvort aðildarríkið eða Efnastofnunin hefur lagt fram.

6. Með fyrirvara um 118. og 119. gr. skal Efnastofnunin þegar í stað birta á vefsetri sínu öll málsskjöl sem uppfylla kröfur í XV. viðauka, þ.m.t. um takmarkanirnar sem gerðar eru tillögur um skv. 3. og 4. mgr. þessarar greinar, og skal birtingardagsetning koma skýrt fram. Efnastofnunin skal hvetja alla hagsmunaaðila til að leggja fram, annaðhvort hver fyrir sig eða í sameiningu, innan sex mánaða frá birtingardegi:

- a) athugasemdir við málsskjölin og tillögur að takmörkunum,
- b) félagshagfræðilega greiningu á tillögðum takmörkunum, þar sem kostir og gallar þeirra eru vegnir og metnir, eða upplýsingar sem komið geta að gagni við slíka greiningu. Greiningin skal uppfylla kröfurnar í XVI. viðauka.

70. gr.

Álit Efnastofnunarinnar: áhættumatsnefndin

Innan níu mánaða frá birtingardeginum, sem um getur í 6. mgr. 69. gr., skal áhættumatsnefndin gefa álit sitt á því hversu vel tillagðar takmarkanir eru fallnar til að draga úr áhættunni fyrir heilbrigði manna og/eða umhverfið, út frá mati sínu á viðkomandi hluta málskjalanna. Í álitinu skal hafa hliðsjón af málskjölum aðildarríkisins eða málskjölunum, sem Efnastofnunin tók saman að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, og sjónarmiðum hagsmunaaðila sem um getur í a-lið 6. mgr. 69. gr.

71. gr.

Álit Efnastofnunarinnar: nefndin um félagshagfræðilega greiningu

1. Innan 12 mánaða frá birtingardeginum, sem um getur í 6. mgr. 69. gr., skal nefndin um félagshagfræðilega greiningu gefa álit sitt á tillögðum takmörkunum út frá mati sínu á viðkomandi hluta málskjalanna og félagslegum og hagrænum afleiðingum. Hún skal semja drög að álitu á tillögðum takmörkunum og tilheyrandi félagslegum og hagrænum afleiðingum og hafa hliðsjón af greiningunni eða upplýsingunum samkvæmt b-lið 6. mgr. 69. gr., ef um slíkt er að ræða. Efnastofnunin skal án tafar birta álitdrögin á vefsetri sínu. Efnastofnunin skal hvetja hagsmunaaðila til þess að setja fram athugasemdir við álitdrögin eigi síðar en 60 dögum eftir birtingu draganna.

2. Nefndin um félagshagfræðilega greiningu skal án tafar samþykkja álit, eftir því sem við á með hliðsjón af frekari athugasemdum sem hafa borist fyrir settan eindaga. Í álitinu skal hafa hliðsjón af athugasemdum og félagshagfræðilegum greiningum sem hagsmunaaðilar hafa lagt fram samkvæmt b-lið 6. mgr. 69. gr. og 1. mgr. þessarar greinar.

3. Ef álit áhættumatsnefndarinnar vîkur í veigamiklum atriðum frá tillögðum takmörkunum getur Efnastofnunin seinkað eindaganum fyrir álitsgjöf nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu sem nemur að hámarki 90 dögum.

72. gr.

Framlagning álitu fyrir framkvæmdastjórnina

1. Efnastofnunin skal án tafar leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu á tillögðum takmörkunum fyrir efni, annaðhvort einum sér, í efnablöndum eða í hlutum. Ef önnur eða báðar nefndanna láta vera að gefa álit fyrir eindagann, sem settur er í 70. gr. og 1. mgr. 71. gr., skal Efnastofnunin gera framkvæmdastjórninni grein fyrir því og tilgreina ástæður þess.

2. Með fyrirvara um 118. og 119. gr. skal Efnastofnunin birta álit nefnanna beggja án tafar á vefsetri sínu.

3. Efnastofnunin skal, ef þess er farið á leit, útvega framkvæmdastjórninni og/eða aðildarríki öll skjöl og gögn sem hafa verið lögð fyrir hana eða hún hefur vegið og metið.

73. gr.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar

1. Ef skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í 68. gr., er fullnægt skal framkvæmdastjórnin semja drög að breytingum við XVII. viðauka, innan þriggja mánaða frá viðtöku álitu nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu eða, hafi nefndin ekki gefið álit, fyrir lok þess frests sem settur er skv. 71. gr., hvort heldur ber að fyrir.

Ef drögin að breytingunum eru frábrugðin upphaflegu tillögunni eða ef ekki er í þeim höfð hliðsjón af álitum Efnastofnunarinnar skal framkvæmdastjórnin láta fylgja með nákvæma útskýringu á muninum.

2. Endanleg ákvörðun skal tekin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr. Framkvæmdastjórnin skal senda drög að breytingu til aðildarríkjanna a.m.k. 45 dögum áður en gengið er til atkvæðagreiðslu.

IX. BÁLKUR**ÞÓKNANIR OG GJÖLD**

74. gr.

Þóknanir og gjöld

1. Þóknanir, sem krafist er skv. 6. gr. (4. mgr.), 7. gr. (1. og 5. mgr.), 9. gr. (2. mgr.), 11. gr. (4. mgr.), 17. gr. (2. mgr.), 18. gr. (2. mgr.), 19. gr. (3. mgr.), 22. gr. (5. mgr.), 62. gr. (7. mgr.) og 92. gr. (3. mgr.), skulu tilgreindar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem verður samþykkt í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 133. gr., eigi síðar en 1. júní 2008.

2. Ekki þarf að greiða þóknun fyrir skráningu efnis ef magn þess er milli 1 og 10 tonn og skráningarskjölin innihalda fullnaðarupplýsingar skv. VII. viðauka.

3. Samsetning og fjárhæð þóknana, sem um getur í 1. mgr., skal ráðast af því starfi, sem nauðsynlegt er að Efnastofnunin og lögbært yfirvald inni af hendi samkvæmt þessari reglugerð, og skal vera svo há að tryggt sé að tekjurnar af þeim, ásamt öðrum tekjulíðum Efnastofnunarinnar skv. 1. mgr. 96. gr., nægi fyrir kostnaðinum við veitta þjónustu. Þóknun fyrir skráningu skal ákveðin með hliðsjón af því starfi sem þarf ef til vill að vinna skv. VI. bálki.

Að því er varðar 6. gr. (4. mgr.), 7. gr. (1. og 5. mgr.), 9. gr. (2. mgr.), 11. gr. (4. mgr.), 17. gr. (2. mgr.) og 18. gr. (2. mgr.) skal samsetning og fjárhæð þóknana ráðast af magni þess efnis, sem er skráð, í tonnum talið.

Þóknun fyrir lítul og meðalstór fyrirtæki skal í öllum tilvikum vera lægri en fyrir stærra fyrirtæki. Að því er varðar 4. mgr. 11. gr. skal samsetning og fjárhæð þóknana ráðast af því hvort aðilar hafa lagt upplýsingar fram í sameiningu eða hver um sig.

Að því er varðar beiðnina skv. xi. lið a-liðar 10. gr. skal samsetning og fjárhæð þóknana ráðast af þeirri vinnu sem Efnastofnunin þarf að leggja fram við mat á rökstuðningnum.

4. Í reglugerðinni, sem um getur í 1. mgr., skulu þær kringumstæður tilgreindar þar sem hluti þóknana skal koma í hlut lögbærs yfirvalds viðkomandi aðildarríkis.

5. Efnastofnuninni er heimilt að innheimta gjöld fyrir aðra þjónustu sem hún veitir.

X. BÁLKUR

Efnastofnunin

75. gr.

Stofnun Efnastofnunar Evrópu og endurskoðunarákvæði

1. Efnastofnun Evrópu er sett á stofn í þeim tilgangi að stjórna og, í sumum tilvikum, að annast framkvæmd á tæknilegum, vísindalegum og stjórnsýslulegum þáttum þessarar reglugerðar og til þess að tryggja samræmi á vettvangi Bandalagsins í tengslum við þessa þætti.

2. Efnastofnunin skal sæta endurskoðun eigi síðar en 1. júní 2012.

76. gr.

Samsetning

1. Til Efnastofnunarinnar teljast:

- a) stjórn sem annast þau verkefni sem sett eru fram í 78. gr.,
- b) framkvæmdastjóri sem annast þau verkefni sem sett eru fram í 83. gr.,
- c) áhættumatsnefnd sem ber ábyrgð á samningu álita Efnastofnunarinnar á mati, leyfisumsóknnum, tillögum um takmarkanir og tillögum um flokkun og merkingu skv. XI. bálki og öllum öðrum atriðum sem koma upp við beitingu þessarar reglugerðar og tengjast áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið.
- d) nefnd um félagshagfræðilega greiningu sem ber ábyrgð á samningu álita Efnastofnunarinnar á leyfisumsóknnum, tillögum um takmarkanir og öllum öðrum atriðum sem koma upp við beitingu þessarar reglugerðar og tengjast

félagslegum og hagrænum áhrifum af hugsanlegri lagasetningu um efni,

- e) aðildarríkjanefnd sem ber ábyrgð á að leysa hugsanlegan skoðanaágreining um drög að ákvörðunum, sem Efnastofnunin eða aðildarríkin leggja fram skv. VI. bálki, og um tillögur að tilgreiningu sérlega varasamra efna sem fella skal undir málsmeðferðina um leyfisveitingu skv. VII. bálki,
- f) gagnaskiptatorg vegna framkvæmdar (hér á eftir nefnt „framkvæmdartorgið“) þar sem samræmt er net þeirra yfirvalda aðildarríkjanna sem bera ábyrgð á framkvæmd þessarar reglugerðar,
- g) skrifstofa, sem starfar undir stjórn framkvæmdastjórans og veitir nefndunum og framkvæmdartorginu tæknilegan, vísindalegan og stjórnsýslulegan stuðning og tryggir viðeigandi samræmingu þeirra á milli. Hún skal enn fremur annast það starf, sem vinna þarf á vegum Efnastofnunarinnar samkvæmt málsmeðferð vegna forskráningar, skráningar og mats, svo og semja leiðbeiningar, viðhalda gagnagrunnum og afla upplýsinga,
- h) kærunefnd sem sker úr um kærur vegna ákvarðana sem Efnastofnunin tekur.

2. Nefndirnar, sem um getur í c-, d- og e-lið 1. mgr. (hér á eftir nefndar „nefndirnar“), og framkvæmdartorgið geta hver fyrir sig komið á fót vinnuhópum. Í því skyni skulu þau samþykka, í samræmi við starfsreglur sínar, nákvæmt fyrirkomulag á úthlutun tiltekinnar verkefna til þessara vinnuhópa.

3. Nefndunum og framkvæmdartorginu er heimilt, ef þau telja það eiga við, að leita ráða hjá viðeigandi sérfræðingum varðandi mikilvægar, almennar vísindalegar og siðferðislegar spurningar.

77. gr.

Verkefni

1. Efnastofnunin skal veita aðildarríkjunum og stofnunum Bandalagsins bestu vísinda- og tæknilegu ráðgjöf sem völ er á varðandi fyrirspurnir í tengslum við íðefni sem falla undir valdssvið hennar og sem vísað er til Efnastofnunarinnar í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

2. Skrifstofan skal annast eftirfarandi verkefni:

- a) verkefni sem henni er úthlutað skv. II. bálki, þ.m.t. að greiða fyrir skilvirkri skráningu innfluttra efna með þeim hætti sem samræmist alþjóðlegum viðskipta-skuldbindingum Bandalagsins gagnvart þriðju löndum,
- b) verkefni sem henni er úthlutað skv. III. bálki,
- c) verkefni sem henni er úthlutað skv. VI. bálki,

- d) verkefni sem henni er úthlutað skv. VIII. bálki,
- e) að koma á fót og viðhalda gagnagrunni eða -grunnum með upplýsingum um öll skráð efni, skrá yfir flokkun og merkingar ásamt samræmdu flokkunar- og merkingarskránni. Hún skal gera upplýsingarnar í gagnagrunninum eða -grunnum, sem tilgreindar eru í 1. og 2. mgr. 119. gr., aðgengilegar öllum á Netinu án endurgjalds nema ef beiðni, sem lögð er fram skv. xi. lið a-liðar 10. gr., er talin réttmæt. Stofnunin skal veita aðgang að öðrum upplýsingum í gagnagrunnum samkvæmt beiðni í samræmi við 118. gr.,
- f) að veita almennan aðgang að upplýsingum um hvaða efni er verið að meta eða hafa verið metin innan 90 daga frá því að stofnuninni bárust upplýsingarnar, í samræmi við 1. mgr. 119. gr.,
- g) að leggja til tæki og veita tæknilegar og vísindalegar leiðbeiningar, þar sem það á við, vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, einkum til að aðstoða atvinnugreinina og einkum lítil og meðalstór fyrirtæki við að útbúa efnistöðuskýrslur (í samræmi við 14. gr., 31. gr. (1. mgr.) og 37. gr. (4. mgr.)) og beita ákvæðum 10. gr. (viii. lið a-liðar), 11. gr. (3. mgr.) og 19. gr. (2. mgr.), ásamt því að veita framleiðendum og innflytjendum hluta tæknilegar og vísindalegar leiðbeiningar vegna beitingar ákvæða 7. gr.
- h) að veita lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna tæknilegar og vísindalegar leiðbeiningar um verkefni samkvæmt þessari reglugerð og veita þjónustuborðunum, sem aðildarríkin koma á fót skv. XIII. bálki, aðstoð.
- i) að veita hagsmunaaðilum, m.a. lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna, leiðbeiningar um miðlun upplýsinga til almennings um áhættu og örugga notkun efna, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða í vörum,
- j) að veita framleiðendum og innflytjendum, sem skrá efni í samræmi við 1. mgr. 12. gr., ráðgjöf og aðstoð,
- k) að taka saman upplýsingar til skýringar á þessari reglugerð fyrir aðra hagsmunaaðila,
- l) að veita, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, tæknilega og vísindalega aðstoð við að bæta samstarf milli Bandalagsins, aðildarríkjanna, alþjóðastofnana og þriðju landa um vísinda- og tæknimál er varða efnistöryggi, ásamt virkri þátttöku í tækniástoð og uppbyggingu færni í tengslum við örugga stjórnun á iðefnum í þróunarlöndum,
- m) að útbúa handbók um ákvarðanir og álit sem byggjast á ályktunum aðildarríkjanefndarinnar er varða túlkun og framkvæmd þessarar reglugerðar,
- n) að tilkynna um ákvarðanir Efnastofnunarinnar,
- o) að láta í té eyðublöð til að senda Efnastofnuninni upplýsingar.
3. Nefndirnar skulu annast eftirfarandi verkefni:
- a) verkefni sem þeim er úthlutað skv. VI. og XI. bálki,
- b) að veita, að beiðni framkvæmdastjórnans, tæknilega og vísindalega aðstoð við að bæta samstarf milli Bandalagsins, aðildarríkjanna, alþjóðastofnana og þriðju landa um vísinda- og tæknimál er varða efnistöryggi, ásamt virkri þátttöku í tækniástoð og uppbyggingu færni í tengslum við örugga stjórnun á iðefnum í þróunarlöndum,
- c) að semja, að beiðni framkvæmdastjórnans, álit um aðra þætti er varða öryggi efna, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða í vörum.
4. Framkvæmdartorgið skal annast eftirfarandi verkefni:
- a) að breiða út góðar starfsvenjur og vekja athygli á vandamálum á vettvangi Bandalagsins,
- b) að leggja til, samhæfa og meta samræmd framfylgdarverkefni og sameiginlegar skoðanir,
- c) að samræma skipti á skoðunarmönnum,
- d) að skilgreina framfylgdaráætlanir ásamt bestu starfsvenjum við framfylgd,
- e) að þróa vinnuáferðir og tæki sem skoðunarmenn á hverjum stað geta notað,
- f) að þróa verklag við rafræn upplýsingaskipti,
- g) að annast samskipti við atvinnulífið, einkum með tilliti til sérþarfa lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og aðra hagsmunaaðila, þ.m.t. viðeigandi alþjóðastofnanir, eftir því sem þörf krefur,
- h) að fara yfir tillögur að takmörkunum í því skyni að veita ráðgjöf um framfylgd.

78. gr.

Heimildir stjórnar

Stjórnin skal skipa framkvæmdastjóra skv. 84. gr. og gjaldkera í samræmi við 43. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 2343/2002.

Hún skal samþykkja:

- a) almenna skýrslu Efnastofnunarinnar fyrir næstliðið ár fyrir 30. apríl ár hvert,
- b) vinnuáætlun Efnastofnunarinnar fyrir komandi ár fyrir 31. október ár hvert,

- c) endanlega fjárhagsáætlun Efnastofnunarinnar skv. 96. gr. fyrir upphaf fjárhagsárs og aðlaga hana, ef nauðsyn krefur, með hliðsjón af framlagi Bandalagsins og öðrum tekjulíðum Efnastofnunarinnar,
- d) vinnuáætlun til margra ára sem skal endurskoða reglulega.

Hún skal samþykkja innri reglur og starfsreglur Efnastofnunarinnar. Þessar reglur skulu gerðar opinberar.

Hún skal sinna skyldum sínum með tilliti til fjárhagsáætlunar Efnastofnunarinnar skv. 96., 97. og 103. gr.

Hún skal vera yfir framkvæmdastjóra sett.

Hún setur sér starfsreglur.

Hún skal skipa formann, stjórnarmenn og varamenn kærunefndarinnar í samræmi við 89. gr.

Hún skal skipa fulltrúa í nefndir Efnastofnunarinnar eins og sett er fram í 85. gr.

Hún skal senda árlega allar upplýsingar, sem varða matsniðurstöður, í samræmi við 6. mgr. 96. gr.

79. gr.

Skipan stjórnar

- Stjórnin skal skipuð einum fulltrúa hvers aðildarríkis og að hámarki sex fulltrúum sem framkvæmdastjórnin skipar, m.a. þremur einstaklingum án atkvæðisréttar frá hagsmunaaðilum, og þar að auki tveimur óháðum aðilum sem Evrópuþingið skipar. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn fulltrúa í stjórnina. Ráðið skal skipa fulltrúana sem eru tilnefndir á þann hátt.
- Stjórnarmenn skulu skipaðir á grundvelli viðeigandi reynslu og sérfræðipækkingar er varða efnaöryggi eða reglusetningu um íðefni og enn fremur skal sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi sérfræðipækking meðal stjórnarmanna á almennu fjármála- og lagasviði.
- Skipunartími er fjögur ár. Heimilt er að endurnýja skipunartímann einu sinni. Í fyrstu stjórnina skal framkvæmdastjórnin þó tilnefna helming fulltrúanna og ráðið 12 fulltrúa og skal skipunartími þeirra vera sex ár.

80. gr.

Formennska stjórnar

- Stjórnin skal kjósa formann og varaformann úr röðum stjórnarmanna sem hafa atkvæðisrétt. Varaformaður skal sjálfkrafa taka sæti formanns í forföllum hans.

- Skipunartími formanns og varaformanns er tvö ár og lýkur þegar stjórnarsetu þeirra lýkur. Heimilt er að endurnýja skipunina einu sinni.

81. gr.

Fundir stjórnar

- Stjórnarfundi skal halda að boði formanns eða að beiðni a.m.k. þriðjungs stjórnarmanna.
- Framkvæmdastjórnin skal taka þátt í fundum stjórnarinnar án atkvæðisréttar.
- Formönnum nefndanna og formanni framkvæmdartorgsins, sem um getur í c- til f-lið 1. mgr. 76. gr., er heimilt að sitja fundi stjórnarinnar án atkvæðisréttar.

82. gr.

Atkvæðagreiðsla stjórnar

Stjórnin skal samþykkja reglur um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, þ.m.t. skilyrði fyrir því að stjórnarmaður greiði atkvæði fyrir hönd annars stjórnarmanns. Stjórnin skal taka ákvarðanir með atkvæðum tveggja þriðju hluta allra stjórnarmanna sem hafa atkvæðisrétt.

83. gr.

Skyldur og heimildir framkvæmdastjóra

- Framkvæmdastjóri fer með stjórn Efnastofnunarinnar og skal sinna skyldum sínum í þágu Bandalagsins, óháður hvers kyns sérhagsmunum.
- Framkvæmdastjórnin er lagalegur fyrirsvarsaður Efnastofnunarinnar. Hann skal bera ábyrgð á:
 - daglegum rekstri Efnastofnunarinnar,
 - stjórnun allra tilfanga Efnastofnunarinnar sem eru nauðsynleg til að hún geti sinnt verkefnum sínum,
 - að sjá til þess að virtir séu þeir frestir sem mælt er fyrir um í lögum Bandalagsins og Efnastofnunarinnar hefur til að samþykkja álit,
 - að tryggja viðeigandi og tímanlega samræmingu milli nefndanna og framkvæmdartorgsins,
 - að gera og reka nauðsynlega samninga við þjónustuveitendur,
 - að gera fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld Efnastofnunarinnar og framkvæmd fjárhagsáætlunar hennar skv. 96. og 97. gr.,
 - öllu sem lýtur að starfsmannahaldi,
 - að annast skrifstofuhald stjórnar,

- i) að gera drög að álitum stjórnarinnar að því er varðar fyrirhugaðar starfsreglur nefndanna og framkvæmdartorgsins,
- j) að gera ráðstafanir, að beiðni stjórnarinnar, að því er varðar framkvæmd frekari verkefna (innan gildissviðs 77. gr.) sem framkvæmdastjórnin hefur falið Efnastofnuninni.
- k) að koma á og viðhalda reglubundnum skoðanaskiptum við Evrópuþingið,
- l) að ákvarða skilmála og skilyrði fyrir notkun hugbúnaðarpakka,
- m) að breyta ákvörðun Efnastofnunarinnar í kjölfar kærú og að höfðu samráði við formann kærufundar.

3. Framkvæmdastjórnin skal árlega leggja eftirfarandi fyrir stjórnina til samþykktar:

- a) drög að skýrslu um starfsemi Efnastofnunarinnar á næstliðnu ári, þ.m.t. upplýsingar um fjölda móttekinna skráningarskjala, fjölda metinna efna, fjölda móttekinna leyfisumsókna, fjölda tillagna um takmarkanir sem Efnastofnunin hefur móttakið og gefið álit um, þann tíma sem fer í að ljúka tilheyrandi málsmeðferðum, efni sem hafa verið leyfð, málskjöl sem hefur verið hafnað, efni sem settar hafa verið takmarkanir um, móttæknar kvartanir og viðbrögð við þeim ásamt yfirliti yfir starfsemi framkvæmdartorgsins,
- b) drög að vinnuáætlun fyrir komandi ár,
- c) drög að ársreikningum,
- d) drög að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár,
- e) drög að vinnuáætlun til margra ára.

Eftir að stjórnin hefur samþykkt vinnuáætlunina fyrir komandi ár og vinnuáætlunina til margra ára skal framkvæmdastjórnin framsenda þær til aðildarríkjanna, Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar og birta þær.

Eftir að stjórnin hefur samþykkt almenna skýrslu Efnastofnunarinnar skal framkvæmdastjórnin framsenda hana til aðildarríkjanna, Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar, félags- og efnahagsmálanefndar Evrópubandalaganna og endurskoðunarráttarins og birta hana.

84. gr.

Skipun framkvæmdastjóra

- 1. Stjórnin skal skipa framkvæmdastjóra af skrá yfir

umsækjendur, sem framkvæmdastjórnin gerir tillögu að, eftir að auglýst hefur verið eftir yfirlýsingu um áhuga á þátttöku í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og öðrum tímariðum eða á vefsetrum.

Framkvæmdastjórnin skal skipaður á grundvelli verðleika sinna og skjalfestra stjórnssýslu- og stjórnunarhæfileika auk viðeigandi reynslu á sviði efnaöryggis eða reglusetningar. Stjórnin skal taka ákvarðanir með atkvæðum tveggja þriðju hluta allra stjórnarmanna sem hafa atkvæðisrétt.

Stjórnin skal hafa vald til að segja framkvæmdastjóranum upp í samræmi við sömu málsmeðferð.

Áður en umsækjandinn, sem stjórnin tilnefnir, er skipaður skal honum, eins fljótt og unnt er, boðið að gefa yfirlýsingu frammi fyrir Evrópuþinginu og svara spurningum þingmanna.

- 2. Skipunartími framkvæmdastjóra er fimm ár. Stjórninni er heimilt að framlengja skipunartímann einu sinni um önnur fimm ár.

85. gr.

Stofnun nefndanna

1. Hverju aðildarríki er heimilt að tilnefna umsækjendur í áhættumatsnefndina. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skrá yfir tilnefnda aðila sem skal birt á vefsetri Efnastofnunarinnar, sbr. þó 1. mgr. 88. gr. Stjórnin skal skipa nefndarmenn af þessari skrá, þar af a.m.k. einn nefndarmann, en ekki fleiri en tvo, úr hópi tilnefndra aðila hvers aðildarríkis sem hefur tilnefnt umsækjendur. Skipa skal nefndarmenn á grundvelli hlutverks þeirra og reynslu af að sinna þeim verkefnum sem tilgreind eru í 3. mgr. 77. gr.

2. Hverju aðildarríki er heimilt að tilnefna umsækjendur í nefndina um félagshagfræðilega greiningu. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skrá yfir tilnefnda aðila sem skal birt á vefsetri Efnastofnunarinnar, sbr. þó 1. mgr. 88. gr. Stjórnin skal skipa nefndarmenn af þessari skrá, þar af a.m.k. einn nefndarmann, en ekki fleiri en tvo, úr hópi tilnefndra aðila hvers aðildarríkis sem hefur tilnefnt umsækjendur. Skipa skal nefndarmenn á grundvelli hlutverks þeirra og reynslu af að sinna þeim verkefnum sem tilgreind eru í 3. mgr. 77. gr.

- 3. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn fulltrúa í aðildarríkjanefndina.

4. Miðað skal að því að nefndarmenn hafi viðtæka sérfræðikunnáttu á viðeigandi sviðum. Í þessu skyni er hverri nefnd heimilt að fá til liðs við sig allt að fimm viðbótarfulltrúa sem eru valdir á grundvelli sérþekkingar sinnar.

Nefndarmenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn og skal vera unnt að framlengja skipunartímann.

Stjórnarmenn Efnastofnunarinnar mega ekki sitja í nefndunum.

Nefndarmenn hverrar nefndar geta notið aðstoðar ráðgjafa á sviði vísinda, tækni eða reglusetningar.

Framkvæmdastjóra eða fulltrúa hans og fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar skal vera heimilt að sitja alla fundi nefndanna og vinnuhópanna, sem Efnastofnunin eða nefndir hennar boða til, sem áheyrnarfulltrúar. Einnig er heimilt að bjóða hagsmunaaðilum að sitja fundi sem áheyrnarfulltrúar, eftir því sem við á, að beiðni nefndarmanna eða stjórnarinnar.

5. Fulltrúar í hverri nefnd, sem eru skipaðir í kjölfar tilnefningar af hálfu aðildarríkis, skulu tryggja viðeigandi samræmingu milli verkefna Efnastofnunarinnar og starfs lögbærra yfirvalda aðildarríkisins.

6. Nefndarmönnum skal gert kleift að nýta sér þau vísinda- og tæknilegu úrræði sem aðildarríkin hafa yfir að ráða. Í þessu skyni skulu aðildarríkin sjá nefndarmönnum, sem þau hafa tilnefnt, fyrir fullnægjandi vísinda- og tæknilegum úrræðum. Lögbær yfirvöld hvers aðildarríkis skulu greiða fyrir starfsemi nefndanna og vinnuhópa þeirra.

7. Aðildarríkin skulu ekki gefa fulltrúum áhættumats-nefndarinnar eða nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu eða vísinda- og tæknilegum ráðgjöfum þeirra eða sérfræðingum, nein fyrirmæli sem samræmast ekki einstaka verkefnum þessara aðila eða verkefnum, skyldum og sjálfstæði Efnastofnunarinnar.

8. Þegar nefndirnar semja álit sín skulu þær leitast við, eftir bestu getu, að ná samstöðu. Náist slík samstaða ekki skal álitíð grundvallast á afstöðu meirihluta nefndarmanna, þ.m.t. rökstuðningi þeirra. Einnig skal birta afstöðu minnihlutans, þ.m.t. rökstuðning hans.

9. Hver nefnd skal semja drög að tillögu um starfsreglur sínar, sem stjórnin skal samþykkja, innan sex mánaða frá því að nefndirnar voru fyrst skipaðar.

Í þessum reglum skal einkum mæla fyrir um málsmeðferð við að skipta um nefndarmenn, málsmeðferð við að úthluta vinnuhópum tiltekin verkefni, stofnun vinnuhópa og

málsmeðferð fyrir aðkallandi samþykki álita. Formaður hverrar nefndar skal vera starfsmaður Efnastofnunarinnar.

86. gr.

Stofnun framkvæmdartorgsins

1. Hvert aðildarríki skal skipa einn fulltrúa á framkvæmdartorgið til þriggja ára í senn og skal vera unnt að endurnýja skipunina. Velja skal fulltrúa á grundvelli hlutverks þeirra og reynslu við framfylgd löggjafar um efni og skulu þeir halda viðeigandi tengslum við lögbær yfirvöld í aðildarríkinu.

Miðað skal að því að fulltrúar á framkvæmdartorginu hafi viðtæka sérfræðikunnáttu á viðeigandi sviðum. Í þessu skyni er framkvæmdartorginu heimilt að fá til liðs við sig allt að fimm viðbótarfulltrúa sem eru valdir á grundvelli sérþekkingar sinnar. Þessir fulltrúar skulu skipaðir til þriggja ára í senn og skal vera unnt að endurnýja skipunina. Stjórnarmenn mega ekki vera fulltrúar á framkvæmdartorginu.

Fulltrúar á framkvæmdartorginu geta notið aðstoðar vísinda- og tæknilegra ráðgjafa.

Framkvæmdastjóra Efnastofnunarinnar eða fulltrúa hans og fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar skal vera heimilt að sitja alla fundi framkvæmdartorgsins og vinnuhópa þess. Einnig er heimilt að bjóða hagsmunaaðilum að sitja fundi sem áheyrnarfulltrúar, eftir því sem við á, að beiðni fulltrúa framkvæmdartorgsins eða stjórnarinnar.

2. Fulltrúar á framkvæmdartorginu, sem eru tilnefndir af aðildarríki, skulu tryggja viðeigandi samræmingu milli verkefna framkvæmdartorgsins og starfs lögbærra yfirvalda aðildarríkisins.

3. Fulltrúum á framkvæmdartorginu skal gert kleift að nýta sér þau vísinda- og tæknilegu úrræði sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafa yfir að ráða. Lögbær yfirvöld hvers aðildarríkis skulu greiða fyrir starfsemi framkvæmdartorgsins og vinnuhópa þess. Aðildarríkin skulu ekki gefa fulltrúum framkvæmdartorgsins, eða vísinda- og tæknilegum ráðgjöfum þeirra eða sérfræðingum, nein fyrirmæli sem samræmast ekki einstaka verkefnum þessara aðila eða verkefnum og skyldum framkvæmdartorgsins.

4. Framkvæmdartorgið skal semja drög að tillögu um starfsreglur sínar, sem stjórnin skal samþykkja, innan sex mánaða frá því að framkvæmdartorgið var fyrst stofnað.

Í þessum reglum skal einkum mæla fyrir um málsmeðferð við að skipa og skipta um formann og skipta um fulltrúa og málsmeðferð við að úthluta vinnuhópum tiltekin verkefni.

87. gr.

Skýrslugjafar nefndanna og aðgangur að sérfræðingum

1. Þegar nefnd skal, í samræmi við 77. gr., gefa álit eða taka afstöðu til þess hvort málskjöl aðildarríkis séu í samræmi við kröfurnar í XV. viðauka skal hún tilnefna einn nefndarmanna sem skýrslugjafa. Viðkomandi nefnd getur tilnefnt annan nefndarmann sem meðskýrslugjafa. Í báðum tilvikum skulu skýrslugjafar og meðskýrslugjafar skuldbinda sig til að starfa í þágu Bandalagsins og gefa út skriflega yfirlýsingu, þar sem þeir skuldbinda sig til að sinna skyldum sínum, og skriflega yfirlýsingu um hagsmuni sína. Ekki skal tilnefna nefndarmann sem skýrslugjafa í tilteknu máli ef hann greinir frá hagsmunum sem hann hefur að gæta og sem kynnu að hafa áhrif á óháða meðferð málsins. Viðkomandi nefnd er heimilt að láta annan nefndarmann leysa skýrslugjafa eða meðskýrslugjafa af hólmi hvenær sem er, t.d. ef þeir geta ekki uppfyllt skyldur sínar innan tiltekinnna tímamarka eða ef þeir hafa hagsmuna að gæta sem kynnu að hafa skaðleg áhrif.

2. Aðildarríkin skulu senda Efnastofnuninni nöfn sérfræðinga, sem staðfest er að búi yfir reynslu af þeim verkefnum, sem krafist er skv. 77. gr., og eru reiðubúnir til að taka þátt í vinnuhópum nefndanna, ásamt upplýsingum um menntun, hæfi og sérsvið þeirra.

Efnastofnunin skal uppfæra skrána yfir sérfræðinga reglulega. Skráin skal ná yfir sérfræðingana, sem um getur í fyrstu undirgrein, og aðra sérfræðinga sem skrifstofan tilgreinir beint.

3. Skriflegur samningur skal gerður milli Efnastofnunarinnar og hlutaðeigandi aðila eða, ef við á, milli Efnastofnunarinnar og vinnuveitanda hlutaðeigandi aðila um þjónustu, sem nefndarmenn eða sérfræðingar í vinnuhópi nefndanna eða framkvæmdartorgsins veita, eða önnur verkefni sem þeir sinna fyrir Efnastofnunina.

Efnastofnunin skal greiða hlutaðeigandi aðila, eða vinnuveitanda hans, laun í samræmi við gjaldskrá sem skal vera í fjárhagsráðstöfunum stjórnarinnar. Ef hlutaðeigandi aðili uppfyllir ekki skyldur sínar hefur framkvæmdastjórinn rétt á að rifta samningnum eða ógilda hann eða synja um greiðslu launa.

4. Að því er varðar þjónustu, þar sem hugsanlegir þjónustuveitendur eru margir, getur þurft að auglýsa eftir yfirlýsingum um áhuga á þátttöku:

- a) ef vísinda- og tæknilegar aðstæður gera það kleift og
 - b) ef það samræmist skyldum Efnastofnunarinnar, einkum þörfinni á að veita trausta heilsu- og umhverfisvernd. Stjórnin skal samþykkja viðeigandi málsmeðferð að tillögu framkvæmdastjórans.
5. Efnastofnuninni er heimilt að nýta sér þjónustu sérfræðinga til að annast önnur sértæk verkefni sem hún ber ábyrgð á.

88. gr.

Menntun og hæfi og hagsmunir

1. Skipun fulltrúa í nefndirnar og á framkvæmdartorgið skal gerð opinber. Einstakir fulltrúar geta farið fram á að nöfn þeirra séu ekki gerð opinber ef þeir telja að slík birting geti sett þá í hættu. Framkvæmdastjórinn skal ákveða hvort verða skal við slíkum beiðnum. Þegar upplýsingar um hverja skipun eru birtar skal tilgreina faglega menntun og hæfi hvers fulltrúa.

2. Stjórnarmenn, framkvæmdastjórinn og þeir sem eiga sæti í nefndunum og á framkvæmdartorginu skulu gefa út yfirlýsingu þess efnis að þeir skuldbindi sig til að sinna skyldum sínum og yfirlýsingu um hagsmuni sem gætu talist hamlá sjálfstæði þeirra. Þessar yfirlýsingar skulu settar fram skriflega ár hvert og færðar inn í skrá í vörslu Efnastofnunarinnar sem almenningur hefur aðgang að á skrifstofum Efnastofnunarinnar sé þess óskað, sbr. þó 1. mgr.

3. Á hverjum fundi skulu stjórnarmenn Efnastofnunarinnar, framkvæmdastjórinn og þeir sem eiga sæti í nefndunum og á framkvæmdartorginu, ásamt þeim sérfræðingum sem sitja fundinn, tilkynna um alla hagsmuni sem þeir hafa að gæta og gætu talist hamlá sjálfstæði þeirra með tilliti til tiltekins máls á dagskrá fundarins. Þeir sem tilkynna um slíka hagsmuni skulu ekki taka þátt í atkvæðagreiðslu um viðkomandi dagskrárlið.

89. gr.

Stofnun kærunefndar

1. Í kærunefnd skulu sitja formaður og tveir aðrir nefndarmenn.

2. Formaðurinn og nefndarmennirnir tveir skulu hafa varamenn sem koma í stað þeirra í fjarveru þeirra.

3. Stjórnin skal skipa formann, aðra nefndarmenn og varamenn af skrá yfir umsækjendur sem framkvæmdastjórinn gerir tillögu að eftir að auglýst hefur verið eftir yfirlýsingum um áhuga á þátttöku í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og öðrum tímaritum eða á vefsetrum. Þeir skulu skipaðir, á grundvelli viðeigandi reynslu og sérfræðipækkingar er varða efnaðryggi, raunvísindi eða stjórnsýslu- og lagameðferð, af skrá yfir hæfa umsækjendur sem framkvæmdastjórinn hefur samþykkt. Stjórnin getur skipað fleiri nefndarmenn til viðbótar og varamenn þeirra, að tillögu framkvæmdastjórans, samkvæmt sömu málsmeðferð ef það er nauðsynlegt til að tryggja að kærur fái nægilega skjóta meðferð.

4. Framkvæmdastjórinn ákveður hvaða kröfur um menntun og hæfi kærunefndarmenn skuli uppfylla í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 133. gr.

5. Formaðurinn og nefndarmenn skulu hafa jafnan atkvæðisrétt.

90. gr.

Kæruneðndarmenn

1. Skipunartími kæruneðndarmanna, þ.m.t. formaður og varamenn, skal vera fimm ár. Heimilt er að framlengja hann einu sinni.
2. Kæruneðndarmenn skulu vera óháðir. Þeir skulu ekki bundnir af fyrirætlum við ákvarðanatöku sína.
3. Kæruneðndarmönnum er ekki heimilt að sinna öðrum skyldustörfum hjá Efnastofnuninni.
4. Ekki er unnt að segja kæruneðndarmönnum upp störfum eða taka þá af skránni á skipunartíma þeirra nema mikilvægar ástæður séu fyrir því og framkvæmdastjórnin taki ákvörðun þar að lútandi að fengnu áliti stjórnarinnar.
5. Kæruneðndarmönnum er óheimilt að taka þátt í kærumeðferð hafi þeir þar einkahagsmuna að gæta eða hafi þeir áður komið að málinu sem fulltrúar einhvers aðilanna að kærumeðferðinni eða hafi þeir átt þátt í að taka ákvörðunina sem kærð er.
6. Telji kæruneðndarmaður ekki rétt að hann taki þátt í tiltekinni kærumeðferð af þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 5. mgr., skal hann tilkynna kæruneðnd um það. Sérhver aðili að kærumeðferðinni getur krafist þess að kæruneðndarmaður víki sæti af ástæðu, sem tilgreind er í 5. mgr., eða ef grunur leikur á hlutdrægni hans. Véfenging má ekki byggjast á þjóðerni nefndarmanna.
7. Kæruneðnd skal ákveða, án þátttöku viðkomandi kæruneðndarmanns, hvað skuli gert í þeim tilvikum sem um getur í 5. og 6. mgr. Við töku þessarar ákvörðunar tekur varamaður viðkomandi nefndarmanns sæti hans í kæruneðnd.

91. gr.

Ákvarðanir sem heimilt er að kæra

1. Heimilt er að kæra þær ákvarðanir Efnastofnunarinnar sem teknar eru skv. 9. gr., 20. gr., 6. mgr. 27. gr., 2. og 3. mgr. 30. gr. og 51. gr.
2. Kæra, sem lögð er fram skv. 1. mgr., hefur ekki áhrif til frestunar.

92. gr.

Aðilar sem hafa rétt á að kæra, kærufrestir, þóknarir og framsetning

1. Einstaklingum eða lögaðilum er heimilt að kæra ákvörðun, sem beint er að þeim, eða ákvörðun sem varðar þá

beint og persónulega þótt henni sé beint að öðrum aðila.

2. Kæran og rökin fyrir henni skulu lögð skriflega fyrir Efnastofnunina innan þriggja mánaða frá því að hlutaðeigandi aðila barst tilkynning um ákvörðunina eða, hafi hann enga tilkynningu fengið, innan þriggja mánaða frá því að hann fékk vitneskju um ákvörðunina nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð.

3. Aðilar, sem kæra ákvörðun Efnastofnunarinnar, getu þurft að greiða þóknun í samræmi við IX. bálk.

93. gr.

Meðferð og ákvarðanir um kæru

1. Áliti framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við formann kæruneðndar, kærana tæka og vel rökstudda getur hann breytt ákvörðuninni innan 30 daga frá því að kæran var lögð fram í samræmi við 2. mgr. 92. gr.
2. Í öðrum tilvikum en þeim sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal formaður kæruneðndar kanna hvort kæran sé tæk innan 30 daga frá því að kæran var lögð fram í samræmi við 2. mgr. 92. gr. Ef kæran telst tæk skal vísa henni til kæruneðndar þar sem forsendur kærunnar eru kannaðar. Aðilar að kærumeðferðinni skulu hafa rétt til að gera munnlegar athugasemdir meðan á málsmeðferð stendur.
3. Kæruneðnd er heimilt að nýta sér allar heimildir á valdsviði Efnastofnunarinnar eða vísa málinu aftur til þar til bærð aðila hjá stofnuninni til frekari málsmeðferðar.
4. Framkvæmdastjórnin ákveður málsmeðferð kæruneðndar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 133. gr.

94. gr.

Höfðun máls fyrir fyrsta stigs dómstólnum eða Dómstólnum

1. Höfða má mál fyrir fyrsta stigs dómstólnum eða Dómstólnum, í samræmi við 230. gr. sáttmálans, þar sem ákvörðun kæruneðndar er kærð eða, í tilvikum þar sem ekki er heimilt að skjóta máli til nefndarinnar, þar sem ákvörðun Efnastofnunarinnar er kærð.

2. Láti Efnastofnunin hjá líða að taka ákvörðun er heimilt að höfða mál fyrir fyrsta stigs dómstólnum eða Dómstólnum vegna aðgerðaleysis hennar í samræmi við 232. gr. sáttmálans.

3. Efnastofnuninni er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hlíta úrskurði fyrsta stigs dómstólsins eða Dómstólsins.

95. gr.

Ósamræmi við álit annarra stofnana

1. Efnastofnunin skal leitast við að sjá til þess að snemma megi greina hugsanleg tilefni ágreinings vegna ósamræmis milli álitsgerða hennar og álitsgerða frá öðrum aðilum sem komið er á fót samkvæmt lögum Bandalagsins, þ.m.t. stofnanir Bandalagsins, og sem sinna sambærilegu verkefni í tengslum við málefni sem varða hagsmuni allra.
2. Ef Efnastofnunin greinir hugsanleg tilefni ágreinings skal hún hafa samband við viðkomandi stofnun til að tryggja samnýtingu allra vísindalegra eða tæknilegra upplýsinga, sem málið varða, og til að greina vísindaleg eða tæknileg atriði sem gætu orðið tilefni deilna.
3. Ef grundvallarágreiningur ríkir um vísindaleg eða tæknileg atriði og viðkomandi aðili er stofnun Bandalagsins eða vísindanefnd skal Efnastofnunin og viðkomandi aðili vinna saman að því að leysa ágreininginn eða leggja sameiginlegt skjal fyrir framkvæmdastjórnina þar sem vísindalegu og/eða tæknilegu ágreiningsefni eru skýrð.

96. gr.

Fjárhagsáætlun Efnastofnunarinnar

1. Tekjur Efnastofnunarinnar eru:
 - a) styrkur frá Bandalaginu sem færður er inn í fjárlög Evrópubandalaganna (liður um framkvæmdastjórnina),
 - b) þóknarir sem fyrirtæki greiða,
 - c) frjáls fjárframlög frá aðildarríkjunum.
2. Til gjalda Efnastofnunarinnar skal telja kostnað vegna starfsmanna, stjórnunar og grunnvirkja og rekstrarkostnað.
3. Eigi síðar en 15. febrúar ár hvert skal framkvæmdastjórinn semja fyrstu drög að fjárhagsáætlun, sem tekur til rekstrarkostnaðar og vinnuáætlunar fyrir komandi fjárhagsár, og senda stjórninni þessi fyrstu drög ásamt yfirliti yfir stöðugildi og bráðabirgðastöðuyfirliti.
4. Jöfnuður skal vera milli tekna og gjalda.
5. Stjórnin skal árlega gera áætlun um tekjur og gjöld Efnastofnunarinnar fyrir næsta fjárhagsár sem byggð er á drögum frá framkvæmdastjóra. Stjórnin skal senda framkvæmdastjórninni áætlunina, sem inniheldur drög að yfirliti um stöðugildi, eigi síðar en 31. mars.
6. Framkvæmdastjórinn skal senda Evrópuþinginu og ráðinu (hér á eftir nefnd „fjárveitingavaldið“) áætlunina ásamt fyrstu drögum að fjárlögum Evrópubandalaganna.

7. Á grundvelli áætlunarinnar skal framkvæmdastjórinn fella inn í fyrstu drögin að fjárlögum Evrópubandalaganna þær áætluðu fjárhæðir, sem hún telur nauðsynlegar með hliðsjón af yfirlitinu yfir stöðugildi, og þá styrkfjárhæð, sem veita skal af fjárlögum, og leggja þau fyrir fjárveitingavaldið í samræmi við 272. gr. sáttmálans.

8. Fjárveitingavaldið heimilar fjárveitingar í formi styrks til Efnastofnunarinnar. Fjárveitingavaldið skal samþykkja yfirlitið yfir stöðugildi fyrir Efnastofnunina.

9. Stjórnin skal samþykkja fjárhagsáætlun Efnastofnunarinnar. Hún verður endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Evrópubandalaganna. Ef við á skal leiðrétta fjárhagsáætlunina til samræmis við fjárlögin.

10. Við hvers kyns breytingar á fjárhagsáætluninni, þ.m.t. yfirlitið um stöðugildi, skal fylgja málsmeðferðinni sem um getur hér að framan.

11. Hafi stjórn Efnastofnunarinnar í hyggju að hrinda í framkvæmd verkefni sem kann að hafa veruleg áhrif á fjármögnun fjárhagsáætlunar stofnunarinnar skal hún tilkynna fjárveitingavaldinu það án tafar, einkum ef um er að ræða verkefni er varða fasteignir, s.s. leigu eða kaup á byggingum. Hún skal tilkynna framkvæmdastjórninni um þetta. Hafi aðili, sem er hluti af fjárveitingavaldinu, tilkynnt að hann hafi í hyggju að skila álitum skal hann senda stjórninni álit sitt innan sex vikna frá tilkynningu verkefnisins.

97. gr.

Framkvæmd fjárhagsáætlunar Efnastofnunarinnar

1. Framkvæmdastjórinn skal gegna skyldum fjármálastjóra og sjá um framkvæmd fjárhagsáætlunar Efnastofnunarinnar.
2. Gjaldkeri Efnastofnunarinnar skal hafa eftirlit með skuldbindingum og greiðslum á öllum gjöldum Efnastofnunarinnar og með ákvörðun tekjustofna og innheimtu tekna.
3. Gjaldkeri Efnastofnunarinnar skal senda gjaldkera framkvæmdastjórnarinnar bráðabirgðareikningsskil, eigi síðar en 1. mars eftir lok fjárhagsársins, ásamt skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Gjaldkeri framkvæmdastjórnarinnar skal gera samstæðu úr reikningskilum stofnananna og sjálfstæðra aðila í samræmi við 128. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 1605/2002 ⁽¹⁾.

(¹) Stjórn. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB, KBE) nr. 1995/2006 (Stjórn ESB L 390, 30.12.2006, bls. 1).

4. Gjaldkeri framkvæmdastjórnarinnar skal senda endurskoðunarréttinum bráðabirgðareikningsskil Efnastofnunarinnar, eigi síðar en 31. mars eftir lok fjárhagsársins, ásamt skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Skýrslan um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári skal einnig framsend til Evrópuþingsins og ráðsins.

5. Þegar framkvæmdastjóra Efnastofnunarinnar berast athugasemdir endurskoðunarréttarins við bráðabirgðareikningsskil Efnastofnunarinnar skv. 129. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 1605/2002 skal hann taka saman endanleg reikningsskil Efnastofnunarinnar á eigin ábyrgð og senda þau til stjórnar Efnastofnunarinnar til umsagnar.

6. Stjórnin skal skila álitum um endanleg reikningsskil Efnastofnunarinnar.

7. Framkvæmdastjórnin skal senda endanleg reikningsskil, eigi síðar en 1. júlí eftir lok síðasta reikningsárs, til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og endurskoðunarréttarins ásamt álitum stjórnar Efnastofnunarinnar.

8. Endanleg reikningsskil skulu birt.

9. Framkvæmdastjórnin skal senda endurskoðunarréttinum svar við athugasemdum réttarins eigi síðar en 30. september. Hann skal einnig senda svarið til stjórnar Efnastofnunarinnar.

10. Fyrir 30. apríl árið $N + 2$ skal Evrópuþingið, að fengnum tilmælum frá ráðinu, leysa framkvæmdastjórnann undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið N .

98. gr.

Barátta gegn svikum

1. Í því skyni að berjast gegn svikum, spillingu og annarri ólögumtri starfsemi gilda ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 frá 25. maí 1999 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ⁽¹⁾ án takmarkana að því er varðar Efnastofnunina.

2. Efnastofnunin skal vera bundin samstarfssamningi milli stofnana frá 25. maí 1999 milli Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um innri rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ⁽²⁾ og skal þegar í stað setja viðeigandi ákvæði sem gilda skulu um alla starfsmenn Efnastofnunarinnar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 136, 31.5.1999, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 136, 31.5.1999, bls. 15.

3. Í ákvörðunum um fjármögnun og í samningum og gervingum til framkvæmdar þessum ákvörðunum skal sérstaklega mælt fyrir um að endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum sé heimilt að láta fara fram vettvangsskoðun, ef þörf krefur, hjá þeim sem fá fjárframlag frá Efnastofnuninni og þeim aðilum sem annast úthlutun þess.

99. gr.

Fjárhagsreglur

Stjórnin skal samþykkja fjárhagsreglur fyrir Efnastofnunina að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Þær mega ekki víkja frá reglugerð (EB, KBE) nr. 2343/2002 nema sérstök þörf sé á slíku frávikum vegna reksturs Efnastofnunarinnar og framkvæmdastjórnin hafi áður veitt samþykki sitt.

100. gr.

Lögformleg staða Efnastofnunarinnar

1. Efnastofnunin er stofnun Bandalagsins og skal hafa réttarstöðu lögaðila. Efnastofnunin skal hafa það réttshæfi og gerhæfi í hverju aðildarríki sem löggjöf þess framast veitir lögaðilum. Hún getur m.a. aflað fasteigna og lausafjár og afsalað sér þeim og tekið þátt í málarekstri.

2. Framkvæmdastjórnin er í forsvari fyrir Efnastofnunina.

101. gr.

Ábyrgð Efnastofnunarinnar

1. Samningsbundin ábyrgð Efnastofnunarinnar skal ákvarðast af þeirri löggjöf sem gildir um viðkomandi samning. Dómstóll Evrópubandalaganna skal hafa dómvald á grundvelli gerðardómsákvæða í samningi sem Efnastofnunin hefur gert.

2. Þegar um er að ræða ábyrgð sem er ekki samningsbundin ber Efnastofnuninni, samkvæmt almennum meginreglum í lögum aðildarríkjanna, að bæta allt tjón sem hún eða starfsfólk hennar kann að valda við skyldustörf sín.

Dómstóllinn fer með dómvald í deilumálum um bætur vegna slíks tjóns.

3. Persónuleg fjárhags- og refsíábyrgð starfsfólks gagnvart Efnastofnuninni ákvarðast af þeim reglum er gilda um starfsfólk Efnastofnunarinnar.

102. gr.

Sérréttindi og friðhelgi Efnastofnunarinnar

Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna gildir um Efnastofnunina.

103. gr.

Reglur og reglugerðir sem varða starfsmenn

1. Starfsfólk Efnastofnunarinnar skal lúta þeim reglugerðum og reglum sem gilda um opinbera starfsmenn og aðra í þjónustu Evrópubandalaganna. Gagnvart starfsmönnum sínum hefur Efnastofnunin á hendi það vald sem skipunaryfirvaldi hefur verið fengið.

2. Stjórn Efnastofnunarinnar skal samþykka nauðsynleg framkvæmdarákvæði í samráði við framkvæmdastjórnina.

3. Starfsmenn Efnastofnunarinnar skulu vera embættismenn, sem framkvæmdastjórnin eða aðildarríkin tilnefna eða senda til tímabundinna starfa, eða aðrir starfsmenn sem Efnastofnunin ræður eftir þörfum til að sinna verkefnum á hennar vegum. Efnastofnunin skal ráða starfsfólk á grundvelli mönnunaráætlunar sem skal vera hluti af vinnuáætluninni til margra ára sem um getur í d-lið 78. gr.

104. gr.

Tungumál

1. Ákvæði reglugerðar nr. 1 frá 15. apríl 1958, þar sem ákveðið er hvaða tungumál skulu notuð í Efnahagsbandalagi Evrópu⁽¹⁾, gilda um Efnastofnunina.

2. Þýðingamiðstöðin, sem þjónar stofnunum Evrópusambandsins, annast nauðsynlegar þýðingar vegna starfsemi Efnastofnunarinnar.

105. gr.

Þagnarskylda

Stjórnarmenn, nefndarmenn og fulltrúar framkvæmdartorgsins, ásamt sérfræðingum og embættismönnum og öðrum starfsmönnum Efnastofnunarinnar, skulu ekki, jafnvel þótt skyldum þeirra sé aflétt, láta af hendi neinar upplýsingar sem þagnarskylda gildir um.

106. gr.

Þátttaka þriðju landa

Stjórn Efnastofnunarinnar getur, í samráði við viðkomandi nefnd eða framkvæmdartorgið, boðið fulltrúum þriðju landa að taka þátt í starfi Efnastofnunarinnar.

107. gr.

Þátttaka alþjóðastofnana

Stjórn Efnastofnunarinnar getur, í samráði við viðkomandi nefnd eða framkvæmdartorgið, boðið fulltrúum alþjóðastofnana, sem hafa hagsmuna að gæta að því er varðar reglur um íðefni, að taka þátt í starfi Efnastofnunarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

108. gr.

Tengsl við hagsmunasamtök

Stjórnin skal, í samráði við framkvæmdastjórnina, koma á viðeigandi tengslum milli Efnastofnunarinnar og viðkomandi hagsmunasamtaka.

109. gr.

Reglur um gagnsæi

Til að tryggja gagnsæi skal stjórn Efnastofnunarinnar, á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnans og í samráði við framkvæmdastjórnina, samþykka reglur til að tryggja aðgengi almennings að upplýsingum, sem ekki hvílir leynd yfir, á sviði reglusetningar, vísinda eða tækni, sem varða öryggi efna, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða í hlutum.

110. gr.

Tengsl við viðeigandi stofnanir Bandalagsins

1. Efnastofnunin skal eiga samstarf við aðrar stofnanir Bandalagsins til að tryggja gagnkvæman stuðning við að leysa af hendi störf sín, einkum til að koma í veg fyrir tvíverknað.

2. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við áhættumatsnefndina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu, setja starfsreglur að því er varðar efni sem álits hefur verið leitað á í tengslum við öryggi matvæla. Stjórnin skal setja þessar starfsreglur í samráði við framkvæmdastjórnina. Þessi bálkur skal ekki á annan hátt hafa áhrif á þær heimildir sem Matvælaöryggisstofnuninni eru veittar.

3. Þessi bálkur skal ekki hafa áhrif á þær heimildir sem Lyfjastofnun Evrópu eru veittar.

4. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við áhættumatsnefndina, nefndina um félagshagfræðilega greiningu og ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum, setja starfsreglur um vernd starfsmanna. Stjórnin skal samþykka þessar starfsreglur í samráði við framkvæmdastjórnina.

(¹) Stjót. EBE 17, 6.10.1958, bls. 385/58. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 920/2005 (Stjót. ESB L 156, 18.6.2005, bls. 3).

Þessi bálkur skal ekki hafa áhrif á þær heimildir sem ráðgjafarnefndinni um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum og Vinnuverndarstofnun Evrópu eru veittar.

111. gr.

Eyðublöð og hugbúnaður til að senda Efnastofnuninni upplýsingar

Efnastofnunin skal tilgreina eyðublöð og gera þau tiltæk án endurgjalds ásamt hugbúnaðarpökkum sem skulu gerðir aðgengilegir á vefsetri hennar til að senda Efnastofnuninni upplýsingar. Aðildarríkin, framleiðendur, innflytjendur, dreifingaraðilar og eftirnotendur skulu nota þessi eyðublöð og hugbúnaðarpakka til að senda Efnastofnuninni upplýsingar samkvæmt þessari reglugerð. Stofnunin skal einkum gera aðgengileg hugbúnaðartól til að auðvelda sendingu allra upplýsinga er varða efni sem skráð eru í samræmi við 1. mgr. 12. gr.

Að því er varðar skráningu skal snið tæknilegu málskjalanna, sem um getur í a-lið 10. gr., vera IUCID-snið. Efnastofnunin skal samhæfa frekari þróun þessa sniðs í samvinnu við Efnahags- og framfarastofnunina til að tryggja hámarkssamhæfingu.

XI. BÁLKUR

FLOKKUNAR- OG MERKINGARSKRÁIN

112. gr.

Gildissvið

Þessi bálkur gildir um:

- a) skráningarskyld efni,
- b) efni sem falla undir 1. gr. tilskipunar 67/548/EBE, sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun sem hættuleg efni í samræmi við fyrrgreinda tilskipun og sem eru sett á markað, annaðhvort ein sér eða í efnablöndu, yfir þeim styrkleikamörkum sem tilgreind eru í tilskipun 1999/45/EB, ef við á, sem veldur því að efnablandan er flokkuð sem hættuleg.

113. gr.

Tilkynningarskylda til Efnastofnunarinnar

1. Hver framleiðandi, framleiðandi hluta eða innflytjandi, eða hópur framleiðenda eða framleiðenda hluta eða innflytjenda, sem setur á markað efni sem fellur undir gildissvið 112. gr., skal veita Efnastofnuninni eftirfarandi

upplýsingar í því skyni að bæta efninu í skrána í samræmi við 114. gr. nema upplýsingarnar séu lagðar fram sem hluti af skráningarskjölunum:

- a) upplýsingar um framleiðanda/framleiðendur efna, framleiðanda/framleiðendur hluta eða innflytjanda/innflytjendur sem bera ábyrgð á að setja efnið eða efnin á markað eins og tilgreint er í 1. lið í VI. viðauka,
- b) auðkenni efnisins eða efnanna eins og tilgreint er í liðum 2.1 til 2.3.4 í VI. viðauka,
- c) hættuflokkun efnisins eða efnanna í samræmi við beitingu 4. og 6. gr. tilskipunar 67/548/EBE,
- d) hættumerking efnisins eða efnanna í samræmi við beitingu c- til f-liðar 23. gr. tilskipunar 67/548/EBE,
- e) sértæk styrkleikamörk, þar sem við á, í samræmi við 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 67/548/EBE og 4. til 7. gr. tilskipunar 1999/45/EB.

2. Ef skyldurnar skv. 1. mgr. leiða til mismunandi færslna fyrir sama efnið í skránni skulu tilkynnendur og skráningaraðilar leggja allt kapp á að koma sér saman um hvernig efnið skuli fært í skrána.

3. Tilkynnendur skulu ávallt uppfæra upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 1. mgr., þegar:

- a) nýjar vísindalegar eða tæknilegar upplýsingar koma fram sem leiða til breytinga á flokkun og merkingu efnisins,
- b) tilkynnendur og skráningaraðilar mismunandi færslna fyrir eitt efni koma sér saman um eina færslu í samræmi við 2. mgr.

114. gr.

Flokkunar- og merkingarskrá

1. Efnastofnunin skal taka saman og viðhalda flokkunar- og merkingarskrá í formi gagnagrunns, þar sem tilgreindar eru upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 113. gr., bæði fyrir upplýsingar sem tilkynntar eru skv. 1. mgr. 113. gr. og þær sem lagðar eru fram sem hluti af skráningarskjölum. Upplýsingarnar í þessum gagnagrunni, sem tilgreindar eru í 1. mgr. 119. gr., skulu vera aðgengilegar almenningi. Efnastofnunin skal veita tilkynnendum og skráningaraðilum, sem hafa lagt fram upplýsingar um efni í samræmi við 1. mgr. 29. gr., aðgang að öðrum gögnum um það efni í skránni.

Efnastofnunin skal uppfæra skrána þegar henni berast uppfærðar upplýsingar í samræmi við 3. mgr. 113. gr.

2. Auk upplýsinganna, sem um getur í 1. mgr., skal Efnastofnunin, eftir því sem við á, skrá eftirfarandi upplýsingar við hverja færslu:

- hvort til sé samræmd flokkun og merking fyrir þessa færslu á vettvangi Bandalagsins með skráningu í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE,
- hvort færslan sé sameiginleg færsla skráningaraðila fyrir sama efnið skv. 1. mgr. 11. gr.,
- hvort færslan sé ólík annarri færslu í skránni fyrir sama efnið,
- viðeigandi skráningarnúmer, liggi það eða þau fyrir.

115. gr.

Samræming flokkunar og merkingar

1. Samræmdri flokkun og merkingu á vettvangi Bandalagsins skal, frá 1. júní 2007, að öllu jöfnu bætt í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE fyrir flokkun efna sem krabbameinsvalda, stökkbreytivalda eða æxlunarskaðvalda í 1., 2. eða 3. flokki eða sem ofnæmisvalda fyrir öndunarveg. Einnig er heimilt að bæta samræmdri flokkun og merkingu fyrir önnur áhrif í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE í hverju tilviki fyrir sig ef færð eru rök fyrir þörfinni á aðgerðum á vettvangi Bandalagsins. Í þessu skyni er lögbærum yfirvöldum aðildarríkis heimilt að leggja tillögur fyrir Efnastofnunina um samræmda flokkun og merkingu í samræmi við XV. viðauka.

2. Áhættumatsnefndin skal samþykkja álit á tillögnum og jafnframt gefa hlutaðeigandi aðilum tækifæri til að gera athugasemdir. Efnastofnunin skal senda þetta álit ásamt hugsanlegum athugasemdum til framkvæmdastjórnarinnar sem skal taka ákvörðun í samræmi við 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 67/548/EBE.

116. gr.

Bráðabrigðafyrirkomulag

Skyldurnar, sem settar eru fram í 113. gr., gilda frá 1. desember 2010.

XII. BÁLKUR

UPPLÝSINGAR

117. gr.

Skýrslugjöf

1. Á fimm ára fresti skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar á yfirráðasvæði sínu, þ.m.t. með tilliti til

endurskoðunar og framfylgdar eins og lýst er í 127. gr.

Fyrstu skýrslunni skal skilað eigi síðar en 1. júní 2010.

2. Á fimm ára fresti skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar. Efnastofnunin skal láta koma fram í skýrslunni upplýsingar um sameiginlega framlagningu upplýsinga í samræmi við 11. gr. ásamt yfirliti yfir skýringar sem gefnar eru þegar upplýsingar eru lagðar fram sértaklega.

Fyrstu skýrslunni skal skilað eigi síðar en 1. júní 2011.

3. Á þriggja ára fresti skal Efnastofnunin, í samræmi við það markmið að hvetja til þess að prófanir séu gerðar án dýratilrauna, leggja fyrir framkvæmdastjórnina stöðuskýrslu um framkvæmd og notkun prófunaraðferða án dýratilrauna og um prófunaráætlanir sem eru framkvæmdar til að afla upplýsinga um eðliseiginleika og tryggja að áhættumat uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð.

Fyrstu skýrslunni skal skilað eigi síðar en 1. júní 2011.

4. Á fimm ára fresti skal framkvæmdastjórnin birta almenna skýrslu um:

- fengna reynslu af beitingu þessarar reglugerðar, þ.m.t. upplýsingarnar sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., og
- fjárhæð og skiptingu fjárframlags sem framkvæmdastjórnin lætur í té til þróunar og mats á nýjum prófunaraðferðum.

Fyrsta skýrslan skal birt eigi síðar en 1. júní 2012.

118. gr.

Aðgangur að upplýsingum

1. Reglugerð (EB) nr. 1049/2001 gildir um skjöl í vörslu Efnastofnunarinnar.

2. Að öllu jöfnu skal líta svo á að veiting eftirfarandi upplýsinga grafi undan vernd viðskiptahagsmuna hlutaðeigandi aðila:

- ítarlegar upplýsingar um nákvæma samsetningu tiltekinnar efnablöndu,
- nákvæm tilgreining, með fyrirvara um 6. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 64. gr., á notkun eða virkni efnis eða efnablöndu, þ.m.t. upplýsingar um nákvæma notkun sem milliefni,
- nákvæmar upplýsingar um magn efnis eða efnablöndu, sem er framleidd eða sett á markað, í tonnum talð,

- d) tengsl milli framleiðanda eða innflytjanda og dreifenda eða eftirnotenda þeirra.

Ef nauðsynlegt er að grípa til knýjandi aðgerða til að vernda heilbrigði eða öryggi manna eða umhverfið, s.s. í neyðartilvikum, er Efnastofnuninni heimilt að afhenda upplýsingarnar sem um getur í þessari málsgrein.

3. Stjórn Efnastofnunarinnar skal samþykkja hagnýtt fyrirkomulag á beitingu reglugerðar (EB) nr. 1049/2001 eigi síðar en 1. júní 2008, þ.m.t. kærur og önnur úrræði sem eru nauðsynleg í tengslum við endurskoðun á höfnun, að fullu eða hluta til, beiðni um þagnarskyldu.

4. Ákvarðanir, sem Efnastofnunin tekur skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1049/2001, geta orðið tilefni kæru til umboðsmanns eða málshöfðunar fyrir dómstóli Evrópubandalaganna með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 195. gr. EB-sáttmálans annars vegar og 230. gr. hins vegar.

119. gr.

Almennur, rafrænn aðgangur

1. Eftirtaldar upplýsingar í vörslu Efnastofnunarinnar um efni, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða í hlutum, skulu gerðar aðgengilegar öllum á Netinu án endurgjalds í samræmi við e-lið 2. mgr. 77. gr.:

- a) heiti samkvæmt IUPAC-nafnakerfinu, að því er varðar hættuleg efni í skilningi tilskipunar 67/548/EBE, sbr. þó f- og g-lið 2. mgr.,
- b) ef við á, heiti efnisins eins og það er tilgreint í EINECS,
- c) flokkun og merking efnisins,
- d) eðlisefnafræðileg gögn varðandi efnið ásamt gögnum um efnaferli og aðdrif efnisins í umhverfinu,
- e) niðurstöður úr eiturefnafræðilegum og visteiturefnafræðilegum rannsóknum,
- f) afleidd áhrifaleysisþörk (DNEL: derived no-effect level) eða styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg (PNEC: predicted no-effect concentration) sem eru fastsett í samræmi við I. viðauka,
- g) leiðbeiningar um örugga notkun sem gefnar eru í samræmi við 4. og 5. lið í VI. viðauka,
- h) ef þess er krafist í samræmi við IX. eða X. viðauka, greiningaraðferðir sem gera kleift að greina hættulegt efni, sem losað er út í umhverfið, auk þess að ákvarða bein váhrif á menn.

2. Eftirtaldar upplýsingar um efni, sem eru ein sér, í efnablöndum eða í hlutum, skulu gerðar aðgengilegar öllum á Netinu án endurgjalds í samræmi við e-lið 2. mgr. 77. gr. nema ef aðili, sem leggur fram upplýsingarnar, leggur fram rökstuðning fyrir því, í samræmi við xi. lið a-liðar 10. gr., sem

Efnastofnunin tekur gildan, hvers vegna slík birting geti skaðað viðskiptahagsmunum skráningaraðilans eða annarra hlutaðeigandi aðila:

- a) ef það er mikilvægt fyrir flokkun og merkingu, hreinleiki efnisins og auðkenni óhreininda og/eða aukefna sem vitað er að eru hættuleg,
- b) mörk fyrir heildartonnafjölda (þ.e. 1 til 10 tonn, 10 til 100 tonn, 100 til 1000 tonn eða yfir 1000 tonn) sem tiltekið efni hefur verið skráð á,
- c) rannsóknarsamantektir eða ítarlegar rannsóknarsamantektir í tengslum við upplýsingarnar sem um getur í d- og e-lið 1. mgr.,
- d) upplýsingar á öryggisblaðinu nema þær sem tilgreindar eru í 1. mgr.,
- e) öll viðskiptaheiti efnisins,
- f) heiti samkvæmt IUPAC-nafnakerfinu fyrir efni sem ekki eru í skráningarbið og eru hættuleg í skilningi tilskipunar 67/548/EBE, í sex ár,
- g) heiti samkvæmt IUPAC-nafnakerfinu fyrir hættuleg efni í skilningi tilskipunar 67/548/EBE sem eru einungis notuð í einu eða fleiri eftirtöldum tilvikum:
- i) sem milliefni,
- ii) í vísindarannsóknum og þróunarstarfi,
- iii) í vöru- og ferlamiðuðum rannsóknum og þróunarstarfi.

120. gr.

Samstarf við þriðju lönd og alþjóðastofnanir

Þrátt fyrir ákvæði 118. og 119. gr. er heimilt að afhenda ríkisstjórn eða landsyfirvaldi í þriðja landi eða alþjóðastofnun upplýsingar, sem Efnastofnuninni berast samkvæmt þessari reglugerð, í samræmi við samning milli Bandalagsins og hlutaðeigandi þriðja aðila, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 304/2003 um útflytning og innflytning hættulegra efna⁽¹⁾ eða skv. 3. mgr. 181. gr. a í sáttmálanum, að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) markmiðið með samningnum er samvinna um framkvæmd eða stjórnun lögjafar varðandi iðefni sem falla undir þessa reglugerð.

(¹) Stjórn. ESB L 63, 6.3.2003, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 777/2006 (Stjórn. ESB L 136, 24.5.2006, bls. 9).

- b) þriðji aðili verndar trúnaðarupplýsingarnar samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi.

XIII. BÁLKUR

LÖGBÆR YFIRVÖLD

121. gr.

Tilnefning

Aðildarríkin skulu tilnefna lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin sem bera ábyrgð á að inna af hendi þau verkefni, sem lögbærum yfirvöldum er úthlutað samkvæmt þessari reglugerð, og bera ábyrgð á samstarfi við framkvæmdastjórnina og Efnastofnunina við framkvæmd þessarar reglugerðar. Aðildarríkin skulu veita lögbærum yfirvöldum nægilegt fjármagn til ráðstöfunar til að þau geti notað það ásamt öðru tiltæku fjármagni til að sinna verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð tímanlega og á skilvirkan hátt.

122. gr.

Samvinna milli lögbærra yfirvalda

Lögbær yfirvöld skulu vinna saman að því að leysa af hendi verkefni sín samkvæmt þessari reglugerð og veita í þessu skyni lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja allan nauðsynlegan stuðning sem að gagni kann að koma.

123. gr.

Miðlun upplýsinga til almennings um áhættu vegna efna

Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu gera almenningi grein fyrir áhættunni sem stafar af efnun ef það þykir nauðsynlegt til að vernda heilbrigði manna eða umhverfið. Efnastofnunin skal, í samræði við lögbær yfirvöld og hagsmunaaðila og á grundvelli bestu viðeigandi starfsvenja, eftir því sem við á, veita leiðbeiningar um miðlun upplýsinga um áhættu og örugga notkun íðefna, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndum eða í hlutum, í því skyni að samræma aðgerðir aðildarríkjanna á þessu sviði.

124. gr.

Aðrar skyldur

Lögbær yfirvöld skulu senda rafrænt allar fyrirliggjandi upplýsingar til Efnastofnunarinnar sem þau hafa í sinni vörslu um efni, sem skráð eru í samræmi við 1. mgr. 12. gr., ef mállsskjölin innihalda ekki allar þær upplýsingar sem um getur í VII. viðauka, einkum hvort framfylgdar- eða vöktunaraðgerðir hafa vakið grun um áhættu. Lögbært yfirvald skal uppfæra þessar upplýsingar, eftir því sem við á.

Aðildarríkin skulu setja á laggirnar þjónustuborð í því skyni að veita framleiðendum, innflytjendum, eftirtotendum og öðrum hagsmunaaðilum ráðgjöf um ábyrgð þeirra og skyldur samkvæmt þessari reglugerð, einkum í tengslum við skráningu efna í samræmi við 1. mgr. 12. gr., til viðbótar við

leiðbeiningarskjölin sem Efnastofnunin leggur fram samkvæmt g-lið 2. mgr. 77. gr.

XIV. BÁLKUR

FRAMFYLGD

125. gr.

Verkefni aðildarríkjanna

Aðildarríkin skulu halda úti kerfi fyrir opinbert eftirlit og aðra starfsemi eftir því sem við á miðað við aðstæður.

126. gr.

Viðurlög við brotum á ákvæðum

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um ákvæði um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði, eigi síðar en 1. desember 2008, og skulu tilkynna án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

127. gr.

Skýrsla

Í skýrslunni, sem um getur í 1. mgr. 117. gr., skulu vera, að því er varðar framfylgd, niðurstöður opinberrar skoðunar, upplýsingar um vöktunina, sem fram hefur farið, viðurlögin, sem kveðið hefur verið á um, og um aðrar ráðstafanir sem gerðar hafa verið skv. 125. og 126. gr. á fyrri skýrslutímabilinu. Samþykkinga skal sameiginlegu atriðin, sem skýrslurnar skulu taka til, á vettvangi framkvæmdartorgsins. Framkvæmdastjórnin skal gera þessar skýrslur aðgengilegar Efnastofnuninni og framkvæmdartorginu.

XV. BÁLKUR

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

128. gr.

Frjáls flutningur

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skulu aðildarríkin ekki banna, takmarka eða hindra framleiðslu, innflutning, setningu á markað eða notkun efnis, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndu eða í hlut, sem heyrir undir gildissvið þessarar reglugerðar og er í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og, ef við á, ákvæði gerða Bandalagins sem eru samþykktar til framkvæmdar þessari reglugerð.

2. Ekkert í þessari reglugerð skal koma í veg fyrir að aðildarríkin viðhaldi eða mæli fyrir um landsbundnar reglur til að vernda starfsmenn, heilbrigði manna og umhverfið sem gilda í þeim tilvikum þar sem ekki eru ákvæði í þessari reglugerð sem samræma kröfur um framleiðslu, setningu á markað eða notkun.

129. gr.

Verndarákvæði

1. Hafi aðildarríki gildar ástæður til að ætla að mikilvægt sé að grípa til knýjandi aðgerða til að vernda heilbrigði manna eða umhverfið að því er varðar efni, hvort sem það er eitt sér, í efnablöndu eða í hlut og þrátt fyrir að efnið uppfylli kröfur samkvæmt þessari reglugerð, er aðildarríkinu heimilt að gera viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir. Aðildarríkið skal þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni, Efnastofnuninni og hinum aðildarríkjum um þetta og færa rök fyrir ákvörðun sinni og leggja fram vísindalegar eða tæknilegar upplýsingar sem bráðabirgðaráðstafanirnar byggjast á.

2. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 133. gr., innan 60 daga frá viðtöku upplýsinganna frá aðildarríkinu. Í þessari ákvörðun skal annaðhvort:

a) leyft að grípa til bráðabirgðaráðstöfunar í þann tíma sem tilgreindur er í ákvörðuninni eða

b) þess krafist að aðildarríkið afturkalli bráðabirgðaráðstöfunina.

3. Ef bráðabirgðaráðstöfun aðildarríkis, þegar um er að ræða ákvörðun eins og um getur í a-lið 2. mgr., felur í sér takmarkanir á setningu á markað eða notkun efnis skal hlutaðeigandi aðildarríki hefja málsmeðferð til takmörkunar í Bandalaginu með því að senda Efnastofnuninni málskjöl í samræmi við XV. viðauka innan þriggja mánaða frá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

4. Ef um er að ræða ákvörðun sem um getur í a-lið 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin veða og meta hvort breyta þurfi þessari reglugerð.

130. gr.

Rökstuðningur fyrir ákvörðunum

Lögbær yfirvöld, Efnastofnunin og framkvæmdastjórnin skulu rökstyðja allar ákvarðanir sem þau taka samkvæmt þessari reglugerð.

131. gr.

Breytingar á viðaukunum

Heimilt er að breyta viðaukunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr.

132. gr.

Framkvæmdarlöggjöf

Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til að koma ákvæðum þessarar reglugerðar til framkvæmdar á skilvirkan hátt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 133. gr.

133. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar. Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjár mánuðir.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1. til 4. mgr. 5. gr. a og ákvæði 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

5. Nefndin setur sér starfsreglur.

134. gr.

Undirbúningur að stofnun Efnastofnunarinnar

1. Framkvæmdastofnunin skal veita nauðsynlegan stuðning til að koma Efnastofnuninni á fót.

2. Í því skyni og þar til framkvæmdastjórnin hefur störf, eftir að stjórn Efnastofnunarinnar hefur skipað hann í samræmi við 84. gr., er framkvæmdastjórninni heimilt, fyrir hönd Efnastofnunarinnar og með því að nota ráðstöfunarfé hennar:

a) að ráða starfsfólk, þ.m.t. einstaklingur sem skal gegna stjórnslulegum skyldum framkvæmdastjórans til bráðabirgða, og

b) að gera aðra samninga.

135. gr.

Bráðabirgðaráðstafanir varðandi tilkynnt efni

1. Líta skal á beiðnir til tilkynnenda, þess efnis að þeir veiti lögbæru yfirvaldi frekari upplýsingar í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 67/548/EBE, sem ákvarðanir sem samþykktar eru í samræmi við 51. gr. þessarar reglugerðar.

2. Líta skal á beiðnir til tilkynnenda, þess efnis að þeir veiti frekari upplýsingar um efni í samræmi við 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 67/548/EBE, sem ákvarðanir sem samþykktar eru í samræmi við 52. gr. þessarar reglugerðar.

Líta skal svo á að slík efni séu skráð í samfelldri aðgerðaáætlun Bandalagsins í samræmi við 2. mgr. 44. gr. þessarar reglugerðar og að þau séu valin í samræmi við 2. mgr. 45. gr. þessarar reglugerðar af aðildarríkinu þar sem lögbært yfirvald er staðsett sem bað um frekari upplýsingar í samræmi við 2. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 67/548/EBE.

136. gr.

Bráðabirgðarástafanir varðandi skráð efni

1. Beiðni til framleiðenda og innflytjenda, þess efnis að þeir veiti framkvæmdastjórninni upplýsingar, sem sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar með stoð í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93, skal teljast ákvörðun sem er samþykkt í samræmi við 52. gr. þessarar reglugerðar.

Lögbært yfirvald, að því er varðar efnið, skal vera lögbært yfirvald í aðildarríkinu, sem er tilnefnt sem skýrslugjafi í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93, og skal það annast verkefnið í 3. mgr. 46. gr. og 48. gr. þessarar reglugerðar.

2. Beiðni til framleiðenda og innflytjenda, þess efnis að þeir veiti framkvæmdastjórninni upplýsingar, sem sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar með stoð í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93, skal teljast ákvörðun sem er samþykkt í samræmi við 52. gr. þessarar reglugerðar. Efnastofnunin skal tilnefna lögbært yfirvald, að því er varðar efnið, og skal það annast verkefnið í 3. mgr. 46. gr. og 48. gr. þessarar reglugerðar.

3. Ef skýrslugjafi aðildarríkis hefur ekki sent áhættumat fyrir 1. júní 2008 og, ef við á, áætlun um að takmarka áhættu, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93, skal aðildarríkið:

- a) skrá upplýsingar um hættu og áhættu í samræmi við B-hluta í XV. viðauka við þessa reglugerð,
- b) beita 4. mgr. 69. gr. þessarar reglugerðar á grundvelli upplýsinganna sem um getur í a-lið og
- c) taka saman skjöl um hvernig það telur að bregðast skuli við annari áhættu með öðrum aðgerðum en breytingu á XVII. viðauka við þessa reglugerð.

Leggja skal fyrrgreindar upplýsingar fyrir Efnastofnunina eigi síðar en 1. desember 2008.

137. gr.

Bráðabirgðarástafanir varðandi takmarkanir

1. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 1. júní 2010, semja drög að breytingum á XVII. viðauka í samræmi við annaðhvort:

- a) áhættumat og ráðlagða áætlun um að takmarka áhættu sem hefur verið samþykkt á vettvangi Bandalagsins í samræmi við 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93, að svo miklu leyti sem í henni eru tillögur um takmarkanir í samræmi við VIII. bálk þessarar reglugerðar en sem hefur ekki verið tekin ákvörðun um samkvæmt tilskipun 76/769/EBE eða
- b) tillögu sem hefur verið lögð fyrir viðkomandi stofnanir en hefur enn ekki verið samþykkt og varðar innleiðingu eða breytingu á takmörkunum samkvæmt tilskipun 76/769/EBE.

2. Til 1. júní 2010 skal leggja öll málsskjöl, sem um getur í 3. mgr. 129. gr., fyrir framkvæmdastjórnina. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin semja drög að breytingum á XVII. viðauka.

3. Allar breytingar á takmörkunum, sem samþykktar eru samkvæmt tilskipun 76/769/EBE frá 1. júní 2007, skal taka upp í XVII. viðauka frá og með 1. júní 2009.

138. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. júní 2019, láta fara fram endurskoðun til að meta hvort rýmka skuli þá skyldu, að framkvæma efnaöryggismat og skrá það í efnaöryggisskýrslu, þannig að skyldan nái einnig til efna sem falla ekki undir þessa skyldu þar eð þau eru ekki skráningarskyld eða eru skráningarskyld en framleidd eða flutt inn í minna magni en 10 tonnum á ári. Að því er varðar efni sem uppfylla viðmiðanirnar um flokkun sem krabbameinsvaldar, stökkbreytivaldar eða æxlunarskaðvaldar í 1. eða 2. flokki í samræmi við tilskipun 67/548/EBE skal endurskoðunin fara fram eigi síðar en 1. júní 2014. Við endurskoðunina skal framkvæmdastjórnin taka tillit til allra þátta er málið varða, þ.m.t.:

- a) kostnaðar framleiðenda og innflytjenda við að taka saman efnaöryggisskýrslur,
- b) dreifingar kostnaðar milli aðila í aðfangakeðjunni og eftirnotenda,
- c) ávinnings fyrir heilbrigði manna og umhverfið.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar er framkvæmdastjórninni heimilt, ef við á, að leggja fram lagafrumvörp til að rýmka þessa skyldu.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leggja fram lagafrumvörp um leið og unnt er á skynsamlegan og hagkvæman hátt að velja fjölliður til skráningar út frá traustum, tæknilegum og viðurkenndum vísindalegum viðmiðunum og eftir að birt hefur verið skýrsla um eftirfarandi:

- a) hættuna sem stafar af fjölliðum í samanburði við önnur efni,
- b) þörfina, ef hún er fyrir hendi, á að skrá tilteknar gerðir fjölliða með tilliti til samkeppnishæfni og nýsköpunar annars vegar og heilsu- og umhverfisverndar hins vegar.

3. Í skýrslunni, sem um getur í 4. mgr. 117. gr., um fengna reynslu af beitingu þessarar reglugerðar skal vera endurskoðun á kröfunum er varða skráningu efna sem eingöngu eru framleidd eða flutt inn í magni á bilinu 1 til 10 tonn á ári á framleiðanda eða innflytjanda. Á grundvelli þeirrar endurskoðunar er framkvæmdastjórninni heimilt að leggja fram lagafrumvörp í því skyni að breyta upplýsingakröfum er varða efni sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem er á bilinu 1 til 10 tonn á ári á framleiðanda eða innflytjanda, að teknu tilliti til nýjustu þróunar, t.d. í tengslum við staðgönguprófanir og (megindleg) vensl byggingar og virkni ((Q)SAR).

4. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða ákvæði I., IV. og V. viðauka eigi síðar en 1. júní 2008 í því skyni að leggja til breytingar á þeim, ef við á, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 131. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða ákvæði XIII. viðauka, eigi síðar en 1. desember 2008, til að meta hvort viðmiðanir séu fullnægjandi, að því er varðar tilgreiningu efna sem eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð eða mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli, í því skyni að leggja til breytingu á viðaukanum, ef við á, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram endurskoðun, eigi síðar en 1. júní 2012, til að meta hvort breyta skuli gildissviði þessarar reglugerðar í því skyni að koma í veg fyrir að ákvæði hennar skarist við önnur viðeigandi ákvæði Bandalagsins. Á grundvelli þeirrar endurskoðunar er framkvæmdastjórninni heimilt, ef við á, að leggja fram lagafrumvarp.

7. Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram endurskoðun, eigi síðar en 1. júní 2013, til að meta hvort rýmka skuli gildissvið 3. mgr. 60. gr., að teknu tilliti til nýjustu þróunar á sviði vísinda, þannig að hún taki til efna, sem tilgreind eru samkvæmt f-lið 57. gr., sem hafa truflandi áhrif á innkiertlastarf. Á grundvelli þeirrar endurskoðunar er framkvæmdastjórninni heimilt, ef við á, að leggja fram lagafrumvörp.

8. Framkvæmdastjórnin skal láta fara fram endurskoðun, eigi síðar en 2019, til að meta hvort rýmka skuli gildissvið 33. gr. þannig að hún taki til annarra hættulegra efna, að teknu tilliti til fenginnar reynslu af framkvæmd þeirrar greinar. Á grundvelli þeirrar endurskoðunar er framkvæmdastjórninni heimilt, ef við á, að leggja fram lagafrumvörp til að rýmka þá skyldu.

9. Í samræmi við það markmið að hvetja til þess að prófanir séu gerðar, án þess að nota dýr og samkvæmt kröfunni í þessari reglugerð um að skipta út, draga úr eða bæta dýratilraunir, skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 1. júní 2019, endurskoða prófunarkröfurnar í lið 8.7 í VIII. viðauka. Á grundvelli þessarar endurskoðunar er framkvæmdastjórninni heimilt, jafnframt því að traust heilsu- og umhverfisvernd er tryggð, að leggja til breytingar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr.

139. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 91/155/EBE skal felld úr gildi.

Tilskipanir 93/105/EB og 2000/21/EB og reglugerðir (EBE) nr. 793/93 og (EB) nr. 1488/94 skulu felldar úr gildi frá og með 1. júní 2008.

Tilskipun 93/67/EBE skal felld úr gildi frá og með 1. ágúst 2008.

Tilskipun 76/769/EBE skal felld úr gildi frá og með 1. júní 2009.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu gerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð.

140. gr.

Breyting á tilskipun 1999/45/EB

Ákvæði 14. gr. tilskipunar 1999/45/EB falli brott.

141. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 2007.

2. Ákvæði II., III., V., VI., VII., XI. og XII. bálks ásamt ákvæðum 128. og 136. gr. gilda frá 1. júní 2008.

3. Ákvæði 135. gr. gilda frá 1. ágúst 2008.

4. Ákvæði VIII. bálks og XVII. viðauka gilda frá 1. júní 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. VANHANEN

forseti.

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. VIÐAUKI	ALMENN ÁKVÆÐI UM MAT Á EFNUM OG GERÐ EFNÁÖRYGGISSKÝRSLNA
II. VIÐAUKI	LEIÐBEININGAR UM SAMANTEKT ÖRYGGISBLAÐA
III. VIÐAUKI	VIÐMIÐANIR FYRIR EFNI SEM ERU SKRÁÐ Í MAGNI SEM ER Á BILINU 1 TIL 10 TONN
IV. VIÐAUKI	UNDANÞÁGUR FRÁ SKRÁNINGARSKYLDU Í SAMRÆMI VIÐ A-LIÐ 7. MGR. 2. GR.
V. VIÐAUKI	UNDANÞÁGUR FRÁ SKRÁNINGARSKYLDU Í SAMRÆMI VIÐ B-LIÐ 7. MGR. 2. GR.
VI. VIÐAUKI	UPPLÝSINGAKRÖFUR SEM UM GETUR Í 10. GR.
VII. VIÐAUKI	STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR EINU TONNI EÐA MEIRA
VIII. VIÐAUKI	STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR 10 TONNUM EÐA MEIRA
IX. VIÐAUKI	STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR 100 TONNUM EÐA MEIRA
X. VIÐAUKI	STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR 1000 TONNUM EÐA MEIRA
XI. VIÐAUKI	ALMENNAR REGLUR UM AÐLÖGUN STÖÐLUÐU PRÓFUNARÁÆTLUNARINNAR SEM SETT ER FRAM Í VII. TIL X. VIÐAUK
XII. VIÐAUKI	ALMENN ÁKVÆÐI UM MAT EFTIRNOTENDA Á EFNUM OG GERÐ EFNÁÖRYGGISSKÝRSLNA
XIII. VIÐAUKI	VIÐMIÐANIR FYRIR TILGREININGU EFNNA, SEM ERU ÞRÁVIRK, SAFNAST UPP Í LÍFVERUM OG ERU EITRUÐ, OG TILGREININGU EFNNA SEM ERU MJÓG ÞRÁVIRK OG SAFNAST UPP Í LÍFVERUM Í MIKLUM MÆLI
XIV. VIÐAUKI	SKRÁ YFIR EFNI SEM ERU LEYFISSKYLD
XV. VIÐAUKI	MÁLSSKJÖL
XVI. VIÐAUKI	FÉLAGSHAGFRÆÐILEG GREINING
XVII. VIÐAUKI	TAKMARKANIR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR FRAMLEIÐSLU, SETNINGU Á MARKAÐ OG NOTKUN TILTEKINNA HÆTTULEGRA EFNNA, EFNABLANDNA OG HLUTA

I. VIÐAUKI

ALMENN ÁKVÆÐI UM MAT Á EFNUM OG GERÐ EFNAÖRYGGISSKÝRSLNA

0. INNGANGUR
- 0.1. Markmiðið með þessum viðauka er að setja fram hvernig framleiðendum og innflytjendum ber að meta og staðfesta að allri áhættu, sem tengist efnum sem þeir framleiða eða flytja inn, sé haldið nægilega í skefjum við framleiðsluna og í þeirra eigin notkun og að aðrir, sem eru neðar í aðfangakeðjunni, geti haldið áhættunni nægilega í skefjum. Viðaukinn gildir einnig, að breyttu breytanda, um framleiðendur og innflytjendur hluta sem er skylt að vinna efnaöryggismat í tengslum við skráningu.
- 0.2. Einn eða fleiri þar til bærir aðilar, sem búa yfir viðeigandi reynslu og hafa hlotið viðeigandi þjálfun, þ.m.t. upprifunarbjálfun, skulu vinna efnaöryggismatið.
- 0.3. Í efnaöryggismati framleiðanda skal fjallað um framleiðslu efnis og alla tilgreinda notkun. Í efnaöryggismati innflytjanda skal fjallað um alla tilgreinda notkun. Í efnaöryggismatinu skal tekið tillit til notkunar efnisins, sem er notað eitt sér (þ.m.t. öll helstu óhreinindi og íblöndunarefni), notkunar þess í efnablöndum og notkunar þess í hlutum, í samræmi við tilgreindu notkunina. Við matið skal taka til allra vistferilskeiða efnisins sem leiðir af framleiðslu þess og tilgreindri notkun. Efnaöryggismatið skal grundvallast á samanburði á hugsanlegum, skaðlegum áhrifum viðkomandi efnis og þekktra eða tiltölulega fyrirjáanlegra váhrifa þess á menn og/öðla umhverfið og skal þar tekið tillit til gerðra sem og ráðlagðra ráðstafana við áhættustjórnun og til notkunarskilyrða.
- 0.4. Efni, sem vænta má að hafi sambærilega eðlisefnafræðilega, eiturefnafræðilega og visteiturefnafræðilega eiginleika eða fylgi reglubundnu mynstri vegna þess að þau eru lík að byggingu, má líta á sem hóp eða „flokk“ efna. Ef framleiðandi eða innflytjandi telur að efnaöryggismat á tilteknu efni nægi til að meta og skjalfesta að allri áhættu, sem tengist öðru efni eða hópi eða „flokki“ efna, sé haldið nægilega í skefjum getur hann notað fyrrgreint efnaöryggismat fyrir hitt efnið eða hóp eða „flokk“ efna. Framleiðandinn eða innflytjandinn skal leggja fram rökstuðning þar að lútandi.
- 0.5. Efnaöryggismatið skal byggjast á upplýsingum um efnið, sem eru í tæknilegu málsskjölunum, og öðrum fyrirliggjandi upplýsingum sem málið varða. Framleiðendur eða innflytjendur, sem leggja fram tillögur að prófunum í samræmi við IX. og X. viðauka, skulu skrá það í viðeigandi lið í efnaöryggisskýrslunni. Fyrirliggjandi upplýsingar úr öðru mati, sem fer fram samkvæmt öðrum alþjóðlegum og innlendum áætlunum, skulu fylgja. Ef mat, sem fer fram samkvæmt lögum Bandalagsins (t.d. áhættumat sem er unnið samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 793/93), liggur fyrir og á við skal taka mið af því við gerð efnaöryggisskýrslunnar. Rökstyðja skal frávik frá slíku mati.
- Upplýsingarnar, sem taka skal mið af, varða hættur sem stafa af efninu, váhrif vegna framleiðslu eða innflutnings, tilgreinda notkun efnisins, notkunarskilyrði og ráðstafanir við áhættustjórnun sem gerðar eru eða mælt er með við eftirnotendur.
- Í samræmi við 3. lið í XI. viðauka er í sumum tilvikum e.t.v. ekki nauðsynlegt að afla þeirra upplýsinga sem skortir þar eð ráðstafanir við áhættustjórnun og notkunarskilyrði, sem eru nauðsynleg til að stjórna vel skilgreindri áhættu, geta einnig verið fullnægjandi til að stjórna öðrum hugsanlegum áhættum sem þarf því ekki að skilgreina nákvæmlega.
- Ef framleiðandinn eða innflytjandinn telur að frekari upplýsinga sé þörf við gerð efnaöryggisskýrslu sinnar og að einungis sé unnt að afla þessara upplýsinga með því að gera prófanir í samræmi við IX. eða X. viðauka skal hann leggja fram tillögu að prófunaráætlun þar sem hann útskýrir hvers vegna hann telur að þessar upplýsingar séu nauðsynlegar og skal hann skrá það í viðeigandi lið efnaöryggisskýrslunnar. Meðan hann bíður niðurstaðna úr frekari prófunum skal hann skrá í efnaöryggisskýrsluna og hafa með í uppsettri váhrifasviðsmynd þær bráðabirgðarástafanir við áhættustjórnun sem hann hefur þegar gert ásamt þeim sem hann mælir með við eftirnotendur í þeim tilgangi að hafa stjórn á áhættunni sem er verið að kanna.
- 0.6. Í efnaöryggismati, sem framleiðandi eða innflytjandi vinnur um tiltekið efni, skulu vera eftirfarandi þrep í samræmi við viðkomandi liði í þessum viðauka:
1. Mat á hættu fyrir heilbrigði manna.
 2. Mat á hættu fyrir heilbrigði manna af völdum eðlisefnafræðilegra eiginleika.

3. Mat á hættu fyrir umhverfið.
4. Mat á PBT-eiginleikum (þrávirkni, uppsöfnun í lífverum og eiturhrifum) og mat á vPvB-eiginleikum (mikilli þrávirkni og mikilli uppsöfnun í lífverum).

Ef framleiðandi eða innflytjandi kemst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli 1. til 4. þreps, að efni eða efnablanda uppfylli viðmiðanir fyrir flokkun sem hættulegt efni eða efnablanda í samræmi við tilskipun 67/548/EBE eða tilskipun 1999/45/EB eða teljist vera PBT-efni eða vPvB-efni, skal einnig taka mið af eftirfarandi þrepum við efnáöryggismatið:

5. Mat á váhrifum (Exposure Assessment)
 - 5.1. Uppsetning á váhrifsviðsmynd (exposure scenario) eða -myndum eða uppsetning flokka fyrir tilgreinda notkun og váhrifaflokka, ef við á.
 - 5.2. Reiknuð váhrif (Exposure estimation)
6. Áhættulýsing

Samantekt á öllum viðeigandi upplýsingum sem hafa verið notaðar til að fjalla um framangreinda liði skal sett fram í viðeigandi lið í efnáöryggiskýrslunni (7. lið).

- 0.7. Helsti þáttur þess hluta efnáöryggiskýrslunnar, er varðar váhrif, er lýsing á þeirri váhrifsviðsmynd eða -myndum, sem beitt er fyrir framleiðslu framleiðandans og fyrir eigin notkun framleiðanda eða innflytjanda, og þeim váhrifsviðsmyndum sem framleiðandi eða innflytjandi mælir með fyrir tilgreinda notkun.

Váhrifsviðsmynd er lýsing á því hvernig efnið er framleitt eða notað á vistferlinum og hvernig framleiðandinn eða innflytjandinn heldur í skefjum, eða ráðleggur eftirnotendum að halda í skefjum, váhrifum sem menn og umhverfi verða fyrir. Hún felur í sér lýsingu á þeim notkunarskilyrðum og ráðstöfunum við áhættustjórnun sem framleiðandi eða innflytjandi hefur gert eða mælir með að eftirnotendur geri.

Ef efnið er sett á markað skal viðkomandi váhrifsviðsmynd eða -myndir, þ.m.t. ráðstafanir við áhættustjórnun og notkunarskilyrði, koma fram í viðauka við öryggisblaðið í samræmi við II. viðauka.

- 0.8. Sú nákvæmni, sem krafist er í lýsingu á váhrifsviðsmynd, er mjög mismunandi í hverju tilviki fyrir sig og er hún háð notkun efnis, hættulegum eiginleikum þess og magni upplýsinga sem framleiðandinn eða innflytjandinn hefur aðgang að. Með váhrifsviðsmyndum er unnt að lýsa viðeigandi ráðstöfunum við áhættustjórnun fyrir ýmis mismunandi vinnsluferli eða margs konar notkun efnis. Váhrifsviðsmyndir geta því tekið til margs konar vinnsluferla eða notkunar. Vísa má til váhrifsviðsmynda, sem taka til margs konar vinnsluferla eða notkunar, sem váhrifaflokka. Frekari vísanir til váhrifsviðsmynda í þessum viðauka og II. viðauka taka einnig til váhrifaflokka, ef þeir eru fyrir hendi.
- 0.9. Þegar upplýsinga er ekki krafist í samræmi við XI. viðauka skal það koma fram í viðeigandi lið efnáöryggiskýrslunnar og skal vera vísun í rökstuðning þar að lútandi í tæknilegu málsskjölunum. Einnig skal koma fram á öryggisblaðinu ef engra upplýsinga er krafist.
- 0.10. Í tengslum við tiltekin áhrif, s.s. ósoneyðingu, ljósefnafræðilegan ósonmyndunarmátt, sterka lykt og bragðmengun, þar sem ekki er unnt að nota aðferðirnar sem tilgreindar eru í 1.-6. lið, skal meta áhættuna sem tengist fyrrgreindum áhrifum í hverju tilviki fyrir sig og skal framleiðandi eða innflytjandi láta fylgja ítarlega lýsingu og rökstuðning fyrir slíku mati í efnáöryggiskýrslunni ásamt samantekt á öryggisblaðinu.
- 0.11. Þegar metin er áhætta af notkun eins eða fleiri efna sem eru hluti sérstakrar efnablöndu (s.s. málmblöndu) skal taka tillit til þess hvernig efnisþættir tengjast í efniviðnum.
- 0.12. Ef aðferðirnar, sem lýst er í þessum viðauka, eiga ekki við skal gefa nákvæma lýsingu á öðrum aðferðum, sem eru notaðar, og leggja fram rökstuðning fyrir notkuninni í efnáöryggiskýrslunni.

- 0.13. Í A-hluta efnæryggisskýrslunnar skal vera yfirlýsing um að framleiðandi eða innflytjandi hafi gert þær ráðstafanir við áhættustjórnun, sem er lýst í viðeigandi váhrifasviðsmyndum fyrir eigin notkun framleiðanda eða innflytjanda, og að dreifingaraðilar og eftirnotendur fái upplýsingar um váhrifasviðsmyndirnar fyrir tilgreinda notkun á öryggisblöðunum.

1. MAT Á HÆTTU FYRIR HEILBRIGÐI MANNA

1.0. Inngangur

1.0.1. Markmiðið með mati á hættu fyrir heilbrigði manna skal vera:

- að ákvarða flokkun og merkingu efnis í samræmi við tilskipun 67/548/EBE og
- að ákvarða þau gildi fyrir váhrif á menn af völdum efnisins sem ekki skal farið yfir. Þessi váhrifagildi eru þekkt sem DNEL-gildi (gildi fyrir afleiðd áhrifaleysismörk).

1.0.2. Mat á hættu fyrir heilbrigði manna skal taka til þátta er varða eiturefnaferli (þ.e. upptöku, efnaskipti, dreifingu og útskilnað) efnisins og eftirfarandi flokka áhrifa: 1) bráðra áhrifa (bráð eiturrhif, erting og æting), 2) næmingar (sensitisation), 3) eiturrhifa við endurtekna skammta og 4) krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi og æxlunarskaðandi áhrifa (CMR-áhrif). Á grundvelli allra fyrirliggjandi upplýsinga skal taka önnur áhrif til athugunar þegar nauðsyn krefur.

1.0.3. Hættumatið skal ná yfir eftirfarandi fjögur þrep:

1. þrep: Mat á upplýsingum úr rannsóknum sem varða ekki menn
2. þrep: Mat á upplýsingum úr rannsóknum sem varða menn
3. þrep: Flokkun og merking
4. þrep: Afleiðsla DNEL-gilda

1.0.4. Fyrstu þrjú þrepin skulu unnin fyrir hver þau áhrif sem upplýsingar liggja fyrir um og skal skrá þau í viðeigandi lið í efnæryggisskýrslunni og, ef þess er krafist og í samræmi við 31. gr, skal samantekt vera á öryggisblaðinu í 2. og 11. lið.

1.0.5. Ef engar upplýsingar um áhrif liggja fyrir skal setja setninguna „Upplýsingar skortir“ í viðkomandi lið. Í tæknilegu málskjöllum skal vera rökstuðningur, þ.m.t. vísun í heimildaleit.

1.0.6. Vinna skal 4. þrepið í mati á hættu fyrir heilbrigði manna með því að samþætta niðurstöður úr fyrstu þremur þrepunum og skal skrá það í viðkomandi lið í efnæryggisskýrslunni og setja samantekt á því í lið 8.1 á öryggisblaðinu.

1.1. **1. þrep: Mat á upplýsingum úr rannsóknum sem varða ekki menn**

1.1.1. Mat á upplýsingum úr rannsóknum sem varða ekki menn skal ná yfir:

- hættugreiningu á áhrifum sem byggist á öllum fyrirliggjandi upplýsingum sem varða ekki menn,
- ákvörðun á meginlegum tengslum skammtastærðar (styrks) og svörunar (áhrifa).

1.1.2. Ef ekki reynist unnt að ákvarða meginleg tengsl skammtastærðar (styrks) og svörunar (áhrifa) skal rökstyðja það og gera greiningu, sem er að hálfu meginleg, eða eigindlega greiningu. Þegar um bráð áhrif er að ræða er t.d. yfirleitt ekki unnt að ákvarða meginleg tengsl skammtastærðar (styrks) og svörunar (áhrifa) á grundvelli niðurstaðna úr prófun sem er gerð í samræmi við prófunaraðferðirnar sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar eins og tilgreint er í 3. mgr. 13. gr. Í slíkum tilvikum nægir að ákvarða hvort og þá að hve miklu leyti efnið býr yfir eðliseiginleikum sem valda áhrifunum.

1.1.3. Allar upplýsingar úr rannsóknum, sem varða ekki menn og eru notaðar til að meta tiltekin áhrif á menn og til að ákvarða tengsl milli skammts (styrks) og svörunar (áhrifa), skulu settar fram í stuttu máli, í töflu eða töflum ef þess er kostur, þar sem greint er á milli upplýsinga úr rannsóknum í glasi, upplýsinga úr rannsóknum í líffi og annarra upplýsinga. Viðkomandi niðurstöður úr prófun (t.d. LD₅₀, NO(A)EL eða LO(A)EL) og prófunarskilyrði (t.d. tímalengd prófunar, íkomuleið) og aðrar viðkomandi upplýsingar skulu settar fram í alþjóðlega viðurkenndum mælieiningum fyrir viðkomandi áhrif.

- 1.1.4. Ef ein rannsókn liggur fyrir skal gera ítarlega rannsóknarsamantekt fyrir þá rannsókn. Ef nokkrar rannsóknir taka til sömu áhrifa, að teknu tilliti til mögulegra breytna (t.d. framkvæmdar, hæfni, mikilvægis tiltekinna dýrategunda í prófunum, gæði niðurstaðna o.s.frv.), skal að öllu jöfnu nota þá eða þær rannsóknir sem gefa tilefni til mestra áhyggja til að ákvarða DNEL-gildi og skal gera ítarlega rannsóknarsamantekt fyrir rannsóknina eða rannsóknirnar og skal hún vera hluti af tæknilegu málsskjölunum. Þörf er á ítarlegum samantektum yfir allar helstu heimildir sem notaðar eru í hættumatinu. Ef rannsóknin eða rannsóknirnar, sem gefa tilefni til mestra áhyggja, eru ekki notaðar skal rökstyðja það til fulls í tæknilegu málsskjölunum, ekki einungis að því er varðar þá rannsókn sem er notuð heldur einnig að því er varðar allar þær rannsóknir sem gefa tilefni til meiri áhyggja en rannsóknin sem er notuð. Mikilvægt er að taka tillit til gildis rannsóknarinnar, óháð því hvort hættur hafa verið greindar eða ekki.

1.2. **2. þrep: Mat á upplýsingum úr rannsóknum sem varða menn**

Ef engar upplýsingar liggja fyrir úr rannsóknum sem varða menn skal setja í þennan hluta yfirlýsinguna „Upplýsingar skortir úr rannsóknum sem varða menn“. Ef upplýsingar úr rannsóknunum, sem varða menn, liggja hins vegar fyrir skal greina frá þeim, í töfluformi ef kostur er.

1.3. **3. þrep: Flokkun og merking**

- 1.3.1. Gera skal grein fyrir og rökstyðja viðeigandi flokkun og merkingu sem er í samræmi við viðmiðanirnar í tilskipun 67/548/EBE. Tilgreina skal sértæk styrkleikamörk, þar sem við á, í samræmi við 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 67/548/EBE og 4.–7. gr. tilskipunar 1999/45/EB og þau skulu rökstudd ef þau eru ekki skráð í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE. Í matinu skal ávallt taka fram hvort efnið uppfyllir viðmiðanirnar í tilskipun 67/548/EBE fyrir efni, sem eru krabbameinsvaldar, stökkbreytivaldar eða æxlunarskaðvaldar (CMR-efni) í 1. og 2. flokki.

- 1.3.2. Ef upplýsingarnar eru ófullnægjandi til að ákvarða hvort flokka skuli efni með tilliti til tiltekins endapunkts skal skráningaraðilinn tilgreina og rökstyðja þær aðgerðir, sem hann hefur gripið til, eða ákvarðanir sem hann hefur tekið vegna þessa.

1.4. **4. þrep: Ákvörðun á DNEL-gildum (gildum fyrir afleidd áhrifaleysismörk)**

- 1.4.1. Á grundvelli niðurstaðna úr 1. og 2. þrepi skal ákvarða DNEL-gildi fyrir efnið sem endurspeglir líklega váhrifaleið eða -leiðir og tímalengd og tíðni váhrifa. Að því er varðar suma endapunkta, einkum stökkbreytandi og krabbameinsvaldandi áhrif, er e.t.v. ekki unnt að ákvarða viðmiðunarmörk og þar með DNEL-gildi á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga. Ef það er réttlætjanlegt á grundvelli váhrifasviðsmyndar eða -mynda getur eitt DNEL-gildi verið nóg. Hins vegar getur verið nauðsynlegt, með tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga og váhrifasviðsmyndar eða -mynda í 9. lið efnáöryggisskýrslunnar, að ákvarða mismunandi DNEL-gildi fyrir hvern viðkomandi hóp manna (t.d. starfsmenn, neytendur og þá sem líklegir eru til að verða fyrir óbeinum váhrifum frá umhverfinu) og hugsanlega fyrir tiltekna viðkvæma undirhópa (t.d. börn og þungaðar konur) og fyrir mismunandi váhrifaleiðir. Leggja skal fram fullnægjandi rök þar sem m.a. er greint frá vali á þeim upplýsingum sem notaðar eru, váhrifaleiðina (um munn, húð eða við innöndun) ásamt tímalengd og tíðni váhrifa af völdum efnisins sem DNEL-gildið á við um. Ef líklegt er að váhrifaleiðir séu fleiri en ein skal annars vegar ákvarða DNEL-gildi fyrir hverja váhrifaleið og hins vegar fyrir samanlögð váhrif fyrir allar váhrifaleiðir. Þegar DNEL-gildi er ákvarðað skal m.a. taka mið af:

- þeirri óvissu sem meðal annarra þátta stafar af breytilegum tilraunagögnum og fjölbreytni innan og milli dýrategunda,
- eðli og alvarleika áhrifanna,
- næmni (undir)hópa manna sem megindlegar og/eða eigindlegar upplýsingar um váhrif eiga við um.

- 1.4.2. Ef ekki er gerlegt að ákvarða DNEL-gildi skal það tekið skilmerkilega fram og skýrt með fullgildum rökum.

2. **EDLISEFNAFRÆÐILEGT HÆTTUMAT**

- 2.1. Markmiðið með hættumati í tengslum við eðlisefnaræðilega eiginleika skal vera að ákvarða flokkun og merkingu efnis í samræmi við tilskipun 67/548/EBE.

- 2.2. Meta skal möguleg áhrif á heilbrigði manna að því er varðar a.m.k. eftirfarandi eðlisefnaræðilega eiginleika:

- sprengifimi,
- eldfimi,
- eldnærandi eiginleika.

Ef upplýsingarnar eru ófullnægjandi til að ákvarða hvort flokka skuli efni með tilliti til tiltekins endapunkts skal skráningaraðilinn tilgreina og rökstyðja þær aðgerðir, sem hann hefur gripið til, eða ákvarðanir sem hann hefur tekið vegna þessa.

- 2.3. Gera skal grein fyrir matinu á hverjum áhrifum um sig í viðeigandi lið í efnaöryggisskýrslunni (7. liður) og, ef þess er krafist og í samræmi við 31. gr., skal samantekt vera í 2. og 9. lið á öryggisblaðinu.
- 2.4. Matið skal fela í sér, að því er varðar hvern eðlisefnafræðilegan eiginleika, mat á eðliseiginleikum efnisins sem valda áhrifunum sem leiða af framleiðslu þess og tilgreindri notkun.
- 2.5. Gera skal grein fyrir og rökstyðja viðeigandi flokkun og merkingu sem er í samræmi við viðmiðanir í tilskipun 67/548/EBE.
3. MAT Á HÆTTU FYRIR UMHVERFIÐ
- 3.0. **Inngangur**
- 3.0.1. Markmiðið með mati á hættu fyrir umhverfið skal vera að fastsetja flokkun og merkingu efnis í samræmi við tilskipun 67/548/EBE og að ákvarða þann styrkleika efnis sem vænta má að hafi ekki skaðleg áhrif í viðkomandi visthvoli (environmental sphere). Þessi styrkur nefnist styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg (PNEC: predicted no-effect concentration).
- 3.0.2. Í mati á hættu fyrir umhverfið skal veða og meta hugsanleg áhrif á umhverfið, sem skiptist í 1) vatnsrænt umhverfishólf, þ.m.t. set, 2) jarðrænt umhverfishólf og 3) loftætt umhverfishólf, þ.m.t. hugsanleg áhrif sem geta orðið 4) við uppsöfnun í fæðukeðju. Að auki skal veða og meta hugsanleg áhrif á 5) örverufræðilega virkni skólphreinsikerfa. Gera skal grein fyrir matinu á áhrifum hvers þessara fimm vistholva í viðkomandi lið efnaöryggisskýrslunnar (7. liður) og, ef þess er krafist og í samræmi við ákvæði 31. gr., skal samantekt vera á öryggisblaðinu í 2. og 12. lið.
- 3.0.3. Ef engar upplýsingar um áhrif á visthvolfin liggja fyrir skal setja setninguna „Upplýsingar skortir“ fyrir hvert hvolfanna í viðkomandi lið í efnaöryggisskýrslunni. Í tæknilegu málsskjölunum skal vera rökstuðningur, þ.m.t. vísun í heimildaleit. Að því er varðar visthvolfa, sem upplýsingar liggja fyrir um en þar sem framleiðandi eða innflytjandi telur að ekki sé nauðsynlegt að framkvæma hættumat, skal framleiðandinn eða innflytjandinn setja fram rökstuðning, með tilvísun í viðeigandi upplýsingar, í viðkomandi lið í efnaöryggisskýrslunni (7. liður) og, ef þess er krafist og í samræmi við 31. gr., samantekt í 12. lið á öryggisblaðinu.
- 3.0.4. Hættumatið skal ná yfir eftirfarandi þrjú þrep og þau skulu tilgreind á skýran hátt í efnaöryggisskýrslunni.
1. þrep: Mat á upplýsingum
2. þrep: Flokkun og merking
3. þrep: Afleiðsla PNEC-gildis
- 3.1. 1. þrep: Mat á upplýsingum
- 3.1.1. Mat á öllum fyrirbyggjandi upplýsingum skal ná yfir:
- hættugreiningu sem byggist á öllum fyrirbyggjandi upplýsingum,
 - ákvörðun á meginlegum tengslum skammtastærðar (styrks) og svörunar (áhrifa).
- 3.1.2. Ef ekki reynist unnt að ákvarða meginleg tengsl skammtastærðar (styrks) og svörunar (áhrifa) skal rökstyðja það og gera greiningu, sem er að hálfu meginleg, eða eiginlega greiningu.
- 3.1.3. Allar upplýsingar, sem notaðar eru til að meta áhrifin á tiltekin visthvolfa, skulu tilgreindar í stuttu máli, í töfluformi ef þess er kostur. Viðkomandi niðurstöður úr prófun (t.d. LC₅₀-gildi (gildi fyrir miðbanastyrk) eða NOEC-gildi (gildi fyrir styrk sem hefur engin merkjanleg áhrif)) og prófunarskilyrði (t.d. lengd prófunar, íkomuleið) og aðrar viðkomandi upplýsingar skulu settar fram í alþjóðlega viðurkenndum mælieiningum fyrir viðkomandi áhrif.

- 3.1.4. Allar upplýsingar, sem notaðar eru til að meta afdrif efnisins í umhverfinu, skulu tilgreindar í stuttu máli, í töfluformi ef þess er kostur. Viðkomandi niðurstöður úr prófun, prófunarskýrði og aðrar viðkomandi upplýsingar skulu settar fram í alþjóðlega viðurkenndum mælieiningum fyrir viðkomandi áhrif.
- 3.1.5. Ef ein rannsókn liggur fyrir skal gera ítarlega rannsóknarsamantekt fyrir þá rannsókn. Ef tvær eða fleiri rannsóknir taka til sömu áhrifa skal draga ályktanir á grundvelli þeirrar rannsóknar eða þeirra rannsókna, sem gefa tilefni til mestra áhyggja, gera skal ítarlega rannsóknarsamantekt fyrir rannsóknina eða rannsóknirnar og skal hún höfð með í tæknilegu málsskjölunum. Þörf er á ítarlegum samantektum yfir öll lykilgögn sem notuð eru í hættumatinu. Ef rannsóknin eða rannsóknirnar, sem gefa tilefni til mestra áhyggja, eru ekki notaðar skal rökstyðja það til fulls í tæknilegu málsskjölunum, ekki einungis að því er varðar þá rannsókn sem er notuð heldur einnig að því er varðar allar þær rannsóknir sem gefa tilefni til meiri áhyggja en rannsóknin sem er notuð. Að því er varðar efni þar sem engin fyrirbyggjandi rannsókn bendir til hættu skal fara fram heildarmat á gildi allra rannsókna.

3.2. 2. þrep: Flokkun og merking

- 3.2.1. Gera skal grein fyrir og rökstyðja viðeigandi flokkun og merkingu sem er í samræmi við viðmiðanirnar í tilskipun 67/548/EBE. Tilgreina skal sértæk styrkleikamörk, þar sem við á, í samræmi við 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 67/548/EBE og 4.–7. gr. tilskipunar 1999/45/EB, og þau skulu rökstudd ef þau eru ekki skráð í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE.
- 3.2.2. Ef upplýsingarnar eru ófullnægjandi til að ákvarða hvort flokka skuli efni með tilliti til tiltekins endapunkts skal skráningaraðilinn tilgreina og rökstyðja þær aðgerðir, sem hann hefur gripið til, eða ákvarðanir sem hann hefur tekið vegna þessa.

3.3. 3. þrep: Ákvörðun á PNEC-gildum (gildum fyrir styrk þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg)

- 3.3.1. Ákvarða skal PNEC-gildi á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga um hvert visthólf. Reikna má PNEC-gildin með því að nota viðeigandi matsstuðul fyrir áhrifagildin (t.d. LC₅₀-gildi eða NOEC-gildi). Matsstuðull segir til um muninn á áhrifagildunum, sem fást fyrir takmarkaðan fjölda dýrategunda í prófunum á rannsóknarstofu, og PNEC-gildunum fyrir visthólfið⁽¹⁾.
- 3.3.2. Ef ekki er gerlegt að ákvarða PNEC-gildi skal það tekið skilmerkilega fram og skýrt með fullgildum rökum.

4. MAT Á PBT-EIGINLEIKUM (þrávirkni, uppsöfnun í lífverum og eiturhrifum) og vPvB-EIGINLEIKUM (mikilli þrávirkni og uppsöfnun í lífverum)

4.0. Inngangur

- 4.0.1. Markmiðið með mati á PBT- og vPvB-eiginleikum er að ákvarða hvort efnið uppfylli viðmiðanirnar í XIII. viðauka og, ef svo er, að lýsa mögulegri losun efnisins. Hvorki er unnt að framkvæma hættumat, í samræmi við 1. og 3. lið þessa viðauka sem tekur til allra langtímaáhrifa, né mat á langtímaáhrifum á menn og umhverfið, í samræmi við 2. þrep (Reiknuð váhrif) í 5. lið (Mat á váhrifum), með nægilega áreiðanlegum hætti að því er varðar efni sem uppfylla PBT- og vPvB-viðmiðanirnar í XIII. viðauka. Því er þörf á sérstöku mati á PBT- og vPvB-eiginleikum.
- 4.0.2. Mat á PBT- og vPvB-eiginleikum skal ná yfir eftirfarandi tvö þrep sem skulu tilgreind á skýran hátt í 8. lið B-hluta í efnaöryggisskýrslunni:

1. þrep: Samanburður við viðmiðanirnar

2. þrep: Lýsing á losun

Einnig skal setja samantekt um matið í 12. lið á öryggisblaðinu.

4.1. 1. þrep: Samanburður við viðmiðanirnar

Þessi hluti af matinu á PBT- og vPvB-eiginleikum skal fela í sér samanburð fyrirbyggjandi upplýsinga, sem lagðar eru fram sem hluti af tæknilegu málsskjölunum, við viðmiðanirnar í XIII. viðauka og yfirlýsingu um hvort efnið uppfylli viðmiðanirnar.

Ef fyrirbyggjandi upplýsingar eru ekki fullnægjandi til að ákvarða hvort efnið uppfylli viðmiðanirnar í XIII. viðauka skal taka mið af öðrum vísbendingum í hverju tilviki fyrir sig, s.s. vöktunargögnum sem eru aðgengileg skráningaraðilanum og gefa tilefni til jafnmikilla áhyggja.

⁽¹⁾ Almennt gildir að því umfangsmeiri sem gögnin eru og því lengur sem tilraunir standa yfir þeim mun minni verður óvissan svo og matsstuðullinn. Ef matsstuðullinn er 1000 er hann að jafnaði notaður fyrir hið lægsta af þremur gildum fyrir L(E)C₅₀ (miðgildisáhrif/miðgildisbanastyrk) sem fást í skammtímarannsóknum á dýrategundum á mismunandi fæðuþrepum og stuðullinn 10 er notaður fyrir hið lægsta af þremur gildum fyrir NOEC (styrk sem hefur engin merkanleg áhrif) sem fást í langtímarannsóknum á dýrategundum á mismunandi fæðuþrepum.

Ef tæknilegu málsskjölin fyrir einn eða fleiri endapunkta innihalda einungis upplýsingarnar sem krafist er í VII. og VIII. viðauka skal skráningaraðilinn taka mið af upplýsingum sem varða skimin eftir P-, B- og T-eiginleikum (þrávirkni (P), uppsöfnun í lífverum (B) og eiturrifum (T)) til að ákveða hvort afla þurfi frekari upplýsinga til að ná markmiðinu með mati á PBT- og vPvB-eiginleikum. Ef frekari upplýsinga er þörf og öflun þeirra krefst þess að gerðar séu tilraunir á hryggdýrum skal skráningaraðilinn leggja fram tillögu að prófunaráætlun. Hins vegar er ekki nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga ef skráningaraðilinn gerir eða mælir með fullnægjandi ráðstöfunum við áhættustjórnun og notkunarskilyrðum sem heimila undanþágur skv. 3. lið XI. viðauka frá prófunum sem varða mat á PBT- og vPvB-eiginleikum.

4.2. 2. þrep: Lýsing á losun

Ef efnið uppfyllir viðmiðanirnar skal taka saman lýsingu á losun sem tekur til viðeigandi hluta matsins á váhrifum sem lýst er í 5. lið. Lýsingin skal einkum fela í sér áætlað magn efnisins, sem er losað út í mismunandi umhverfshólf (environmental compartment) í allri starfsemi framleiðanda eða innflytjanda og við alla tilgreinda notkun, ásamt greiningu á líklegum leiðum váhrifa á menn og umhverfi af völdum efnisins.

5. MAT Á VÁHRIFUM

5.0. Inngangur

Markmiðið með mati á váhrifum skal vera megindelegur eða eigindlegur útreikningur á þeim skammti/styrk efnisins sem menn og umhverfið geta orðið fyrir váhrifum af. Við matið skal taka tillit til allra vistferilskeiða efnisins sem fylgja í kjölfarið á framleiðslu þess og tilgreindri notkun og matið skal taka til allra váhrifa sem geta tengst hættunum sem eru tilgreindar í 1 til 4. lið. Matið á váhrifum skal taka til beggja eftirfarandi þrepa og þau skulu tilgreind á skýran hátt í efnaöryggisskýrslunni:

1. þrep: Uppsetning á váhrifasviðsmynd eða -myndum eða uppsetning flokka fyrir tilgreinda notkun eða váhrifaflokka.
2. þrep: Reiknuð váhrif.

Ef þess er krafist skal einnig tilgreina váhrifasviðsmyndina í viðauka við öryggisblaðið í samræmi við 31. gr.

5.1. 1. þrep: Uppsetning váhrifasviðsmynda

- 5.1.1. Setja skal upp váhrifasviðsmyndir eins og lýst er í liðum 0.7 og 0.8. Váhrifasviðsmyndir eru grunnrinn að efnaöryggismatsferlinu. Efnaöryggismatsferlið getur verið útrekunarferli. Fyrsta matið byggist á þeim lágmarksupplýsingum, sem krafist er, og öllum fyrirbyggjandi upplýsingum um hættu ásamt útreikningi á váhrifum sem samsvarar fyrstu ályktunum um notkunarskilyrði og ráðstöfunum við áhættustjórnun (fyrsta váhrifasviðsmynd). Ef fyrstu ályktanir leiða til áhættulýsingar sem gefur til kynna að áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið sé ekki haldið í skefjum á fullnægjandi hátt er nauðsynlegt að hefja útrunarferli þar sem einum eða fleiri þáttum í mati á hættu eða váhrifum er breytt unnt er að sýna fram á fullnægjandi áhættustjórnun. Umbætur á hættumati geta útheimt að aflag sé frekari upplýsinga um hættu. Umbætur á mati á váhrifum geta falið í sér viðeigandi breytingu á notkunarskilyrðum eða ráðstöfunum við áhættustjórnun í váhrifasviðsmyndinni eða nákvæmari útreikning á váhrifum. Greina skal frá váhrifasviðsmyndinni, sem er afrakstur af lokafruninni (endanleg váhrifasviðsmynd), í efnaöryggisskýrslunni og skal hún fylgja öryggisblaðinu í samræmi við 31. gr.

Greina skal frá endanlegu váhrifasviðsmyndinni í viðeigandi lið í efnaöryggisskýrslunni og hún höfð með í viðauka við öryggisblaðið með viðeigandi stuttum titli þar sem gefin er stutt, almenn lýsing á notkun, sbr. lið 3.5 í VI. viðauka. Váhrifasviðsmyndir skulu taka til allra framleiðenda í Bandalaginu og allrar tilgreindrar notkunar.

Váhrifasviðsmynd felur einkum í sér, ef við á, lýsingu á eftirfarandi:

Notkunarskilyrði

- vinnsluferli sem koma við sögu, þ.m.t. eðlisástand efnisins við framleiðslu, vinnslu og/eda notkun,
- atferli starfsmanna, sem tengist vinnsluferlinu, og tímalengd og tíðni váhrifa sem þeir verða fyrir af völdum efnisins,
- atferli neytenda og tímalengd og tíðni váhrifa sem þeir verða fyrir af völdum efnisins,

- tímalengd og tíðni losunar efnisins í mismunandi umhverfishólf og skólphreinsikerfi og þynning í viðtökuhólfinu.

Ráðstafanir við áhættustjórnun

- ráðstafanir við áhættustjórnun til að draga úr eða koma í veg fyrir bein og óbein váhrif á menn (þ.m.t. starfsmenn og neytendur) og á mismunandi umhverfishólf af völdum efnisins,
 - ráðstafanir í tengslum við meðhöndlun úrgangs til að draga úr eða koma í veg fyrir váhrif á menn og umhverfið af völdum efnisins við förgun og/eða endurvinnslu úrgangs.
- 5.1.2. Þegar framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi sækir um leyfi fyrir sérstakri notkun þarf einungis að setja upp váhrifasviðsmyndir fyrir þá notkun og síðari vistferilskeið.

5.2. 2. þrep: Reiknuð váhrif

- 5.2.1. Váhrifin skulu reiknuð fyrir hverja uppsetta váhrifasviðsmynd og skal lýsa þeim í viðeigandi lið í efnaöryggisskýrslunni og samantekt skal, ef þess er krafist og í samræmi við 31. gr., vera í viðauka við öryggisblaðið. Útreikningur á váhrifum skal taka til þriggja þátta: 1) útreiknings á losun, 2) mats á afdrifum efna, útbreiðslu og dreifingarleiðum og 3) mats á umfangi váhrifa.
- 5.2.2. Við útreikning á losun skal veða og meta losun á öllum viðkomandi vistferilskeiðum efnisins, sem fylgja í kjölfarið á framleiðslu þess, og öllum liðum í tilgreindu notkuninni. Vistferilskeiðin, sem fylgja í kjölfarið á framleiðslu efnisins, taka, eftir því sem við á, til úrgangsskeiðsins. Vistferilskeiðin, sem fylgja í kjölfarið á tilgreindu notkuninni, skulu, eftir því sem við á, taka til endingartíma hluta og úrgangsskeiðsins. Við útreikning á losun skal gengið út frá því að gerðar hafi verið þær ráðstafanir við áhættustjórnun, sem lýst er í váhrifasviðsmyndinni, og að þau notkunarskilyrði séu fyrir hendi sem þar er lýst.
- 5.2.3. Taka skal saman lýsingu á hugsanlegu niðurbroti, ummyndun eða efnahvörfum og reikna dreifingu og afdrif í umhverfinu.
- 5.2.4. Reikna skal umfang váhrifa fyrir alla þjóðfélagshópa (starfsmenn, neytendur og þá sem líklegir eru til að verða fyrir óbeinum váhrifum frá umhverfinu) og öll visthólf þar sem vitað er að efnið veldur váhrifum eða váhrif eru með nokkurri vissu fyrirsjáanleg. Fjalla skal um allar viðkomandi íkomuleiðir sem geta valdið váhrifum á menn (innöndun, um munn eða húð og samsetningu allra váhrifaleiða og váhrifaupptaka). Við slíkan útreikning skal tekið tillit til breytinga í umhverfi og tíma að því er varðar váhrifamynstrið. Við útreikning á váhrifum skal einkum hafa hlidsjón af:
- nákvæmum, dæmigerðum mæligögnum um váhrif,
 - helstu óhreinindum og íblöndunarefnum í efninu,
 - magninu sem efnið er framleitt og/eða innflutt í,
 - magninu fyrir hverja tilgreinda notkun,
 - áhættustjórnun sem er beitt eða mælt með, þ.m.t. umfang aflokunar,
 - tímalengd og tíðni váhrifa í samræmi við notkunarskilyrði,
 - atferli starfsmanna, sem tengist vinnsluferlinu, og tímalengd og tíðni váhrifa sem þeir verða fyrir af völdum efnisins,
 - atferli neytenda og tímalengd og tíðni váhrifa sem þeir verða fyrir af völdum efnisins,
 - tímalengd og tíðni losunar efnisins í mismunandi umhverfishólf og þynningu í viðtökuhólfinu,

- eðlisefnafræðilegum eiginleikum efnisins,
 - ummyndunar- og/eða niðurbrotsefnum,
 - líklegum váhrifaleiðum og möguleika á upptöku hjá mönnum,
 - líklegum dreifingarleiðum í umhverfið og útbreiðslu í umhverfinu og niðurbroti og/eða ummyndun (sjá einnig 1. þrep í 3. lið),
 - umfangi váhrifa (landfræðilegt),
 - losun/flæði efnisins, sem ræðst af efniviðnum.
- 5.2.5. Ef nákvæm, dæmigerð mæligögn um váhrif liggja fyrir skal taka sérstakt tillit til þeirra þegar mat á váhrifum fer fram. Nota má viðeigandi líkön til þess að reikna umfang váhrifanna. Einnig má taka tillit til vöktunargagna sem skipta máli og varða efni sem eru hlíðstæð, að því er varðar notkun og váhrif, eða búa yfir sambærilegum eiginleikum.
6. ÁHÆTTULÝSING
- 6.1. Áhættulýsing skal gerð fyrir hverja váhrifasviðsmynd og skal gera grein fyrir henni í viðeigandi lið í efnaöryggisskýrslunni.
- 6.2. Áhættulýsingin skal taka mið af þjóðfélagshópum (sem verða fyrir váhrifum sem starfsmenn eða sem neytendur eða fyrir óbeinum váhrifum frá umhverfinu og, ef við á, samblandi af þessum váhrifum) og visthvolfum þar sem vitað er að efnið veldur váhrifum eða váhrif eru með nokkurri vissu fyrirsjáanleg, á þeirri forsendu að ráðstafanirnar við áhættustjórnun, sem lýst er í váhrifasviðsmyndunum í 5. lið, hafi verið gerðar. Að auki skal endurskoða heildaráhættu, sem umhverfinu stafar af efninu, með því að samþætta niðurstöður heildarsleppingar, -losunar og -taps frá öllum upptökum til allra umhverfishólfa.
- 6.3. Áhættulýsingin felur í sér:
- samanburð á váhrifum á hvern þjóðfélagshóp, sem vitað er eða líklegt er að verði fyrir váhrifum, við viðeigandi DNEL-gildi,
 - samanburð á áætluðum umhverfisstyrk í hverju visthvolfi við PNEC-gildin og
 - mat á líkum og alvarleika atburðar sem verður vegna eðlisefnafræðilegra eiginleika efnisins.
- 6.4. Fyrir hverja váhrifasviðsmynd skal líta svo á að áhættu, sem stafar af framleiðslu efnisins eða tilgreindri notkun þess, fyrir menn og umhverfið, sé haldið nægilega vel í skefjum allan vistferil efnisins ef:
- umfang váhrifa, sem reiknuð eru í lið 6.2, fara ekki yfir viðeigandi DNEL-gildi, sem ákvörðuð eru í 1. lið, eða PNEC-gildi, sem ákvörðuð eru í 3. lið, og
 - líkur og alvarleiki atburðar vegna eðlisefnafræðilegra eiginleika efnisins, sem ákvarðaður er í 2. lið, eru óveruleg.
- 6.5. Að því er varðar þau áhrif á menn og visthvolf, þar sem ekki var mögulegt að ákvarða DNEL- eða PNEC-gildi, skal fara fram eigindlegt mat á líkunum á því að unnt sé að koma í veg fyrir áhrifin þegar váhrifasviðsmyndinni er beitt.
- Þegar um er að ræða efni, sem uppfylla PBT- og vPvB-viðmiðanirnar, skal framleiðandinn eða innflytjandinn nota upplýsingarnar, sem aflað er í 2. þrepi í 5. lið, þegar hann gerir ráðstafanir við áhættustjórnun á athafnasvæði sínu og mælir með slíkum ráðstöfunum við eftirnotendur enda dragi ráðstafanirnar, allan vistferil efnisins sem fylgir framleiðslu þess eða tilgreindri notkun, úr váhrifum og losun sem hefur áhrif á menn og umhverfi.

7. SNID EFNAÖRYGGISSKÝRSLUNNAR

Í efnaöryggisskýrslunni skulu vera eftirfarandi liðir:

SNID EFNAÖRYGGISSKÝRSLUNNAR	
A-HLUTI	
1.	SAMANTEKT UM RÁDSTAFANIR VIÐ ÁHÆTTUSTJÓRNUN
2.	YFIRLÝSING ÞESS EFNIS AÐ GERÐAR HAFI VERIÐ RÁDSTAFANIR VIÐ ÁHÆTTUSTJÓRNUN
3.	YFIRLÝSING ÞESS EFNIS AÐ TILKYNNNT HAFI VERIÐ UM RÁDSTAFANIR VIÐ ÁHÆTTUSTJÓRNUN
B-HLUTI	
1.	AUÐKENNI EFNISINS OG EDLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR ÞESS
2.	FRAMLEIÐSLA OG NOTKUN
2.1.	Framleiðsla
2.2.	Tilgreind notkun
2.3.	Notkun sem ráðið er frá
3.	FLOKKUN OG MERKING
4.	EIGINLEIKAR SEM VARÐA AFDRIF EFNISINS Í UMHVERFINU
4.1.	Niðurbrot
4.2.	Dreifing í umhverfinu
4.3.	Uppsöfnun í lífverum
4.4.	Fylgjeitrun
5.	MAT Á HÆTTU FYRIR HEILBRIGDI MANNA
5.1.	Eiturefnaferli (upptaka, efnaskipti, dreifing og losun)
5.2.	Bráð eiturhrif
5.3.	Ertandi áhrif
5.3.1.	Húð
5.3.2.	Augu
5.3.3.	Öndunarvegur
5.4.	Ætandi áhrif
5.5.	Næming
5.5.1.	Húð
5.5.2.	Öndunarfæri
5.6.	Eiturhrif við endurtekna skammta
5.7.	Stökkbreytandi áhrif
5.8.	Krabbameinsvaldandi áhrif
5.9.	Skaðleg áhrif á æxlun
5.9.1.	Áhrif á frjósemi
5.9.2.	Skaðleg áhrif á þroskun
5.10.	Önnur áhrif
5.11.	Afleiðsla DNEL-gildis eða -gilda

SNÍÐ EFNAÖRYGGISSKÝRSLUNNAR

6. MAT Á HÆTTU FYRIR HEILBRIGÐI MANNA AF VÖLDUM EDLISEFNAFRÆÐILEGRA EIGINLEIKA
 - 6.1. Sprengifimi
 - 6.2. Eldfimi
 - 6.3. Eldnærandi eiginleikar
7. MAT Á HÆTTU FYRIR UMhverfið
 - 7.1. Vatnsrænt umhverfishólf (þ.m.t. set)
 - 7.2. Landrænt umhverfishólf
 - 7.3. Loftrænt umhverfishólf
 - 7.4. Örverufræðileg virkni í skólphreinsikerfum
8. MAT Á PBT- OG vPvB-EIGINLEIKUM
9. MAT Á VÁHRIFUM
 - 9.1. [Heiti á 1. váhrifasviðsmynd]
 - 9.1.1. Váhrifasviðsmynd
 - 9.1.2. Reiknuð váhrif
 - 9.2. [Heiti á 2. váhrifasviðsmynd]
 - 9.2.1. Váhrifasviðsmynd
 - 9.2.2. Reiknuð váhrif

[o.s.frv.]
10. ÁHÆTTULÝSING
 - 10.1. [Heiti á 1. váhrifasviðsmynd]
 - 10.1.1. Heilbrigði manna
 - 10.1.1.1. Starfsmenn
 - 10.1.1.2. Neytendur
 - 10.1.1.3. Óbein váhrif á menn frá umhverfinu
 - 10.1.2. Umhverfi
 - 10.1.2.1. Vatnsrænt umhverfishólf (þ.m.t. set)
 - 10.1.2.2. Landrænt umhverfishólf
 - 10.1.2.3. Loftrænt umhverfishólf
 - 10.1.2.4. Örverufræðileg virkni í skólphreinsikerfum
 - 10.2. [Heiti á 2. váhrifasviðsmynd]
 - 10.2.1. Heilbrigði manna
 - 10.2.1.1. Starfsmenn
 - 10.2.1.2. Neytendur
 - 10.2.1.3. Óbein váhrif á menn frá umhverfinu

SNID EFNAÖRYGGISSKÝRSLUNNAR	
10.2.2.	Umhverfi
10.2.2.1.	Vatnsrænt umhverfishólf (þ.m.t. set)
10.2.2.2.	Landrænt umhverfishólf
10.2.2.3.	Loftrænt umhverfishólf
10.2.2.4.	Örverufræðileg virkni í skólphreinsikerfum
	[o.s.frv.]
10.x.	Heildaráhrif (samlögð váhrif vegna hvers kyns upptöku losunar/sleppingar sem skiptir máli)
10.x.1.	Heilbrigði manna (samlögð váhrif fyrir allar váhrifaleiðir)
10.x.1.1.	
10.x.2.	Umhverfi (samlögð áhrif fyrir öll losunarpptök)
10.x.2.1.	

II. VIÐAUKI

LEIÐBEININGAR UM SAMANTEKT ÖRYGGISBLAÐA

Í þessum viðauka eru settar fram kröfur varðandi öryggisblaðið sem er lagt fram fyrir efni eða efnablöndu í samræmi við 31. gr. Með öryggisblaðinu er komið á aðferð við að senda viðeigandi öryggisupplýsingar um flokkuð efni og efnablöndur, þ.m.t. upplýsingar úr viðkomandi efnaöryggisskýrslu eða -skýrslum, niður eftir aðfangakeðjunni til næsta eftirtotanda eða eftirtotanda. Upplýsingarnar, sem koma fram á öryggisblaðinu, skulu vera í samræmi við upplýsingarnar í efnaöryggisskýrslunni sé hennar krafist. Ef efnaöryggisskýrsla hefur verið tekin saman skal tilgreina viðeigandi váhrifasviðsmynd eða -myndir í viðauka við öryggisblaðið þannig að auðveldara sé að vísa til þeirra í viðeigandi liðum á öryggisblaðinu.

Markmiðið með þessum viðauka er að tryggja samræmi og nákvæmni í efni allra lögboðinna liða, sem eru tilgreindir í 31. gr., þannig að öryggisblöðin, sem unnin eru samkvæmt þeim, geri notendum þeirra kleift að grípa til nauðsynlegra ráðstafana sem lúta að heilsu- og öryggisvernd á vinnustöðum og umhverfisvernd.

Upplýsingar á öryggisblöðum skulu einnig standast kröfurnar, sem eru settar fram í tilskipun 98/24/EB, um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifaalda á vinnustað. Einkum skulu öryggisblöðin gera vinnuveitanda kleift að ákvarða hvort einhverjir hættulegir, efnafræðilegir áhrifaaldar séu á vinnustaðnum og meta áhættu fyrir heilsu og öryggi starfsmanna sem tengist notkun þeirra.

Upplýsingarnar á öryggisblaðinu skulu ritaðar á skýran og gagnorðan hátt. Þar til bær aðili skal útbúa öryggisblaðið og skal hann taka tillit til sérstakra þarfa notenda þess, eftir því sem vitað er um þær. Aðilar, sem setja efni og efnablöndur á markað, skulu sjá til þess að þar til bærir aðilar hafi fengið viðeigandi hjálfun, þ.m.t. upprifunarbálfun.

Að því er varðar efnablöndur, sem eru ekki flokkaðar sem hættulegar en þar sem öryggisblaðs er krafist í samræmi við 31. gr., skal veita viðeigandi upplýsingar í hverjum lið.

Í sumum tilvikum kann að vera þörf á viðbótarupplýsingum í ljósi fjölbreytilegra eiginleika efnanna og efnablöndanna. Ef í ljós kemur að upplýsingar um tiltekna eiginleika þjóna engum tilgangi eða ef teknilega er ógerlegt að afla þeirra skulu ástæður þess koma fram á skýran hátt í hverjum lið. Veita skal upplýsingar um alla hættulega eiginleika. Ef tekið er fram að ekki sé um að ræða sérstaka hættu skal greina skýrt á milli tilvika, þar sem flokkunaraðili hefur upplýsingar ekki tiltækar, og tilvika þar sem neikvæðar prófunarniðurstöður liggja fyrir.

Útgáfudagur öryggisblaðsins skal vera á fyrstu síðu. Þegar lokið hefur verið við að endurskoða öryggisblað skal viðtakanda tilkynnt um breytingarnar og það tilgreint sem „Endurskoðun: (dags).“.

Athugasemd

Einnig er krafist öryggisblaða fyrir sérstök efni og efnablöndur (t.d. gegnheila málma, málmblöndur, þjappaðar lofttegundir o.s.frv.), sem tilgreind eru í 8. og 9. kafla í VI. viðauka við tilskipun 67/548/EBE, þar sem gefnar hafa verið undanþágur að því er varðar merkingar.

1. AÚÐKENNING EFNISINS EÐA EFNABLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS EÐA FYRIRTÆKISINS

1.1. **Auðkenning efnisins eða efnablöndunnar**

Heitið, sem notað er til auðkenningar, skal vera hið sama og það sem ritað er á merkimiðann eins og mælt er fyrir um í VI. viðauka við tilskipun 67/548/EBE.

Að því er varðar skráningarskyld efni skal heitið vera í samræmi við það sem tilgreint er við skráningu og skal einnig tilgreina skráningarnúmerið sem er úthlutað skv. 1. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar.

Nota má aðrar tiltækar aðferðir við auðkenningu.

1.2. **Notkun efnisins eða efnablöndunnar**

Tilgreina skal notkun efnisins eða efnablöndunnar, eftir því sem vitað er. Þegar notkunarmöguleikar eru margir þarf aðeins að tilgreina þá mikilvægustu eða algengustu. Þessu skal fylgja stutt lýsing á því til hvers það er notað, t.d. lagavarnarefni, þráavarnarefni o.s.frv.

Ef efnaöryggisskýrslu er krafist skal öryggisblaðið hafa að geyma upplýsingar um alla tilgreinda notkun sem skiptir máli fyrir viðtakanda öryggisblaðsins. Þessar upplýsingar skulu vera í samræmi við tilgreinda notkun og þær váhrifasviðsmyndir sem eru settar fram í viðaukanum við öryggisblaðið.

1.3. **Auðkenning félags eða fyrirtækis**

Tilgreina skal aðilann sem ber ábyrgð á að setja efnið eða efnablönduna á markað í Bandalaginu, hvort sem það er framleiðandinn, innflytjandinn eða dreifingaraðilinn. Tilgreina skal fullt heimilisfang og símanúmer þessa aðila auk tölvupóstfangs þar til bærð aðila sem ber ábyrgð á öryggisblaðinu.

Þegar þessi aðili er ekki staðsettur í aðildarríkinu þar sem efnið eða efnablandan er sett á markað skal auk þess tilgreina fullt heimilisfang og símanúmer aðilans sem er ábyrgur í því aðildarríki, ef unnt er.

Að því er varðar skráningaraðila skal sá aðili, sem er tilgreindur, svara til upplýsinganna um framleiðandann eða innflytjandann í skráningarskjölunum.

1.4. **Neyðarsími**

Auk framangreindra upplýsinga skal tilgreina neyðarsímanúmer félagsins og/eða viðkomandi, opinbers ráðgjafaraðila (það kann að vera aðilinn sem er ábyrgur fyrir viðtöku upplýsinga er varða heilsu og sem um getur í 17. gr. tilskipunar 1999/45/EB). Taka skal fram ef einungis er hægt að hringja í þetta símanúmer á skrifstofutíma.

2. **HÆTTUGREINING**

Hér skal tilgreina flokk efnisins eða efnablöndunnar sem fæst með beitingu flokkunarreglnanna í tilskipun 67/548/EBE eða 1999/45/EB. Tilgreina skal hættur, sem mönnum og umhverfinu stafar af efninu eða efnablöndunni, á skýran og gagnorðan hátt.

Greina skal skýrt á milli efnablandna, sem flokkast sem hættulegar, og efnablandna, sem eru ekki flokkaðar sem hættulegar, í samræmi við tilskipun 1999/45/EB.

Lýsa skal helstu skaðlegu eðlisefnafræðilegu áhrifum og einkennum og áhrifum á heilsu manna og umhverfið og einkennum sem tengjast hugsanlegri notkun og misnotkun efnisins eða efnablöndunnar.

Nauðsynlegt getur verið að nefna aðrar hættur, eins og ryksöfnun, víxlnæmingu, hættu á köfnun og kali, mikil áhrif á lykt eða bragð eða umhverfisáhrif, eins og hættu fyrir jarðvegslífverur, ósoneyðingu, ljósefnafræðilegan ósonmyndunarmátt o.s.frv., sem ekki koma fram í flokkuninni en geta átt sinn þátt í þeirri heildarhættu sem stafar af efninu.

Upplýsingarnar á merkimiðanum skal tilgreina í 15. lið.

Flokkun efnisins skal vera í samræmi við flokkunar- og merkingarskrána skv. XI. bálki.

3. **SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI**

Upplýsingarnar, sem eru veittar, skulu gera viðtakanda auðvelt fyrir að greina þær hættur sem stafa af efnispáttum efnablöndunnar. Tilgreina skal hættur, sem stafa af efnablöndunni sjálfri, í 2. lið.

3.1. **EKKI ER NAUÐSYNLEGT AÐ VEITA UPPLÝSINGAR UM NÁKVÆMA SAMSETNINGU (EÐLI INNIHALDSEFNA OG STYRK ÞEIRRA), ÞÓTT ALMENN LÝSING Á EFNISPÁTTUM OG STYRK ÞEIRRA GETI VERIÐ GAGNLEG.**3.2. **FYRIR EFNABLÖNDU, SEM ER FLOKKUÐ SEM HÆTTULEG Í SAMRÆMI VIÐ TILSKIPUN 1999/45/EB, SKULU EFTIRFARANDI EFNIS PÓ TILGREIND, AUK UPPLÝSINGA UM STYRK EÐA STYRKLEIKASVIÐ ÞEIRRA Í EFNABLÖNDUNNI:**

a) efni, sem eru hættuleg heilsu manna eða umhverfinu í skilningi tilskipunar 67/548/EBE, ef styrkleiki þeirra er jafn eða meiri en:

- minnstu styrkleikar sem eru tilgreindir í töflunni í 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/45/EB,
- lægstu styrkleikamörk sem eru tilgreind í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE,
- lægstu styrkleikamörk sem eru tilgreind í B-hluta II. viðauka við tilskipun 1999/45/EB,
- lægstu styrkleikamörk sem eru tilgreind í B-hluta III. viðauka við tilskipun 1999/45/EB,
- lægstu styrkleikamörk sem eru tilgreind í V. viðauka við tilskipun 1999/45/EB, eða
- lægstu styrkleikamörk sem eru tilgreind í samþykkttri færslu í flokkunar- og merkingarskránni sem sett er fram í XI. bálki í þessari reglugerð,

- b) efni, sem falla undir viðmiðunarmörk Bandalagsins fyrir váhrif á vinnustöðum og falla ekki þegar undir a-lið.
- c) efni, sem eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð eða eru mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli í samræmi við viðmiðanirnar, sem eru settar fram í XIII. viðauka, ef styrkur hvers efnis er jafn eða meiri en 0,1%.
- 3.3. Fyrir efnablöndu, sem er ekki flokkuð sem hættuleg í samræmi við tilskipun 1999/45/EB, skulu efnin tilgreind og upplýsingar gefnar um styrk eða styrkleikasvið þeirra í efnablöndunni ef þau eru hvert um sig í styrkleika sem er annaðhvort:
- a) $\geq 1\%$ miðað við þyngd, ef um er að ræða efnablöndur, sem eru ekki loftkenndar, og $\geq 0,2\%$ miðað við rúmmál ef um er að ræða loftkenndar efnablöndur og
- efnin eru hættuleg heilsu manna eða umhverfinu í skilningi tilskipunar 67/548/EBE ⁽¹⁾ eða
 - viðmiðunarmörk Bandalagsins fyrir váhrif á vinnustöðum hafa verið sett fyrir efnin, eða
- b) $\geq 0,1\%$ miðað við þyngd og efnið er þrávirkt, safnast upp í lífverum og er eitruð eða er mjög þrávirkt og safnast í miklum mæli upp í lífverum í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í XIII. viðauka.
- 3.4. Tilgreina skal flokkun framangreindra efna (sem er annaðhvort fengin úr 4. og 6. gr. tilskipunar 67/548/EBE eða I. viðauka við þá tilskipun, eða úr samþykktri færslu í flokkunar- og merkingarskránni sem sett er fram í XI. bálki í þessari reglugerð), þ.m.t. táknaðir og hættusetningar (H-setningar) sem þau fá í samræmi við eðlisefnafræðilegar hættur og hættur fyrir heilbrigði manna og umhverfi. Hér þarf ekki að rita hættusetningarnar fullum fetum: vísa skal til 16. liðs þar sem tilgreina skal orðréttan texta hverrar viðkomandi hættusetningar. Ef efnið uppfyllir ekki viðmiðanir fyrir flokkun skal gefa upp ástæðu þess að efnið er tilgreint í 3. lið, t.d. „PBT-efni“ eða „efni sem fellur undir viðmiðunarmörk Bandalagsins fyrir váhrif á vinnustöðum“.
- 3.5. Tilgreina skal heiti og skráningarnúmer, sem úthlutað er skv. 1. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar, EINECS- eða ELINCS-númer, ef það liggur fyrir, fyrir fyrrgreind efni í samræmi við tilskipun 67/548/EBE. CAS-númer og IUPAC-heiti (ef það er fyrir hendi) geta einnig komið að góðum notum. Ekki er þörf á nákvæmri efnafræðilegri tákun fyrir efni sem eru tilgreind með almennu heiti í samræmi við 15. gr. tilskipunar 1999/45/EB eða neðanmálsgreinina við lið 3.3 í þessum viðauka.
- 3.6. Ef nauðsynlegt er að halda auðkennum tiltekinnna efna leyndum skal, í samræmi við ákvæði 15. gr. tilskipunar 1999/45/EB eða neðanmálsgreinina við lið 3.3 í þessum viðauka, efnafræðilegu eðli þeirra lýst í þeim tilgangi að tryggja að þau séu meðhöndluð á öruggan hátt. Heitið, sem notað er, skal vera hið sama og kemur fram í framangreindri málsmeðferð.
4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI
- Lýsa skal ráðstöfunum í skyndihjálpi.
- Fyrst skal tilgreina hvort þörf er á tafarlausrí læknumönnun.
- Upplýsingarnar um skyndihjálpi skulu vera gagnorðar og auðskildar fórnarlambinu, nærstöddum og þeim sem veita skyndihjálpi. Koma skal fram stutt yfirlit yfir einkenni og áhrif. Í leiðbeiningunum skal koma fram hvað gera skal á staðnum ef slys ber að höndum og hvort gera megi ráð fyrir tafinni verkun eftir váhrif.
- Upplýsingarnar skulu sundurgreindar í samræmi við mismunandi váhrifaleiðir, þ.e. innöndun, snertingu við húð og augu og inntöku, samkvæmt mismunandi undirlíðum.
- Tilgreina skal hvort þörf sé á eða ráðlegt að leita læknishjálpar.
- Vegna sumra efna eða efnablandna kann að vera mikilvægt að leggja áherslu á að á vinnustað sé hægt að grípa til sérstakra úrræða til að veita sérhæfða og tafarlausu hjálpi.
5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA
- Vísa skal til krafna um slökkviðgerðir við íkvikun af völdum efnisins eða efnablöndunnar eða gegn eldi, sem kviknar nálægt þeim, með því að tilgreina:
- viðeigandi slökkvibúnað,

⁽¹⁾ Ef sá sem ber ábyrgð á að setja efnablönduna á markað getur sýnt fram á það að birting á öryggisblaðinu á efnafræðilegu auðkenni efnis, sem er eingöngu flokkað sem ertandi, að undanskildum þeim efnum sem fá hættusetninguna H41 eða eru ertandi ásamt einum eða fleirum af þeim eiginleikum, sem eru tilgreindir í lið 2.3.4 í 10. gr. tilskipunar 1999/45/EB, eða eru skaðleg eða skaðleg ásamt einum eða fleirum af þeim eiginleikum, sem eru tilgreindir í lið 2.3.4 í 10. gr. tilskipunar 1999/45/EB og valda bráðum, banvænum áhrifum hver um sig, skapi hattu á að trúnaður verði rofinn um hugverk hans getur hann, í samræmi við ákvæðin í B-hluta VI. viðauka við tilskipun 1999/45/EB, þess í stað tilgreint viðkomandi efni með heiti, sem segir til um mikilvægustu, virku efnahópina, eða með öðru heiti.

- slökkvibúnað sem skal ekki nota af öryggisástæðum,
- sérstakar hættur á váhrifum sem stafa af efninu sjálfu eða efnablöndunni, myndefnum frá bruna eða lofttegundum sem stafa af brunanum,
- sérstakan hlífðarbúnað fyrir slökkviliðsmenn.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

Þörf kann að vera á eftirgreindum upplýsingum með hliðsjón af þeim efnum eða efnablöndum sem um er að ræða:

öryggisráðstafanir fyrir fólk t.d.:

- að fjarlægja allt sem veldur íkvikunarahættu, að sjá fyrir nægilegri loftræstingu eða öndunarvörn, að hafa stjórn á ryki, að koma í veg fyrir að efnið berist á húð og í augu,

ráðstafanir vegna umhverfisins, t.d.:

- að hindra að efnin komist í skólpræsi, yfirborðsvatn, grunnvatn og jarðveg, hugsanleg þörf á að vara þá við sem eru í nágrenninu,

hreinsunaraðferðir, t.d.:

- að nota gleypin efni (t.d. sand, kísilgúr, sýrubindiefni, alhliða bindiefni, sag o.s.frv.), draga úr lofttegundum og gufum með vatni, þynning.

Athuga skal einnig þörf fyrir áletranir eins og: „notist aldrei... hlutleysist með...“

Athugasemd

Ef við á, skal vísa til 8. og 13. liðar.

7. MEDHÖNDLUN OG GEYMSLA

Athugasemd

Upplýsingarnar í þessum lið skulu fjalla um heilsu-, öryggis- og umhverfisvernd. Vinnuveitandinn skal styðjast við þær þegar hann semur viðeigandi verklagsreglur og gerir skipulagsráðstafanir í samræmi við 5. gr. tilskipunar 98/24/EB.

Ef efnaöryggisskýrslu eða skráningar er krafist skulu upplýsingarnar í þessum lið vera í samræmi við uppgefnar upplýsingar, tilgreinda notkun og þær váhrifsviðsmyndir sem eru settar fram í viðaukanum við öryggisblaðið.

7.1. Meðhöndlun

Tilgreina skal varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun, þ.m.t. ráðgjöf um tæknilegar ráðstafanir, eins og:

- aflokun, staðbundna og almenna loftræstingu, ráðstafanir til að koma í veg fyrir úða- og rykmyndun og bruna, svo og ráðstafanir sem er krafist til umhverfisverndar (t.d. notkun sía eða hreinsibúnaðar í loftræstingu, notkun í mengunarkví, ráðstafanir fyrir söfnun og förgun spilliefna o.s.frv.) og allar sérstakar kröfur eða reglur sem tengjast efnunum eða efnablöndunum (t.d. aðferðir eða búnaður sem bannað er að nota eða mælt er með) og, ef hægt er, gefa stutta lýsingu.

7.2. Geymsla

Tilgreina skal skilyrði fyrir öruggri geymslu, s.s.:

- sérstaka hönnun geymslurýmis eða -fláta (þ.m.t. einangrunarveggir og loftræsting), ósamrýmanleg efni, geymsluskilyrði (hita- og rakamörk/-svið, ljós, eðalgas o.s.frv.) sérstakan rafbúnað og vörn gegn stöðurafrægni.

Ef þörf er á skal veita ráðgjöf um styrkleikamörk í geymsluaðstöðu. Einkum skal taka fram sérstakar kröfur eins og varðandi tegund efnis, sem er notuð í umbúðir, eða flát undir efni eða efnablöndur.

7.3. Sérstök notkun

Fyrir tilbúna vörur, sem eru hannaðar til sérstakra nota, skulu ráðleggingar taka mið af tilgreindri notkun og vera ítarlegar og verklegar. Ef þess er kostur skal vísa í leiðbeiningar sem hafa hlotið sérstaka viðurkenningu atvinnugreinarinnar eða geira innan hennar.

8. TAKMÖRKUN VÁHRIFA/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Tilgreina skal sérstakar takmörkunarfæribreytur, sem eiga við og eru í gildi, þ.m.t. viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi og/eða líffræðileg viðmiðunarmörk. Gildi skulu tilgreind fyrir aðildarríkið þar sem efnið eða efnablandan er sett á markað. Veita skal upplýsingar um ráðlagðar verklagsreglur sem gilda um vöktun.

Ef efnaöryggisskýrslu er krafist skal tilgreina DNEL- og PNEC-gildin fyrir efnið fyrir þær váhrifsviðmyndir sem settar eru fram í viðaukanum við öryggisblaðið.

Fyrir efnablöndur er rétt að tilgreina gildi þeirra efnisþátta sem gerð er krafa um að séu skráðir á öryggisblaðið skv. 3. lið.

8.2. Takmörkun váhrifa

Í skilningi þessa skjals merkir takmörkun váhrifa allar sértækar ráðstafanir við áhættustjórnun sem grípa skal til meðan á notkun stendur til að halda váhrifum, sem starfsmenn eða umhverfið verða fyrir, í lágmarki. Ef efnaöryggisskýrslu er krafist skal setja fram samantekt um ráðstafanir við áhættustjórnun í 8. lið öryggisblaðsins fyrir þau tilvik tilgreindrar notkunar sem eru sett fram á öryggisblaðinu.

8.2.1. Takmörkun váhrifa í starfi

Þessar upplýsingar skulu nýttar af hálfu vinnuveitandans við mat á þeirri áhættu sem heilbrigði og öryggi starfsmanna stafar af efni eða efnablöndu skv. 4. gr. tilskipunar 98/24/EB þar sem eftirfarandi er krafist, sett fram í forgangs röð:

- að viðeigandi verkferli og tæknilegt eftirlit séu skipulögð og notaður sé fullnægjandi búnaður og efni við hæfi,
- að beitt sé heildstæðum verndaraðgerðum við upptök, s.s. nægri loftræstingu og viðeigandi ráðstöfunum varðandi skipulag, og
- að ráðstafanir séu gerðar til þess að vernda einstaklinga, s.s. með notkun persónuhlífa, ef ekki er unnt að koma í veg fyrir váhrif með öðrum aðferðum.

Þess vegna skal gefa viðeigandi og fullnægjandi upplýsingar um þessar ráðstafanir svo að unnt sé að vinna fullnægjandi áhættumat skv. 4. gr. tilskipunar 98/24/EB. Þetta skal koma til fyllingar upplýsingunum sem þegar eru veittar í lið 7.1.

Þegar þörf er á verndaráðstöfunum fyrir einstaklinga skal tilgreina ítarlega þann búnað sem veita ætti fullnægjandi og viðeigandi vernd. Taka skal tillit til tilskipunar ráðsins 89/686/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar ⁽¹⁾ og vísa til viðeigandi CEN-staðla:

a) Vernd öndunarfæra

Ef um er að ræða hættulegar lofttegundir, gufur eða ryk skal tilgreina tegund hlífðarbúnaðar sem á að nota, s.s.:

- öndunarbúnað með þrýstihylki, heppilegar grímur og síur.

b) Vernd handa

Tilgreina skal nákvæmlega þá tegund hanska sem klæðast skal þegar efnið eða efnablandan eru meðhöndluð, þ.m.t.:

- tegund efnisins í hönskunum,
- tímenn, sem það tekur efnið eða efnablönduna að fara í gegnum efni hanskana, í tengslum við umfang váhrifa á húðina og hversu lengi þau vara.

Tilgreina skal frekari ráðstafanir til þess að vernda hendur eftir því sem við á.

c) Vernd augna

Tilgreina skal tegund augnhlífa sem krafist er, s.s.:

- öryggis-/hlífðargleraugu eða andlitshlíf.

d) Vernd húðar

Ef nauðsynlegt er að vernda annan líkamshluta en hendur skal tilgreina tegund og gæði hlífðarbúnaðarins, sem krafist er, s.s.:

- svuntu, stígvéla og hlífðarbúnings fyrir allan líkamann.

Tilgreina skal frekari ráðstafanir til þess að vernda húð og sérstakar ráðstafanir sem varða hollustuhætti, eftir því sem við á.

(¹) Sjáttú. EB L 399, 30.12.1989, bls. 18. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

8.2.2. *Takmörkun váhrifa á umhverfið*

Tilgreina skal þær upplýsingar sem vinnuveitandi þarf á að halda til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt umhverfisverndarlöggjöf Bandalagsins.

Ef efnaöryggisskýrslu er krafist skal útbúa samantekt um ráðstafanir við áhættustjórnun, sem halda váhrifum af völdum efnisins á umhverfið nægilega í skefjum, fyrir þær váhrifasviðsmyndir sem eru settar fram í viðaukanum við öryggisblaðið.

9. EDLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Veita skal allar viðeigandi upplýsingar um efni og efnablöndur til að unnt sé að gera viðeigandi varamráðstafanir, einkum upplýsingarnar sem eru tilgreindar í lið 9.2. Upplýsingarnar í þessum lið skulu vera í samræmi við upplýsingarnar sem lagðar eru fram við skráninguna, ef hennar er krafist.

9.1. **Almennar upplýsingar**

Útlit:

Tilgreina skal eðlisástand (fast, fljótandi eða lofkennt) og lit efnisins eða efnablöndunnar við afhendingu.

Lykt:

Ef lykt finnst af efninu skal lýsa henni stuttlega.

9.2. **Mikilvægar upplýsingar um heilbrigði, öryggi og umhverfi**

Sýrustig:

Tilgreina skal sýrustig efnisins eða efnablöndunnar við afhendingu, eða vatnslausnarinnar; í síðara tilvikinu skal tilgreina styrkinn.

Suðumark/suðumarksbil:

Blossamark:

Eldfimi (fast efni, loftegund):

Sprengifimi:

Eldnærandi eiginleikar:

Gufuþrýstingur:

Eðlismassi:

Leysni:

Vatnsleysni:

Deilistuðull fyrir n-oktanól og vatn:

Seigja:

Eðlismassi gufu:

Uppgufunarhraði:

9.3. **Aðrar upplýsingar**

Tilgreina skal aðrar mikilvægar færðbreytur sem varða öryggi, s.s. blöndunarhæfni, fituleysni (tilgreina skal leysinn), leiðni, bræðslumark/bræðslumarksbil, flokk lofitegundar (gagnlegt í tengslum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB frá 23. mars 1994 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum⁽¹⁾), sjálfsíkveikjuhitastig o.s.frv.

1. athugasemd

Framangreindir eiginleikar skulu ákvarðaðir í samræmi við forskriftirnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um prófunaraðferðir sem um getur í 3. mgr. 13. gr., eða í samræmi við aðrar sambærilegar aðferðir.

2. athugasemd

Að því er varðar efnablöndur skal að öllu jöfnu veita upplýsingar um eiginleika efnablöndunnar sjálfrar. Ef tekið er fram að ekki sé um að ræða sérstaka hættu skal þó gera skýran greinarmun á tilvikum þar sem sá sem flokkar hefur engar upplýsingar tiltækar og tilvikum þar sem neikvæðar prófunarniðurstöður liggja fyrir. Ef talið er nauðsynlegt að veita upplýsingar um eiginleika einstakra efnisþátta skal taka skýrt fram til hvers gögnin vísa.

⁽¹⁾ Stjótt. EB L 100, 19.4.1994, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

Tilgreina skal stöðugleika efnisins eða efnablöndunnar og hættuna á skaðlegum efnahvörfum sem geta orðið við tiltekin notkunarskilyrði og einnig við losun út í umhverfið.

10.1. Skilyrði sem ber að varast

Tilgreina skal slík skilyrði, s.s. hita, þrýsting, ljós og högg, sem geta valdið hættulegum efnahvörfum, og lýsa þeim í stuttu máli ef unnt er.

10.2. Efni sem ber að varast

Tilgreina skal efni á borð við vatn, loft, sýrur, basa, eldnærandi efni eða önnur sérstök efni, sem geta valdið hættulegum efnahvörfum, og lýsa þeim í stuttu máli ef unnt er.

10.3. Hættuleg niðurbrotsefni

Tilgreina skal hættuleg efni sem myndast í hættulega miklu magni við niðurbrot.

Athugasemd

Einkum skal fjalla um:

- þörf á stöðgurum og hvort þeir séu fyrir hendi,
- hvort hættulegt, útvermið efnahvarf geti átt sér stað,
- hugsanleg öryggissjónarmið sem taka verður mið af vegna eðlisbreytingar á efninu eða efnablöndunni,
- hættuleg niðurbrotsefni sem geta myndast við snertingu við vatn,
- hvort óstöðug efni geti brotnað niður.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Í þessum lið er fjallað um þörfina fyrir gagnorða og skilmerkilega fullnaðarlýsingu á hinum ýmsu eiturefnafræðilegu áhrifum (á heilsu) sem kunna að koma fram ef notandinn kemst í snertingu við efnið eða efnablönduna.

Upplýsingarnar skulu taka til váhrifa af völdum efnisins eða efnablöndunnar sem eru hættuleg heilbrigði í ljósi ályktana sem eru dregnar t.d. af gögnum úr prófunum eða byggjast á reynslu. Upplýsingarnar skulu enn fremur taka til, eftir því sem við á, tafinnar, tafarlausrar og langvinnrar verkunar eftir skammtíma- og langtímaváhrif, s.s. næmingar, slævandi virkni, krabbameinsvaldandi áhrifa, stökkbreytandi áhrifa og skaðlegra áhrifa á æxlun (skaðlegra áhrifa á þroskun og frjósemi). Þær skulu einnig ná yfir mismunandi váhrifaleiðir (innöndun, inntöku, snertingu við húð og augu) og lýsa einkennum sem tengjast eðlis-, efna- og eiturefnafræðilegum eiginleikum.

Að teknu tilliti til upplýsinganna, sem þegar hafa komið fram í 3. lið, þ.e. samsetning innihaldsefna/upplýsingar um þau, kann að vera nauðsynlegt að vísa til sérstakra heilsufarsáhrifa tiltekinnna efnisþátta í efnablöndunni.

Upplýsingarnar í þessum lið skulu vera í samræmi við upplýsingarnar sem lagðar eru fram við skráninguna, ef hennar er krafist, og/eða í efnaöryggisskýrslunni, ef hennar er krafist, og skulu varpa ljósi á eftirfarandi flokka hugsanlegra áhrifa:

- eiturefnaferli, efnaskipti og dreifingu,
- bráð áhrif (bráð eiturhrif, ertandi áhrif og ætandi áhrif),
- næmingu,
- eiturhrif við endurtekna skammta og
- krabbameinsvaldandi eða stökkbreytandi áhrif og skaðleg áhrif á æxlun (CMR-áhrif).

Þegar um er að ræða efni, sem skylt er að skrá, skal útbúa samantekt um upplýsingarnar skv. VII. til XI. viðauka við þessa reglugerð. Upplýsingarnar skulu enn fremur taka til niðurstaðna úr samanburði á fyrirliggjandi gögnum við viðmiðanirnar sem eru tilgreindar í tilskipun 67/548/EEB fyrir efni, sem eru krabbameinsvaldar, stökkbreytiðaldar eða æxlunarskaðaldar í 1. og 2. flokki, í samræmi við lið 1.3.1 í I. viðauka við þessa reglugerð.

12. VISTRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Lýsa skal hugsanlegum áhrifum, hegðun og afdrifum efnisins eða efnablöndunnar í lofti, vatni og/eda jarðvegi. Tilgreina skal viðeigandi prófunargögn (t.d. LC₅₀ (fyrir fisk) ≥ 1 mg/l), liggja þau fyrir.

Upplýsingarnar í þessum lið skulu vera í samræmi við upplýsingarnar sem lagðar eru fram við skráninguna, ef hennar er krafist, og/eða í efnaöryggisskýrslunni, ef hennar er krafist.

Lýsa skal mikilvægustu eiginleikum sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið vegna eðlis efnisins eða efnablöndunnar og líklegra notkunaráðferða. Veita skal sams konar upplýsingar vegna hættulegra efna sem myndast við niðurbrot efna og efnablandna. Þetta getur falið í sér eftirfarandi:

12.1. Visteiturhrif

Undir þetta falla viðeigandi gögn sem liggja fyrir um eiturhrif í vatni, bæði bráð og langvinn, sem fiskur, krabbadýr, þörungur og aðrar vatnaplöntur verða fyrir. Auk þess skal tiltaka gögn um eiturhrif á örverur og stórsæjar lifverur í jarðvegi og aðrar lifverur sem skipta máli fyrir umhverfið, s.s. fugla, býflugur og plöntur, liggi þau fyrir. Hafi efnið eða efnablandan hindrandi áhrif á starfsemi örvera skal nefna hugsanleg áhrif á skólphreinsistöðvar.

Þegar um er að ræða efni, sem skylt er að skrá, skal útbúa samantekt um upplýsingarnar skv. VII. til XI. viðauka.

12.2. Hreyfanleiki

Tilgreina skal hvort efnið eða viðeigandi innihaldsefni efnablöndu ⁽¹⁾ geti, ef þau eru losuð út í umhverfið, borist í grunnvatnið eða langt frá losunarstað. Gögn, sem skipta máli, gætu varðað:

- þekktu eða fyrirsjáanlega dreifingu efnisins til umhverfishólfa,
- yfirborðsspennu,
- ísog/afsog.

Sjá 9. lið að því er varðar aðra eðlisefnafræðilega eiginleika.

12.3. Þrávirkni og niðurbrot

Tilgreina skal hvort efnið eða viðeigandi efnisþættir efnablöndu ⁽¹⁾ geti brotnað niður í viðeigandi umhverfishólfum, annaðhvort með lífrænu niðurbroti eða öðrum ferlum á borð við oxun eða vatnsrof. Tilgreina skal helmingunartíma niðurbrots, liggi hann fyrir. Einnig skal tilgreina getu efnisins eða viðeigandi efnisþátta efnablöndu ⁽¹⁾ til að brotna niður í skólphreinsistöðvum.

12.4. Uppsöfnun í lifverum

Getu efnisins eða viðeigandi efnisþátta efnablöndu ⁽¹⁾ til að safnast fyrir í lifríkinu og berast eftir fæðukeðjunni, með vísun til deilistuðuls fyrir oktanól og vatn (K_{ow}) og lífféttistuðuls, ef þeir eru fyrir hendi.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT-eiginleikum

Ef þess er krafist að efnaöryggisskýrsla sé lögð fram skal tilgreina niðurstöður úr mati á PBT-eiginleikum eins og sett er fram í efnaöryggisskýrslunni.

12.6. Önnur skaðleg áhrif

Fram skulu koma fyrirbyggjandi upplýsingar um öll önnur skaðleg áhrif á umhverfið, t.d. ósóneyðingarmátt, ljósefnafræðilegan ósonmyndunarmátt og/eða hnatthlýnunarmátt, svo og um hormónaraskandi mátt.

Athugasemdir

Sjá skal til þess að upplýsingar, sem máli skipta fyrir umhverfið, séu tilgreindar í öðrum liðum á öryggisblaðinu, einkum ráð varðandi losun eftirliti, ráðstafanir vegna losunar fyrir slysi og ráðstafanir er varða flutning og förgun í 6., 7., 13., 14. og 15. lið.

13. ATRIDI VARÐANDI FÖRGUN

Ef förgun efnis eða efnablöndu (ofgnótt eða úrgangur vegna fyrirsjáanlegrar notkunar) hefur hættu í för með sér skal lýsa þessum efnaleifum og veita upplýsingar um örugga meðhöndlun þeirra.

⁽¹⁾ Ekki er unnt að veita þessar upplýsingar um efnablönduna vegna þess að þær eru sértækar fyrir hvert efni. Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir og það þykir henta skal því veita þær fyrir hvern efnisþátt í efnablöndunni sem skylt er að tilgreina á öryggisblaðinu samkvæmt reglum í 3. lið í þessum viðauka.

Tilgreina skal viðeigandi aðferðir við förgun efnisins eða efnablöndunnar og allra mengaðra umbúða (brennsla, endurvinnsla, urðun o.s.frv.).

Ef efnaöryggisskýrslu er krafist skulu upplýsingar um ráðstafanir í tengslum við meðhöndlun úrgangs, sem halda váhrifum af völdum efnisins á menn og umhverfið nægilega í skefjum, vera í samræmi við þær váhrifasviðsmyndir sem eru settar fram í viðaukanum við öryggisblaðið.

Athugasemd

Vísa skal til viðeigandi ákvæða Bandalagsins sem tengjast úrgangi. Ef þau eru ekki fyrir hendi er rétt að minna notandann á að lands- eða svæðisbundin ákvæði kunna að gilda.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Tilgreina skal allar sérstakar varúðarráðstafanir sem notandinn þarf að þekkja til eða hlíta í tengslum við flutninga, annaðhvort innan eða utan athafnasvæðis síns. Veita skal upplýsingar um flokkun flutninga eftir þessum flutningareglum, eftir því sem við á: IMDG (á sjó), ADR (tilskipun ráðsins 94/55/EB frá 21. nóvember 1994 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum ⁽¹⁾), RID (tilskipun ráðsins 96/49/EB frá 23. júlí 1996 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum farmi með járnbrautum ⁽²⁾), ICAO/IATA (í lofti). Þetta gætu m.a. verið eftirfarandi upplýsingar:

- SP-númer,
- flokkur,
- opinbert flutningstákn,
- þökkunarhópur,
- sjávarmengunarvaldar,
- aðrar upplýsingar sem skipta máli.

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

Taka skal fram hvort efnaöryggismat hafi verið unnið fyrir efnið (eða efni í efnablöndunni).

Tilgreina skal upplýsingarnar á merkimiðanum, sem varða heilbrigði, öryggi og umhverfi, í samræmi við tilskipanir 67/548/EBE og 1999/45/EB.

Ef efnið eða efnablandan, sem þetta öryggisblað tekur til, fellur undir sérstök ákvæði um vernd manna eða umhverfis á vettvangi Bandalagsins (t.d. um leyfi, sem eru veitt skv. VII. bálki, eða um takmarkanir skv. VIII. bálki) skulu þessi ákvæði tilgreind, eftir því sem unnt er.

Einnig skal, þegar unnt er, tilgreina landslög, sem sett eru til framkvæmdar þessum ákvæðum, og allar aðrar landsbundnar ráðstafanir sem kunna að eiga við.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Tilgreina skal allar aðrar upplýsingar sem birgirinn telur vera mikilvægar fyrir heilbrigði og öryggi notanda og fyrir vernd umhverfisins, t.d.:

- skrá yfir viðeigandi hættusetningar. Skrifla skal orðréttan texta allra hættusetninga sem vísað er til í 2. og 3. lið á öryggisblaðinu,
- ráðleggingar um menntun og hjálfun,
- ráðlagðar takmarkanir á notkun (þ.e. ráðleggingar birgis sem eru ekki bindandi),
- frekari upplýsingar (skriflegar tilvísanir og/eða tengiliðir vegna tæknilegra upplýsinga),
- helstu heimildir sem notaðar eru við samantekt á öryggisblaðinu.

Þegar öryggisblaðið er endurskoðað skal það koma skýrt fram hvaða upplýsingum hefur verið bætt við, hverjum hefur verið eytt og hverjar endurskoðaðar (nema þetta hafi verið tilgreint annars staðar).

⁽¹⁾ Stjótd. EB L 319, 12.12.1994, bls. 7. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/111/EB (Stjótd. ESB L 365, 10.12.2004, bls. 25).

⁽²⁾ Stjótd. EB L 235, 17.9.1996, bls. 25. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/110/EB (Stjótd. ESB L 365, 10.12.2004, bls. 24).

III. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR FYRIR EFNI SEM ERU SKRÁÐ Í MAGNI SEM ER Á BILINU 1 TIL 10 TONN

Viðmiðanir fyrir efni, sem eru skráð í magni sem er á bilinu 1 til 10 tonn, með tilvísun í a- og b-liði 1. mgr. 12. gr.:

- a) efni, sem telja má (þ.e. með því að styðjast við meginleg vensl byggingar og virkni ((Q)SAR) eða beita öðrum aðferðum) líklegt að uppfylli viðmiðanirnar fyrir flokkun efna sem krabbameinsvaldar, stökkbreytivaldar eða æxlunarskaðvaldar í 1. eða 2. flokki eða viðmiðanirnar í XIII. viðauka,
- b) efni:
 - i) með víðtækri eða dreifðri notkun, einkum ef slík efni eru notuð í efnablöndur fyrir neytendur eða eru í hlutum fyrir neytendur, og
 - ii) sem telja má (þ.e. með því að styðjast við meginleg vensl byggingar og virkni ((Q)SAR) eða beita öðrum aðferðum) líklegt að uppfylli viðmiðanirnar fyrir flokkun sem tengjast áhrifum á heilbrigði manna og á umhverfið samkvæmt tilskipun 67/548/EBE.

IV. VIDAUKI

UNDANPÁGUR FRÁ SKRÁNINGARSKYLDU Í SAMRÆMI VID A-LIÐ 7. MGR. 2. GR.

EINECS-nr.	Heiti/flokkur	CAS-nr.
200-061-5	D-glúkítól, C ₆ H ₁₄ O ₆	50-70-4
200-066-2	Askorbínsýra, C ₆ H ₈ O ₆	50-81-7
200-075-1	Glúkósi, C ₆ H ₁₂ O ₆	50-99-7
200-294-2	L-lýsín, C ₆ H ₁₄ N ₂ O ₂	56-87-1
200-312-9	Palmitínsýra, hrein, C ₁₆ H ₃₂ O ₂	57-10-3
200-313-4	Sterínsýra, hrein, C ₁₈ H ₃₆ O ₂	57-11-4
200-334-9	Súkrósi, hreinn, C ₁₂ H ₂₂ O ₁₁	57-50-1
200-405-4	α-tókóferýlasetat, C ₃₁ H ₅₂ O ₃	58-95-7
200-432-1	DL-metiónín, C ₅ H ₁₁ NO ₂ S	59-51-8
200-711-8	D-mannítól, C ₆ H ₁₄ O ₆	69-65-8
201-771-8	l-sorbósi, C ₆ H ₁₂ O ₆	87-79-6
204-007-1	Olfúsýra, hrein, C ₁₈ H ₃₄ O ₂	112-80-1
204-664-4	Glyserólisterat, hreint, C ₂₁ H ₄₂ O ₄	123-94-4
204-696-9	Koltvísríngur, CO ₂	124-38-9
205-278-9	Kalsíumpantóþenat, D-form, C ₉ H ₁₇ NO ₅ · 1/2Ca	137-08-6
205-582-1	Lárlínsýra, hrein, C ₁₂ H ₂₄ O ₂	143-07-7
205-590-5	Kalíumóleat, C ₁₈ H ₃₄ O ₂ K	143-18-0
205-756-7	DL-fenýlalanín, C ₉ H ₁₁ NO ₂	150-30-1
208-407-7	Natríumglúkónat, C ₆ H ₁₂ O ₇ · Na	527-07-1
212-490-5	Natríumsterat, hreint, C ₁₈ H ₃₆ O ₂ · Na	822-16-2
215-279-6	Kalksteinn Óbrennanlegt, fast efni sem er einkennandi efni í setbergi. Inniheldur aðallega kalsíumkarbónat.	1317-65-3
215-665-4	Sorbítanóleat, C ₂₄ H ₄₄ O ₆	1338-43-8
216-472-8	Kalsíumdísterat, hreint, C ₁₈ H ₃₆ O ₂ · 1/2Ca	1592-23-0
231-147-0	Argon, Ar	7440-37-1
231-153-3	Kolefni, C	7440-44-0
231-783-9	Köfnunarefni, N ₂	7727-37-9
231-791-2	Vatn, með leiðni eimaðs vatns eða af sambærilegum hreinleika, H ₂ O	7732-18-5
231-955-3	Grafít, C	7782-42-5

EINECS-nr.	Heiti/flokkur	CAS-nr.
232-273-9	Sólblómaolífa Útdráttarefni og eðlisbreyttar afleiður þeirra. Inniheldur aðallega glýseríð af fitusýrunum línólsýru og olíusýru (<i>Helianthus annuus</i> , <i>Compositae</i>).	8001-21-6
232-274-4	Sojaolífa Útdráttarefni og eðlisbreyttar afleiður þeirra. Inniheldur aðallega glýseríð af fitusýrunum línól-, olíu-, palmitín- og sterínsýru (<i>Soja hispida</i> , <i>Leguminosae</i>).	8001-22-7
232-276-5	Saffranolífa Útdráttarefni og eðlisbreyttar afleiður þeirra. Inniheldur aðallega glýseríð af fitusýrunni línólsýru (<i>Carthamus tinctorius</i> , <i>Compositae</i>).	8001-23-8
232-278-6	Línolífa Útdráttarefni og eðlisbreyttar afleiður þeirra. Inniheldur aðallega glýseríð af fitusýrunum línól-, línólen- og olíusýru (<i>Linum usitatissimum</i> , <i>Linaceae</i>).	8001-26-1
232-281-2	Mafsolífa Útdráttarefni og eðlisbreyttar afleiður þeirra. Inniheldur aðallega glýseríð af fitusýrunum línól-, olíu-, palmitín- og sterínsýru (<i>Zea mays</i> , <i>Gramineae</i>).	8001-30-7
232-293-8	Laxerolífa Útdráttarefni og eðlisbreyttar afleiður þeirra. Inniheldur aðallega glýseríð af fitusýrunni rísínólíusýru (<i>Ricinus</i> , <i>Communis</i> , <i>Euphorbiaceae</i>).	8001-79-4
232-299-0	Repjuolífa Útdráttarefni og eðlisbreyttar afleiður þeirra. Inniheldur aðallega glýseríð af fitusýrunum erúka-, línól- og olíusýru (<i>Brassica napus</i> , <i>Cruciferae</i>).	8002-13-9
232-307-2	Lesítín Flókin blanda af díglýseríðum af fitusýrum sem eru tengdar kólinester af fosfórsýru.	8002-43-5
232-436-4	Síróp, vatnsrofin sterkja Flókin blanda sem verður til við vatnsrof mafssterkju með sýrum eða ensínum. Inniheldur aðallega d-glúkósa, maltósa og maltódextrín.	8029-43-4
232-442-7	Tólg, hert	8030-12-4
232-675-4	Dextrín	9004-53-9
232-679-6	Sterkja Sykrur sem eru ríkar af fjölliðum og yfirleitt unnar úr klóðislausu korni, s.s. mafs, hveiti og dúrru, og úr rótum og hnýðum, s.s. kartöflum og tapókamjöli. Nær yfir sterkju sem hefur verið forhleypt með hitun í vatni.	9005-25-8
232-940-4	Maltódextrín	9050-36-6
234-328-2	A-vítamín	11103-57-4

EINECS-nr.	Heiti/flokkur	CAS-nr.
238-976-7	Natríum D-glúkonat, $C_6H_{12}O_7 \cdot xNa$	14906-97-9
248-027-9	D-glúkítólmónósterat, $C_{24}H_{48}O_7$	26836-47-5
262-988-1	Fitusýrur úr kókosi, metýlesterar	61788-59-8
262-989-7	Fitusýrur úr tólgi, metýlesterar	61788-61-2
263-060-9	Fitusýrur, úr laxerolíu	61789-44-4
263-129-3	Fitusýrur, úr tólgi	61790-37-2
265-995-8	Sellulósadeig	65996-61-4
266-925-9	Fitusýrur, C_{12-18}	67701-01-3
	Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu (SDA = The Soap and Detergent (Manufacturers) Association, USA); $C_{12}-C_{18}$ alkyl, Carboxylic acid og SDA-tilkynningarnúmerinu (SDA Reporting Number): 16-005-00.	
266-928-5	Fitusýrur, C_{16-18}	67701-03-5
	Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu; $C_{16}-C_{18}$ alkyl, Carboxylic acid og SDA-tilkynningarnúmerinu: 19-005-00.	
266-929-0	Fitusýrur, C_{8-18} og, C_{18} -ómettaðar.	67701-05-7
	Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu; C_8-C_{18} and unsaturated alkyl, Carboxylic acid og SDA-tilkynningarnúmerinu: 01-005-00.	
266-930-6	Fitusýrur, C_{14-18} og, C_{16-18} -ómettaðar	67701-06-8
	Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu; $C_{14}-C_{18}$ and, $C_{16}-C_{18}$ unsaturated alkyl, Carboxylic acid og SDA-tilkynningarnúmerinu: 04-005-00	
266-932-7	Fitusýrur, $C_{16}-C_{18}$ og, C_{18} -ómettaðar	67701-08-0
	Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu; $C_{16}-C_{18}$ and, C_{18} unsaturated alkyl, Carboxylic acid og SDA-tilkynningarnúmerinu: 11-005-00	
266-948-4	Glýseríð, C_{16-18} og, C_{18} -ómettuð	67701-30-8
	Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu; $C_{16}-C_{18}$ and, C_{18} unsaturated trialkyl glyceride og SDA-tilkynningarnúmerinu: 11-001-00.	
267-007-0	Fitusýrur, C_{14-18} og, C_{16-18} -ómettaðar, metýlesterar	67762-26-9
	Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu; $C_{14}-C_{18}$ and, $C_{16}-C_{18}$ unsaturated alkyl, Carboxylic acid methyl ester og SDA-tilkynningarnúmerinu: 04-010-00.	
267-013-3	Fitusýrur, C_{6-12}	67762-36-1
	Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu; C_6-C_{12} alkyl, Carboxylic acid og SDA-tilkynningarnúmerinu: 13-005-00.	

EINECS-nr.	Heiti/flokkur	CAS-nr.
268-099-5	Fitusýrur, C ₁₄₋₂₂ og, C ₁₆₋₂₂ -ómettaðar Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu: C ₁₄ -C ₂₂ and, C ₁₆ -C ₂₂ unsaturated alkyl, Carboxylic acid og SDA-tilkynningarnúmerinu: 07-005-00	68002-85-7
268-616-4	Síróp úr maís, vatnssneydd	68131-37-3
269-657-0	Fitusýrur, úr sojabáunum	68308-53-2
269-658-6	Glyseríð úr tólg, mónó-, dí- og trí-, hert	68308-54-3
270-298-7	Fitusýrur, C ₁₄₋₂₂	68424-37-3
270-304-8	Fitusýrur, úr línolíu	68424-45-3
270-312-1	Glyseríð, C ₁₆₋₁₈ og, C ₁₈ -ómettuð, mónó- og dí- Þetta efni er auðkennt með SDA-efnaheitinu: C ₁₆ -C ₁₈ and, C ₁₈ unsaturated alkyl and, C ₁₆ -C ₁₈ and, C ₁₈ unsaturated dialkyl glyceride og SDA-tilkynningarnúmerinu: 11-002-00.	68424-61-3
288-123-8	Glyseríð, C ₁₀₋₁₈	85665-33-4
292-771-7	Fitusýrur, C ₁₂₋₁₄	90990-10-6
292-776-4	Fitusýrur, C ₁₂₋₁₈ og, C ₁₈ -ómettaðar	90990-15-1
296-916-5	Fitusýrur úr repjuolíu með erúkasýru í litlu magni	93165-31-2

V. VIÐAUKI

UNDANÞÁGUR FRÁ SKRÁNINGARSKYLDU Í SAMRÆMI VIÐ B-LIÐ 7. MGR. 2. GR.

1. Efni sem myndast við efnahvörf sem verða þegar annað efni eða hlutur kemst í snertingu við umhverfisþætti, s.s. loft, raka, örverur eða sólarljós.
2. Efni sem myndast við efnahvörf sem verða við geymslu á öðru efni, efnablöndu eða hlut.
3. Efni sem myndast við efnahvörf sem verða við endanlega notkun annarra efna, efnablandna eða hluta og sem eru sjálf ekki framleidd, flutt inn eða sett á markað.
4. Efni sem eru sjálf ekki framleidd, flutt inn eða sett á markað og sem myndast við efnahvörf sem eiga sér stað þegar eftirfarandi efni verka eins og til er ætlast:
 - a) stöðgari, litgjafi, bragðefni, þráavarnarefni, fylliefni, leysir, burðarefni, yfirborðsvirkt efni, mýkiefni, tæringartálmi, froðuvári eða froðueyðir, dreifiefni, útfellingartálmi, rakadrægt efni, bindiefni, ýruefni, afýrandi efni (de-emulsifier), afvötnunarefni (dewatering agent), kekkjunarefni (agglomerating agent), límhvati (adhesion promoter), flæðistillir (flow modifier), sýruhlutleysir (pH neutraliser), tengiefni (sequesterant), storkuefni, hnatfellefni (floculant), logavarnarefni, smurefni, klóbindiefni eða prófefni til gæðaeftirlits (quality control reagent) eða
 - b) efni sem er eingöngu ætlað að laða fram sérstaka eðliseiginleika.
5. Aukaafurðir, nema þær séu sjálfar fluttar inn eða settar á markað.
6. Hýdröt efnis eða vatnaðar jónir sem myndast þegar efni tengist vatni, að því tilskildu að framleiðandinn eða innflytjandinn, sem nýtir sér þessa undanþágu, hafi skráð efnið.
7. Eftirfarandi efni sem finnast í náttúrunni, hafi þeim ekki verið breytt með efnafræðilegum aðferðum:

jarðefni, málmgrýti, unnið málmgrýti, sementsgjall, jarðgas, fljótandi jarðolíugas, jarðgasþétti, vinnslugas og efnisþættir þess, jarðolía, kol og koks.
8. Efni sem finnast í náttúrunni, önnur en þau sem eru talin upp í 7. lið, hafi þeim ekki verið breytt með efnafræðilegum aðferðum, nema þau uppfylli viðmiðanir um flokkun sem hættuleg efni samkvæmt tilskipun 67/548/EEB.
9. Algengustu frumefnin, enda er hættan og áhættan, sem tengist þeim, vel þekkt: vetni, súrefni, eðallofttegundir (argon, helíum, neon, xenon), köfnunarefni

VI. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAKRÖFUR SEM UM GETUR Í 10. GR.

LEIÐBEININGAR UM UPPFYLLINGU KRAFNAÐA Í VI. TIL XI. VIÐAUKA

Í VI. til XI. viðauka eru tilgreindar þær upplýsingar sem leggja skal fram við skráningu og mat skv. 10., 12., 13., 40., 41. og 46. gr. Staðalkröfurnar fyrir minnsta efnismagníð er að finna í VII. viðauka og í hvert sinn sem nýjum magnmörkum er náð verður að bæta við kröfum í tilsvarendi viðauka. Einstök atriði upplýsingakrafnaða eru breytileg við hverja skráningu og ráðast af efnismagni, notkun og váhrifum. Því skal líta á viðaukana í heild og í tengslum við allar kröfur er varða skráningu og mat og þá skyldu að sýna varfærni.

1. ÞREP – SAMANTEKT OG MIÐLUN FYRIRLIGGJANDI UPPLÝSINGA

Skráningaraðilinn skal taka saman öll fyrirbyggjandi prófunargögn um efnið, sem á að skrá, og leita m.a. í heimildum að upplýsingum um efnið sem skipta máli. Verði því við komið skal framlagning skráningarskjala vera sameiginleg, í samræmi við 11. til 19. gr. Þannig má samnýta gögn og komast hjá þarflausum prófunum og draga úr kostnaði. Skráningaraðilinn ætti enn fremur að víða að sér öllum öðrum, fáanlegum upplýsingum um efnið sem skipta máli, án tillits til þess hvort krafist sé að prófanir séu gerðar að tilteknum endapunkti eða ekki fyrir efnismagn á tilteknu bili. Þetta tekur til upplýsinga úr öðrum áttum (t.d. úr rannsóknunum á megindelegum eða eigindelegum venslum byggingar og virkni ((Q)SAR), ályktun út frá byggingarlega hliðstæðum efnunum (read-across), prófunum í lífi og í glasi og faraldsfræðileg gögn) sem gætu komið að gagni við að staðfesta eða útiloka hættulega eiginleika efnisins og sem gætu í tilteknum tilvikum komið í stað niðurstaðna úr tilraunum á dýrum.

Auk þess skal taka saman upplýsingar um váhrif, notkun og ráðstafanir við áhættustjórnun í samræmi við 10. gr. og þennan viðauka. Þegar allar þessar upplýsingar eru vegnar og metnar í heild verður skráningaraðilinn fær um að meta hvort hann þurfi að verða sér úti um frekari upplýsingar.

2. ÞREP – MAT Á ÞÖRF FYRIR UPPLÝSINGAR

Skráningaraðilinn skal ákveða hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar við skráninguna. Fyrst skal, út frá viðkomandi efnismagni, ákveða hvaða viðauka eða viðaukum skuli fylgja. Í þessum viðaukum eru settar fram staðlaðar upplýsingakröfur en þær skulu skoðaðar í tengslum við XI. viðauka sem gefur færi á fráviki frá staðlaðri aðferð, ef unnt er að færa fyrir því rök. Einkum skal á þessu stigi málsins veita og meta upplýsingar um váhrif, notkun og ráðstafanir við áhættustjórnun svo ákvarða megi hvaða upplýsingar þurfi um efnið.

3. ÞREP – GREINING Á SKORTI Á UPPLÝSINGUM

Skráningaraðilinn skal síðan bera saman þær upplýsingar, sem þarf um efnið, og fyrirbyggjandi upplýsingar og greina hvaða upplýsingar skortir. Á þessu stigi er mikilvægt að sjá til þess að fyrirbyggjandi gögn skipti máli og að þau séu nægilega vönduð til þess að uppfylla kröfurnar.

4. ÞREP – ÚTVEGUN NÝRRA GAGNA/TILLÖGUR AÐ PRÓFUNARÁÆTLUN

Í sumum tilvikum er óþarfi að útvega ný gögn. Ef á hinn bóginn reynist vera skortur á upplýsingum, sem bæta þarf úr, skal útvega ný gögn (VII. og VIII. viðauki) eða leggja fram tillögu að prófunaráætlun (IX. og X. viðauki), eftir því hvert efnismagníð er. Því aðeins skal gera nýjar tilraunir á hryggdýrum, eða setja fram tillögur um þær, að þær séu þrautalendingin þegar ekki er völ á upplýsingum úr neinum öðrum áttum.

Í sumum tilvikum kann þess að vera krafist í reglunum, sem settar eru fram í VII. til XI. viðauka, að tiltekna prófanir séu gerðar fyrir en staðalkröfurnar segja til um eða í viðbót við það sem lýst er í staðalkröfunum.

ATHUGASEMDIR

1. *athugasemd:* Ef því verður ekki við komið af tæknilegum ástæðum að veita upplýsingar eða ef það er óþarft af vísindalegum ástæðum skal færa rök fyrir því á greinargóðan hátt í samræmi við viðeigandi ákvæði.

2. *athugasemd:* Skráningaraðilinn getur lýst yfir því að tiltekna upplýsingar, sem koma fram í framlögðum skráningarskjölum, séu viðkvæmar af viðskiptalegum ástæðum og að birting þeirra geti skaðað viðskiptahagsmunum hans. Ef þetta er raunin skal hann setja fram skrá yfir viðkomandi upplýsingar og leggja fram rökstuðning.

UPPLÝSINGAR SEM UM GETUR Í I- TIL V-LIÐ A-LIÐAR 10. GR.

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM SKRÁNINGARAÐILA

1.1. Skráningaraðili.

1.1.1. Nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang.

1.1.2. Tengiliður.

1.1.3. Framleiðslustaður og staður/staðir til eigin nota, eftir því sem við á.

1.2. Sameiginleg framlagning gagna.

Í 11. eða 19. gr. er kveðið á um að leiðandi skráningaraðila sé heimilt að leggja fram hluta skráningarskjalanna fyrir hönd annarra skráningaraðila.

Í slíku tilviki skal leiðandi skráningaraðili veita eftirfarandi upplýsingar um hina skráningaraðilana:

- nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang þeirra,
- upplýsingar um hvaða hlutar skráningarskjalanna varða aðra skráningaraðila.

Gefa skal upp númerið/númerin í þessum viðauka eða VII til X. viðauka, eftir því sem við á.

Hinir skráningaraðilarnir skulu veita eftirfarandi upplýsingar um leiðandi skráningaraðilann sem leggur fram upplýsingar fyrir þeirra hönd:

- nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang hans,
- upplýsingar um hvaða hluta skráningarskjalanna leiðandi skráningaraðilinn leggur fram.

Gefa skal upp númerið/númerin í þessum viðauka eða VII til X. viðauka, eftir því sem við á.

1.3. Þriðji aðili sem er tilnefndur skv. 4. gr.

1.3.1. Nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang.

1.3.2. Tengiliður.

2. AUÐKENNING EFNISINS

Upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í þessum lið, skulu vera nægilega ítarlegar til að unnt sé að sanngreina hvert efni. Ef ekki er unnt af tæknilegum ástæðum að veita þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í einum eða fleiri af eftirfarandi liðum, eða það virðist ónaúðsynlegt í vísindalegu tilliti skal greina skilmerkilega frá ástæðum þess.

2.1. Heiti eða önnur táknun hvers efnis.

2.1.1. Heiti samkvæmt IUPAC-nafnakerfinu eða annað eða önnur alþjóðleg efnaheiti.

2.1.2. Önnur heiti (almennt heiti, viðskiptaheiti, skammstöfun).

2.1.3. EINECS- eða ELINCS-númer (ef þau liggja fyrir og eiga við).

2.1.4. CAS-heiti og CAS-númer (ef þau liggja fyrir).

2.1.5. Aðrir auðkenniskóðar (ef þeir liggja fyrir).

2.2. Upplýsingar í tengslum við sameindar- og byggingarformúlu hvers efnis.

2.2.1. Sameindar- og byggingarformúla (þ.m.t. Smiles-táknun, ef hún liggur fyrir).

2.2.2. Upplýsingar um ljósvirkni og dæmigert hlutfall (rúm)myndbrigða (ef það liggur fyrir og á við).

2.2.3. Mólmassi eða mólmassabil.

2.3. Samsetning hvers efnis.

2.3.1. Hreinleiki (%).

2.3.2. Eðli óhreininda, þ.m.t. myndbrigði og aukaafurðir.

2.3.3. Hundradshluti (markverðra) helstu óhreininda.

2.3.4. Eðli og stærðargráða (... milljónarhluti, ...) hugsanlegra íblöndunarefna (t.d. stöðgarar eða latar).

2.3.5. Litrófsgögn (útfjólublá, innrauð, segulómun eða massaróf).

- 2.3.6. Háþrýstivökvaskiljun, gasskiljun.
- 2.3.7. Lýsing á greiningaraðferðum eða viðeigandi tilvísanir í heimildir sem gera kleift að sanngreina efnið og, ef við á, óhreinindi og íblöndunarefni. Þessar upplýsingar skulu vera nægilega ítarlegar til að unnt sé að endurtaka aðferðirnar.
3. UPPLÝSINGAR UM FRAMLEIÐSLU OG NOTKUN EFNISINS/EFNANNA
- 3.1. Heildarframleiðsla, magn sem er notað til framleiðslu skráningarskylds hlutar og/eða innflutningur í tonnum fyrir hvern skráningaraðila á ári:
- á almanaksári skráningarinnar (áætlað magn).
- 3.2. Ef um er að ræða framleiðanda efna eða framleiðanda hluta: stutt lýsing á því tæknilega ferli sem notað er við framleiðsluna.
- Ekki er krafist nákvæmra upplýsinga um vinnsluferlið, einkum ef um er að ræða viðkvæmar viðskiptaupplýsingar.
- 3.3. Upplýsingar um hversu mörg tonn eru til eigin nota.
- 3.4. Form (efni, efnablanda eða hlutur) og/eða eðlisástand efnisins þegar það er afhent eftimotendum. Styrkur eða styrkleikasvið efnisins í efnablöndum, sem eru afhentar eftimotendum, ásamt magni efnisins í hlutum sem eru afhentir eftimotendum.
- 3.5. Stutt og almenn lýsing á tilgreindri notkun.
- 3.6. Upplýsingar um magn og samsetningu úrgangs, sem fellur til við framleiðslu efnisins, við notkun þess í hlutum og við tilgreinda notkun.
- 3.7. Notkun sem mælt er gegn (sjá 16. lið á öryggisblaðinu).
- Upplýsingar um notkun, sem skráningaraðili mælir gegn og ástæður þess, þar sem við á (þ.e. ráðleggingar birgis sem eru ekki bindandi). Þessi skrá þarf ekki að vera tæmandi.
4. FLOKKUN OG MERKING
- 4.1. Hættuflokkun efnis/efna í samræmi við beitingu 4. og 6. gr. tilskipunar 67/548/EBE.
- Einnig skal tilgreina, fyrir hverja færslu, ástæðurnar fyrir því að ekki er gefin upp flokkun fyrir endapunkt (þ.e. ef upplýsingar skortir, þær eru ekki ótvíræðar eða ef þær eru ótvíræðar en ekki fullnægjandi til flokkunar).
- 4.2. Hættumerking efnis/efna í kjölfar beitingar 23., 24. og 25. gr. tilskipunar 67/548/EBE.
- 4.3. Sértek styrkleikamörk, þar sem við á, í kjölfar beitingar 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 67/548/EBE og 4.–7. gr. tilskipunar 1999/45/EB.
5. LEIÐBEININGAR UM ÖRUGGA NOTKUN:
- Þessar upplýsingar skulu vera í samræmi við upplýsingarnar á öryggisblaðinu ef slíks öryggisblaðs er krafist skv. 31. gr.
- 5.1. Ráðstafanir í skyndihjálpi (4. liður á öryggisblaðinu).
- 5.2. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða (5. liður á öryggisblaðinu).
- 5.3. Ráðstafanir vegna losunar fyrir slysi (6. liður á öryggisblaðinu).
- 5.4. Meðhöndlun og geymsla (7. liður á öryggisblaðinu).
- 5.5. Upplýsingar um flutning (14. liður á öryggisblaðinu).
- Ef efnaöryggisskýrsla er ekki krafist skal leggja fram eftirfarandi viðbótarupplýsingar:
- 5.6. Takmörkun váhrifa/persónuhlífar (8. liður á öryggisblaðinu).
- 5.7. Stöðugleiki og hvarfgirmi (10. liður á öryggisblaðinu).

- 5.8. Förgun
 - 5.8.1. Skilyrði varðandi förgun (13. liður á öryggisblaðinu).
 - 5.8.2. Upplýsingar fyrir iðnaðinn um endurvinnslu og aðferðir við förgun.
 - 5.8.3. Upplýsingar fyrir almenning um endurvinnslu og aðferðir við förgun.
 - 6. UPPLÝSINGAR UM VÁHRIF AÐ ÞVÍ ER VARÐAR EFNI SEM ERU SKRÁÐ Í MAGNI Á BILINU 1 TIL 10 TONN Á ÁRI Á FRAMLEIÐANDA EÐA INNFLYJTJANDA
 - 6.1. Helstu notkunarflokkar:
 - 6.1.1. a) notkun í iðnaði og/eða
 - b) fagleg notkun og/eða
 - c) notkun neytenda.
 - 6.1.2. Forskriftir varðandi notkun í iðnaði og faglega notkun:
 - a) notkun í lokuðu kerfi og/eða
 - b) notkun, sem hefur í för með sér að efnið sameinast efniviðnum, og/eða
 - c) lítt útbreidd notkun og/eða
 - d) útbreidd notkun.
 - 6.2. Mikilvægar váhrifaleiðir:
 - 6.2.1. Váhrif á menn:
 - a) við inntöku og/eða
 - b) gegnum húð og/eða
 - c) við innöndun.
 - 6.2.2. Váhrif á umhverfi:
 - a) vatn og/eða
 - b) andrúmsloft og/eða
 - c) úrgangur í föstu formi og/eða
 - d) jarðvegur.
 - 6.3. Váhrifamynstur:
 - a) óviljandi/fátíð og/eða
 - b) tilfallandi og/eða
 - c) viðvarandi/tíð váhrif.
-

VII. VIDAUKI

STAÐLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNISSEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í
MAGNI SEM NEMUR EINU TONNI EÐA MEIRA ⁽¹⁾

Í 1. dálki þessa viðauka eru tilgreindar þær staðalupplýsingar sem krafist er fyrir:

- a) efni sem eru ekki í skráningarbið og eru framleidd eða flutt inn í magni á bilinu 1 til 10 tonn,
- b) efni sem eru í skráningarbið og eru framleidd eða flutt inn í magni á bilinu 1 til 10 tonn og uppfylla viðmiðanir í III. viðauka, í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. 12. gr., og
- c) efni sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem er 10 tonn eða meira.

Leggja skal fram allar aðrar eðlisefnafræðilegar, eiturefnafræðilegar og visteiturefnafræðilegar upplýsingar sem liggja fyrir og skipta máli. Að því er varðar efni, sem ekki uppfylla viðmiðanir í III. viðauka, er aðeins krafist eðlisefnafræðilegu upplýsinganna sem settar eru fram í 7. lið þessa viðauka.

Í 2. dálki þessa viðauka eru tilgreindar sértækar reglur sem kveða á um hvaða tilskildum staðalupplýsingum megi sleppa, hverjum megi skipta út fyrir aðrar upplýsingar, hverjar megi leggja fram á öðrum stigum og hverjar megi aðlaga á annan hátt. Ef skilyrðin, sem eru tilgreind í 2. dálki þessa viðauka og heimila aðlögun, eru uppfyllt skal skráningaraðilinn greina skilmerkilega frá þeirri staðreynd og tilgreina ástæðurnar fyrir hverri breytingu í viðeigandi lið í skráningarskjölunum.

Auk þessara sértæku reglna getur skráningaraðilinn aðlagð tilskildu staðalupplýsingarnar, sem eru settar fram í 1. dálki þessa viðauka, í samræmi við almennu reglurnar í XI. viðauka, að undanskildum 3. lið um undanþágu frá sértækri, vahrifamiðaðri prófun fyrir tiltekið efni. Í því tilviki skal hann einnig greina skilmerkilega frá ástæðunum fyrir öllum ákvörðunum um að aðlaga staðalupplýsingarnar í viðeigandi liðum í skráningarskjölunum og vísa til viðkomandi, sértækrar reglu eða reglna í 2. dálki eða í XI. viðauka ⁽²⁾.

Áður en nýjar rannsóknir eru gerðar í því skyni að ákvarða eiginleikana sem eru tilgreindir í þessum viðauka skal fyrst leggja mat á öll fyrirliggjandi gögn úr rannsóknunum í glasi, gögn úr rannsóknunum í lífi, rannsóknarsöguleg gögn sem varða menn, gögn úr rannsóknunum á megindlegum eða eigindlegum venslum byggingar og virkni ((Q)SAR) og gögn um efni með svipaða byggingu (ályktun út frá byggingarlega hlíðstæðum efnunum). Forðast skal að gera tilraunir í lífi með ætandi efni í styrk eða skammtastærðum sem valda ætingu. Áður en tilraunir eru gerðar skal afla frekari leiðbeininga um tilraunaaðferðir til viðbótar við þær leiðbeiningar sem eru gefnar í þessum viðauka.

Þegar upplýsingar, er varða tiltekna endapunkta, eru ekki lagðar fram af öðrum ástæðum en þeim sem eru tilgreindar í 2. dálki þessa viðauka eða XI. viðauka skal greina skilmerkilega frá þeirri staðreynd og ástæðunum fyrir því.

7. UPPLÝSINGAR UM EÐLISEFNAFRÆÐILEGA EIGINLEIKA EFNISINS

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
7.1. Ástand efnisins við 20 °C og 101,3 kPa	
7.2. Bræðslumark/frostmark	7.2. Rannsóknin er óþörf ef bræðslu- eða frostmark efnisins er undir -20 °C.
7.3. Suðumark	7.3. Rannsóknin er óþörf: <ul style="list-style-type: none"> - ef um er að ræða lofttegundir eða - ef um er að ræða föst efni sem eru annaðhvort með bræðslumarki yfir 300 °C eða sundrast áður en þau ná suðumarki. Í slíkum tilvikum má áætla eða mæla suðumarkið við undirþrýsting eða - ef um er að ræða efni sem sundrast áður en þau ná suðumarki (t.d. við sjálfsoxun, umröðun, niðurbrot, sundrun o.s.frv.).
7.4. Eðlismassi:	7.4. Rannsóknin er óþörf: <ul style="list-style-type: none"> - ef efnið er eingöngu stöðugt í lausn í tilteknum leysi og eðlismassi lausnarinnar er áþekkur eðlismassa leysisins. Í slíkum tilvikum nægir að taka fram hvort eðlismassi lausnarinnar sé meiri eða minni en eðlismassi leysisins eða - ef efnið er lofttegund. Í því tilviki skal eðlismassinn reiknaður út frá mólþunga þess og kjörgaslögmálinu.

⁽¹⁾ Þessi viðauki gildir fyrir framleiðendur hluta, sem skylt er að skrá í samræmi við 7. gr., og, að breyttu breytanda, fyrir aðra eftirnotendur sem er skylt að framkvæma tilraunir samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

⁽²⁾ Athugasemd: skilyrðin fyrir undanþágu frá tiltekinni prófun, sem eru sett fram í viðeigandi prófunaraðferðum í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um prófunaraðferðir eins og fram kemur í 3. mgr. 13. gr., gilda einnig þótt þau séu ekki endurtekin í 2. dálki.

1. DÁLKUR TILSKILDAR STADALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL ADLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
7.5. Gufuþrýstingur	7.5. Rannsóknin er óþörf ef bræðslumarkið er yfir 300 °C. Ef bræðslumarkið er 200 – 300 °C nægir að tilgreina viðmiðunargildi sem byggist á mælingu eða viðurkenndri reikniaðferð.
7.6. Yfirborðsspenna	7.6. Rannsóknin er því aðeins nauðsynleg: – að búast megi við eða spá megi fyrir um, út frá byggingunni, yfirborðsvirkni eða – að yfirborðsvirkni sé æskilegur eiginleiki efnisins. Ef leysni í vatni er minni en 1 mg/l við 20 °C er rannsóknin óþörf.
7.7. Vatsleysni	7.7. Rannsóknin er óþörf: – ef efnið er óstöðugt í vatni við pH 4, 7 og 9 (helmingunartími er styttri en 12 klst.) eða – ef efnið oxast auðveldlega í vatni. Ef efnið virðist „óleysanlegt“ í vatni skal gera markprófun að greiningarmörkum efnagreiningaraðferðarinnar.
7.8. Deilistuðull n-oktanóls og vatns	7.8. Rannsóknin er óþörf ef efnið er ólífrænt. Ef ekki er kostur á að gera rannsóknina (t.d. ef efnið sundrast, hefur mikla yfirborðsvirkni, hvarfast kröftuglega meðan rannsóknin er gerð eða leysist ekki upp í vatni eða oktanóli eða ekki er unnt að fá nægilega hreint efni) skal leggja fram reiknað gildi fyrir log P, svo og upplýsingar um reikniaðferðina.
7.9. Blossamark	7.9. Rannsóknin er óþörf: – ef efnið er ólífrænt eða – ef efnið inniheldur eingöngu rok gjarna, lífræna efnisþætti með blossomarki yfir 100 °C fyrir vatnslausnir eða – ef reiknaða blossomarkið er yfir 200 °C eða – ef spá má nákvæmlega fyrir um blossomarkið með framreikningi út frá fyrirliggjandi efnum með þekktum eiginleikum.
7.10. Eldfimi	7.10. Rannsóknin er óþörf: – ef um er að ræða fast efni sem býr yfir sprengifimi eða loftkveikjandi. Þessir eiginleikar skulu ávallt skoðaðir áður en eldfimi er metin, eða – ef um er að ræða lofttegundir og styrkur eldfimrar lofttegundar, sem er í blöndu með hvarftregum lofttegundum, er svo lítil að þegar hún blandast andrúmslofti er styrkurinn ávallt undir neðri viðmiðunarmörkum eða – ef um er að ræða efni sem kviknar sjálfkrafa í þegar þau komast í snertingu við andrúmsloft.
7.11. Sprengifimi	7.11. Rannsóknin er óþörf: – ef í sameindinni eru engir efnahópar, sem tengjast sprengifimum eiginleikum, eða – ef efnið inniheldur efnahópa sem í er súrefni og tengjast sprengifimum eiginleikum og reiknað súrefnisvægi er undir – 200 eða – ef viðkomandi lífræn efni eða einsleit blanda lífrænna efna hafa efnahópa sem tengjast sprengifimi en útvermin sundrunarorka er minni en 500 J/g og útvermin sundrun hefst við hitastig undir 500 °C eða – ef um er að ræða blöndur ólífrænna, oxandi efna (SP-flokkur 5.1) og lífrænna efna og styrkur ólífrænna, oxandi efnisins er: – minni en 15% að massahlutfalli, ef það fellur undir pökkunarflokk I (mikil hætta) eða II (miðlungi mikil hætta) í flokkunarkerfi SP, – minni en 30% að massahlutfalli, ef það fellur undir pökkunarflokk III (lítil hætta) í flokkunarkerfi SP. <i>Athugasemd:</i> Þess er hvorki krafist að framkvæmd sé prófun á útbreiðslu sprengingar né prófun á næmi fyrir sprengingarhöggi (sensitivity to detonative shock) ef útvermin sundrunarorka lífrænna efna er minni en 800 J/g.

1. DÁLKUR TILSKILDAR STADALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL ADLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
7.12. Sjálfskveikjuhiti	7.12. Rannsóknin er óþörf: <ul style="list-style-type: none"> – ef efnið er sprengifimt eða í því kviknar sjálfkrafa komist það í snertingu við loft við stofuhita eða – ef um er að ræða vökva, sem eru óeldfimir í snertingu við andrúmsloft, t.d. hafa blossamark yfir 200 °C, eða – ef um er að ræða lofttegundir, sem geta ekki komið fyrir í andrúmslofti í þeim styrk að í þeim kvikni, eða – ef um er að ræða föst efni og efnið hefur bræðslumark ≤ 160 °C eða ef bráðabirgðaniðurstöður útiloka að efnið sjálftitni að 400 °C
7.13. Oxandi eiginleikar	7.13. Rannsóknin er óþörf: <ul style="list-style-type: none"> – ef efnið er sprengifimt eða – ef efnið er mjög eldfimt eða – ef efnið er lífrænt peroxíð eða – ef efnið getur ekki hvarfast á útverminn hátt við brennanleg efni, t.d. vegna efnabyggingar (t.d. lífræn efni, sem innihalda hvorki súrefnis- né halógenfrumeindir og þar sem þessi frumefni eru ekki bundin köfnunarefni eða súrefni með efnatengjum, eða ólífræn efni sem innihalda hvorki súrefnis- né halógenfrumeindir). <p>Ekki er þörf á að láta alla rannsóknina fara fram ef um er að ræða föst efni og bráðabirgðarannsóknir hafa greinilega bent til þess að prófunarefnið búi yfir oxandi eiginleikum.</p> <p><i>Athugasemd:</i> Ekki er til nein aðferð til að ákvarða oxandi eiginleika hjá blöndu lofttegunda; mat á þessum eiginleikum verður að vinna með aðferð sem byggist á því að bera saman oxunarmátt lofttegunda í blöndu og oxunarmátt súrefnis í andrúmslofti.</p>
7.14. Kornastærð	7.14. Rannsóknin er óþörf ef efnið er sett á markað eða notað sem efni, sem er ekki í föstu formi, eða komað efni.

8. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

1. DÁLKUR TILSKILDAR STADALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL ADLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
8.1. Húðerting eða -æting Mat á þessum endapunkti skal ná yfir eftirfarandi þrep í tilgreindri röð: (1) mat á fyrirbyggjandi gögnum um menn og dýr, (2) mat á síru- eða basaförða, (3) rannsóknir í glasi á húðætingu, (4) rannsóknir í glasi á húðertingu,	8.1. Ekki þarf að framkvæma 3. og 4. þrep: <ul style="list-style-type: none"> – ef fyrirbyggjandi upplýsingar benda til þess að viðmiðuninum sé fullnægt að því er varðar flokkun sem ætandi efni fyrir húð eða ertandi fyrir augu eða – ef efnið er eldfimt í snertingu við loft við stofuhita eða – ef efnið er flokkað sem mjög eitruð, komist það í snertingu við húð, eða – ef rannsókn á bráðum eitruhrifum með fkomuleið um húð bendir ekki til húðertingar að háskammti (2000 mg/kg/líkamsþyngdar).
8.2. Augnerting Mat á þessum endapunkti skal ná yfir eftirfarandi þrep í tilgreindri röð: (1) mat á fyrirbyggjandi gögnum um menn og dýr, (2) mat á síru- eða basaförða, (3) rannsóknir í glasi á augnertingu.	8.2. Ekki þarf að framkvæma 3. þrep: <ul style="list-style-type: none"> – ef fyrirbyggjandi upplýsingar benda til þess að viðmiðuninum sé fullnægt að því er varðar flokkun sem ætandi efni fyrir húð eða ertandi fyrir augu eða – ef efnið er eldfimt í snertingu við loft við stofuhita,

1. DÁLKUR TILSKILDAR STADALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL ADLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
8.3. Húðnaeming Mat á þessum endapunkti skal ná yfir eftirfarandi þrep í tilgreindri röð: (1) mat á fyrirbyggjandi gögnum um menn og dýr, ásamt gögnum úr öðrum rannsóknum, (2) rannsóknir í lífi.	8.3. Ekki þarf að framkvæma 2. þrep: – ef fyrirbyggjandi upplýsingar benda til þess að flokka skuli efnið sem næmandi eða ætandi fyrir húð eða – ef efnið er sterk sýra ($\text{pH} \leq 2,0$) eða basi ($\text{pH} \geq 11,5$) eða – ef efnið er eldfimt í snertingu við loft við stofuhita. Eitlagreining (LLNA) í músum er fyrsti kostur þegar velja þarf aðferð til rannsókna í lífi. Ekki skal nota aðra aðferð nema í undantekningartilvikum. Færa skal rök fyrir því ef notuð er önnur aðferð.
8.4. Stökkbreytandi áhrif 8.4.1. Rannsókn í glasi á genastökkbreytingum í bakteríum	8.4. Frekari rannsóknir á stökkbreytandi áhrifum skulu flogaðar ef niðurstöður reynast jákvæðar.
8.5. Bráð eiturrhif 8.5.1. Íkomuleið um munn	8.5. Rannsóknin eða rannsóknirnar eru að jafnaði óþarfar: – ef efnið er flokkað sem ætandi fyrir húð. Rannsóknin er óþörf ef fyrir liggja niðurstöður úr rannsókn á bráðum eiturrhifum þar sem íkomuleiðin er með innöndun (8.5.2).

9. VISTEITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

1. DÁLKUR TILSKILDAR STADALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL ADLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
9.1. Eiturhrið á lífríki í vatni 9.1.1. Rannsóknir á skammvinnnum eiturrhifum á hryggleysingja (ákjósanlegasta tegundin: halafló (<i>Daphnia</i>)) Skráningaraðilinn getur valið að gera rannsókn á langvinnnum eiturrhifum í stað skammvinnra eiturrhifa. 9.1.2. Rannsókn á vaxtarhömlun hjá vatnaplöntum (helst þörungum)	9.1.1. Rannsóknin er óþörf: – ef mildandi þættir benda til þess að ólíklegt sé að eiturrhif á lífríki í vatni komi fram, t.d. ef efnið leysist mjög illa í vatni eða ef ólíklegt er að efnið berist gegnum líffræðilegar himnur eða – ef fyrir liggja niðurstöður úr rannsóknum á langvinnnum eiturrhifum á hryggleysingja eða – ef fyrir liggja nægar upplýsingar til flokkunar og merkingar að því er varðar umhverfi. Rannsókn á langvinnnum eiturrhifum á halafló (<i>Daphnia</i>) (líður 9.1.5 í IX. viðauka) kemur til greina ef efnið leysist illa í vatni. 9.1.2. Rannsóknin er óþörf ef mildandi þættir benda til þess að ólíklegt sé að eiturrhif á lífríki í vatni komi fram, t.d. ef efnið leysist mjög illa í vatni eða ólíklegt er að efnið berist gegnum líffræðilegar himnur.
9.2. Niðurbrot 9.2.1. Lífrænt niðurbrot 9.2.1.1. Auðlífrjótanleiki	9.2.1.1. Rannsóknin er óþörf ef efnið er ólífrænt.

Leggja skal fram allar aðrar eðlisefnafræðilegar, eiturefnafræðilegar og visteiturefnafræðilegar upplýsingar sem liggja fyrir og skipta máli.

VIII. VIÐAUKI

STADLAÐAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR 10 TONNUM EÐA MEIRA

Í 1. dálki þessa viðauka eru tilgreindar þær staðalupplýsingar sem krafist er fyrir öll efni sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem nemur 10 tonnum eða meira í samræmi við c-lið 1. mgr. 12. gr.

Upplýsingarnar í 1. dálki í þessum viðauka eru því nauðsynlegar til viðbótar þeim sem verða að koma fram í 1. dálki við VII. viðauka. Leggja skal fram allar aðrar eðlisefnafræðilegar, eiturefnafræðilegar og visteiturefnafræðilegar upplýsingar sem liggja fyrir og skipta máli.

Í 2. dálki þessa viðauka eru tilgreindar sértækar reglur sem kveða á um hvaða tilskildu staðalupplýsingum megi sleppa, hverjum megi skipta út fyrir aðrar, hverjar megi leggja fram á mismunandi stigum og hverjum megi breyta á annan hátt. Ef skilyrðin í 2. dálki þessa viðauka, sem heimila aðlögun, eru uppfyllt skal skráningaraðilinn greina skilmerkilega frá þeirri staðreynd og tilgreina ástæður fyrir hverri breytingu í viðeigandi lið í skráningarskjölunum.

Auk þessara sértæku reglna getur skráningaraðilinn aðlagð tilskildu staðalupplýsingarnar, sem eru settar fram í 1. dálki í þessum viðauka, í samræmi við almennu reglurnar í XI. viðauka. Í því tilviki skal hann einnig greina skilmerkilega frá ástæðunum fyrir öllum ákvörðunum um að aðlaga staðalupplýsingarnar í viðeigandi liðum í skráningarskjölunum og vísa til viðkomandi, sértækrar reglu eða sértækra reglna í 2. dálki eða í XI. viðauka (²).

Áður en nýjar rannsóknir eru gerðar í því skyni að ákvarða eiginleikana, sem eru tilgreindir í þessum viðauka, skal fyrst leggja mat á öll fyrirbyggjandi gögn um rannsóknir í glasi, gögn um rannsóknir í lífi, rannsóknarsöguleg gögn sem varða menn, gögn úr rannsóknum á megindlegum eða eigindlegum venslum byggingar og virkni ((Q)SAR) og gögn um efni með svipaða byggingu (ályktun út frá byggingarlega hliðstæðum efnunum). Forðast skal að gera tilraunir í lífi með ætandi efni í styrk eða skammtastærðum sem valda ættingu. Áður en tilraunir eru gerðar skal afla frekari leiðbeininga um tilraunaaðferðir til viðbótar við þær leiðbeiningar sem eru gefnar í þessum viðauka.

Þegar upplýsingar, er varða tiltekna endapunkta, eru ekki lagðar fram af öðrum ástæðum en þeim sem eru tilgreindar í 2. dálki þessa viðauka eða XI. viðauka skal greina skilmerkilega frá þeirri staðreynd og ástæðunum fyrir því.

8. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

1. DÁLKUR TILSKILDAR STADALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTÉKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
8.1. Húðerting	
8.1.1. Rannsókn á húðertingu í lífi	8.1.1. Rannsóknin er óþörf ef: <ul style="list-style-type: none"> – efnið er flokkað sem ætandi fyrir húð eða ertandi fyrir húð eða – efnið er sterk sýra (pH ≤ 2,0) eða basi (pH ≥ 11,5) eða – efnið er eldfimt í snertingu við loft við stofuhita eða – efnið er flokkað sem mjög eitrað, komist það í snertingu við húð eða – rannsókn á bráðum eiturhrifum með íkomuleið um húð bendir ekki til húðertingar að háskammti (2000 mg/kg/líkamsþyngdar).
8.2. Augnerting	
8.2.1. Rannsókn á augnertingu í lífi	8.2.1. Rannsóknin er óþörf ef: <ul style="list-style-type: none"> – efnið er flokkað sem ertandi fyrir augu og hætta er á alvarlegum augnskaða eða – efnið er flokkað sem ætandi fyrir húð, þó því aðeins að skráningaraðilinn hafi flokkað efnið sem ertandi fyrir augu eða – efnið er sterk sýra (pH ≤ 2,0) eða basi (pH ≥ 11,5) eða – efnið er eldfimt í snertingu við loft við stofuhita.
8.4. Stökkbreytandi áhrif	
8.4.2. Rannsókn í glasi á frumuferðum (cytogenicity) í spendýrsfrumum eða rannsókn í glasi á smákjörnum	8.4.2. Rannsóknin er óþörf ef: <ul style="list-style-type: none"> – fullnægjandi gögn úr rannsókn í lífi á frumuferðum liggja fyrir eða – vitað er að efnið er krabbameinsvaldur í 1. eða 2. flokki eða stökkbreytivaldur í 1., 2. eða 3. flokki.

(¹) Þessi viðauki gildir fyrir framleiðendur hluta, sem skylt er að skrá í samræmi við 7. gr., og, að breyttu breytanda, fyrir aðra efirmotendur sem er skylt að framkvæma tilraunir samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

(²) Athugasemd: skilyrðin fyrir undanþágu frá tiltekinni prófun, sem eru sett fram í viðeigandi prófunaraðferðum í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um prófunaraðferðir eins og fram kemur í 3. mgr. 13. gr., gilda einnig þótt þau séu ekki endurtekin í 2. dálki.

1. DÁLKUR TILSKILDAR STADALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTEKAR REGLUR TIL ADLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
8.4.3. Rannsókn í glasi á genastökkbreytingum í spendýrsfrumum ef niðurstöður eru neikvæðar í lið 8.4.1 í VII. viðauka og lið 8.4.2 í VIII. viðauka.	8.4.3. Rannsóknin er að jafnaði óþörf ef fyrir liggja fullnægjandi gögn úr áreiðanlegum rannsóknnum í lífi á genastökkbreytingum í spendýrsfrumum. 8.4. Ef niðurstöður einnar af erfðaeiturhrifarannsóknunum í lífi í VII. eða VIII. viðauka eru jákvæðar skal veða og meta hvort gera skuli viðeigandi rannsóknir í lífi á stökkbreytandi hrifum.
8.5. Bráð eiturhrif 8.5.2. Íkomuleið með innöndun 8.5.3. Íkomuleið um húð	8.5. Rannsóknin eða rannsóknirnar eru að jafnaði óþarfar ef: – efnið er flokkað sem ætandi fyrir húð. Ef um er að ræða efni, sem eru ekki lofttegundir, skal leggja fram upplýsingarnar, sem eru nefndar í liðum 8.5.2 og 8.5.3, að því er varðar a.m.k. eina íkomuleið, auk íkomuleiðarinnar um munn (liður 8.5.1). Valið á viðbótaríkomuleiðinni skal ráðast af eðliseiginleikum efnisins og því hver líklegasta váhrifaleiðin er að því er menn varðar. Ef váhrifaleiðin er aðeins ein þarf aðeins að leggja fram upplýsingar um hana. 8.5.2. Rétt er að rannsaka íkomuleiðina við innöndun ef líklegt er að menn verði fyrir váhrifum frá innöndunarlofti, að teknu tilliti til gufuþrýstings efnisins og/eða þess hvort váhrif frá úða, ögnum eða dropum, sem eru af þeirri stærð að unnt er að anda þeim að sér, séu hugsanleg. 8.5.3. Rétt er að rannsaka íkomuleiðina um húð ef: (1) ólíklegt er að efnið berist með innöndunarlofti og (2) líklegt er að efnið komist í snertingu við húð í framleiðslu og/eða notkun og (3) eðlisefnafræðilegir og eiturefnafræðilegir eiginleikar benda til þess að upptaka um húð geti verið umtalsverð.
8.6. Eiturhrif við endurtekna skammta 8.6.1. Rannsókn (28 daga) á skammvinnu eiturhrifum við endurtekna skammta með einni tegund, karl- og kvendýrum, þar sem íkomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu váhrifaleiðar að því er varðar menn.	8.6.1. Rannsóknin á skammvinnu (28 dagar) eiturhrifum er óþörf ef: – fyrir liggja áreiðanlegar niðurstöður úr rannsóknnum (90 daga) á hálflangvinnu eða langvinnu eiturhrifum, að því tilskildu að notuð sé heppileg dýrategund, skammtur, leysir og íkomuleið eða – efnið sundrast þegar í stað og fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um efnin sem myndast við það eða – unnt er að útiloka viðkomandi váhrif á menn í samræmi við 3. lið XI. viðauka. Velja skal viðeigandi íkomuleið á grundvelli eftirfarandi: Rétt er að rannsaka íkomuleiðina um húð ef: (1) ólíklegt er að efnið berist með innöndunarlofti og (2) líklegt er að efnið komist í snertingu við húð í framleiðslu og/eða notkun og (3) eðlisefnafræðilegir og eiturefnafræðilegir eiginleikar benda til þess að upptaka um húð geti verið umtalsverð. Rétt er að rannsaka íkomuleiðina við innöndun ef líklegt er að menn verði fyrir váhrifum frá innöndunarlofti, að teknu tilliti til gufuþrýstings efnisins og/eða þess hvort váhrif frá úða, ögnum eða dropum, sem eru af þeirri stærð að unnt er að anda þeim að sér, séu hugsanleg. Skráningaraðilinn skal gera tillögu að rannsókn (90 dagar) á hálflangvinnu eiturhrifum (liður 8.6.2 í IX. viðauka) ef: fjöldi tilvika, þar sem menn verða fyrir váhrifum, og lengd þeirra benda til þess að rétt sé að gera rannsókn sem varir lengur;

1. DÁLKUR TILSKILDAR STADALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTEKAR REGLUR TIL ADLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
	<p>og að uppfylltum einu af eftirfarandi skilyrðum:</p> <ul style="list-style-type: none"> – önnur fyrirbyggjandi gögn benda til þess að efnið kunni að búa yfir hættulegum eiginleika sem ógerlegt er að greina í skammvinnri rannsókn á eiturhrifum eða – rannsóknir á eiturefnaferlum, sem eru rétt útfærðar, leiða í ljós að efni, eða umbrotsefni þess, safnast upp í tilteknum vefjum eða líffærum, sem koma e.t.v. ekki fram í rannsóknum á skammvinnnum eiturhrifum en sem geta haft í för með sér skaðleg áhrif við langvinn váhrif. <p>Skráningaraðilinn skal gera tillögu að frekari rannsóknum eða Efnastofnunin kann að krefjast þeirra í samræmi við 40. eða 41. gr. ef:</p> <ul style="list-style-type: none"> – ekki tekst að ákvarða mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NOAEL) í 28 eða 90 daga rannsóknunum, nema ástæða þess að ekki takist að ákvarða fyrrgreind mörk sé sú að ekki sé um nein skaðleg eiturhrif að ræða eða – eiturhrifin eru alvarlegs eðlis (t.d. alvarleg áhrif koma fram) eða – vísbendingar liggja fyrir um tiltekin áhrif en ekki er unnt að byggja eiturefnafræðilega lýsingu eða lýsingu á áhættu á fyrirbyggjandi niðurstöðum. Í þeim tilvikum gæti það hentað betur að gera sérstakar, eiturefnafræðilegar rannsóknir sem eru settar upp í því skyni að rannsaka þessi áhrif (t.d. ónæmiseiturhrif eða taugaeiturhrif) eða – íkomuleiðin, sem var notuð í fyrstu rannsókninni með endurteknum skömmtum, var óhentug, að því er varðar væntanlegar íkomuleiðir váhrifa sem menn verða fyrir, og ekki er unnt að framreikna eina íkomuleið yfir á aðra eða – váhrif valda sérstökum áhyggjum (t.d. notkun í neytendavörum sem leiðir til að umfang váhrifa er nálægt þeim skammtastærðum sem vænta má að valdi eiturhrifum á menn) eða – áhrif, sem koma fram hjá efnum sem eru byggingarlega náskyld efnum sem verið er að rannsaka, greindust ekki í 28 eða 90 daga rannsókninni.
<p>8.7. Skaðleg áhrif á æxlun</p> <p>8.7.1. Skimun eftir skaðlegum áhrifum á æxlun og þroskun með einni tegund (OECD 421 eða 422), ef fyrirbyggjandi upplýsingar um efni með svipaða byggingu, mat á eigindlegum eða megindegum venslum byggingar og virkni ((Q)SAR) eða prófanir í glasi gefa engar vísbendingar um að efnið geti haft skaðleg áhrif á þroska.</p>	<p>8.7.1. Þessi rannsókn er óþörf ef:</p> <ul style="list-style-type: none"> – vitað er að efnið er krabbameinsvaldandi erfðaeitur og víðeigandi ráðstafanir við áhættustjórnun eru gerðar eða – vitað er að efnið veldur stökkbreytingum í kímfrumum og víðeigandi ráðstafanir við áhættustjórnun eru gerðar eða – unnt er að útiloka viðkomandi váhrif á menn í samræmi við 3. lið XI. viðauka eða – rannsókn á skaðlegum áhrifum á þroskun á forburðarskeiði (liður 8.7.2 í XI. viðauka) eða rannsókn á skaðlegum áhrifum á æxlun hjá tveimur kynslóðum (liður 8.7.3 í IX. viðauka) liggja fyrir. <p>Ef vitað er að efni hefur skaðleg áhrif á frjósemi og það uppfyllir viðmiðanir til að flokkast sem æxlunarskaðvaldur í 1. eða 2. flokki: H60, og fyrirbyggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé áreiðanlegt þarf ekki að gera frekari frjósemisprófanir. Hins vegar kemur til greina að gera prófanir er varða skaðleg áhrif á þroskun.</p> <p>Ef vitað er að efni hefur skaðleg áhrif á þroskun og það uppfyllir viðmiðanir til að flokkast sem æxlunarskaðvaldur í 1. eða 2. flokki: H61, og fyrirbyggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé áreiðanlegt þarf ekki að gera frekari prófanir á skaðlegum áhrifum á þroskun. Hins vegar kemur til greina að gera prófanir er varða áhrif á frjósemi.</p> <p>Í þeim tilvikum, þar sem hugsanleg, skaðleg áhrif á frjósemi eða þroskun eru mikið áhyggjuefni, getur skráningaraðilinn annaðhvort lagt til rannsókn á skaðlegum áhrifum á þroskun á forburðarskeiði (liður 8.7.2 í IX. viðauka) eða rannsókn á skaðlegum áhrifum á æxlun hjá tveimur kynslóðum (liður 8.7.3 í IX. viðauka) í stað skimunarrannsóknarinnar.</p>
<p>8.8. Eiturefnaferli</p> <p>8.8.1. Mat á eiturhvarfafræðilegri hegðun efnisins að því marki sem unnt er að ákvarða út frá víðeigandi upplýsingum sem liggja fyrir</p>	

9. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

1. DÁLKUR TILSKILDAR STADALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL ADLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
<p>9.1.3. Rannsóknir á skammvinnnum eiturhrifum á fisk: Skráningaraðilinn getur valið að gera rannsókn á langvinnnum eiturhrifum í stað skammvinnra eiturhrifa.</p> <p>9.1.4. Rannsókn á öndunarhömlun í virkri eðju</p>	<p>9.1.3. Rannsóknin er óþörf ef:</p> <ul style="list-style-type: none"> – fyrir liggja mildandi þættir sem benda til þess að ólíklegt sé að eiturhrif á lífríki í vatni komi fram, t.d. ef efnið leysist mjög illa í vatni eða ólíklegt er að efnið berist gegnum líffræðilegar himnur eða – fyrir liggja niðurstöður úr rannsóknum á langvinnnum eiturhrifum á fisk. <p>Rannsókn á langvinnnum eiturhrifum, sem lýst er í IX. viðauka, kemur til greina ef efnaöryggismatið, skv. I. viðauka, gefur til kynna að rannsaka þurfi nánar áhrif á vatnalfverur. Val á viðeigandi prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu.</p> <p>Rannsókn á langvinnnum eiturhrifum á fisk (líður 9.1.6 í IX. viðauka) kemur til greina ef efnið leysist illa í vatni.</p> <p>9.1.4. Rannsóknin er óþörf ef:</p> <ul style="list-style-type: none"> – ekki er um neina losun að ræða í skólphreinsistöð eða – fyrir liggja mildandi þættir sem benda til þess að ólíklegt sé að överufræðileg eiturhrif komi fram, t.d. ef efnið leysist mjög illa í vatni eða – efnið er auðlífrjótanlegt og þeir styrkleikar, sem eru notaðir í prófuninni, eru á því styrkbili sem vænta má fyrir aðrennsli skólphreinsistöðvar. <p>Í stað rannsóknarinnar má gera prófun með nítrunarлата ef fyrir liggjandi gögn sýna að líklegt sé að efnið hafi letjandi áhrif á vöxt eða starfsemi örvera, einkum nítratmyndandi baktería.</p>
<p>9.2. Niðurbrot</p> <p>9.2.2. Ólífrænt niðurbrot</p> <p>9.2.2.1. Vatnsrof sem fall af sýrustigi</p>	<p>9.2. Gera má frekari rannsóknir á niðurbroti ef niðurstöður efnaöryggismatsins, í samræmi við I. viðauka, gefa til kynna að þörf sé á að rannsaka nánar niðurbrot efnisins. Val á viðeigandi prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu.</p> <p>9.2.2.1. Rannsóknin er óþörf ef:</p> <ul style="list-style-type: none"> – efnið er auðlífrjótanlegt eða – efnið leysist mjög illa í vatni.
<p>9.3. Afdrif og hegðun í umhverfinu</p> <p>9.3.1. Skimunarrannsókn að því er varðar ásog/afsog</p>	<p>9.3.1. Rannsóknin er óþörf ef:</p> <ul style="list-style-type: none"> – líklegt er að efnið, á grundvelli eðlisefnafræðilegra eiginleika þess, hafi litla tilhneigingu til ásogs (t.d. ef efnið hefur lágan deilistuðul fyrir oktanól eða vatn) eða – efnið og viðkomandi niðurbrotsefni þess sundrast hratt.

IX. VIÐAUKI

STADLADAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFNIS SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR 100 TONNUM EÐA MEIRA ⁽¹⁾

Til að uppfylla upplýsingakröfurnar í þessum viðauka skal skráningaraðilinn leggja fram tillögu og tímaáætlun í samræmi við d-lið 1. mgr. 12. gr.

Í 1. dálki þessa viðauka eru tilgreindar þær staðalupplýsingar sem krafist er fyrir öll efni sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem nemur 100 tonnum eða meira í samræmi við d-lið 1. mgr. 12. gr. Upplýsingarnar í 1. dálki í þessum viðauka eru því nauðsynlegar til viðbótar þeim sem verða að koma fram í 1. dálki í VII. og VIII. viðauka. Leggja skal fram allar aðrar eðlisefnafræðilegar, eiturefnafræðilegar og visteiturefnafræðilegar upplýsingar sem liggja fyrir og skipta máli. Í 2. dálki þessa viðauka eru tilgreindar sértækar reglur sem kveða á um hvaða tilskildum staðalupplýsingum skráningaraðilinn má leggja til að sé sleppt, hverjum megi skipta út fyrir aðrar, hverjar megi leggja fram á síðari stígum og hverjum megi breyta á annan hátt. Ef skilyrðin í 2. dálki þessa viðauka, sem heimila tillögu að aðlögun, eru uppfyllt skal skráningaraðilinn greina skilmerkilega frá þeirri staðreynd og tilgreina ástæðurnar fyrir tillögu að hverri breytingu í viðeigandi lið í skráningarskjölunum.

Auk þessara sértæku reglna getur skráningaraðilinn lagt til að tilskildu staðalupplýsingarnar, sem settar eru fram í 1. dálki þessa viðauka, séu aðlagðar í samræmi við almennu reglurnar í XI. viðauka. Í því tilviki skal hann greina skilmerkilega frá ástæðunum fyrir öllum ákvörðunum um að leggja til aðlögun staðalupplýsinganna í viðeigandi liðum í skráningarskjölunum og vísa til viðkomandi, sértækrar reglu eða sértækra reglna í 2. dálki eða í XI. viðauka ⁽²⁾.

Áður en nýjar rannsóknir eru gerðar í því skyni að ákvarða eiginleikana, sem eru tilgreindir í þessum viðauka, skal fyrst leggja mat á öll fyrirbyggjandi gögn um rannsóknir í glasi, gögn um rannsóknir í lífi, rannsóknarsöguleg gögn sem varða menn, gögn úr rannsóknum á megindegum eða eigindegum venslum byggingar og virkni ((Q)SAR) og gögn um efni með svipaða byggingu (ályktun út frá byggingarlega hliðstæðum efnem). Forðast skal að gera tilraunir í lífi með ætandi efni í styrk eða skammtastærðum sem valda ættingu. Áður en tilraunir eru gerðar skal afla frekari leiðbeininga um tilraunaaðferðir til viðbótar við þær leiðbeiningar sem eru gefnar í þessum viðauka.

Þegar lagt er til að upplýsingar, er varða tiltekna endapunkta, séu ekki lagðar fram af öðrum ástæðum en þeim sem eru tilgreindar í 2. dálki þessa viðauka eða XI. viðauka skal greina skilmerkilega frá þeirri staðreynd og ástæðunum fyrir því.

7. UPPLÝSINGAR UM EÐLISEFNAFRÆÐILEGA EIGINLEIKA EFNISINS

1. DÁLKUR TILSKILDAR STADALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL ADLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
7.15. Stöðugleiki í lífrænum leysum og auðkenni viðkomandi niðurbrotsefna. Einungis krafist ef stöðugleiki efnisins telst vera mikilvægur.	7.15. Rannsóknin er óþörf ef efnið er ólífrænt.
7.16. Klofnunarstuðull	7.16. Rannsóknin er óþörf ef: <ul style="list-style-type: none"> – efnið er óstöðugt í vatni (helmingunartími er styttri en 12 klst.) eða oxast auðveldlega í vatni eða – ógerlegt er að gera prófunina af vísindalegum ástæðum, t.d. ef greiningaraðferðin er ekki nógu nákvæm.
7.17. Seigja	

⁽¹⁾ Þessi viðauki gildir fyrir framleiðendur hluta, sem skylt er að skrá í samræmi við 7. gr., og, að breyttu breytanda, fyrir aðra eftirmotendur sem er skylt að framkvæma tilraunir samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

⁽²⁾ Athugasemd: skilyrðin fyrir undanþágu frá tiltekinni prófun, sem eru sett fram í viðeigandi prófunaraðferðum í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um prófunaraðferðir eins og fram kemur í 3. mgr. 13. gr., gilda einnig þótt þau séu ekki endurtekin í 2. dálki.

8. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

1. DÁLKUR TILSKILDAR STADALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL ADLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
	<p>8.4. Ef niðurstöður einhverrar af erfðaeiturhrifarannsóknunum í glasi í VII. eða VIII. viðauka eru jákvæðar og engar niðurstöður liggja fyrir úr rannsókn í lífi skal skráningaraðilinn leggja fram tillögu að rannsókn í lífi á erfðaeiturhrifum í líkamsfrumum.</p> <p>Ef jákvæðar niðurstöður úr rannsókn í lífi á líkamsfrumum liggja fyrir skal líta á tilhneigingu til stökkbreytandi áhrifa í kímfrumum á grundvelli allra fyrirbyggjandi gagna, þ.m.t. gagna um eiturefnaferli. Ef ekki er unnt að draga skýrar ályktanir um stökkbreytandi áhrif á kímfrumur skulu frekari rannsóknir koma til álita.</p>
<p>8.6. Eiturhrif við endurtekna skammta</p> <p>8.6.1. Rannsókn (28 daga) á skammvinnu eiturhrifum við endurtekna skammta með einni tegund, karl- og kvendýrum, þar sem íkomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu váhrifaleiðar að því er varðar menn, nema slíkar upplýsingar liggi þegar fyrir samkvæmt kröfunum í VIII. viðauka eða lagt sé til að rannsóknir fari fram í samræmi við lið 8.6.2. í þessum viðauka. Í því tilviki gildir 3. liður í XI. viðauka ekki.</p> <p>8.6.2. Rannsókn (90 daga) á háflangvinnu eiturhrifum með einni tegund, nagdýri, karl- og kvendýrum, þar sem íkomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu váhrifaleiðar að því er varðar menn.</p>	<p>8.6.2. Rannsóknin (90 daga) á háflangvinnu eiturhrifum er óþörf ef:</p> <ul style="list-style-type: none"> – áreiðanlegar rannsóknarniðurstöður (28 daga) á skammvinnu eiturhrifum liggja fyrir sem leiða í ljós alvarleg eiturhrif samkvæmt viðmiðunum fyrir flokkun efnisins sem H48 þar sem unnt er með beitingu viðeigandi óvissustuðuls að framreikna NOAEL-28 daga yfir á NOAEL-90 daga fyrir sama váhrifamáta eða – fyrir liggja áreiðanlegar niðurstöður úr rannsóknunum á langvinnu eiturhrifum, að því tilskildu að notuð sé heppileg dýrategund og íkomuleið eða – efnið sundrast þegar í stað og fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um efnin sem myndast við það (bæði að því er varðar útbreidd áhrif og áhrif við upptökustað) eða – efnið er óhvarfgejart, óleysanlegt og ekki er unnt að anda því að sér og engin merki koma fram um upptöku eða eiturhrif í 28 daga „markprófun“, einkum ef váhrif á menn eru jafnframt takmörkuð. <p>Velja skal viðeigandi íkomuleið á grundvelli eftirfarandi:</p> <p>Rétt er að rannsaka íkomuleiðina um húð ef:</p> <ol style="list-style-type: none"> (1) líklegt er að efnið komist í snertingu við húð í framleiðslu og/eða notkun og (2) eðlisefnafræðilegir eiginleikar benda til þess að upptaka um húð sé umtalsverð og (3) eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt: <ul style="list-style-type: none"> – eiturhrif í prófun á bráðum eiturhrifum á húð koma fram í minni skömmtum en í prófun á bráðum eiturhrifum við inntöku eða – útbreidd áhrif eða önnur merki um upptöku koma fram í húð- og/eða augnertingarrannsóknunum eða – rannsóknir í glasi benda til umtalsverðar upptöku um húð eða – umtalsverð eiturhrif á húð eða upptaka gegnum húð kemur fram að því er varðar efni sem eru með svipaða byggingu.

1. DÁLKUR TILSKILDAR STADALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTEKAR REGLUR TIL ADLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKÍ
	<p>Rétt er að rannsaka íkomuleiðina við innöndun ef:</p> <ul style="list-style-type: none"> - líklegt er að menn verði fyrir váhrifum frá innöndunarlofti, að teknu tilliti til gufuprýstings efnisins og/eda þess hvort váhrif frá úða, ögnum eða dropum, sem eru af þeirri stærð að unnt er að anda þeim að sér, séu hugsanleg. <p>Skráningaraðilinn skal gera tillögu að frekari rannsóknnum eða Efnastofnunin kann að krefjast þeirra í samræmi við 40. eða 41. gr. ef:</p> <ul style="list-style-type: none"> - ekki tekst að ákvarða mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif í 90 daga rannsókninni, nema ástæða þess að ekki takist að ákvarða fyrrgreind mörk sé sú að ekki sé um nein skaðleg eiturhrif að ræða eða - eiturhrifin eru alvarlegs eðlis (t.d. alvarleg áhrif koma fram) eða - vísbendingar um áhrif liggja fyrir en ekki er unnt að byggja eiturefnafræðilega lýsingu eða lýsingu á áhættu á fyrirbyggjandi niðurstöðum. Í þeim tilvikum gæti hentað betur að gera sérstakar, eiturefnafræðilegar rannsóknir sem eru settar upp í því skyni að rannsaka þessi áhrif (t.d. ónæmiseiturhrif eða taugaeiturhrif) eða - váhrif valda sérstökum áhyggjum (t.d. notkun í neytendavörur sem leiðir til að umfang váhrifa er nálægt þeim skammtastærðum sem vænta má að hafi eiturhrif á menn).
<p>8.7. Skaðleg áhrif á æxlun</p> <p>8.7.2. Rannsókn á skaðlegum áhrifum á þroskun á forburðarskeiði með einni tegund þar sem íkomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu váhrifaleiðar að því er varðar menn (B.31 í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um prófunaraðferðir sem tilgreindar eru í 3. mgr. 13. gr. eða OECD 414).</p>	<p>8.7. Rannsóknirnar eru óþarfar ef:</p> <ul style="list-style-type: none"> - vitað er að efnið er krabbameinsvaldandi erfðaeitur og gerðar eru viðeigandi ráðstafanir við áhættustjórnun eða - vitað er að efnið veldur stökkbreytingum í kímfrumum og gerðar eru viðeigandi ráðstafanir við áhættustjórnun eða - efnið hefur litla eiturefnafræðilega virkni (fyrirliggjandi prófanir sýna engin merki um eiturhrif), unnt er að færa sönnur á, á grundvelli gagna um eiturefnaferli, að engin kerfistengd upptaka eftir viðkomandi váhrifaleið eigi sér stað (styrkur í blóðvökva/blóði er t.d. undir greiningarmörkum með notkun nákvæmrar aðferðar og hvorki efnið né umbrotsefni þess er fyrir hendi í þvagi, galli eða útöndunarlofti) og váhrif á menn eru engin eða óveruleg. <p>Ef vitað er að efni hefur skaðleg áhrif á frjósemi og það uppfyllir viðmiðanir til að flokkast sem æxlunarskaðvaldur í 1. eða 2. flokki: H60, og fyrirbyggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé áreiðanlegt þarf ekki að gera frekari frjósemisprófanir. Hins vegar kemur til greina að gera prófanir er varða skaðleg áhrif á þroskun. Ef vitað er að efni hefur skaðleg áhrif á þroskun og það uppfyllir viðmiðanir til að flokkast sem æxlunarskaðvaldur í 1. eða 2. flokki: H61, og fyrirbyggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé áreiðanlegt þarf ekki að gera frekari prófanir á skaðlegum áhrifum á þroskun. Hins vegar kemur til greina að gera prófanir er varða áhrif á frjósemi.</p> <p>8.7.2. Í fyrstu skal gera rannsóknina á einni tegund. Ákvörðun um hvort gera þurfi rannsókn á þessu magnbili eða næsta á annarri tegund skal byggjast á niðurstöðum úr fyrstu rannsókninni og öllum öðrum fyrirbyggjandi gögnum sem skipta máli.</p>

1. DÁLKUR TILSKILDAR STADALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL ADLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
8.7.3. Rannsókn á skaðlegum áhrifum á æxlun hjá tveimur kynslóðum með einni tegund, karl- og kvendýrum, þar sem íkomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu vahrifaleiðar að því er varðar menn, ef 28 eða 90 daga rannsóknin sýnir skaðleg áhrif á æxlunarfæri eða -vefi.	8.7.3. Í fyrstu skal gera rannsóknina á einni tegund. Ákvörðun um hvort gera þurfi rannsókn á þessu magnbili eða því næsta á annari tegund skal byggjast á niðurstöðum úr fyrstu rannsókninni og öllum öðrum fyrirliggjandi gögnum sem skipta máli.

9. VISTEITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

1. DÁLKUR TILSKILDAR STADALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL ADLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
9.1. Eiturhrif á lífríki í vatni	9.1. Skráningaraðilinn skal gera tillögu að rannsókn á langvinnum eiturhrifum ef efnaöryggismatið, skv. I. viðauka, gefur til kynna að rannsaka þurfi nánar áhrif á vatnalífverur. Val á viðeigandi prófun eða prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu.
9.1.5. Rannsókn á langvinnum eiturhrifum á hryggleysingja (ákjósanlegasta tegund: halafló (<i>Daphnia</i>)) (nema slíkar upplýsingar liggi þegar fyrir samkvæmt kröfunum í VII. viðauka).	
9.1.6. Rannsókn á langvinnum eiturhrifum á fisk (nema slíkar upplýsingar liggi þegar fyrir samkvæmt kröfunum í VIII. viðauka). Veita skal upplýsingar fyrir lið 9.1.6.1, 9.1.6.2 eða 9.1.6.3.	
9.1.6.2. Prófun á eiturhrifum á fisk á fyrstu þroskastigum	
9.1.6.2. Prófun á skammvinnum eiturhrifum á fósturvísis- og kviðpokastigi	
9.1.6.3. Vaxtarprófun á ungfiski	
9.2. Niðurbrot	9.2. Skráningaraðilinn skal gera tillögu að frekari rannsóknum á lífrænu niðurbroti ef efnaöryggismatið, skv. I. viðauka, gefur til kynna að rannsaka þurfi nánar niðurbrot efnisins ásamt niðurbrotsefnum þess. Val á viðeigandi prófun eða prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu og getur falið í sér hermiprófun í viðeigandi miðli (t.d. vatni, seti eða jarðvegi).
9.2.1. Lífrænt niðurbrot	
9.2.1.2. Hermiprófun á endanlegu niðurbroti í yfirborðsvatni	9.2.1.2. Rannsóknin er óþörf ef: <ul style="list-style-type: none"> – efnið leysist mjög illa í vatni eða – efnið er auðlífrjótanlegt.

1. DÁLKUR TILSKILDAR STADALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTEKAR REGLUR TIL ADLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
9.2.1.3. Hermiprófun í jarðvegi (að því er varðar efni sem hafa mikla tilhneigingu til að ásogast í jarðvegi)	9.2.1.3. Rannsóknin er óþörf ef: <ul style="list-style-type: none"> - efnið er auðlifbrjótanlegt eða - ólíklegt er að jarðvegur verði fyrir beinum eða óbeinum váhrifum.
9.2.1.4. Hermiprófun í seti (að því er varðar efni sem hafa mikla tilhneigingu til að ásogast í seti)	9.2.1.4. Rannsóknin er óþörf ef: <ul style="list-style-type: none"> - efnið er auðlifbrjótanlegt eða - ólíklegt er að set verði fyrir beinum eða óbeinum váhrifum.
9.2.3. Sanngreining niðurbrotsefna	9.2.3. Nema efnið sé auðlifbrjótanlegt.
9.3. Afdrif og hegðun í umhverfinu	9.3.2. Uppsöfnun í lagardýrategundum, einkum fiski 9.3.3. Frekari upplýsingar um ásog/afsog miðað við niðurstöður úr rannsókninni sem krafist er í VIII. viðauka.
9.4. Áhrif á landlífverur 9.4.1. Skammvinn eiturhrif á hryggleysingja 9.4.2. Áhrif á örverur í jarðvegi 9.4.3. Skammvinn eiturhrif á plöntur	9.4. Þessar rannsóknir eru óþarfar ef ólíklegt er að jarðvegur verði fyrir beinum eða óbeinum váhrifum. Ef gögn um eiturhrif á jarðvegslífverur liggja ekki fyrir er heimilt að beita deiljafnvægisáðferð (equilibrium partitioning method) til að meta hættu sem stöðjar að jarðvegslífverum. Val á viðeigandi prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu. Skráningaraðilinn getur valið að gera rannsóknir á langvinnum eiturhrifum í stað skammvinnra eiturhrifa, einkum að því er varðar efni sem hafa mikla tilhneigingu til að ásogast í jarðvegi.

10. ADFERÐIR NOTAÐAR VIÐ SANNGREININGU OG GREININGU

Ef þess er óskað skal leggja fram lýsingu á greiningaraðferðunum er varða viðkomandi umhverfishólf sem rannsökuð voru með viðkomandi greiningaraðferðum. Ef greiningaraðferðirnar liggja ekki fyrir skal skýra ástæðurnar fyrir vöntuninni.

X. VIÐAUKI

STAÐLADAR UPPLÝSINGAKRÖFUR FYRIR EFINI SEM ERU FRAMLEIDD EÐA FLUTT INN Í MAGNI SEM NEMUR 1000 TONNUM EÐA MEIRA ⁽¹⁾

Til að uppfylla upplýsingakröfurnar í þessum viðauka skal skráningaraðilinn leggja fram tillögu og tímaáætlun í samræmi við e-lið 1. mgr. 12. gr.

Í 1. dálki þessa viðauka eru tilgreindar þær staðalupplýsingar sem krafist er fyrir öll efni sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem er 1000 tonn eða meira í samræmi við e-lið 1. mgr. 12. gr. Upplýsingarnar í 1. dálki í þessum viðauka eru því nauðsynlegar til viðbótar þeim sem verða að koma fram í 1. dálki í VII., VIII. og IX. viðauka. Leggja skal fram allar aðrar eðlisefnafræðilegar, eiturefnafræðilegar og visteiturefnafræðilegar upplýsingar sem liggja fyrir og skipta máli. Í 2. dálki þessa viðauka eru tilgreindar sérstærar reglur sem kveða á um hvaða tilskildum staðalupplýsingum skráningaraðilinn má leggja til að sé sleppt, hverjum megi skipta út fyrir aðrar, hverjar megi leggja fram á sððari stigum og hverjum megi breyta á annan hátt. Ef skilyrðin, sem eru tilgreind í 2. dálki þessa viðauka og heimila tillögu að aðlögun, eru uppfyllt skal skráningaraðilinn greina skilmerkilega frá þeirri staðreynd og tilgreina ástæðurnar fyrir tillögu að hverri breytingu í viðeigandi lið í skráningarskjölunum.

Auk þessara sérstæku reglna getur skráningaraðilinn lagt til að tilskildu staðalupplýsingarnar, sem eru settar fram í 1. dálki þessa viðauka, séu aðlagðar í samræmi við almennu reglurnar í XI. viðauka. Í þessu tilviki skal hann einnig greina frá ástæðunum fyrir öllum ákvörðunum um að leggja til aðlögun staðalupplýsinganna í viðeigandi liðum í skráningarskjölunum og vísa til viðkomandi, sérstækrar reglu eða sérstæku reglna í 2. dálki eða í XI. viðauka ⁽²⁾.

Áður en nýjar rannsóknir eru gerðar í því skyni að ákvarða eiginleikana, sem eru tilgreindir í þessum viðauka, skal fyrst leggja mat á öll fyrirbyggjandi gögn um rannsóknir í glasi, gögn um rannsóknir í líffi, rannsóknarsöguleg gögn sem varða menn, gögn úr rannsóknum á megindegum eða eiginlegum venslum byggingar og virkni ((QSAR) og gögn um efni með svipaða byggingu (ályktun út frá byggingarlega hliðstæðum efnum). Forðast skal að gera tilraunir í líffi með ætandi efni í styrk eða skammtastærðum sem valda ættingu. Áður en tilraunir eru gerðar skal afla frekari leiðbeininga um tilraunaaðferðir til viðbótar við þær leiðbeiningar sem eru gefnar í þessum viðauka.

Þegar lagt er til að upplýsingar, er varða tiltekna endapunkta, séu ekki lagðar fram af öðrum ástæðum en þeim sem eru tilgreindar í 2. dálki þessa viðauka eða XI. viðauka skal greina skilmerkilega frá þeirri staðreynd og ástæðunum fyrir því.

8. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

1. DÁLKUR TILSKILDAR STAÐALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL AÐLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
	<p>8.4. Ef niðurstöður einhverrar af erfðaeiturhrifarrannsóknunum í glasi í VII. eða VIII. viðauka reynast jákvæðar getur verið nauðsynlegt að gera aðra rannsókn í líffi á líkamsfrumum, allt eftir gæðum og mikilvægi allra fyrirbyggjandi gagna.</p> <p>Ef jákvæðar niðurstöður úr rannsókn í líffi á líkamsfrumum liggja fyrir skal líta á tilhneigingu til stökkbreytandi áhrifa í kímfurum á grundvelli allra fyrirbyggjandi gagna, m.a. gagna um eiturefnaferli. Ef ekki er unnt að draga skýrar ályktanir um stökkbreytandi áhrif í kímfurum skulu frekari rannsóknir koma til álita.</p>
	<p>8.6.3. Skráningaraðilinn skal gera tillögur að rannsókn á langvinnnum eiturhrifum við endurtekna skammta (≥ 12 mánuðir) eða Efnastofnunin kann að krefjast þeirra í samræmi við 40. eða 41. gr. ef fjöldi tilvika, þar sem menn verða fyrir váhrifum, og lengd þeirra benda til þess að rétt sé að gera rannsókn sem varir lengur og eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:</p> <ul style="list-style-type: none"> - alvarleg eiturhrif, sem valda sérstökum áhyggjum, komu fram í 28 eða 90 daga rannsókn þar sem ekki er unnt að byggja eiturefnafræðilegt mat eða áhættulýsingu á fyrirbyggjandi niðurstöðum, eða - áhrif, sem koma fram hjá efnunum sem eru byggingarlega náskyld efninu sem verið er að rannsaka, greindust ekki í 28 eða 90 daga rannsókninni, eða - efnið kann að búa yfir hættulegum eiginleika sem ekki er unnt að greina í 90 daga rannsókn.

⁽¹⁾ Þessi viðauki gildir fyrir framleiðendur hluta, sem skylt er að skrá í samræmi við 7. gr., og, að breyttu breytanda, fyrir aðra eftirtotendur sem er skylt að framkvæma tilraunir samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

⁽²⁾ Athugasemd: skilyrðin fyrir undanþágu frá tiltekinni prófun, sem eru sett fram í viðeigandi prófunaraðferðum í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um prófunaraðferðir eins og fram kemur í 3. mgr. 13. gr., gilda einnig þótt þau séu ekki endurtekin í 2. dálki.

1. DÁLKUR TILSKILDAR STADALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTÉKAR REGLUR TIL ADLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
<p>8.7. Skaðleg áhrif á æxlun</p> <p>8.7.2. Rannsókn á skaðlegum áhrifum á þroskun með einni tegund þar sem íkomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu váhrifaleiðar að því er varðar menn (OECD 414).</p> <p>8.7.2. Rannsókn á eiturrhifum á þroskun með einni tegund; íkomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu váhrifaleiðar að því er varðar menn (OECD 414).</p> <p>8.7.3. Rannsókn á skaðlegum áhrifum á æxlun hjá tveimur kynslóðum með einni tegund, karl- og kvendýrum, íkomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu váhrifaleiðar að því er varðar menn, svo fremi slíkar upplýsingar liggi ekki þegar fyrir samkvæmt kröfunum í IX. viðauka.</p>	<p>8.6.4. Skráningaraðilinn skal gera tillögur að frekari rannsóknum eða Efnastofnunin kann að krefjast þeirra í samræmi við 40. eða 41. gr. ef:</p> <ul style="list-style-type: none"> – eiturrhifin eru alvarlegs eðlis (t.d. alvarleg áhrif koma fram) eða – vísbendingar liggja fyrir um áhrif en ekki er unnt að byggja eiturefnafræðilegt mat eða lýsingu á áhættu á fyrirbyggjandi niðurstöðum. Í þeim tilvikum gæti það hentað betur að gera sérstakar, eiturefnafræðilegar rannsóknir sem eru settar upp í því skyni að rannsaka þessi áhrif (t.d. ónæmiseiturrhif eða taugaeiturrhif) eða – váhrif valda sérstökum áhyggjum (t.d. notkun í neytendavörum sem leiðir til að umfang váhrifa er nálægt þeim skammtastærðum þar sem eiturrhif koma fram). <p>8.7. Rannsóknirnar eru óþarfar ef:</p> <ul style="list-style-type: none"> – vitað er að efnið er krabbameinsvaldandi erfðaeitur og gerðar eru viðeigandi ráðstafanir við áhættustjórnun eða – vitað er að efnið veldur stökkbreytingum í kímfrumum og gerðar eru viðeigandi ráðstafanir við áhættustjórnun eða – efnið hefur lítil, eiturefnafræðilega virkni (fyrirliggjandi prófanir sýna engin merki um eiturrhif), unnt er að færa sönnur á, á grundvelli gagna um eiturefnaferli, að engin kerfistengd upptaka eftir viðkomandi íkomuleiðum eigi sér stað (styrkur í blóðvökva/blóði er t.d. undir greiningarmörkum með notkun nákvæmrar aðferðar og hvorki efnið né umbrotsefni þess er fyrir hendi í þvagi, galli eða útöndunarlofti) og váhrif á menn eru engin eða óveruleg. <p>Ef vitað er að efni hefur skaðleg áhrif á frjósemi og það uppfyllir viðmiðanir til að flokkast sem æxlunarskaðvaldur í 1. eða 2. flokki: H60, og fyrirbyggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé áreiðanlegt þarf ekki að gera frekari frjósemisprófanir. Hins vegar kemur til greina að gera prófanir er varða skaðleg áhrif á þroskun.</p> <p>Ef vitað er að efni hefur skaðleg áhrif á þroskun og það uppfyllir viðmiðanir til að flokkast sem æxlunarskaðvaldur í 1. eða 2. flokki: H61, og fyrirbyggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé áreiðanlegt þarf ekki að gera frekari prófanir á skaðlegum áhrifum á þroskun. Hins vegar kemur til greina að gera prófanir er varða áhrif á frjósemi.</p>
<p>8.9.1. Rannsókn á krabbameinsvaldandi eiginleikum</p>	<p>8.9.1. Skráningaraðilinn getur gert tillögur að rannsóknum á krabbameinsvaldandi áhrifum eða Efnastofnunin kann að krefjast þeirra í samræmi við 40. eða 41. gr. ef:</p> <ul style="list-style-type: none"> – notkun efnisins er útbreidd og víðtæk eða ef vísbendingar eru um tíð og langtíma váhrif á menn og – efnið er flokkað sem stökkbreytivaldur í 3. flokki eða ef rannsókn eða rannsóknir með endurteknum skömmtum benda til að efnið geti kallað fram vefjauka og/eða föræxlisskemmdir. <p>Ef efnið er flokkuð sem stökkbreytivaldur í 1. eða 2. flokki er gengið út frá því að líklegt sé að gangvirki erfðaeiturrhifa fyrir krabbameinsvaldandi áhrif sé fyrir hendi. Í slíkum tilvikum er prófun á krabbameinsvaldandi áhrifum að öllu jöfnu óþörf.</p>

9. VISTEITUREFNAFRÆDILEGAR UPPLÝSINGAR

1. DÁLKUR TILSKILDAR STADALUPPLÝSINGAR	2. DÁLKUR SÉRTÆKAR REGLUR TIL ADLÖGUNAR Á UPPLÝSINGUM Í 1. DÁLKI
9.2. Niðurbrot 9.2.1. Lífrænt niðurbrot	9.2. Gera skal tillögu að frekari rannsóknum á lífrænu niðurbroti ef efnaöryggismatið skv. I viðauka gefur til kynna að rannsaka þurfi nánar niðurbrot efnisins ásamt niðurbrotsefnum þess. Val á viðeigandi prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu og getur falið í sér hermiprófun í viðeigandi miðli (t.d. vatni, seti eða jarðvegi).
9.3. Afdrif og hegðun í umhverfinu 9.3.4. Frekari upplýsingar um afdrif og hegðun efnisins og/eða niðurbrotsefnisins í umhverfinu 9.4. Áhrif á landlífverur 9.4.4. Rannsókn á langvinnum eiturrifum á hryggleysingja, svo fremi slíkar upplýsingar liggja ekki þegar fyrir samkvæmt kröfunum í IX. viðauka. 9.4.6. Rannsókn á langvinnum eiturrifum á plöntur, svo fremi slíkar upplýsingar liggja ekki þegar fyrir samkvæmt kröfunum í IX. viðauka. 9.5.1. Langvinn eiturrhif á lífverur í seti 9.6.1. Langvinn eiturrhif eða skaðleg áhrif á æxlun fugla	9.3.4. Skráningaraðilinn skal gera tillögur að frekari rannsóknum eða Efnastofnunin kann að krefjast þeirra í samræmi við 40. eða 41. gr. ef efnaöryggismatið, skv. I viðauka, gefur til kynna að rannsaka þurfi nánar afdrif og hegðun efnisins. Val á viðeigandi prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu. 9.4. Skráningaraðilinn skal gera tillögu að rannsókn á langvinnum eiturrifum ef niðurstöður efnaöryggismatsins skv. I viðauka gefa til kynna að rannsaka þurfi nánar áhrif efnisins og/eða niðurbrotsefna á landlífverur. Val á viðeigandi prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu. Þessar rannsóknir eru óþarfar ef ólíklegt er að jarðvegur verði fyrir beinum eða óbeinum váhrifum. 9.5.1. Skráningaraðilinn skal gera tillögu að rannsókn á langvinnum eiturrifum ef niðurstöður efnaöryggismatsins gefa til kynna að rannsaka þurfi nánar áhrif efnisins og/eða viðeigandi niðurbrotsefna á lífverur í seti. Val á viðeigandi prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu. 9.6.1. Meta skal vandlega hvort þörf sé á prófunum með tilliti til þess umfangsmikla gagnasafns um spendýr sem liggur að öllu jöfnu fyrir að því er varðar þetta magnbil.

10. AÐFERDIR NOTADAR VIÐ SANNGREININGU OG GREININGU

Ef þess er óskað skal leggja fram lýsingu á greiningaraðferðunum er varða viðkomandi umhverfishólf sem rannsökuð voru með viðeigandi greiningaraðferðum. Ef greiningaraðferðir liggja ekki fyrir skal skýra ástæðurnar fyrir vöntuninni.

XI. VIÐAUKI

ALMENNAR REGLUR UM ADLÖGUN STÖÐLUDU PRÓFUNARÁÆTLUNARINNAR SEM SETT ER FRAM Í VII. TIL X. VIÐAUKA

Í VII. til X. viðauka eru settar fram upplýsingakröfur er varða öll efni sem eru framleidd eða flutt inn í magni sem nemur:

- 1 tonni eða meira í samræmi við a-lið 1. mgr. 12. gr.,
- 10 tonnum eða meira í samræmi við c-lið 1. mgr. 12. gr.,
- 100 tonnum eða meira í samræmi við d-lið 1. mgr. 12. gr. og
- 1000 tonnum eða meira í samræmi við e-lið 1. mgr. 12. gr.

Auk sértæku reglnanna, sem settar eru fram í 2. dálki í VII. til X. viðauka, getur skráningaraðilinn aðlagð stöðluðu prófunaráætlunina í samræmi við almennu reglurnar í 1. lið í þessum viðauka.

Við mat á málsskjölum er Efnastofnuninni heimilt að meta þessar aðlaganir á stöðluðu prófunaráætluninni.

1. PRÓFANIR VIRÐAST ÓPARFAR AF VÍSINDALEGUM ÁSTÆÐUM

1.1. Notkun fyrirbyggjandi gagna

1.1.1. *Gögn um eðlisefnafræðilega eiginleika úr tilraunum sem ekki eru gerðar í samræmi við góðar starfsvenjur við rannsóknir eða prófunaraðferðirnar sem um getur í 3. mgr. 13. gr.*

Telja skal slík gögn jafngild þeim gögnum sem er aflað með samsvarandi prófunaraðferðum, sem um getur í 3. mgr. 13. gr., ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- 1) gögnin eru fullnægjandi til flokkunar og merkingar og/eða áhættumats,
- 2) veittar eru fullnægjandi upplýsingar til að meta hvort rannsóknin sé fullnægjandi og
- 3) gögnin eru gild fyrir þann endapunkt sem verið er að rannsaka og rannsóknin er framkvæmd með viðunandi gæðatryggingu.

1.1.2. *Gögn um eiginleika er varða heilbrigði manna og umhverfi úr tilraunum sem ekki eru gerðar í samræmi við góðar starfsvenjur við rannsóknir eða prófunaraðferðirnar sem um getur í 3. mgr. 13. gr.*

Telja skal slík gögn jafngild þeim gögnum sem er aflað með samsvarandi prófunaraðferðum, sem um getur í 3. mgr. 13. gr., ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- 1) gögnin eru fullnægjandi til flokkunar og merkingar og/eða áhættumats,
- 2) gögnin taka á fullnægjandi og áreiðanlegan hátt til þeirra lykilmælinga sem skal rannsaka með samsvarandi prófunaraðferðum sem um getur í 3. mgr. 13. gr.,
- 3) lengd vahrifa samsvarar tímanum í samsvarandi prófunaraðferðum, sem um getur í 3. mgr. 13. gr., eða er lengri en hann ef tímalengd vahrifa er færð breyta, sem skiptir máli, og
- 4) fullnægjandi og áreiðanleg gögn eru lögð fram um rannsóknina.

1.1.3. *Rannsóknarsöguleg gögn sem varða menn*

Skoða skal rannsóknarsöguleg gögn sem varða menn, t.d. úr faraldsfræðilegum rannsóknum á hópum manna, sem verða fyrir vahrifum, og gögn um vahrif vegna óhapps eða vahrif í starfi ásamt klínískum rannsóknum.

Hversu vel gögn endurspeglar tiltekin áhrif á heilbrigði manna ræðst m.a. af tegund greiningar og þeim færð breytum sem notaðar eru ásamt umfangi og sértæki svörunar og þar af leiðandi fyrirsjáanleika áhrifanna.

Nota skal eftirfarandi viðmiðanir til að meta hvort gögnin séu fullnægjandi:

- 1) viðeigandi val og lýsing á hópum sem verða fyrir vahrifum og samanburðarhópum,
- 2) fullnægjandi lýsing á vahrifum,
- 3) nægilega löng eftirfylgni að því er varðar sjúkdómstilvik,
- 4) gild aðferð við að fylgjast með áhrifum,
- 5) tilhlýðileg athugun á kerfisbundnum skekkjum og misvísandi þáttum og
- 6) nægilegur, tölfraðilegur áreiðanleiki til að rökstyðja niðurstöðurnar.

Í öllum tilvikum skal leggja fram fullnægjandi og áreiðanleg gögn.

1.2. **Sönnunarvægi**

Nokkrar óháðar heimildir geta til samans haft nægilegt sönnunarvægi til að unnt sé að draga þá ályktun eða komast að þeirri niðurstöðu að efni hafi eða hafi ekki tiltekinn hættulegan eiginleika þó að upplýsingar úr hverri heimild fyrir sig teljist ófullnægjandi til að styðja slíkt.

Prófunaraðferðir, sem hafa nýlega verið þróaðar og eru ekki enn hluti af prófunaraðferðunum sem um getur í 3. mgr. 13. gr., eða alþjóðleg prófunaraðferð, sem framkvæmdastjórnin eða Efnastofnunin viðurkennir sem jafngilda aðferð, geta haft nægilegt sönnunarvægi til að unnt sé að draga þá ályktun að efni hafi eða hafi ekki tiltekinn hættulegan eiginleika.

Ef nægilegar sannanir liggja fyrir því að tiltekinn hættulegur eiginleiki sé fyrir hendi:

- skal sleppa því að gera frekari tilraunir á hryggdýrum að því er varðar þennan eiginleika,
- má sleppa því að gera frekari tilraunir sem varða ekki hryggdýr.

Í öllum tilvikum skal leggja fram fullnægjandi og áreiðanleg gögn.

1.3. Eiginleg eða meginleg vensl byggingar og virkni ((Q)SAR)

Niðurstöður sem fást með notkun viðurkenndra líkana yfir eiginleg eða meginleg vensl byggingar og virkni ((Q)SAR) geta skorið úr um það hvort tiltekinn hættulegur eiginleiki er fyrir hendi eða ekki. Heimilt er að nota niðurstöður úr rannsóknnum á eiginlegum eða meginlegum venslum byggingar og virkni ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- niðurstöður fást með notkun (Q)SAR-líkans ef sýnt hefur verið fram á vísindalegt réttmæti þess,
- efnið fellur undir notkunarvið (Q)SAR-líkansins,
- niðurstöður eru fullnægjandi til flokkunar og merkingar og/eða áhættumats og
- fullnægjandi og áreiðanleg gögn eru lögð fram um þá aðferð sem beitt er.

Efnastofnunin skal í samvinnu við framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og hagsmunaaðila útbúa og veita leiðbeiningar við mat á því hvaða (Q)SAR-líkön uppfylla þessi skilyrði og tilgreina dæmi.

1.4. Aðferðir við prófanir í glasi

Niðurstöður, sem fást með viðeigandi aðferðum við prófanir í glasi, geta gefið til kynna að tiltekinn, hættulegur eiginleiki sé fyrir hendi, eða verið mikilvægar í tengslum við skilning á verkunarmáta sem getur verið mikilvægur við matið. Í þessu sambandi merkir orðið „viðeigandi“ að aðferðirnar eru fullnægjandi með hliðsjón af alþjóðlega samþykktum viðmiðunum fyrir þróun prófana (t.d. viðmiðanir Evrópumíðstöðvar um fullgildingingu staðgönguáðferða (ECVAM) til að taka prófun inn í forfullgildingarferlið). Með hliðsjón af hugsanlegri áhættu getur verið nauðsynlegt að staðfesta niðurstöðurnar tafarlaust með frekari prófun, sem lætur í té meiri upplýsingar en þær sem eru tilgreindar í VII. eða VIII. viðauka eða þær sem eru tilgreindar í IX. eða X. viðauka að því er varðar viðkomandi magnbil.

Ef niðurstöðurnar, sem fást með notkun slíkra aðferða við prófanir í glasi, sýna að efni búi ekki yfir tilteknum, hættulegum eiginleika skal viðeigandi prófun engu að síður fara fram fyrir viðeigandi magnbil til að staðfesta neikvæðu niðurstöðurnar, nema prófunar sé ekki krafist í samræmi við VII. til X. viðauka eða aðrar reglur í þessum viðauka.

Slík staðfesting er ekki nauðsynleg ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- 1) niðurstöður fást með prófun í glasi, ef sýnt hefur verið fram á vísindalegt réttmæti hennar með fullgildingarrannsókn í samræmi við alþjóðlega samþykktar meginreglur um fullgildingingu,
- 2) niðurstöður eru fullnægjandi til flokkunar og merkingar og/eða áhættumats og
- 3) fullnægjandi og áreiðanleg gögn eru lögð fram um þá aðferð sem beitt er.

1.5. Ályktun út frá efnaflokkum og byggingarlega hliðstæðum efnum

Líta má á efni, sem líklegt er að hafi sambærilega eðlisefnafræðilega, eiturefnafræðilega og visteiturefnafræðilega eiginleika eða fylgi reglubundnu mynstri á grundvelli byggingarlegra sameinkenna, sem hóp eða „flokk“ efna. Notkun hugmyndarinnar um hóp krefst þess að unnt sé að spá fyrir um eðlisefnafræðilega eiginleika, áhrif á heilbrigði manna og umhverfi eða afdrif efnisins í umhverfinu út frá gögnum um viðmiðunarefni innan hópsins með innreikningi milli annarra efna í hópnum (ályktun út frá byggingarlega hliðstæðum efnum). Þetta kemur í veg fyrir að prófa þurfi hvert efni með tilliti til hvers endapunkts. Efnastofnunin skal, að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila og aðra hagsmunaaðila og í tæka tíð fyrir fyrsta eindaga skráningar efna í skráningarbið, gefa út leiðbeiningar um aðferðir við að flokka efni sem eru studdar tæknilegum og vísindalegum rökum.

Sameiginleg einkenni geta grundvallast á:

- 1) sameiginlegum, virkum hópi,
- 2) sameiginlegum forefnum og/eða líkum á sameiginlegum niðurbrotsefnum frá eðlis- og líffræðilegum ferlum þar sem myndast efni sem eru svipuð að byggingu eða
- 3) stöðugu mynstri varðandi það hvernig styrkur mismunandi eiginleika breytist innan flokksins.

Ef hugmyndin um hópa er notuð skal flokka og merkja efnin á þessum grundvelli.

Niðurstöðurnar skulu í öllum tilvikum:

- vera fullnægjandi til flokkunar og merkingar og/eða áhættumats,
- taka á fullnægjandi og áreiðanlegan hátt til þeirra lykilfæribreytna sem skal rannsaka með samsvarandi prófunaraðferðum sem um getur í 3. mgr. 13. gr.,
- ná yfir þá lengd váhrifa sem samsvarar tímanum í samsvarandi prófunaraðferð, sem um getur í 3. mgr. 13. gr., eða er lengri en hann ef tímalengd váhrifa er færibreyta, sem skiptir máli, og
- fullnægjandi og áreiðanleg gögn eru lögð fram um þá aðferð sem beitt er.

2. PRÓFUNUM VERÐUR EKKI VIÐ KOMIÐ AF TÆKNILEGUM ÁSTÆÐUM

Heimilt er að sleppa prófunum er varða tiltekinn endapunkt ef ekki er unnt að gera rannsóknina af tæknilegum ástæðum vegna eiginleika efnisins, t.d. vegna þess að það er mjög rokgjart, hvarfgjart eða óstöðugt, vegna þess að blöndun efnisins með vatni getur valdið eld- eða sprengihættu eða vegna þess að ekki er unnt að geislamerkja efnið eins og krafist er í tilteknum rannsóknum. Ávallt skal fara eftir leiðbeiningunum, sem veittar eru í prófunaraðferðunum sem um getur í 3. mgr. 13. gr., einkum að því er varðar tæknilegar takmarkanir tiltekinnar aðferðar.

3. VÁHRIFAMÍÐUÐ PRÓFUN FYRIR TILTEKIÐ EFNÍ

- 3.1. Heimilt er að sleppa prófunum, í samræmi við liði 8.6 og 8.7 í VIII., IX. og X. viðauka, á grundvelli váhrifasviðsmyndarinnar eða -myndanna sem eru settar fram í efnaöryggisskýrslunni.
- 3.2. Í öllum tilvikum skal leggja fram fullnægjandi rökstuðning og gögn. Rökstuðningurinn skal byggjast á mati á váhrifum, í samræmi við 5. lið í I. viðauka, og samrýmast þeim viðmiðunum, sem eru samþykktar samkvæmt lið 3.3., og upplýsingum um sértæku notkunarskilyrðin skal miðlað eftir aðfangakeðju efna í samræmi við 31. eða 32. gr.
- 3.3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. desember 2008, samþykkja ráðstafanir sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr., í því skyni að fastsetja viðmiðanir um hvað telst vera fullnægjandi rökstuðningur samkvæmt lið 3.2.

XII. VIÐAUKI

ALMENN ÁKVÆÐI UM MAT EFTIRNOTENDA Á EFNUM OG GERÐ EFNAÖRYGGISSKÝRSLNA

Inngangur

Markmiðið með þessum viðauka er að tilgreina hvernig eftirnotendur geti metið og skráð hvort áhættunni, sem stafar af efnum eða efnum sem þeir nota, sé haldið nægilega í skefjum við notkun þeirra í tengslum við notkun sem öryggisblaðið, sem þeir fá afhent, tekur ekki til og að aðrir notendur, sem eru aftar í aðfangakeðjunni, geti haldið áhættunni nægilega vel í skefjum. Matið skal ná yfir vistferil efnisins frá því að eftirnotandinn tekur við því til eigin notkunar og tilgreindir notkunar hans aftar í aðfangakeðjunni. Í matinu skal taka tillit til notkunar hvort sem efnið er notað eitt sér, í efnablöndu eða í hlut.

Við vinnslu efnaöryggismatsins og gerð efnaöryggisskýrslunnar skal eftirnotandinn taka tillit til þeirra upplýsinga sem honum berast frá birgi íðefnisins í samræmi við 31. og 32. gr. þessarar reglugerðar. Ef mat, sem unnið er samkvæmt lögum Bandalagsins (t.d. áhættumat sem unnið er samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 793/93), liggur fyrir og það á við skal taka mið af því í efnaöryggismatinu og það skal endurspeglast í efnaöryggisskýrslunni. Rökstyðja skal frávik frá slíku mati. Einnig er heimilt að taka mið af mati sem unnið er samkvæmt öðrum alþjóðlegum og landsbundnum áætlunum.

Ferlið, sem eftirnotandinn fylgir við vinnslu efnaöryggismatsins og gerð efnaöryggisskýrslunnar, felur í sér þrjú skref:

1. SKREF: UPPSETNING VÁHRIFASVIÐSMYNDAR EÐA -MYNDA

Eftirnotandinn skal setja upp váhrifasviðsmyndir fyrir notkun sem efnaöryggisblaðið, sem hann fær afhent í samræmi við 5. lið í I. viðauka, tekur ekki til.

2. SKREF: UMBÆTUR Á HÆTTUMATI AF HÁLFU BIRGIS, EF NAUÐSYN KREFUR

Ef eftirnotandinn telur að hættumatið og PBT-matið, sem kemur fram á öryggisblaðinu sem hann fær afhent, sé viðeigandi er ekki nauðsynlegt að vinna frekara hættumat eða PBT- og vPvB-mat.

Í því tilviki skal hann nota viðeigandi upplýsingar sem birgirinn leggur fram til áhættulýsingarinnar. Þetta skal koma fram í efnaöryggisskýrslunni.

Ef eftirnotandinn telur að matið, sem kemur fram á öryggisblaðinu sem hann fær afhent, eigi ekki við skal hann vinna viðeigandi mat í samræmi við 1. til 4. lið í I. viðauka, eftir því sem við á í hans tilviki.

Ef eftirnotandinn telur að nauðsynlegt sé að afla frekari upplýsinga en þeirra sem birgirinn leggur fram til að unnt sé að taka saman efnaöryggisskýrsluna skal eftirnotandinn sjálfur afla þessara upplýsinga. Ef einungis er unnt að afla þessara upplýsinga með því gera tilraunir á hryggdýrum skal hann leggja tillögu fyrir Efnastofnunina um prófunaráætlun í samræmi við 38. gr. Hann skal útskýra hvers vegna hann telji að þessar viðbótarupplýsingar séu nauðsynlegar. Meðan hann bíður niðurstaðna úr frekari prófunum skal hann skrá í efnaöryggisskýrslunni þær ráðstafanir við áhættustjórnun sem hann hefur gert og ætlað er að hafa stjórn á áhættunni sem verið er að kanna.

Þegar viðbótarprófunum lýkur skal eftirnotandinn endurskoða efnaöryggisskýrsluna, ásamt öryggisblaðinu ef honum er skylt að taka það saman, eftir því sem við á.

3. SKREF: ÁHÆTTULÝSING

Áhættulýsing skal gerð fyrir hverja nýja váhrifasviðsmynd eins og mælt er fyrir um í 6. lið í I. viðauka. Gera skal grein fyrir áhættulýsingu í viðeigandi lið í efnaöryggisskýrslunni og skal vera samantekt á öryggisblaðinu í viðeigandi lið eða liðum.

Við uppsetningu váhrifasviðsmynda er nauðsynlegt að draga fyrstu ályktanir um notkunarskilyrði og ráðstafanir við áhættustjórnun. Ef fyrstu ályktanir leiða til áhættulýsingar, sem gefur til kynna að heilsu- og umhverfisvernd sé ófullnægjandi, er nauðsynlegt að hefja ítrekunarferli þar sem einum eða fleiri þáttum er breytt þar til unnt er að sýna fram á fullnægjandi áhættustjórnun. Því getur verið nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga um hættu eða váhrif eða gera viðeigandi breytingar á ferlinu, notkunarskilyrðum eða ráðstöfunum við áhættustjórnun. Ítrunartilraunir geta því annars vegar verið uppsetning og endurskoðun (upphaflegrar) váhrifasviðsmynda, sem felst m.a. í því að setja fram ráðstafanir við áhættustjórnun og beitingu þeirra, og svo hins vegar það að fá fram frekari upplýsingar í því skyni að skapa endanlega váhrifasviðsmynd. Markmiðið með öflun frekari upplýsinga er að gera ítarlegri áhættulýsingu sem byggist á nákvæmara hættumati og/eda mati á váhrifum.

Eftirnotandinn skal taka saman efnaöryggisskýrslu þar sem hann gerir grein fyrir efnaöryggismati sínu í 9. og 10. lið B-hluta eyðublaðsins, sem sett er fram í 7. lið í I. viðauka, og í öðrum liðum eyðublaðsins ef við á.

Í A-hluta efnaöryggisskýrslunnar skal vera yfirlýsing um að eftirnotandinn geri þær ráðstafanir við áhættustjórnun, sem lýst er í viðeigandi váhrifasviðsmyndum, er varða hans eigin notkun og að upplýsingum um ráðstafanir við áhættustjórnun, sem lýst er í váhrifasviðsmyndunum fyrir tilgreinda notkun, sé miðlað eftir aðfangakeðjunni.

XIII. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR FYRIR TILGREINNGU EFNA, SEM ERU ÞRÁVIRK, SAFNAST UPP Í LÍFVERUM OG ERU EITRUÐ, OG TILGREININGU EFNA SEM ERU MJÖG ÞRÁVIRK OG SAFNAST UPP Í LÍFVERUM Í MIKLUM MÆLI

Í þessum viðauka er mælt fyrir um viðmiðanir fyrir tilgreiningu:

- i) efna, sem eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð (PBT-efni), og
- ii) efna sem eru mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli (vPvB-efni).

Efni er tilgreint sem PBT-efni ef það uppfyllir viðmiðanirnar í liðum 1.1, 1.2 og 1.3. Efni er tilgreint sem vPvB-efni ef það uppfyllir viðmiðanirnar í liðum 2.1 og 2.2. Þessi viðauki gildir ekki um ólífræn efni en gildir um lífræna málma.

1. PBT-EFNI

Efni, sem uppfyllir allar þrjár viðmiðanir í eftirfarandi liðum, er PBT-efni.

1.1. Þrávirkni

Efni uppfyllir viðmiðun fyrir þrávirkni (P-) ef:

- helmingunartími í sjó er lengri en 60 dagar eða
- helmingunartími í ferskvatni eða árósvatni er lengri en 40 dagar eða
- helmingunartími í sjávarseti er lengri en 180 dagar eða
- helmingunartími í ferskvatni eða seti í árósvatni er lengri en 120 dagar eða
- helmingunartími í jarðvegi er lengri en 120 dagar.

Mat á þrávirkni í umhverfinu skal byggjast á fyrirliggjandi gögnum um helmingunartíma sem aflað er við fullnægjandi skilyrði sem skráningaraðilinn skal lýsa.

1.2. Uppsöfnun í lífverum

Efni uppfyllir viðmiðun fyrir uppsöfnun í lífverum (B-) ef:

- lífþéttistuðullinn er yfir 2000.

Mat á uppsöfnun í lífverum skal byggjast á mældum gögnum um lífþéttni í tegundum lagarlífvera.

Unnt er að nota gögn er varða hvort heldur er tegundir lífvera í ferskvatni eða sjó.

1.3. Eiturhrif

Efni uppfyllir viðmiðun fyrir eiturhrif (T-) ef:

- styrkur, sem hefur engin merkjanleg langtímaáhrif á lífverur í sjó eða ferskvatni, er undir 0,01 mg/l eða
- efnið er flokkað sem krabbameinsvaldandi (1. eða 2. flokkur) stökkbreytandi (1. eða 2. flokkur) eða skaðlegt fyrir æxlun (1., 2. eða 3. flokkur) eða
- aðrar vísbendingar eru um langvinn eiturhrif efnisins sem eru flokkuð á eftirfarandi hátt:

T, H48, eða Xn, H48 í samræmi við tilskipun 67/548/EBE.

2. vPvB-EFNI

Efni, sem uppfyllir viðmiðanirnar í eftirfarandi liðum, er vPvB-efni.

2.1. Þrávirkni

Efni uppfyllir viðmiðun fyrir efni sem er mjög þrávirkt (vP-) ef:

- helmingunartími í sjó, ferskvatni eða árósvatni er lengri en 60 dagar eða
- helmingunartími í sjó eða ferskvatni- eða árósvatni er lengri en 180 dagar eða
- helmingunartími í jarðvegi er lengri en 180 dagar.

2.2. Uppsöfnun í lífverum

Efni uppfyllir viðmiðun fyrir efni sem safnast upp í lífverum í miklum mæli (vB-) ef:

- lífþéttistuðullinn er yfir 5000.

Nr. 750

18. júní 2008

XIV. VÍÐAUKI

SKRÁ YFIR EFNI SEM ERU LEYFISSKYLD

—

XV. VIÐAUKI

MÁLSSKJÖL

I. INNGANGUR OG ALMENN ÁKVÆÐI

Í þessum viðauka er mælt fyrir um almennar meginreglur um samantekt málskjala í því skyni að leggja til og færa rök fyrir:

- samræmdri flokkun og merkingu CMR-efna (krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi og æxlunarskaðandi efna), ofnæmisvalda fyrir öndunarveg og efna sem valda öðrum áhrifum,
- tilgreiningu PBT-efna, vPvB-efna eða efnis sem gefur tilefni til jafnmikilla áhyggja,
- takmörkunum á framleiðslu, setningu á markað eða notkun efnis innan Bandalagsins.

Styðjast skal við viðeigandi hluta I. viðauka að því er varðar aðferðafræði við samantekt málskjala og snið þeirra í samræmi við þennan viðauka.

Við samantekt málskjala skal taka mið af öllum viðeigandi upplýsingum í skráningarskjölum og heimilt er að nota aðrar fyrirliggjandi upplýsingar. Að því er varðar upplýsingar um hættu, sem hafa ekki verið lagðar áður fyrir Efnastofnunina, skal ítarleg rannsóknarsamantekt vera hluti af málskjöllum.

II. EFNIS MÁLSSKJALA

1. Málskjöl fyrir samræmda flokkun og merkingu CMR-efna (krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi og æxlunarskaðandi efna), ofnæmisvalda fyrir öndunarveg og efna sem hafa önnur áhrif

Tillaga

Í tillögnum skulu koma fram upplýsingar um auðkenni viðkomandi efnis eða efna og um tillagða, samræmda flokkun og merkingu.

Rökstuðningur

Bera skal saman fyrirliggjandi upplýsingar og viðmiðanir í tilskipun 67/548/EBE fyrir CMR-efni, ofnæmisvalda fyrir öndunarveg og efni, sem hafa önnur áhrif, í hverju tilviki fyrir sig í samræmi við viðeigandi hluta 1. liðar I. viðauka og skal samanburðurinn vera á því sniði sem sett er fram í B-hluta efnaöryggisskýrslunnar í I. viðauka.

Rök fyrir öðrum áhrifum á vettvangi Bandalagsins

Leggja skal fram rök fyrir því að þörf sé á aðgerðum á vettvangi Bandalagsins.

2. Málskjöl fyrir tilgreiningu efna sem CMR-, PBT- eða vPvB-efni eða efni sem gefur tilefni til jafnmikilla áhyggja í samræmi við 59. gr.

Tillaga

Í tillögnum skulu koma fram upplýsingar um auðkenni viðkomandi efnis og hvort lagt sé til að það sé tilgreint sem CMR-efni í samræmi við a-, b- eða c-lið 57. gr., PBT-efni í samræmi við d-lið 57. gr., vPvB-efni í samræmi við e-lið 57. gr. eða efni sem gefur tilefni til jafnmikilla áhyggja í samræmi við f-lið 57. gr.

Rök

Bera skal saman fyrirliggjandi upplýsingar og viðmiðanir í XIII. viðauka fyrir PBT-efni í samræmi við d-lið 57. gr., og vPvB-efni í samræmi við e-lið 57. gr., eða hættumat og samanburð við f-lið 57. gr., í samræmi við viðeigandi hluta 1. til 4. liðar í I. viðauka.

Samanburðurinn skal vera á því sniði sem sett er fram í B-hluta efnaöryggisskýrslunnar í I. viðauka.

Upplýsingar um váhrif, staðgöngu efni og áhættu

Leggja skal fram fyrirliggjandi upplýsingar um notkun og váhrif ásamt upplýsingum um staðgöngu efni og -tækni.

3. Málsskjöl fyrir tillögu að takmörkunum*Tillaga*

Í tillögunni skulu koma fram upplýsingar um auðkenni efnisins og þær takmarkanir sem lagðar eru til fyrir framleiðslu, setningu á markað eða notkun efnisins ásamt samantekt um rökstuðning.

Upplýsingar um hættu og áhættu

Lýsa skal áhættunni, sem takmörkunin beinist að, á grundvelli mats á hættu og áhættu í samræmi við viðeigandi hluta I. viðauka og skal lýsingin vera á því sniði sem sett er fram í B-hluta efnistöðgæðisskýrslunnar í þeim viðauka.

Færa skal sönnur á að þær ráðstafanir við áhættustjórnun, sem gerðar eru (þ.m.t. þær sem tilgreindar eru við skráningu skv. 10. til 14. gr.), séu ekki fullnægjandi.

Upplýsingar um staðgöngukosti

Leggja skal fram fyrirbyggjandi upplýsingar um staðgönguefni og -tækni, þ.m.t.:

- upplýsingar um áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfi í tengslum við framleiðslu eða notkun staðgönguefnanna,
- tiltækileiki, þ.m.t. tímarammi,
- tæknilegur og efnahagslegur framkvæmanleiki.

Rök fyrir takmörkunum á vettvangi Bandalagsins

Færa skal rök fyrir því að:

- aðgerðir séu nauðsynlegar á vettvangi Bandalagsins,
- takmörkun sé heppilegasta ráðstöfunin á vettvangi Bandalagsins, sem skal metið á grundvelli eftirfarandi viðmiðana:
 - i) skilvirkni: takmörkunin skal markvisst beinast að þeim áhrifum eða váhrifum, sem valda þeirri áhættu sem greind hefur verið, og geta dregið úr áhættunni svo viðunandi teljist innan hæfilegs tíma og skal takmörkunin vera í réttu hlutfalli við áhættuna,
 - ii) hagkvæmni: takmörkunin skal vera framkvæmanleg, framfylgjanleg og viðráðanleg,
 - iii) vöktun: unnt skal vera að vakta árangurinn af beitingu tillagðrar takmörkunar.

Félagshagfræðilegt mat

Félagssleg og hagræn áhrif af tillagðri takmörkun má greina með tilvísun til XVI. viðauka. Í þessu skyni má annars vegar bera saman hreinan ávinning fyrir heilbrigði manna og umhverfi sem hlýst af tillagðri takmörkun og hins vegar hreinan kostnað fyrir framleiðendur, innflytjendur, efitnotendur, dreifendur, neytendur og samfélagið í heild.

Upplýsingar um samráð við hagsmunaaðila

Í málsskjölunum skulu koma fram upplýsingar um hugsanlegt samráð við hagsmunaaðila og hvernig tekið hefur verið tillit til skoðana þeirra.

XVI. VIÐAUKI

FÉLAGSHAGFRÆÐILEG GREINING

Í þessum viðauka eru tilgreindar upplýsingar sem kann að vera fjallað um í félagshagfræðilegri greiningu þegar slík greining er lögð fram með umsókn um leyfi, eins og tilgreint er í a-lið 5. mgr. 62. gr., eða í tengslum við tillögu að takmörkun, eins og tilgreint er í b-lið 6. mgr. 69. gr.

Efnastofnunin skal taka saman leiðbeiningar um gerð félagshagfræðilegra greininga.

Félagshagfræðilegar greiningar, eða framlög til þeirra, skulu lagðar fram á því sniði sem Efnastofnunin tilgreinir í samræmi við 111. gr.

Hins vegar skal umsækjandi um leyfi bera ábyrgð á nákvæmni og umfangi félagshagfræðilegu greiningarinnar, eða framlögum til hennar, eða hagsmunaaðili ef um er að ræða tillögu að takmörkun. Veittar upplýsingar geta tekið til félagslegra og hagrænna áhrifa á öllum stigum.

Félagshagfræðileg greining kann að taka til eftirfarandi þátta:

- Áhrif á umsækjanda eða umsækjendur, þegar leyfi er veitt eða synjað er um leyfi, eða áhrif á iðnað (t.d. framleiðendur eða innflytjendur) ef um er að ræða tillögu að takmörkun. Viðskiptalegar afleiðingar fyrir alla aðra aðila í aðfangakeðjunni, eftirmotendur og tengd fyrirtæki, s.s. áhrif á fjárfestingar, rannsóknir og þróun, nýsköpun, staka kostnaðarliði og rekstrarkostnað (t.d. við það að fara að reglum, bráðabirgðafyrirkomulag, breytingar á fyrirliggjandi ferlum, skýrslugjafar- og eftirlitskerfum, uppsetning nýrrar tækni o.s.frv.) með tilliti til almennrar leitni á markaði og tækniþróunar.
- Áhrif á neytendur þegar leyfi er veitt eða synjað er um leyfi eða ef um er að ræða tillögu að takmörkun. Sem dæmi má nefna vöruverð, breytingar á samsetningu, gæðum eða árangri af notkun vara, tiltækileika vara, val neytenda, svo og áhrif á heilbrigði manna og umhverfi að því marki sem þessir þættir hafa áhrif á neytendur.
- Félagsleg áhrif þegar leyfi er veitt eða synjað er um leyfi, eða ef um er að ræða tillögu að takmörkun. Sem dæmi má nefna störf og starfsöryggi.
- Tiltækileiki, heppileiki og tæknilegur framkvæmanleiki staðgönguefna og/eða -tækni ásamt efnahagslegum afleiðingum þeirra og upplýsingum um hlutfall og möguleika á tæknilegum breytingum í viðkomandi geira eða geirum. Félagslegar og/eða efnahagslegar afleiðingar af notkun tiltækra staðgöngukosta ef um er að ræða umsókn um leyfi.
- Vótæk áhrif á viðskipti, samkeppni og efnahagslega þróun (einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki og í tengslum við þriðju lönd) þegar leyfi er veitt eða því hafnað, eða ef um er að ræða tillögu að takmörkun. Þetta getur kallað á skoðun staðbundinna, svæðisbundinna, landsbundinna eða alþjóðlegra þátta.
- Ef um er að ræða tillögu að takmörkun, tillögur að ráðstöfunum samkvæmt reglum eða aðrar ráðstafanir sem gætu uppfyllt markmiðið með tillögðu takmörkuninni (jafnframt skal tekið tillit til gildandi löggjafar). Þetta skal fela í sér mat á skilvirkni og kostnaði í tengslum við aðrar ráðstafanir við áhættustjórnun..
- Ef um er að ræða tillögu að takmörkun eða þegar synjað er um leyfi: ávinningur fyrir heilbrigði manna og umhverfið auk félags- og efnahagslegs ávinnings af tillagðri takmörkun. Sem dæmi má nefna heilbrigði starfsmanna, vistvænleika og dreifingu þessa ávinnings, t.d. í landfræðilegu tilliti og eftir þjóðfélagshópum.
- Félagshagfræðileg greining getur einnig tekið til annarra atriða sem umsækjandi eða hagsmunaaðili telur málið varða.

XVII. VIÐAUKI

TAKMARKANIR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR FRAMLEIÐSLU, SETNINGU Á MARKAÐ OG NOTKUN TILTEKINNA HÆTTULEGRA EFNA, EFNABLANDNA OG HLUTA

Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
<p>1. Fjöklóruð terfenýl (PCT)</p> <p>– Efnablöndur, þ.m.t. olíuúrgangur, sem innihalda meira af fjöklóruðum terfenýlum en 0,005% miðað við þyngd.</p>	<p>1. Ekki leyfð til notkunar. Hins vegar skal áfram leyft að nota eftirfarandi búnað, tæki og vökva, sem voru í notkun 30. júní 1986, þar til þeim er fargað eða þau eru tekin út notkun:</p> <p>a) rafmagnsbúnað með lokuðu kerfi: spennubreyta, viðnám og spanöld,</p> <p>b) stóra þétta (≥ 1 kg að heildarþyngd),</p> <p>c) litla þétta,</p> <p>d) varmaflutningsvökva í lokuðum varmaflutningsbúnaði,</p> <p>e) vökvakerfisvökvar fyrir tæki sem eru notuð í námum neðanjarðar.</p> <p>2. Aðildarríkið getur þó, af ástæðum sem varða heilsuvernd manna og umhverfisvernd, bannað notkun búnaðar, tækja og vökva, sem falla undir 1. mgr., áður en þeim er fargað eða þau eru tekin út notkun.</p> <p>3. Bannað er að setja á markað með notaða hluti búnað, stöðvar og vökva sem falla undir 1. mgr. og ekki er ætlað að farga.</p> <p>4. Telji aðildarríki ekki framkvæmanlegt af tæknilegum ástæðum að nota staðgönguvörur getur það leyft notkun fjöklóraðra terfenýla og efnablandna með þeim ef þær síðarnefndu eru eingöngu ætlaðar, við eðlileg skilyrði sem tengjast viðhaldi búnaðar, til að bæta á vökva, sem innihalda fjöklóruð terfenýl, í búnaði sem starfar eðlilega og er í notkun og var keyptur fyrir 1. október 1985.</p> <p>5. Aðildarríkið getur veitt undanþágur, svo fremi það sendi framkvæmdastjórninni fyrirframtilkynningu um ástæður þeirra, frá banninu um að setja á markað og nota hráefni og milliefni eða efnablöndur, enda telji það ekki að þessar undanþágur hafi nein skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða umhverfið.</p> <p>6. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um merkingu hættulegra efna og efnablandna skulu leiðbeiningar um förgun fjöklóraðra terfenýla fylgja búnaði og tækjum, sem innihalda slík efni, svo og um viðhald og notkun búnaðar og tækja sem innihalda þau. Leiðbeiningarnar skulu vera þannig að þær megi lesa lárétt þegar hluturinn, sem inniheldur fjöklóruðu terfenýlin, er settur upp á venjulegan hátt. Áletrunin skal skera sig greinilega frá bakgrunninum og vera á tungumáli sem skilst á því svæði þar sem hluturinn er notaður.</p>

Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
<p>2. Klór-1-etylén (einliða vinyklóríðs)</p> <p>CAS-nr. 75-01-4</p> <p>EINECS-nr. 200-831-0</p>	<p>Ekki leyft til notkunar sem úðadrifefni, hver sem tilgangur með notkuninni er.</p>
<p>3. Fljótandi efni eða efnablöndur sem eru talin hættuleg samkvæmt skilgreiningunum í tilskipun ráðsins 67/548/EBE og tilskipun 1999/45/EB.</p>	<p>1. Ekki leyfð til notkunar í:</p> <ul style="list-style-type: none"> – skrautmuni, sem ætlaðir eru til að framleiða ljós eða litbrigði með hjálp mismunandi fasa, t.d. í skrautlampa eða óskubakka, – hluti sem eru notaðir við hrekkja- og töfrabrögð, – spil fyrir einn eða fleiri þátttakendur eða aðra hluti til slíkrar notkunar, ekki heldur hluti sem eru notaðir til skrauts. <p>2. Með fyrirvara um 1. mgr. skulu efni og efnablöndur, sem:</p> <ul style="list-style-type: none"> – fela í sér innöndunarhættu og eru merktar með H65 og – sem nota má sem eldsneyti á skrautlampa og – eru sett á markað í umbúðum sem eru 15 lítrar að rúmmáli eða minna, <p>hvorki innihalda litunarefni, nema þau séu nauðsynleg vegna ástæðna er varða skattheimtu, né ilmefni.</p> <p>3. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna skal standa á umbúðum efna og efnablandna, sem falla undir ákvæði 2. mgr. og ætluð eru til notkunar í lömpum, með læsilegu og óafmáanlegu lettri:</p> <p>„Geymið lampa, sem innihalda þessa vökva, þar sem börn ná ekki til.“</p>
<p>4. Þrífosfat (2,3-díbrómprópyl)</p> <p>CAS-nr. 126-72-7</p>	<p>Ekki leyfð til notkunar í textílvörur, s.s. fatnað, undirfatnað og lín, sem ætlað er að komast í snertingu við húðina.</p>
<p>5. Bensen</p> <p>CAS-nr. 71-43-2</p> <p>EINECS-nr. 200-753-785</p>	<p>1. Ekki leyft í leikföng eða leikfangahluta eins og þeir eru við setningu á markað ef styrkur óbundins bensens er yfir 5 mg/kg af þyngd leikfangsins eða leikfangahlutans.</p> <p>2. Ekki leyft til notkunar í styrk sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við massa í efnum eða efnablöndum sem eru settar á markað.</p> <p>3. Ákvæði 2. mgr. gilda hins vegar ekki um:</p> <ol style="list-style-type: none"> a) vélaldsneyti sem fellur undir tilskipun 98/70/EB, b) efni og efnablöndur til notkunar í iðnaðarferlum þar sem losun bensens er ekki leyfð í magni sem er yfir þeim mörkum sem mælt er fyrir um í gildandi löggjöf, c) úrgang sem fellur undir tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang⁽¹⁾ og tilskipun 2006/12/EB.

Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
<p>6. Asbestrefjar</p> <p>a) Krósíðólít CAS-nr. 12001-28-4</p> <p>b) Amósít CAS-nr. 12172-73-5</p> <p>c) Antófýllít CAS-nr. 77536-67-5</p> <p>d) Aktínólít CAS-nr. 77536-66-4</p> <p>e) Tremólít CAS-nr. 77536-68-6</p> <p>f) Krýsótíl (²) CAS-nr. 12001-29-5 CAS-nr. 132207-32-0</p>	<p>1. Setning á markað og notkun þessara trefja og hluta, sem þessum trefjum er bætt í af ásetningi, er bönnuð.</p> <p>Aðildarríkjunum er þó heimilt að veita undanþágu fyrir því að setja á markað og nota himnur sem innihalda krýsótíl (f-liður) fyrir rafgreiningarstöðvar í rekstri þar til þær eru teknar úr notkun eða þar til viðeigandi, asbestlausar staðgönguvörur verða fáanlegar, eftir því hvort á sér stað fyrr. Framkvæmdastjórnin mun endurskoða þessa undanþágu fyrir 1. janúar 2008.</p> <p>2. Áfram skal leyft að nota hluti, sem innihalda asbestrefjar sem um getur í 1. mgr. og sem höfðu þegar verið settir upp og/eða höfðu verið teknir í notkun fyrir 1. janúar 2005, þar til þeim er fargað eða þeir eru teknir úr notkun.</p> <p>Aðildarríkjunum er þó heimilt, til að vernda heilbrigði manna, að banna notkun slíkra hluta áður en þeim er fargað eða áður en þeir eru teknir úr notkun.</p> <p>Aðildarríkin skulu ekki leyfa nýja notkun krýsótílasbests á yfirráðasvæði sínu.</p> <p>3. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablöndna má þó því aðeins leyfa setningu þessara trefja og vara, sem innihalda þessar trefjar, á markað og notkun þeirra, eins og leyft hefur verið í samræmi við framangreindar undanþágur, að á þeim sé merkimiði í samræmi við ákvæði 7. viðbætis við þennan viðauka.</p> <p>Ekki leyfð til notkunar í textílvörur, s.s. fatnað, undirfatnað og lín, sem ætlað er að komast í snertingu við húðina.</p>
<p>7. Tris(asirídínýl)fosfínóxíð CAS-nr. 5455-55-1</p>	
<p>8. Fjölbrómífenýl, Fjölbrómuð bifényl (PBB) CAS-nr. 59536-65-1</p>	
<p>9. Duft af sáputré (<i>Quillaja saponaria</i>) og afleiður þess sem innihalda saponín. Duft úr rötum kalkjólárósar (<i>Helleborus viridis</i>) og jólárósar (<i>Helleborus niger</i>) Duft úr rötum hvítrar hnerrarótar (<i>Veratrum album</i>) og svartrar hnerrarótar (<i>Veratrum nigrum</i>) Bensidín og/eða afleiður þess CAS-nr. 92-87-5 EINECS-nr. 202-199-1 o-nítróbensaldehýð CAS-nr. 552-89-6 Viðarduft</p>	<p>1. Ekki leyft til notkunar í hrekkja- og gabbvarning og í hluti, sem eru notaðir til slíks, t.d. sem innihaldsefni í hnerraduft eða fylubombur.</p> <p>2. Ákvæði 1. mgr. gilda hins vegar ekki um fylubombur sem innihalda ekki meira en 1,5 ml af vökva.</p>
<p>10. Ammóníumsúlfíð CAS-nr. 12135-76-1 Ammóníumvetnissúlfíð CAS-nr. 12124-99-1 Ammóníumpólýsúlfíð CAS-nr. 9080-17-5 EINECS-nr. 232-989-1</p>	

Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
11. Rokgjarnir esterar af brómedíksýrum: Metýlbrómasetat CAS-nr. 96-32-2 EINECS-nr. 202-499-2 Etylbrómasetat CAS-nr. 105-36-2 EINECS-nr. 203-290-9 Própýlbrómasetat CAS-nr. 35223-80-4 Bútylbrómasetat	
12. 2-naftýlamín CAS-nr. 91-59-8 EINECS-nr. 202-080-4 og sölt þess.	1. Ekki leyfð til notkunar í styrk, sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd, í efni og efnablöndur sem eru sett á markað. Þetta ákvæði gildir hins vegar ekki um úrgang sem inniheldur eitt eða fleiri þessara efna sem falla undir tilskipanir 91/689/EBE og 2006/12/EB.
13. Bensidín CAS-nr. 92-87-5 EINECS-nr. 202-199-1 og sölt þess.	2. Efni og efnablöndur af þessu tagi skulu ekki seld almenníngi.
14. 4-nítróbífenýl CAS-nr. 92-93-3 EINECS-nr. 202-204-7	3. Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablöndna skal standa á umbúðum slíkra efnablöndna með læsilegu og óafmáanlegu letri: „Einungis til faglegra nota.“
15. 4-aminóbífenýlxylenýlamín CAS-nr. 92-67-1 EINECS-nr. 202-177-1 og sölt þess.	
16. Blýkarbónöt: a) Hlutlaust, vatnsfrítt karbónat (Pb CO ₃) CAS-nr. 598-63-0 EINECS-nr. 209-943-4 b) Þrúbí-bis(karbónat)-díhýdroxíð 2 Pb CO ₃ ·2 CAS-nr. 1319-46-6 EINECS-nr. 215-290-6	Ekki leyfð til notkunar ein sér eða sem innihaldsefni í efnablöndur sem nota á sem málníngi, nema til endurgerðar og viðhalds listaverka og sögulegra bygginga og innviða þeirra ef aðildarríki óska þess að veita til þess leyfi á yfirráðasvæði sínu, í samræmi við ákvæði 13. samþykktar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um notkun blýhvítu og blýsúlfata í málníngi.
17. Blýsúlföt a) PbSO ₄ (1:1) CAS-nr. 7446-14-2 EINECS-nr. 231-198-9 b) Pb ₂ SO ₄ CAS-nr. 15739-80-7 EINECS-nr. 239-831-0	

Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
18. Kvikasilfurssambönd	<p>1. Ekki leyfð ein sér eða sem efnisþættir í efnablöndur sem nota á:</p> <p>a) til að hindra vöxt örvera, plantna eða dýra á:</p> <ul style="list-style-type: none"> – skipsskrokkum, – kvíum, flotbúnaði, netum og öðrum tækjum eða búnaði fyrir fisk- eða skelfiskeldi, – hvers kyns búnaði sem er annaðhvort alveg eða að hluta til á kafi í vatni, <p>b) til viðarvarnar,</p> <p>c) við gegndreypingu slitþolinnna iðnaðartextíla og garns sem er notað við framleiðslu þeirra,</p> <p>d) við meðhöndlun vatns frá iðnaði, án tillits til notkunarviðs.</p> <p>2. Bannað er að setja á markað rafhlöður og rafgeyma, sem innihalda meira en 0,0005% af kvikasilfri miðað við þyngd, þ.m.t. þau tilvik þar sem þessar rafhlöður og rafgeymar eru hluti af tækjum. Hnapparahlöður og rafhlöður, sem settar eru saman úr hnapparahlöðum með kvikasilfurmagni sem er ekki meira en 2% miðað við þyngd, eru undanþegnar þessu banni.</p>
19. Arsensambönd	<p>1. Ekki leyfð ein sér eða sem efnisþættir í efnablöndur sem nota á:</p> <p>a) til að hindra vöxt örvera, plantna eða dýra á:</p> <ul style="list-style-type: none"> – skipsskrokkum, – kvíum, flotbúnaði, netum og öðrum tækjum eða búnaði fyrir fisk- eða skelfiskeldi, – hvers kyns búnaði sem er annaðhvort alveg eða að hluta til á kafi í vatni, <p>b) til viðarvarnar. Ekki má heldur setja á markað timbur sem hefur verið meðhöndlað á þennan hátt.</p> <p>c) með undanþágu gildir þó eftirfarandi:</p> <p>i) að því er varðar þau efni og efnablöndur sem eru notuð við viðarvörnina: eingöngu er heimilt að nota þau í iðjuverum, þar sem lofttæmi eða þrýstingi er beitt til að gegndreypa timbur, ef þau eru lausnir ólífrænna efnasambanda kopars, króms eða arsens af gerð C. Ekki skal setja á markað timbur, sem er meðhöndlað á þennan hátt, fyrir en viðarvarnarefnið hefur bundist til fulls í viðnum.</p> <p>ii) Að því er varðar timbur sem hefur verið meðhöndlað með kopar-, króm- eða arsensamböndum í iðjuverum skv. i. lið: heimilt er að setja það á markað til faglegrar notkunar og í iðnaði, að því tilskildu að gerð sé sú krafa að timbríð haldi óskertum eiginleikum sínum til að tryggja öryggi manna og búfjár og að það sé aðeins notað þar sem ólíklegt er að almenningur komist í snertingu við það meðan það er í notkun:</p>

Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
	<ul style="list-style-type: none"> – sem burðarvirki í opinberum byggingum, byggingum í landbúnaði, skrifstofubyggingum og í burðarvirki á iðnaðarsvæðum, – í brúm og brúarvirki, – í virki í ferskvatni og ísöltu vatni, t.d. í bryggjum og brúm, – sem hljóðtálmi, – til varnar gegn snjóflóðum og skriðuföllum, – sem öryggisgrindverk og tálmar við þjóðvegi, – sem sívalir staurar úr afbirtum barviði til búfjárgirðinga, – sem jarðvegsstoðvirki, – sem rafmagnsstaurar og í tengslum við fjarskipti, – sem þvertré undir járnbrautarteinum neðanjarðar. <p>Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna skal merkja sérstaklega hvern hlut úr meðhöndluðu timbri, sem settur er á markað, með áletruninni „Einungis til nota í iðnaðarframleiðslu eða til faglegrar notkunar, inniheldur arsen.“ Að auki skal allt pakkað timbur, sem er sett á markað í umbúðum, merkt með áletruninni „Notið hlífðarhanska við meðhöndlun timbursins. Notið rykgrímu og hlífðargleraugu við sögun eða aðra smíði úr timbrinu. Úrgang úr þessu timbri skal meðhöndla sem hættulegan úrgang og til þess skal fá viðurkennt fyrirtæki.“</p> <p>iii) Óheimilt er að nota meðhöndlaðan við, sem um getur í i. og ii. lið:</p> <ul style="list-style-type: none"> – í íbúðarhús og á heimilum, sama hver tilgangurinn er, – á nokkum þann hátt að hætta sé á endurtekinni snertingu við húð manna, – í sjó, – í landbúnaði til annarrar notkunar en í girðingar og í mannvirki í samræmi við ii. lið, – á nokkum þann hátt að hætta sé á að meðhöndlað timbur komist í snertingu við fullunnar eða ófullunnar vörur sem ætlaðar eru til manneldis og/eða fóðrunar dýra. <p>2. Ekki leyfð sem efni og efnisþættir í efnablöndur, sem nota á við meðhöndlun vatns frá iðnaði, án tillits til notkunarviðs.</p>

Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar	Takmarkanir
<p>20. Lífræn tinsambönd</p>	<p>1. Má ekki setja á markað til notkunar sem efni og efnisþættir í efnablöndum ef þau gegna hlutverki sæfiefna í málningu og eru ekki bundin efnatengjum við aðra efnisþætti í málningunni.</p> <p>2. Má ekki setja á markað eða nota sem efni og efnisþætti í efnablöndum sem gegna hlutverki sæfiefna til að hindra vöxt örvera, gróðurs eða dýra á:</p> <p>a) öllum skipum, án tillits til stærðar þeirra, sem nota á til siglinga á hafi, með ströndum, í árósum, innri vatnaleiðum og stöðuvötnum,</p> <p>b) kvíum, flotbúnaði, netum og öðrum tækjum eða búnaði fyrir fisk- eða skelfiskeldi,</p> <p>c) hvers kyns búnaði sem er annaðhvort alveg eða að hluta til á kafi í vatni.</p> <p>3. Ekki leyft sem efni og efnisþættir í efnablöndur sem nota á við meðhöndlun vatns frá iðnaði.</p>
<p>21. Dí-μ-oxó-dí-n-bútýlstanníóhýdroxyboran dibútýltinvetnisbórat $C_8H_{19}BO_3S_6$ (DBB) CAS-nr. 75113-37-0 ELINCS-nr. 401-040-5</p>	<p>Bannað í styrk sem er jafn eða meiri en 0,1% í efnum og efnisþáttum efnablandna sem eru settar á markað. Þetta ákvæði gildir hins vegar ekki um þetta efni (DBB) eða efnablöndur, sem innihalda það, ef þeim er eingöngu breytt í fullgerðar vörur þar sem styrkur efnisins er ekki jafn eða meiri en 0,1%.</p>
